



# **Fjölbrautaskóli Suðurlands**

Hornsteinn í héraði 1981-2011

Gylfi Þorkelsson

**Lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Fjölbrautaskóli Suðurlands**  
***Hornsteinn í héraði 1981-2011***

Gylfi Þorkelsson

Lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu  
Leiðbeinendur: Ómar H. Kristmundsson og Margrét S. Björnsdóttir

Stjórnmálafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Október 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttshafa.

© Gylfi Þorkelsson 2011

Selfoss, Ísland 2011

## Útdráttur

Ritgerðin fjallar um þróun menntunar og skólahalds á Suðurlandi, laga, námskráa og námsvísa fyrir framhaldsskólastigið frá því lög um menntaskóla voru samþykkt árið 1970 og til þessa dags, og aðdraganda, stofnun og starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurlands sem á þrjátíu ára starfsafmæli 13. september 2011.

Fanga var aflað að mestu í útgefnum, sagnfræðilegum ritum ýmis konar ásamt lögum, námskrám og námsvísum. Einnig voru tekin viðtöl við lykilpersónur og stuðst við margskonar óprentuð gögn í eigu fjölbrautaskólans.

Samhengið í skólamálum héraðsins er rakið frá því að aukinn áhugi á menntun, og skilningur á mikilvægi hennar fyrir hag þjóðarinnar, vaknaði á 19. öld þar til Sunnlendingar náðu saman um stofnun og rekstur sameiginlegs skóla. Reynt er að sýna hvernig stefna löggjafans í menntamálum kemur fram í starfsemi hans og veita um leið góða innsýn í skólastarfið.

Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur á margan hátt verið leiðandi í nýjungum og þróunarstarfi, ekki síst eftir að hann komst að fullu undir eigið þak árið 1994. Hann hefur frá upphafi litið á það sem hlutverk sitt og skyldu að vera öllum Sunnlendingum opinn og leitast við að skapa hverjum og einum menntunartækifæri við hæfi.

Þó það hafi tekið Sunnlendinga heila öld að koma á fót sínum sameiginlega ungmennaskóla, hefur síðan verið órofa samstaða og skilningur á mikilvægi hans í héraðinu. Skólinn er ekki aðeins stærsti vinnustaðurinn heldur einnig ómetanlegur hornsteinn menntunar, menningar og félagsmótunar í héraðinu.

## **Abstract**

The thesis describes the development of education and schooling in southern Iceland, as well as laws and curriculum and study guides for upper secondary schools. This spans the period from when the laws relating to upper secondary schools (gymnasia) were passed in 1970 until the present day. It includes the preparation, establishment and operation of South Iceland College which celebrates its 30<sup>th</sup> birthday on September 13<sup>th</sup> 2011.

Information was gathered mainly from published historical works of various kinds as well as legal documents and curriculum and study guides. Interviews were also conducted with key persons and many kinds of unpublished data from the school were used.

The context of schooling in the region is described from the 19<sup>th</sup> century, when interest in education was awakened and an understanding of its importance for the nation became apparent, until people in the south agreed to join forces in the establishment and running of a school. An effort is made to show how the educational agenda of the legislature is reflected in the school's operation and at the same time to give a good insight into its function.

South Iceland College has in many ways been in the forefront of educational innovation and development, not least since it moved into its own school buildings in 1994. From the start it has considered it to be its obligation to be open to all young people in the region and has endeavoured to see that each individual receives educational opportunity to suit his or her potential.

Although it has taken southern Icelanders a whole century to establish a joint school for young people, there has since been unbroken solidarity towards, and understanding of, its importance for the region. The school is not only the region's biggest workplace but also an invaluable cornerstone of education, culture and socialization in the locality.

## Formáli

*Fjölbrautaskóli Suðurlands – Hornsteinn í héraði 1981-2011* er þrjátíu eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í opinberri stjórnáslu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin er saga skólans fyrstu 30 árin en veitir einnig yfirlit yfir þróun menntunar og skólahalds í héraðinu frá því á síðustu áratugum 19. aldar og lagasetningu um framhaldsskólastigið frá því á 7. áratug 20. aldar, og þar með menntastefnu stjórnvalda. Drög að ritgerðinni voru lögð í janúar og febrúar 2011, gagnaöflun hófst um vorið og textinn skrifaður það sama sumar. Leiðbeinendur voru þau Ómar Hlynur Kristmundsson prófessor og Margrét S. Björnsdóttir aðjúnkt á félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Er þeim hér með þakkað fyrir góða kennslu á námskeiðum og hjálp við ritun lokaverkefnisins, ekki síst við að móta efnið og komast af stað með verkið.

Starfsfólki Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi þakka ég fyrir að greiða götu mína við heimildaleit og óheft aðgengi að gögnum í þeirra vörslu, sérstaklega Ásu Nönnu Mikkelsen, áfangastjóra, Þórarni Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara, Elínu Kristbjörgu Guðbrandsdóttur forstöðumanni og Steinunni Óskarsdóttur á bókasafninu, Herði Ásgeirssyni, forstöðumanni Starfsbrautar og Agnesi Ósk Snorrardóttur, náms- og starfsráðgjafa. Ragnheiði Ísaksdóttir þakka ég ómetanlega hjálp og Sigurði Sigursveinssyni og Þór Vigfússyni, fyrrverandi skólameisturum, velvilja, yfirlestur og styrkjandi athugasemdir. Samstarfsmönnum mínum, Björgvini E. Björgvinssyni, Gísla Skúlasyni og Jóni Özuri Snorrasyni íslenskukennurum, sem prófarkalásu handritið, og Margréti Arngrímsdóttur, sem bjargaði mér villtum út úr völunderhúsi tölvutækninnar, verður seint fullþakkað þeirra framlag. Einnig vil ég þakka eiginkonu minni, Önnu Maríu Óladóttur, fyrir uppörvun, tröllatru, ótakmarkaðan skilning og þolinmæði, en ritgerðarsmíðin lagði sumarfríð hennar að mestu í rúst. Örlygi Karlssyni, skólameistara, þakka ég að lokum af einlægni fyrir ómetanlega aðstoð við gagnaleit, yfirlestur og hvatningu á öllum stigum verksins.

Allt það sem missagt kann að vera í ritgerðinni, eða er ekki eins og best verður á kosið, er þó eingöngu á ábyrgð höfundar.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	3
Abstract .....	4
Formáli.....	5
Efnisyfirlit.....	6
Töfluyfirlit .....	10
Myndayfirlit .....	10
1 Inngangur .....	11
2 Rætur skólahalds og framhaldsnáms á Suðurlandi .....	16
2.1 Upphafið á Eyrarbakka .....	16
2.2 Upphaf ungmenna- og héraðsskóla .....	18
2.2.1 Frumkvæði sýslunefnda og þingmanna.....	18
2.2.2 Vakandi áhugi Eyrbekkinga.....	19
2.2.3 Fræðslulögin 1907 – Nýtt líf í umræðuna.....	20
2.3 Þörfin kallaði á meira – og víðar .....	22
2.3.1 Og hvað með stelpurnar? .....	23
2.3.2 Skógaskóli verður til.....	24
2.3.3 Kennsla mál- og heyrnarlausra .....	24
2.3.4 Kennsla þroskaheftra .....	25
2.3.5 Garðyrkjuskóli að Reykjum .....	26
2.3.6 Hlíðardalsskóli.....	26
2.4 Iðn og verkmenntun .....	27
2.4.1 Iðnskóli á Eyrarbakka .....	27
2.4.2 Iðn- og verknám á Laugarvatni .....	27
2.4.3 Smíðaskólinn að Hólmi .....	28
2.5 Grunnur lagður að skólahaldi á Selfossi .....	28
2.5.1 Upphaf skólahalds á Selfossi.....	28
2.5.2 Vaxandi umsvif á Selfossi.....	29
2.5.3 Iðnskólinn á Selfossi.....	29
2.5.4 Framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna – menntunarþörfin orðin knýjandi ....	29
2.5.5 Öldungadeild í Hveragerði .....	31
2.5.6 Ungmennaskóli Sunnlendinga – Einnar aldar meðganga.....	31
3 Þróun laga um framhaldsskólastigið.....	33
3.1 Lög nr. 12/1970, um menntaskóla .....	34
3.2 Lög nr. 57/1988 - Fyrstu heildarlög um framhaldsskólastigið.....	43
3.3 Lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla.....	46
3.3.1 Breytingar á lögum nr. 80/1996 .....	52

3.4	Lög nr. 92/2008, um framhaldsskóla.....	52
3.4.1	Samantekt um lög nr. 92/2008.....	59
4	Námsvísar og námskrár.....	61
4.1	Námsvísir fjölbrautaskóla 1978 .....	61
4.2	Námsvísir fjölbrautaskóla, 2. útgáfa 1980.....	65
4.3	Námsvísir fjölbrautaskóla, 3. útgáfa 1983 .....	66
4.4	Námskrá handa framhaldsskólum 1986.....	68
4.5	Námskrá handa framhaldsskólum, 2. útgáfa 1987.....	69
4.6	Námsvísir fjölbrautaskóla, 4. útgáfa 1988.....	70
4.7	Námskrá handa framhaldsskólum, 3. útgáfa 1990.....	72
4.8	Námsvísir fjölbrautaskóla, 5. útgáfa 1992 .....	72
4.9	Námsvísir fjölbrautaskóla, 6. útgáfa 1996.....	74
4.10	Aðalnámskrá framhaldsskóla, 1999 .....	77
4.11	Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2004 .....	78
4.12	Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2011 .....	79
4.13	Samantekt.....	81
5	Nýr skóli verður til.....	82
5.1	Aðdragandi og stofnun Fjölbrautaskólans.....	82
5.2	„Hlaupabrautin“ og lykilmenn .....	84
5.3	Oddi – Nýtt skólahús rís.....	89
5.4	Skólaakstur .....	94
5.5	Heimavist.....	96
5.6	Iðá .....	99
5.7	Hamar .....	103
6	Útibú og deildir – Stoðþjónusta .....	106
6.1	Bókasafn .....	106
6.2	Kvöldskóli: Öldungadeild og Meistaraskóli.....	109
6.3	Farskóli Suðurlands – Fræðslunet Suðurlands – Háskólafélag Suðurlands.....	112
6.4	Kennsla í fangelsum: Litlahraun – Bitra – Kvíabryggja.....	115
6.5	Skógaskóli – framhaldsnám á vegum F.Su. austan Þjórsár .....	119
6.6	Fiskeldisbrautin – Kirkjubæjarskóli.....	122
6.7	Tölvu- og upplýsingatækni.....	124
6.8	Náms- og starfsráðgjöf .....	130
6.9	Skrifstofan.....	135



6.10	Bókhald og fjármálastjórnun .....	137
6.11	Önnur stoðþjónusta.....	141
7	Nám og kennsla.....	143
7.1	Fjölbreytnin í fyrirrúmi.....	143
7.2	SAM og atvinnulífsnám.....	144
7.3	Kjötiðnaðar- og sjúkraliðanám .....	145
7.4	Háfjallaskólinn - Starfsmenntaskóli Landsvirkjunar .....	145
7.5	Fornám – Almenn braut .....	146
7.6	Sérkennsla.....	148
7.6.1	Starfsbraut .....	148
7.6.2	Sértækir námsörðugleikar .....	150
7.6.3	Sérkennsla á Sogni .....	151
7.7	Hestamennska .....	152
7.8	Akademíur .....	153
7.9	Ýmis þróunarverkefni .....	155
7.9.1	Nýjungar í kennslu .....	156
7.9.2	Þróunarstarf og þjónusta.....	157
7.9.3	Forvarnir vegna eineltis .....	158
7.9.4	„Skólinn í okkar höndum“ .....	160
7.9.5	Átak í menntunarmálum atvinnuleitenda .....	161
7.9.6	Mat á skólastarfi .....	161
7.9.7	Innleiðing laga.....	165
7.9.8	Skólanámskrá.....	165
7.9.9	Samræmd próf.....	166
7.9.10	Stytting náms til stúdentsprófs .....	166
7.9.11	Þjónusta við grunnskólanemendur.....	169
7.9.12	Erlend samskipti .....	171
7.9.13	Ný lög 2008 – hönnun nýrra námsbrauta.....	174
8	Nemendafjöldi og námsárangur .....	176
8.1	Nemendafjöldi .....	176
8.2	Skipting nemenda á brautir .....	177
8.3	Námsárangur - Brottfallið .....	179
8.4	Hvernig á að meta árangur og gæði skóla? .....	183
8.5	Samantekt.....	187
9	Skóli er fleira en nám og kennsla .....	190
9.1	Félagslíf nemenda.....	190
9.1.1	Hefðir skapaðar .....	190
9.1.2	Kosið í embætti nemendaráðs .....	191
9.1.3	Böll og árshátíðir.....	191

9.1.4	Busavígslur .....	192
9.1.5	Kvöldvökur .....	193
9.1.6	Íþróttakeppnir.....	193
9.1.7	Gettu betur .....	195
9.1.8	Söngkeppnir .....	195
9.1.9	Leiklist .....	196
9.1.10	Útgáfa .....	197
9.1.11	Kátir dagar og Flóafár .....	198
9.1.12	Kept í námsgreinum .....	201
9.1.13	Uppákomur og „fundakassi“ .....	203
9.1.14	Klárar og tryppi .....	204
9.1.15	Hrepparígurinn .....	205
9.1.16	Bóksalan.....	206
9.1.17	Nemendur – kennarar .....	206
9.1.18	Skólakórinn .....	207
9.2	Félagslíf starfsmanna .....	212
9.2.1	Starfsmannafélagið .....	212
9.2.2	Haust- og vorferðir .....	213
9.2.3	Alviðrufundur.....	213
9.2.4	Leikhús og árshátíðir.....	214
9.2.5	Alúðin – náms- og kynnisferðir á erlenda grund .....	214
9.2.6	Föstudagar til fjörs.....	215
9.2.7	Kennarafélagið.....	215
9.2.8	Ráðstefnur .....	217
9.2.9	Bridds.....	217
9.2.10	Séra Björn .....	218
9.2.11	Abbalabbar .....	219
9.2.12	Listsýningar .....	220
9.2.13	Í vikulokin.....	220
9.3	Nafnahefðir.....	221
9.4	Menning og listir .....	222
9.5	Hollvarðasamtök F.Su. ....	224
9.6	Ýmislegt fleira fróðlegt úr skólalífinu.....	225
9.6.1	Kennaraverkföll.....	226
9.6.2	Afmælishald .....	228
9.6.3	Fjármál .....	229
9.6.4	Yfirstjórn skólans .....	231
9.6.5	Umgengni - sóðalisti og „skókallar“ .....	232
9.6.6	Náttúruöflin .....	232
9.6.7	Móri .....	233
9.6.8	„Skólajól“ og fleira .....	234
9.6.9	Kveðjur skólaskálds.....	234
10	Lokaorð.....	236
11	Heimildaskrá.....	241

## Töfluyfirlit

Tafla 1: Námsbrautir í F.Su. samkvæmt námsvísi 1992 .....	74
Tafla 2: Námsbrautir í F.Su. samkvæmt námsvísi 1996 .....	76

## Myndayfirlit

Mynd 1: Próun nemendafjölda í F.Su.....	176
Mynd 2: Skipting nemenda á brautir H05-V11 .....	177
Mynd 3: Skipting nemenda á brautir H05-V11 .....	178
Mynd 4: Hlutfall nemenda H05-V11 á brautum með skilgreint lokapróf .....	179
Mynd 5: Staðnar og fallnar einingar.....	180
Mynd 6: Einingar sem skila sér til prófs .....	181
Mynd 7: Hlutfall nemenda sem falla .....	181
Mynd 8: Nemendur sem falla á önn eða hætta í skólanum.....	182
Mynd 9: Hlutfall 16 og 17 ára í skóla 2000 og 2010.....	183

## 1 Inngangur

Í kjölfar 10 ára afmælishátíðar Fjölbrautaskóla Suðurlands (F.Su.) í nóvember 1991 voru tveir kennarar við skólann fengnir til að taka saman sögu hans. Rit þeirra, *Skólaskýrsla 1981-1991*, var gefið út á 15. afmælisárinu 1996 og í formála þess segir skólameistari að vonir standi til þess „að næsta skýrsla nái yfir næstu fimm ár í sögu skólans, þ.e. 1991-1996, en síðan komi hugsanlega til árlegar skýrslur“.<sup>1</sup> Fyrir 20 ára afmælið 2001 voru aftur ráðnir tveir kennarar til söguritunar, en þrátt fyrir góðan ásetning varð minna úr framkvæmdum og bæði 20 og 25 ára afmælin liðu án þess að framhald yrði á útgáfunni.

Þegar leið að 30 ára afmæli skólans var enn rætt um þessi mál og skólastjórnendur áhugasamir um að nú yrði eitthvað gert í málinu, þrátt fyrir niðurskurðartíma og erfiða fjárhagsstöðu. Haustið 2010 var höfundur þessara skrifa byrjaður að velta fyrir sér viðfangsefnum fyrir lokaverkefni í MPA námi sínu í opinberri stjórnáslu við Háskóla Íslands. Áhuginn beindist fljótlega að Fjölbrautaskóla Suðurlands, enda undirritaður starfað þar sem kennari í tæp 20 ár og vildi nota tækifærið að vinna skólanum gagn, ef mögulegt væri. Í samráði við leiðbeinendur voru lagðar fyrir skólameistara F.Su. lauslega mótaðar hugmyndir um rannsókn á stöðu skólans, viðhorfum nemenda og gengi þeirra að loknu námi í F.Su. Í samræðum við skólameistara kom þó fljótlega til tals sá ásetningur hans að gera nú alvöru úr því að taka saman sögu skólans. Til að gera langa sögu stutta varð það að ráði að sameina þessi tvö verkefni, söguskrifin og MPA-ritgerðina.

Mikilvægi stofnanasögu eins og þessarar er ótvírætt í margvíslegum skilningi.<sup>2</sup> Ekki aðeins er hún hluti af sögu lands og þjóðar, heldur ómissandi hlekkur í byggðasögu hvers héraðs. Þetta verður augljóst þegar horft er til þess að stofnunin sem hér um ræðir er stærsti vinnustaður landshlutans og hefur markað djúp spor í sjálfsvitund íbúanna. Þá er saga af þessu tagi mikilvæg til að öðlast skilning á starfsemi hins opinbera almennt en ekki síður

---

<sup>1</sup> Sigurður Sigursveinsson, „Formáli“, í Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla 1981-1991* (Fjölbrautaskóli Suðurlands, 1996), 9.

<sup>2</sup> Sumarliði R. Ísleifsson, inngangur að *Stjórnarráð Íslands 1964-2004, fyrsta bindi* (Reykjavík: Sögufélag, 2004), 20.

uppbyggingu og skipulagi íslenska skólakerfisins sérstaklega, undirbúningi, samþykkt og framkvæmd menntastefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Allir eiga sína beinu og óbeinu samleið með skólakerfinu í styttri eða lengri tíma á lífsleiðinni og kemur það við hvað þar fer fram. Sagan sem hér er sögð veitir innsýn í allt þetta, auk þess að vera saga eins skóla.

Fljótlega kom í ljós að verkefnið var mjög umfangsmikið, ekki væri hægt að segja frá öllu og vandasamt yrði að velja og hafna. Margt er til skráð um skólann og starfsemi hans en annað hefur aldrei ratað á blað. Heimilda var því aflað víða. Notadrjúg reyndust ýmis útgefin sagnfræðirit úr héraðinu, lög og athugasemdir með lagafrumvörpum, útgefnar námskrár og námsvísar. Ritið *Skólaskýrsla 1981-1991*, um fyrsta áratug Fjölbrautaskólans, var aðalheimild um það tímabil og aðdragandann að stofnun skólans en annarannálar aðstoðarskólameistara við útskriftir í skólanum og fundargerðir skólanefndar grundvallarheimildir um tímabilið frá 1991-2011. Auk skólaskýrslunnar, annála og fundargerða var leitað fanga í fjölbreytilegum gögnum; útgefnum skjölum, minnisblöðum og pappírurum sem leynast í möppum víða í hillum og í tölvukerfinu eða á heimasíðu skólans, útgefnum og útgefnum skýrslum sem of langt mál væri að telja upp. Þá reyndist ómetanlegt að hafa „frjálstan aðgang“ að lykilmönnum í sögu skólans, fyrsta formanni skólanefndar, öllum þremur skólameisturum frá 1983, jafnt núverandi sem fyrrverandi kennurum og starfsmönnum við skólann til lengri eða skemmri tíma. Til allra þeirra lágu gagnvegir og var hægt að „fletta upp í þeim“ við hentugleika eftir upplýsingum eða ábendingum um það hvar heimildir væri að finna.

Eins og fram hefur komið er höfundur ritgerðarinnar kennari við skólann sem til umfjöllunar er og hefur verið allar götur síðan haustið 1992. Þetta hefur auðveldað mjög skrifin að mörgu leyti. Þekking á skólanum, starfsemi hans og sögu hefur einfaldað margt, sérstaklega heimildaleit. Þá hefur áralöng vinátta veitt höfundi beinan aðgang að starfsfólki á nánari hátt en ef um væri að ræða utanaðkomandi söguritara. Þátttaka höfundar í starfi á vegum skólans gerir það einnig að verkum að margskonar upplýsingar, sem hvergi er getið um í skráðum heimildum, rata á þessi blöð. Sumt af því tagi sem fram kemur styðst við upplifun og þátttöku höfundar. Þetta á þó aðeins við um fáar frásagnir í 9. kafla, af félagslífi nemenda og starfsmanna. Allt annað efni ritgerðarinnar styðst við heimildir. Samt sem áður, eins og gefur að skilja, felst í svo mikilli nánd við viðfangsefnið ákveðin hættu. Reynt hefur verið að gæta hlutleysis í hvívetna og engar ályktanir dregnar um skólann, nám og kennslu

eða mat á skólastarfinu nema byggja á traustum heimildum. Lesendur meta hvort það hafi tekist.

Markmið ritgerðarinnar er að draga upp skýra mynd af starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurlands í þrjátíu ár. Til að öðlast skilning á flókinni stofnun eins og skóla er nauðsynlegt að gera grein fyrir aðdraganda hennar. Þá er úr nokkuð vöndu að ráða. Hvað á að fara langt aftur í tímann? Hvar er upphafið að finna? Málið flækist óneitanlega þegar um er að ræða skóla sem þjónar heilum landshluta, öllu Suðurlandsundirlendinu frá Helliheiði í vestri og austur að Lómagnúp, eða þar um bil.

Því er haldið fram í ritgerðinni að Fjölbrautaskóli Suðurlands eigi sér aðdraganda alveg aftur til 1880 þegar fyrst var farið að ræða stofnun sameiginlegs „ungmennaskóla“ sýslufélaganna á Suðurlandi. Deilur um staðarval komu í veg fyrir að af þessum áformum yrði, hálf öld leið þar til Árnesingar stofnuðu héraðsskóla á Laugarvatni og tæpa hálfu öld til viðbótar tók að sameina Árnesinga, Rangæinga- og Vestur-Skaftafellinga um rekstur Iðnskólans á Selfossi. Fjölbrautaskóli var stofnaður á Selfossi í apríl 1981 á grunni Iðnskólans og settur í fyrsta skipti 13. september þá um haustið. Skólann stofnuðu ríkisvaldið og Selfoskaupstaður en árið 1983 bættust sýslurnar í hóp eignar- og rekstraraðila skólans með samningum við stofnendur og hefur skólinn síðan heitið Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi.

Ýmsir skólar á framhaldsstigi spruttu upp á Suðurlandi á þessum hundrað árum, til að svara aðkallandi þörf á hverjum tíma, og allt það skólalald er hluti af rótakerfi F.Su. Til að sjá skólann, og órofa samstöðu allra Sunnlendinga um hann, í réttu samhengi var nauðsynlegt að rekja þessa sögu.

Til að öðlast dýpri skilning á þróun einstakra stofnana er nauðsynlegt að kunna nokkur skil á því umhverfi sem þær starfa í. Þetta á ekki bara við um félagslegt og landfræðilegt umhverfi, eins og rætt var hér á undan, heldur ekki síður hið formlega, þ.e. stefnu stjórnvalda á hverjum tíma, gildandi lög og útfærslu þeirra. Í þessum tilgangi er í ritgerðinni gerð grein fyrir markmiðum og áherslum laga um framhaldsskólastigið, námskrám og námsvísunum fjölbrautaskóla frá því á sjöunda áratug 20. aldar þegar hófst mikil gerjun í skólamálum Íslendinga. Sú gerjun birtist meðal annars í nýjum áfangakerfisskóla við Hamrahlíð í Reykjavík árið 1966, nýjum lögum um menntaskóla árið 1970, stofnun margra fjölbrautaskóla á áttunda áratugnum, og um leið fjölgun framhaldsskóla á landsbyggðinni.

Meginstefin í skólamálaumræðunni á þessum tíma voru nauðsyn á auknu námsframboði, fjölbreytni og sveigjanleika á framhaldsskólastiginu, til að koma til móts við sífellt aukinn nemendafjölda og stórtækar þjóðfélagsbreytingar, ekki síst á atvinnuháttum sem kröfðust menntunar á nýjum sviðum. Þessi sömu stef hafa verið einkennandi allar götur síðan við mótun menntastefnu og þróun framhaldsskólakerfisins í landinu og menntamála-yfirvöld og skólarnir sjálfir hafa leitast við að koma æ betur til móts við óskir, þarfir og getu stækkandi nemendahóps.

Fjölbrautaskóli Suðurlands er lykilstofnun í héraðinu. Hann er stærsti vinnustaðurinn og hefur haft gríðarleg áhrif á búsetuþróun, menntun og félagslega vitund Sunnlandinga. Skólinn leggur áherslu á að taka öllum sem þangað leita opnum örmum og hefur verið í fremstu röð framhaldsskóla í landinu við þróun námsbrauta, nýjunga í kennsluháttum og þjónustu við nemendur. Vísbendingar eru um að árangur af starfinu sé góður og að brautskráðir nemendur standi sig vel í áframhaldandi námi. Gæfa skólans felst ekki síst í því að til forystu hafa valist afburðamenn, leiðtogar með skýra sýn sem hafa spunnið sama rauða þráðinn frá upphafi og skapað ákjósanlegan skólabrag. Fyrir vikið starfar við skólann þéttur kjarni starfsmanna, sumir enn að frá upphafi, og stór hluti þeirra sem bæst hafa í hópinn í gegnum tíðina ílengist við stofnunina. Fjölbrautaskóli Suðurlands er ekki aðeins eftirtektar-verð, glæsileg bygging heldur er skólastarf þar að mörgu leyti til fyrirmyndar.

Ritgerðin skiptist í 10 kafla. Á eftir inngangi er í öðrum kafla rakin saga og þróun framhaldsmenntunar og skólalahalds á Suðurlandi. Rífjuð er upp tilurð elsta starfandi barnaskóla á Íslandi, Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, og sagt frá upphafi umræðu um sameiginlegt skólalahald þriggja sýslna á Suðurlandsundirlendinu á framhaldsstigi um 1880. Síðan er þróunin rakin fram til stofnunar fjölbrautaskóla á Selfossi 1981 og getið um flesta þá skóla sem starfræktir voru á svæðinu á þessu hundrað ára tímabili.

Í þriðja kafla er fjallað um undirbúning, markmið og áherslur laga um framhaldsskóla frá því lög um menntaskóla voru samþykkt árið 1970 og til þessa dags. Í fjórða kafla er fjallað um námskrár fyrir framhaldsskóla og námsvísa fjölbrautaskóla, allt frá námsvísi 1978 til nýjustu aðalnámskrárinnar sem kom út 2011. Í fimmta kafla er lýst aðdraganda og stofnun Fjölbrautaskólans á Selfossi, starfsemi hans fyrstu árin og þróun húsnæðismála. Í sjötta kafla er fjallað um útibú og deildir skólans og þá fjölþættu stoðþjónustu sem stofnun af þessari stærð kallar á. Í sjöunda kafla er grein gerð fyrir helstu áherslum í skólastarfinu,

námsframboði og námsbrautum, ýmsum þróunarverkefnum og þjónustu við nemendur. Áttundi kaflinn fjallar um nemendafjöldapróun og námsárangur, meðal annars um skiptingu nemenda á brautir, brottfall og helsta viðmiðið um árangur: staðnar og fallnar einingar. Einnig er umræðu um gæði skóla og samanburð milli þeirra gerð nokkur skil. Í níunda kafla eru til umfjöllunar aðrar hliðar skólastarfsins, félagslíf nemenda og kennara, ýmsar hefðir og annað sem ekki fellur beint undir kjarnastarfsemi skóla en er engu að síður órjúfanlegur og mikilvægur hluti skólastarfs. Í tíunda og síðasta kaflanum er svo efni ritgerðarinnar tekið saman í bland við hugleiðingar höfundar um sögu skólans, árangur af starfi hans og áhrif á samfélagið sem hann starfar í.



## 2 Rætur skólahalds og framhaldsnáms á Suðurlandi

Rætur skólahalds og framhaldsmenntunar á Suðurlandi liggja djúpt; Skálholt, Haukadalur, Oddi! Ekki verður hér gerð tilraun til að segja þá sögu alla, en þó raktir þræðir aftur á 19. öld, þegar segja má að vakning hafi orðið í þjóðfélaginu og draumar um framfarir og sjálfstæði litað líf fólks. Menntun var lykilþáttur í því að slíkir draumar yrðu að veruleika og fyrstu burðarásarnir í skólamálum hérlendis voru menn sem fóru utan og kynntust skólahugsjónum Grundtvigs (1783-1872) í lýðháskólunum. Áhrifin fluttu þeir með sér heim og undirbjuggu jarðveginn.<sup>3</sup>

### 2.1 Upphafið á Eyrarbakka

Þekkt er að elsti starfandi barnaskóli landsins er sunnlenskur. Barnaskólinn á Eyrarbakka var stofnaður 1852 og hefur starfað óslitið síðan. Um kennslu og skólahald fyrir þann tíma er flest óljóst, en þó vitað að Jens Sigurðsson, bróðir Jóns forseta, kenndi á Eyrarbakka veturinn 1845-46.<sup>4</sup> Barnaskóli starfaði í Reykjavík á árunum 1826-1848 en þá slitnaði þráðurinn í talsvert langan tíma.<sup>5</sup>

Ástæðan fyrir því að yfirvöld fóru að skipta sér af læsi þegnanna og almenningsfræðslu á rætur sínar að rekja til siðaskiptanna á 16. öld. Á aðaláhrifasvæði mótmælendatrúar í Þýskalandi kviknaði um 1700 sú hugmynd að læsi almennings gæti orðið „Guði að vopni í baráttunni við djöfulinn um mannsálirnar“<sup>6</sup> og þessi stefna barst, eins og flest annað menningartengt á þeim tíma, með kirkjunni til Íslands. Á fyrri hluta 18. aldar berast dönsku stjórninni ýmis erindi frá íslenskum biskupum um menntamál og m.a. tillögur

---

<sup>3</sup> Bjarni Bjarnason, „Ungmennaskólamálið“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 162.

<sup>4</sup> Pétur Pétursson, „...því hjá honum var gott að læra...“, í Árne Daníel Júlíusson, *Skólinn við ströndina: Saga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri 1852-2002* (Sveitarfélagið Árborg, 2003), 10.

<sup>5</sup> Árne Daníel Júlíusson, *Skólinn við ströndina: Saga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri 1852-2002* (Sveitarfélagið Árborg, 2003), 61.

<sup>6</sup> Árne Daníel Júlíusson, *Skólinn við ströndina*, 55.

um að stofna skóla í hverri sýslu landsins „til að kenna fátækum börnum lestur“.<sup>7</sup> Í kjölfar heimsóknar Jóns Þorkelssonar, skólameistara í Skálholti, til Danmerkur sendi Kristján kóngur VI. Ludvig Harboe til Íslands að kanna ástand mála. Hann fór um landið í fylgd Jóns og skrifaði skýrslu um rannsókn sína, sem stóð yfir á árunum 1741-45, en lét ekki þar við sitja heldur gaf út margar tilskipanir. Ein af þeim laut að fermingarskyldu barna, en forsenda fermingar var einmitt læsi.<sup>8</sup> Samkvæmt skýrslu Harboes virðist um helmingur landsmanna hafa verið læs um miðja 18. öld, en ástandið þó misjafnt og víða miklu lakara, allt niður í fjórðung. Það sem skiptir þó mestu máli er að á næstu áratugum var gerð gangskör að því að bæta ástandið með þeim árangri að um aldamótin 1800 gátu langflestir Íslendingar lesið. Næstu hundrað árin, fram á miðja 19. öld, var gefinn út fjöldinn allur af stafrófskverum til lestrarkennslu, en skriftarkunnátta fylgdi ekki með í kaupunum. Upplýsingarstefnan hafði einnig mikil áhrif; forvígismenn hennar ætluðu að mennta þjóðina út úr fátækt og stöðnun og gáfu í því skyni út fjölda bóka, kvera og tímarita til uppfræðslu almennings. Í beinu samhengi við þetta menntunaráttak voru sett fræðslulög árið 1790 sem kváðu m.a. á um það að börn skyldu hefja lestrarnám fyrir 5 ára aldur og ljúka kristnidómsfræðslu fyrir 14 ára aldur, á ábyrgð foreldra. Að öðrum kosti yrðu börnin fjarlægð af heimilinu og þeim komið fyrir þar sem skilyrðunum yrði fullnægt. Það var á ábyrgð presta að fylgjast með í húsvitjunum að lögnum væri framfylgt.<sup>9</sup>

Þegar komið var fram á 19. öld hafði áhrifamáttur kirkjunnar á menntun minnkað verulega og þær breytingar sömuleiðis orðið á íslensku þorpunum að kaupmenn máttu búa þar árið um kring. Þetta kallaði á grundvallarbreytingar á þessum litlu samfélögum. Vel stæðir og oft vel menntaðir kaupmennirnir, oftast danskir og afsprengi borgaralegrar menningar í heimalandinu, stóðu fyrir ýmsum breytingum og framförum í atvinnu- og menntunarmálum, m.a. stofnun barnaskóla á Eyrarbakka og Stokkseyri árið 1852.<sup>10</sup>

---

<sup>7</sup> Sama heimild.

<sup>8</sup> Sama heimild.

<sup>9</sup> Sama heimild, 55-57.

<sup>10</sup> Sama heimild, 61.

## 2.2 Upphaf ungmenna- og héraðsskóla

Margir áttuðu sig á því að barnaskólar og lestrarkennsla var ekki nema fyrsta skrefið. Nauðsyn var á meiri menntun og með stjórnarskránni 1874 óx áhugi á skólahaldi. Þingmenn Sunnlendinga voru framarlega í flokki þeirra sem létu málefnið til sín taka.

### 2.2.1 Frumkvæði sýslunefnda og þingmanna

Árið 1875 flutti Benedikt Sveinsson, 1. þingmaður Árnesinga, frumvarp um stofnun gagnfræðaskóla á Hvaleyri við Hafnarfjörð og árið 1887 fluttu feðgarnir Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson, sem síðar varð fyrsti fræðslumálastjóri landsins, frumvarp um menntun alþýðu. Þar er meðal annars kveðið á um stofnun „héraðaskóla“, fyrir eina eða fleiri sýslur í sameiningu, sem veita myndu meiri menntun en krafist væri við 14 ára aldur, þ.e. hina hefðbundnu fermingarfræðslu. Fimm árum áður hafði Þórarinn stofnað Flensborgarskólann.

Um 1880, þegar stofnun Flensborgarskólans var í undirbúningi, hófu Sunnlendingar umræður um stofnun ungmennaskóla austan Hellisheiðar. Þar léku sýslunefndir lykilhlutverk og höfðu þær vökult auga með öllu sem menntun og fræðslu snerti síðustu áratugi 19. aldar.<sup>11</sup> Um þetta leyti, þegar Barnaskólinn á Eyrarbakka var þrítugur, voru byggð tvö önnur barnaskólahús í Árnessýslu og þó nokkur hreyfing var í sömu átt í öðrum landsfjórðungum, m.a. stofnaðir margir kvennaskólar. Sunnlendingar áttu sér þá sýn að stofna einn skóla fyrir Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur. Þessi sýn varð hinsvegar til þess að tefja málið í hálfu öld, eða þar til Héraðsskólinn á Laugarvatni var loks stofnaður árið 1928. Þrátt fyrir samþykktir í Sýslunefnd Árnessýslu árið 1880, og fjárveitingu til málefnisins, varð ekkert úr framkvæmdum. „Hér tóku í taumana bæði fátæktin og sundurlyndið.“<sup>12</sup>

Þann 11. nóvember 1879 samþykkti Sýslunefnd Rangæinga að skrifa öllum hreppsnefndum bréf og kanna vilja þeirra til að koma að stofnun skóla þar í sýslunni, hvaða jörð væri heppilegust undir skóla af þessu tagi, hvernig hann skyldi upp byggður og hvaða hlutdeild í kostnaði af fyrirtækinu hrepparnir sæju fyrir sér að taka á sig. Á vordögum 1880 bárust svör frá öllum hreppum nema einum, og voru flest á eina leið: þrátt fyrir góðan vilja væru efni ekki næg, ekki síst vegna yfirvofandi kostnaðar við fyrirhugaða brúargerð, bæði á

---

<sup>11</sup> Bjarni Bjarnason, „Ungmennaskólamálið“, 163-165.

<sup>12</sup> Sama heimild, 166.

Ölfusá og Þjórsá, og í einu bréfinu kemur fram að það sé „sannarlega ekki ginnandi, þó menn, eftir aflokið kostnaðarsamt skólanám, hefði von um, einhvern tíma á ævinni, að komast í hreppstjórn eða sveitarnefnd“.<sup>13</sup> Þar með var slegið niður þetta frumkvæði sýslunefndarmanna í Rangárbíngi.

## 2.2.2 Vakandi áhugi Eyrbekkinga

Upphaflegar hugmyndir Árnesinga beindust að því að taka þátt í stækkun Barnaskólans á Eyrarbakka og kenna nemendum þar áfram, eftir fermingaraldur. Frumkvæði að því kom frá fimm Eyrbekkingum, sem 30. mars 1880 sendu sýslunefndinni bréf með beiðni um 800-1000 kr. styrk til að stækka barnaskólahúsið, sem orðið var hrörlegt og þarfnaðist endurbóta, svo hægt væri að bæta við einum bekk fyrir 20 „pilta“, alls staðar að úr sýslunni. Þetta væri ódýrasta leiðin fyrir sýslunefndina að koma á fót gagnfræðaskóla. Sýslunefndin tók á fundi sínum 13. apríl 1880 undir þessi sjónarmið, sá sér þó ekki fært að leggja fram umbeðna fjárhæð en veitti í sýslureikningi 500 krónum til gangfræðanáms. Sýslunefndin var þó ekki alveg af baki dottin og sendi Sýslunefnd Rangæinga bréf, þar sem viðraðar eru hugmyndir um að Rangæingar komi að málinu með því að leggja til helming fjár og eigi fyrir vikið rétt á jöfnum aðgangi að skólanum. Rangæingar afþökkuðu boð Árnesinga um sameiginlegan skóla í Stokkseyrarhreppi strax þann 27. apríl.<sup>14</sup>

Á sýslunefndarfundum Árnesinga þann 27. apríl 1882 gerði nefndin grein fyrir aðkomu sinni að „skólamálinu“. Í greinargerðinni kemur fram að sýslunefndin hefði samþykkt boð skólanefndar barnaskólans á Eyrarbakka um pláss fyrir 40 nemendur gegn því að útvega 1000 króna lán fyrir viðbyggingu og að sækja um styrk til Alþingis. Þessari samþykkt var misjafnlega tekið í hreppsnefndum í Árnessýslu: sjö hreppar mæla eindregið með stofnun skólans, þrír eru á móti og tveir mæla með annarri staðsetningu.<sup>15</sup> Á sýslunefndarfundinum 1882 var einnig tekið til afgreiðslu tilboð frá Flensborgarskóla, eftir málaleitan þar um frá einum sýslunefndarmanni Árnesinga, um inntöku nemenda úr Árnessýslu og því hafnað. Jafnframt var kosin skólastjórn fyrir væntanlegan unglingaskóla á Eyrarbakka og ákveðið að jafna þeim kostnaði við skólann sem félli á heimamenn á einstaka hreppa eftir íbúafjölda.

---

<sup>13</sup> Samaheimild, 168-175.

<sup>14</sup> Sama heimild, 175-179.

<sup>15</sup> Sama heimild, 179-180.

Það var þriðjungur af áætluðum heildarkostnaði, en gert var ráð fyrir að Alþingi legði til tvo þriðju hluta. Skólamálið virtist komið í fastan farveg.

Þetta sama vor varð með eindæmum hart og hrundi niður búfé bænda. Lýst var yfir neyðarástandi og allir draumar um stofnun skóla urðu að engu í slíku árferði, algeru efnahagshruni. Málið kom þó til umræðu á sýslunefndarfundinum 1883. Valdir voru menn úr nefndinni til að semja bænaskrá til Alþingis um að hækka styrk vegna skólans og einnig greidd atkvæði um tvær tillögur; annars vegar að hætta alveg við málið eða hinsvegar að fresta því. Fyrri tillagan var felld á jöfnum atkvæðum en sú síðari samþykkt samhljóða. Næstu árin bárust sýslunefndinni áskoranir og tilboð frá Hjálmari Sigurðssyni, barnakennara á Eyrarbakka, um að heimila honum að hefja unglingakennslu. Einnig barst nefndinni samhljóða áskorun frá þremur deildum í „Bræðrafélagi Árnessýslu“, Gauverjabæjar-, Stokkseyrar- og Eyrarbyggðadeildum, um að reka af sér slyðruorðið í skólamálinu. Sýslunefnd samþykkti 200 króna fjárveitingu til þessa á fundi sínum 1886 en ekkert varð af framkvæmdum, peningarnir voru aldrei notaðir.

Fyrir utan viðvarandi fjárskort, fátækt og hallæri virðist hafa verið ákveðin andstaða við stofnun unglingaskóla á Eyrarbakka. Ástæðan var sú að plássið hafði fengið á sig óorð vegna almenns drykkjuskapar þar. Eyrarbakki var höfuðstaður Suðurlandsundirlendisins, verslunarmiðstöð og þar var hliðið til umheimsins. Bændur og búalið komu til Eyrarbakka með lestir sínar og þangað var farið í verið. Veitingahús seldu bjór og brennivín og verslanir veittu viðskiptavinum sínum staup að loknum vel heppnuðum viðskiptum. Af þessu höfðu margir áhyggjur og sýslunefnd samþykkti m.a. árið 1888 jafnháa fjárveitingu og fyrr var getið til unglingakennslu, 200 krónur, til að byggja fangaklefa, enda sjálfsagt ekki vanþörf á að skjóta skjólshúsi yfir öfurölvi sveitamenn, því engin voru gistiheimilin.<sup>16</sup>

### **2.2.3 Fræðslulögin 1907 – Nýtt líf í umræðuna**

Ekkert varð úr stofnun sameiginlegs unglingaskóla, hvorki fyrir Árnessýslu eina né í samstarfi við Rangæinga, á grunni barnaskólans á Eyrarbakka. Málið virðist hafa legið í algerum dvala fram til 1907 er fræðslulögin voru sett. Sú lagasetning vakti sýslunefnd Árneseinga upp af dvalanum, en sama ár skorar nefndin á Alþingi að „taka til íhugunar“ stofnun sameiginlegs

---

<sup>16</sup> Sama heimild, 182-191.

unglingaskóla fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur „með lýðskólasniði“.<sup>17</sup> Um sama leyti undirbjó Bogi Melsteð stofnun lýðháskóla á Ólafsvöllum á Skeiðum, með stuðningi danskra lýðháskólamanna í Askov. Hafði hann fengið fleiri menn á Íslandi í lið með sér, og málið komið á allra vitorð, þegar hann hætti við allt saman eftir Alþingiskosningar 1908. Kvartaði hann m.a. undan því að stuðningur Árnesinga hefði verið enginn. Ýmsir töldu jafnvel að Bogi hefði fyrst og fremst ætlað að nýta þetta mál sér til framdráttar í eigin kosningabaráttu, en úrslit kosninganna orðið með þeim hætti að hann hætti við allt saman.<sup>18</sup>

Árin 1908-1909 hófust aftur þreifingar milli sýslnanna þriggja um stofnun sameiginlegs skóla. Kosnar voru nefndir til að vinna að málinu. Vestur-Skaftfellingar drógu sig fljótlega út úr þessu samstarfi og stofnuðu sinn eigin skóla árið 1910, sem starfaði nær óslitið þar til Skógaskóli tók til starfa árið 1949. Skólahaldið hófst í Vík en Vestur-Skaftfellingar fóru þó ekki varhluta af deilum um staðarval, fremur en nágrennar þeirra í vestri. Togast var á um Vík, Þykkvabæ í Landbroti og Stóru-Heiði í Mýrdal og á tímabili var rekinn skóli bæði í Vík og Þykkvabæ.<sup>19</sup> Ekkert gerðist hinsvegar í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Samkvæmt gerðabókum sýslunefndar Árnæssýslu var veitt fé til „Sjómannaskóla Árnæssýslu“ árin 1893-1897. Skóli þessi var stofnaður af Jóni Pálssyni, sem að eigin sögn blöskraði einskis nýtt iðjuleysi og áflog sjómanna í landlegum. Starfaði skólinn í öllum verstöðvum sýslunnar, á Loftsstöðum, Stokkseyri, Eyrarbakka og í Þorlákshöfn og kennt var „myrkranna á milli“ í landlegum og á sunnudögum, alla vertíðina. Upp úr starfi barnaskólans á Eyrarbakka óx einnig um 1880 sunnudagaskóli, sem var vel sóttur bæði af körlum og konum og er jafnvel talinn vera aðdragandi fyrrnefnds sjómannaskóla.<sup>20</sup>

Frá 1906 til 1910 voru stofnuð um 20 ungmennafélög á Suðurlandsundirlöndinu. Þau beittu sér sem kunnugt er í mörgum málum sem til framfara horfðu fyrir land og lýð. Meðal annars töluðu þau eindregið fyrir skólamálinu, sem og heildarsamtök ungmennafélaganna á svæðinu, Héraðssambandið Skarphéðinn. Áfram héldu þó Árnesingar og Rangæingar að togast á um staðsetningu fyrirhugaðs skóla og bendir flest til þess, þegar komið var fram um 1920, að hvorugir hafi í raun ætlað að sætta sig við að skólinn risi í hinni sýslunni. Vert er að

---

<sup>17</sup> Sama heimild, 192.

<sup>18</sup> Sama heimild, 193-194.

<sup>19</sup> Sama heimild, 195-196.

<sup>20</sup> Sama heimild, 197-199.

taka fram að þetta var ekki eina framfaramálið sem sýslurnar tókust á um á fyrstu áratugum 20. aldar. Þrátt fyrir þessa erfiðleika, eða kannski frekar vegna þeirra, var eitthvað um það að ungmennum væri kennt eftir fermingu. Var þar um að ræða frumkvæði og hugsjónastarf einstaklinga, m.a. kennara við skólann á Eyrarbakka, sem buðu upp á „aukakennslu“ og „kvöldskóla“, allt frá 1893 og fram undir 1920, til að undirbúa stráka undir framhalds-skólanám. Þetta gerðu viðkomandi kennarar jafnvel án greiðslu. Auk þessa voru reknir einkaskólar á Stokkseyri, á heimilum kennaranna, á sama tímabili. „Skólamálinu“ lauk hins vegar með því að Jónas Jónsson, sem varð dóms- og kennslumálaráðherra í ágúst 1927, hjó á hnútinn og ákvað að hinn langþráði skóli risi að Laugarvatni. Héraðsskólinn þar tók svo til starfa 1928, undir stjórn séra Jakobs Lárussonar fyrsta skólaárið.<sup>21</sup>

### 2.3 Þörfin kallaði á meira – og víðar

Þrátt fyrir að skólamálið yrði til lykta leitt, og héraðsskóli væri tekinn til starfa, hélt þróunin áfram í þéttbýliskjörnunum á Suðurlandi. Í Hveragerði bauð Helgi Geirsson skólastjóri upp á þriggja mánaða námskeið fyrir ungmenni, frá 1937 og þar til gagnfræðadeild tók til starfa við skólann þar árið 1945, og á Selfossi rak Sigurður Eyjólfsson skólastjóri unglingskóla áður en gagnfræðaskólinn þar í bæ tók til starfa 1946.<sup>22</sup>

Laugarvatn varð mikið menntasetur. Héraðsskólinn fæddi af sér eigi færri en fjóra aðra skóla<sup>23</sup>: barnaskóla, húsmæðraskóla, íþróttakennaraskóla og menntaskóla. En hver varð þróunin annars staðar á Suðurlandi?

Einn af þeim stöðum sem boðinn var fram fyrir héraðsskóla Sunnlendinga á árunum eftir 1920 var Haukadalur, hið forna menningar- og menntasetur. Biskupstungnamenn buðust til að gefa jörðina undir skólasetrið, ásamt ríflegu fjárframlagi. Því boði var ekki tekið, en þar með var sagan ekki öll. Veturinn 1926-1927 var Sigurður Greipsson frá Haukadali við nám í Danmörku og ákvað þar að við heimkomuna til Íslands skyldi hann stofna íþróttaskóla. Sigurður leitaði hófanna víða en að lokum ákvað hann að setjast að og stofna skólann „heima í heiðardalnum“. Haukadalskóli tók til starfa skólaárið 1928-29 með 12 nemendum og

---

<sup>21</sup> Sama heimild, 204-217.

<sup>22</sup> Sama heimild.

<sup>23</sup> Kristinn Kristmundsson, „Bjarni Bjarnason“, *Andvari: Nýr flokkur L 133* (2008): 22.

starfaði óslitið næstu áratuginum við góðan orðstír. Mest áhersla var lögð íþróttir og félagsmálauppeldi nemenda, en einnig hefðbundnar bóknámsgreinar.<sup>24</sup>

### 2.3.1 Og hvað með stelpurnar?

Eins og fram hefur komið voru hugleiðingar um framhaldsnám eftir fermingu miðaðar við pílta. Þetta kemur bæði fram í áætlunum um stækkun barnaskólans á Eyrarbakka, en viðbyggingin átti að rúma 20 pílta, og hugmyndum um aðgang jafnmargra Sunnlendinga að Flensborgarskólanum. Af 24 nemendum Héraðsskólans á Laugarvatni fyrsta skólaárið, 1928-29, voru hinsvegar 5 stúlkur<sup>25</sup>, þannig að viðhorfsbreyting hafði orðið frá því á síðustu áratugum 19. aldar, þegar stúlkur komust ekki í aðra skóla en barnaskóla og kvennaskóla. Fyrsta konan, Laufey Valdimarsdóttir, hóf nám við Menntaskólann í Reykjavík árið 1904. Sá viðburður átti sér að sjálfsögðu sinn undanfara, sem er of stórt mál til að rekja hér, og varðar annað málefni.

Upphaf kvennaskóla má rekja til þess að um miðja 19. öld var tímabundið rekinn skóli fyrir stúlkur í Reykjavík, en Kvennaskólinn í Reykjavík var stofnaður í framhaldi af því árið 1874. Árið 1870 voru stofnaðir kvennaskólar í Ási í Hegranesi í Skagafirði og á Laugalandi í Eyjafirði og Húnavetningar stofnuðu sinn kvennaskóla 1879 á Undirfelli í Vatnsdal. Síðar sameinuðust Húnavetningar og Skagfirðingar um rekstur kvennaskóla, sem lengst af var á Blönduósi. Árið 1882 bólar fyrst á kröfum um menntun kvenna á Suðurlandi í bókum Sýslunefndar Árnessýslu, þar sem bókað er að tillaga um að koma á fót menntastofnun fyrir stúlkur hafi verið felld með flestum atkvæðum.<sup>26</sup> Árin 1913 og 1920 er menntun kvenna á dagskrá sýslunefndar og þá talað um að húsmæðraskóla „yrði komið upp í sambandi við gagnfræðaskólann“. HSK og búnaðarsambandið stóðu fyrir námskeiðahaldi fyrir konur þar til Samband sunnlenskra kvenna (SSK) tók það yfir við stofnun þess árið 1928.<sup>27</sup> Í Hveragerði stofnaði Árný Filippusdóttir húsmæðraskóla árið 1935 og rak hann með sóma til 1956.<sup>28</sup> Í

---

<sup>24</sup> Sigurður Greipsson, „Haukadalur“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 128-131.

<sup>25</sup> Bjarni Bjarnason, *Laugarvatnsskóli þrítugur* (Héraðsskólinn á Laugarvatni, 1958), 226-227.

<sup>26</sup> Bjarni Bjarnason, „Menntun kvenna“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 251.

<sup>27</sup> Sama heimild, 251-252.

<sup>28</sup> Sama heimild, 254.



Héraðsskólanum á Laugarvatni voru haldin húsmæðranámskeið til 1942 er stofnuð var húsmæðradeild við skólann, en árið 1944 voru sett lög um húsmæðrafræðslu og þá tók SSK yfir deildina<sup>29</sup> og stofnaður var sjálfstæður skóli á Laugarvatni, Húsmæðraskóli Suðurlands. Sunnlendingar voru því áratugum á eftir öðrum landsmönnum hvað þennan þátt menntunar snerti.

### 2.3.2 Skógaskóli verður til

Eftir áralanga togstreitu við Árneseinga um staðarval fyrir sameiginlegan unglingaskóla, sem endaði með stofnun Héraðsskólans á Laugarvatni 1928, virðast Rangæingar hafa misst dampinn um hríð. Ungmenni úr Rangárþingi sóttu vitaskuld skólana á Laugarvatni, þó sýslan væri ekki beinn aðili að skólahaldinu þar, en þrátt fyrir að vaknað hafi hugmyndir öðru hverju um skólastofnun gerðist ekkert í málinu fyrr en 1940 en þá voru samþykkt lög um að reistur skyldi héraðsskóli innan Rangárvalla- og Skaftafellssýslna. Þá blasti við heimamönnum að koma sér saman um staðarvalið og fóru menn varlega í sakirnar, í ljósi fyrri reynslu af þrætum um staðarval við Árneseinga. Málið leystist þó farsælega þegar ábúendur á Ytri-Skógum buðust árið 1944 til að gefa jörðina með því skilyrði að tilvonandi héraðsskóli yrði reistur þar. Báðar sýslunefndirnar samþykktu þetta boð samhljóða, enda jörðin nánast við sýslumörkin og því á hentugum stað. Teikningar Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins, að skólahúsinu voru samþykktar 1946 og byggingarframkvæmdir hafnar sama ár. Skólalald hófst í nóvember 1949 en strax á öðru skólaári var aðsóknin svo mikil að hún sprengdi utan af sér húsnæðið. Næstu 20 ár var stöðugt verið að byggja við skólann, kennaraíbúðir, heimavistarhúsnæði eða aðrar byggingar. Nám í Skógaskóla var næstu áratugina hliðstætt því sem gerðist í öðrum héraðs- og gagnfræðaskólum og nemendur luku þar gagnfræða- eða landsprófi.<sup>30</sup>

### 2.3.3 Kennsla mál- og heyrnarlausra

Upphaf kennslu mál- og heyrnarlausra hér á landi má rekja á Suðurlandsundirlendið. Páll Pálsson fékk árið 1867 styrk úr landssjóði til að nema málleysingjakennslu í Kaupmannahöfn

---

<sup>29</sup> Sama heimild, 253.

<sup>30</sup> Jón R. Hjálmarsson, „Frá Odda til Skóga“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 144-153.

og eftir að heim kom tók hann nemendur á heimili sitt og kenndi þeim, m.a. á Kirkjubæjarklaustri og Prestsbakka á Síðu. Páll varð og alþingismaður Vestur-Skaftfellinga og lagði til á þingi að stofnaður yrði málleysingjaskóli hér á landi. Sú tillaga náði ekki fram að ganga en samþykkt var skólaskylda mállausra og greiðsla til séra Páls fyrir kennsluna. Páll lést árið 1890 og féll kennslan þá niður um tveggja ára skeið, þar til séra Ólafur Helgason í Gaulverjabæ tók verkefnið að sér. Hann fluttist að Stóra-Hrauni í Stokkseyrarsókn árið 1893 og rak skólann á heimili sínu. Þar var miðstöð kennslu mállausra til 1908, er skólinn var fluttur til Reykjavíkur og gerður að ríkisskóla.<sup>31</sup>

#### 2.3.4 Kennsla þroskaheftra

Vorið 1930 kom Sesselja Sigmundsdóttir heim til Íslands eftir 6 ára nám erlendis. Hún hafði kynnt sér rekstur og stjórn barnaheimila og hjúkrun barna í því augnamiði að stofna slíkt heimili hér á landi. Sesselja keypti jörðina Hverakot í Grímsnesi og strax í júlí þá um sumarið komu fyrstu börnin á staðinn. Þau dvöldu í tjaldi fyrstu mánuðina en þegar húsbygging var fokheld í nóvember voru börnin flutt inn í ófullgerðan kjallarann. „Vorið eftir fylltist húsið af andlega og líkamlega vesælum börnum. Um haustið komu fyrstu fávitarnir, og var kjallari hússins innréttaður fyrir þá“ en veturinn eftir var reist á einum mánuði sérstakt hús fyrir þroskahefta. „Upp úr því var stofnunin gerð að sjálfseignarstofnun, og var henni gefið nafnið Sólheimar.“ Í þessu húsi dvöldu 15-20 þroskahefir þar til í stríðinu, að engin leið var fyrir Sesselju að fá starfsfólk vegna setuliðsvinnunnar. Börnin voru því send burt en strax eftir stríðið tók heimilið aftur við börnum, einkum vangefnum „sem hægt var að kenna að einhverju leyti.“ Síðan þá var lögð á það áhersla að kenna börnunum, einkum var verkleg kennsla áberandi. Smám saman bættust við byggingar á Sólheimum og um 1970 voru þar átta byggingar, auk peningshúsa og gróðurhúsa. Þar á meðal voru samkomusalur með leiksviði, enda mikil áhersla lögð á leiklist og söng, og skóli, „tvílyft hús, með kennslustofu og smíðastofu drengja á neðri hæð, föndurstofu og vefstofu á efri hæð.“<sup>32</sup> Í skipulagsskrá heimilisins sem Sesselja og Guðmundur Einarsson, sóknarprestur á Mosfelli í Grímsnesi, undirrita 2. nóvember 1933, kemur fram að tilgangur þess skuli jafnan vera sá að veita

<sup>31</sup> Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, „Málleysingjakennsla á Íslandi“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 270-278.

<sup>32</sup> Sesselja Sigmundsdóttir, „Barnaheimilið Sólheimar“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 283-287.

börnum og unglingum sem best uppeldi, að veik eða vanrækt börn gangi fyrir og heimilt sé að „taka fávita til umönnunar.“<sup>33</sup>

Sesselja vann brautryðjendastarf við erfiðar aðstæður, fordóma og mótbyr sálfræðinga, uppeldisfræðinga og fleiri háttsettra manna. Tvö grundvallaratriði vógu þar þyngst, annars vegar töldu þeir of mikið grænmeti varhugaverðan barnamat og hinsvegar að óhollt væri að hafa barnaheimili og fávita hæli svo nálægt hvoru öðru, einkum fyrir heilbrigðu börnin. Þá voru gerðar athugasemdir við að of stór hluti starfsfólks væri þýskur og illa talandi á íslensku sem væri óæskilegt fyrir málþroska barnanna.<sup>34</sup>

Þó Sólheimar hafi formlega séð ekki verið hluti af skólakerfinu fór þar fram kennsla frá fyrstu tíð og má færa fyrir því rök að þangað sé að leita upphafs sérkennslu á Íslandi.

### 2.3.5 Garðyrkjuskóli að Reykjum

Árið 1930 beitti Jónas Jónsson sér fyrir því að ríkið keypti Reyki í Ölfusi til að tryggja ríkinu jarðhita og góð ræktunarskilyrði til að starfrækja „margskonar opinberar stofnanir“.<sup>35</sup> Fimm árum seinna voru lögð fram tvö frumvörp um stofnun garðyrkjuskóla, sem hvorugt náði fram að ganga, en 1936 voru samþykkt lög um Garðyrkjuskóla Ríkisins á Reykjum í Ölfusi, sem vígður var árið 1939. Unnsteinn Ólafsson var skólastjóri garðyrkjuskólans frá upphafi til dánardags árið 1966.<sup>36</sup>

### 2.3.6 Hlíðardalsskóli

Haustið 1951 var Hlíðardalsskóli vígður. Samtök aðventista á Íslandi keyptu 1947 Vindheima í Ölfusi í því skyni að stofna þar heimavistarskóla og kennsla hófst í ófullgerðu skólahúsinu árið 1950. Frá skólanum voru útskrifaðir gagnfræðingar frá 1958 en landspróf þreyttu nemendur strax árið 1953. Skólinn var upphaflega hugsaður aðeins fyrir söfnuðinn en árið 1960 var

---

<sup>33</sup> Jónína Michaelsdóttir, *Mér leggst eitthvað til. Sagan um Sesselju Sigmundsdóttur og Sólheima* (Styrktarsjóður Sólheima, 1990), 94.

<sup>34</sup> Jónína Michaelsdóttir, *Mér leggst eitthvað til*, 106-120.

<sup>35</sup> Grétar Unnsteinnsson, „Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 228.

<sup>36</sup> Sama heimild, 229-235.

tekin í notkun ný heimavist fyrir pílta, svo hægt væri að anna utanaðkomandi eftirspurn eftir skólavist.<sup>37</sup>

## 2.4 Iðn og verkmenntun

Fjölbrautaskóli Suðurlands er að stórum hluta byggður á grunni iðn- og verkmenntunar. Í gegnum aldirnar lærðu menn handbragð og verklag hver af öðrum, kynslóð fram af kynslóð, en þar kom að sá þráður trosnaði, vegna breyttra samfélags- og atvinnuhátta, og þessi menntun færðist inn í skólakerfið.

### 2.4.1 Iðnskóli á Eyrarbakka

Upphaf iðnmenntunar á Suðurlandi má rekja til þess að árin 1936 og 1937 voru haldin á Eyrarbakka námskeið í teikningum fyrir réttindalausum iðnaðarmenn, sem nóg var af í Árnessýslu um þessar mundir. Nemendurnir fengu svo að þreyta sveinspróf að námskeiðunum loknum. Fullgildur iðnskóli var svo stofnaður á Eyrarbakka 1939 og starfaði hann til 1951.<sup>38</sup>

### 2.4.2 Iðn- og verknám á Laugarvatni

Iðnmenntun var rekin víðar á Suðurlandi. Snemma árs 1945 samþykkti skólanefnd Héraðsskólans á Laugarvatni að færa út kvíarnar og gera iðnnámssamning við tvo nemendur, enda bæði húsgagnasmiður og húsasmiður starfandi við skólann. Næstu árin stunduðu sex nemendur nám í húsa- eða húsgagnasmíði við skólann, en flestir þeirra luku prófum í samvinnu við Iðnskólann á Selfossi.<sup>39</sup> Í héraðsskólanum fór einnig fram margskonar verkleg kennsla, líkt og almennt tíðkaðist í heimavistarskólum, þó ekki hafi það allt verið formleg menntun, metin til prófa eða réttinda. Eitt verður þó að nefna hér, af því það tengist með beinum hætti Fjölbrautaskóla Suðurlands, þó síðar yrði. Strax á þriðja ári héraðsskólans, árið 1931, hófst þar matreiðslunámskeið „fyrir stúlkur“, undir stjórn Helgu Sigurðardóttur og

---

<sup>37</sup> Júlíus Guðmundsson, „Hlíðardalsskóli“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 238-239.

<sup>38</sup> Bjarni Pálsson, „Iðnfræðslan“, í *Suðri 1: Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar* (Bjarni Bjarnason safnaði og gaf út, 1969), 242-243.

<sup>39</sup> Bjarni Bjarnason, *Laugarvatnsskóli þrítugur*, 75.

stóðu þau námskeið við skólann allt til 1942 er húsmæðraskóli tók til starfa á Laugarvatni.<sup>40</sup> Hann starfaði til 1986 að hann var lagður niður en hluti eigna hans gefinn til nýrrar hússtjórnarbrautar sem tók til starfa við fjölbrautaskólann árið 1987.<sup>41</sup>

### 2.4.3 Smíðaskólinn að Hólmi

Að Hólmi í Landbroti var rekinn á vegum Búnaðarfélags Íslands smíðaskóli, í 13 ár með hléum á árunum 1945-1963. Skólinn var fyrst og fremst hugsaður sem hagnýtt nám fyrir bændaefni, en einnig gagnlegur undirbúningur fyrir frekara nám, t.d. í húsasmíði.<sup>42</sup> Þar á staðnum var trésmíðaverkstæði, kennslustofa í bóklegum greinum, heimavistarherbergi og vélaverkstæði.<sup>43</sup>

## 2.5 Grunnur lagður að skólahaldi á Selfossi

Upphaf skólahalds á Selfossi má rekja til fræðslulaganna 1907, sem lögðu ábyrgð á barnafræðslu á herðar sveitarfélaga. Í byrjun var rekinn farskóli í Sandvíkurhreppi en fljótlega færðist barnakennslan á Selfoss, sem varð þéttbýli í kjölfar byggingar Ölfusárbrúar. Vaxandi umsvif og atvinnustarfsemi leiddu síðar til stofnunar iðnskóla á staðnum.

### 2.5.1 Upphaf skólahalds á Selfossi

Haustið 1908 var ráðinn kennari til farskóla í Sandvíkurhreppi. Upphaflega var kennt á þremur bæjum, Litlu-Sandvík, Votmúla og Hreiðurborg, en þegar frá leið fækkaði þeim og 1926 var aðeins kennt í Litlu-Sandvík. Haustið 1928 var fyrst kennt í Tryggvaskála og það var einnig gert veturinn eftir. Árið 1930 var kennt í Austurbænum á Selfossi, auk Hreiðurborgar og Litlu-Sandvíkur. Skólanefndin ályktaði sumarið 1931 að þetta gengi ekki áfram með óbreyttu sniði. Kennslan yrði að fara fram á einum stað og lagði til að skólahús yrði reist á Selfossi. Það varð úr ári seinna og hófst kennsla í nýju barnaskólahúsi þar í nóvember 1932.

---

<sup>40</sup> Sama heimild, 127.

<sup>41</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla 1981-1991*, (Selfossi: Fjölbrautaskóli Suðurlands, 1996), 20

<sup>42</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 19.

<sup>43</sup> „Fundargerðir skólanefndar“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Fundargerð 77. fundar, 14. september, 1993).

Nýtt barnaskólahús var reist á öðrum stað á Selfossi 1944-45 og það svo tvöfaldað að stærð árin 1952-53, því nemendum fjölgaði ört.<sup>44</sup>

### 2.5.2 Vaxandi umsvif á Selfossi

Vegna vaxandi iðnaðar og umsvifa á Selfossi, ekki síst á vegum Kaupfélags Árnesinga (KÁ), var stofnaður iðnskóli þar árið 1943, þrátt fyrir að slíkur skóli væri þegar starfandi í næsta nágrenni, á Eyrarbakka. Það var kaupfélagið, með kaupfélagsstjórnann Egil Thorarensen og Guðmund Á. Böðvarsson, forstöðumann iðnfyrirtækja KÁ, í fararbroddi sem hafði veg og vanda af þessu framtaki, enda nemendur iðnskólans á Eyrarbakka flestir frá Selfossi og samgöngur ekki jafn greiðar og nú til dags. KÁ rak skólann fyrstu þrjú árin en síðan tók við rekstrinum iðnaðarmannafélag sem stofnað hafði verið á Selfossi. Þegar ný lög um iðnskóla tóku gildi 1955 tók ríkið við rekstrinum, á móti sveitarfélögunum. Enn voru samþykkt ný lög um iðnfræðslu árið 1966, þar sem kveðið var á um „verknámsskóla, þar sem veitt skal fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði iðnaðarstarfs.“<sup>45</sup>

### 2.5.3 Iðnskólinn á Selfossi

Iðnskólinn á Selfossi hófst sem kvöldskóli í barnaskólahúsinu en var gerður að dagskóla 1949, enda hægt um vik því barnaskólinn var fluttur annað, og starfaði þar til 1980 að nýtt verknámshús var tekið í notkun.<sup>46</sup> Árið 1950 var starfsemi Iðnskólans á Selfossi víkkuð út er nemendum alls staðar að úr Árnessýslu, sem og nemendum úr Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum, var gefinn kostur á að nema við skólann.<sup>47</sup> Þar með má segja að til hafi orðið iðnskóli Suðurlands, nokkurskonar vísir að þeim „héraðsskóla“ sem Sunnlendingar gátu ekki komið sér saman um allar götur frá því um 1880 þegar tilraunir til þess hófust.

### 2.5.4 Framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna – menntunarpörfin orðin knýjandi

Þar til Menntaskólinn að Laugarvatni var formlega stofnaður árið 1953 voru aðeins tveir menntaskólar í landinu, í Reykjavík og á Akureyri. Á sjöunda áratug 20. aldar urðu þó

---

<sup>44</sup> Guðmundur Kristinsson, *Saga Selfoss – II. Frá 1930-1960* (Selfoskaupstaður, 1995), 184-191.

<sup>45</sup> Bjarni Pálsson, „Iðnfræðslan“, 242-244.

<sup>46</sup> Guðmundur Kristinsson, *Saga Selfoss*, 184-191.

<sup>47</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla 1981-1991*, 18.

markverðar breytingar með stofnun Menntaskólans við Hamrahlíð 1966 og Menntaskólans við Tjörnina 1969. Þó menntaskóli hafi tekið til starfa í Kópavogi 1973 voru þó enn aðeins tveir framhaldsskólar utan Reykjavíkursvæðisins. Á þessum árum var mikil deigla í skólamálaumræðu og til dæmis um það er skýrsla Jóhanns S. Hannessonar, fyrrum skólameistara ML, þar sem settar eru fram hugmyndir um skóla sem sameini allt almennt framhaldsskólanám í einni stofnun, og að námsleiðir og val hvers nemandar verði opnara og fjölbreyttara en menn áttu að venjast.<sup>48</sup>

Þörfin fyrir aukin tækifæri til framhaldsnáms á Suðurlandi var orðin brennandi. Um það vitna „framhaldsdeildir“ sem stofnaðar voru við gagnfræðaskólana. Sú braut var rudd á Laugarvatni, þar sem menntaskólakennsla hófst innan veggja héraðsskólans. Strax árið 1946, þegar samþykkt voru lög á alþingi sem heimiluðu stofnun menntaskóla í sveit, hóf Bjarni Bjarnason skólastjóri markvissan undirbúning til að tryggja að sá skóli yrði stofnaður á Laugarvatni. Kennsla á menntaskólastigi, „Skálholtsdeildin“, hófst strax árið 1947, í trássi við fjárheimildir alþingis, og eftir snarpa en stutta baráttu Bjarna og samstarfsfólks hans var Menntaskólinn að Laugarvatni stofnaður 1953.<sup>49</sup>

Þó þetta væri mikilsvert framfaraskref í menntunarmálum Sunnlendinga leysti það vitaskuld ekki allan vanda. Næstu 20 árin fjölgaði fólki jafnt og þétt í þorpunum á Suðurlandsundirlöndunum, sérstaklega á Selfossi, og þrýstingur á aukin tækifæri til náms óx. Á áttunda áratugnum voru stofnaðar fjórar aðrar framhaldsdeildir sem viðbót við gagnfræðanám. Sú fyrsta árið 1970 við Gagnfræðaskólann á Selfossi og starfaði hún óslitið þar til fjölbrautaskóli var stofnaður á staðnum. Frá 1975-79 var þar boðið upp á tveggja ára framhaldsnám og 1979-80 var í deildinni tekið upp áfangakerfi, eins og tíðkaðist í fjölbrautaskólum.

Árið 1974 var tveimur framhaldsdeildum ýtt úr vör á Suðurlandi, við gagnfræðaskólann í Hveragerði og við Héraðsskólann í Skógum. Í Hveragerði starfaði deildin til 1978 en Skógaskóli hélt sínu striki í samstarfi við Menntaskólann að Laugarvatni til 1981. Eftir stofnun F.Su. tók Skógaskóli upp áfangakerfi og sneri sér um leið að samstarfi við skólann á Selfossi, allt þar til framhaldsskóli í Skógum var lagður niður. Að lokum ber að

---

<sup>48</sup> Sama heimild, 14-15.

<sup>49</sup> Margrét Guðmundsdóttir og Þorleifur Óskarsson, *Menntaskólinn að Laugarvatni: Forsaga, stofnun og saga til aldarloka* (Reykjavík: Sögusteinn ehf., 2001), 23.

nefna framhaldsdeild Gagnfræðaskólans á Hvolsvelli sem starfrækt var 1979-1982. Í upphafi var boðið upp á bóknám og iðnnám á Hvolsvelli og þá voru nemendur á fimmta tuginn. Tvö síðustu árin var eingöngu um iðnnám að ræða og þá snarfækkaði nemendum, enda fjölbrautaskólinn þá kominn til sögunnar.<sup>50</sup>

### 2.5.5 Öldungadeild í Hveragerði

Framhaldsdeildirnar spruttu upp, hver af annarri, og þörfin fyrir nýjan skóla var undirstrikuð enn frekar þegar nokkrar konur hittu Valgarð Runólfsson, skólastjóra Gagnfræðaskólans í Hveragerði, að máli og óskuðu eftir því að hann kæmi upp öldungadeild á framhaldsskólastigi þar við skólann. Það var ekki verið að orðlengja það mál heldur hafinn undirbúningur þá þegar og leitað eftir samstarfi við Menntaskólann við Hamrahlíð um aðstoð og faglega ráðgjöf. Kennarar þaðan komu eitthvað að kennslunni, samningu prófa og yfirferð en annars sáu gagnfræðaskólakennararnir um þá hlið að mestu. Starfsemi hófst á vorönn 1980 og alls þreyttu 136 nemendur próf frá deildinni á þeim þremur önnum sem hún starfaði. Öldungadeild tók til starfa á Selfossi strax á fyrstu önn fjölbrautaskólans haustið 1981 og þá var deildin í Hveragerði lögð niður<sup>51</sup> enda má segja að öldungadeildin í Hveragerði hafi runnið inn í hinn nýja skóla og verið ein af grunnstoðum hans.<sup>52</sup>

### 2.5.6 Ungmennaskóli Sunnlendinga – Einnar aldar meðganga

Eins og fyrri daginn röktu Sunnlendingar spor annarra í uppbyggingu framhaldsmenntunar. Við lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar komu þeir sér ekki saman um staðsetningu sameiginlegs skóla og stofnun hans tafðist því úr hömlu, í hálföld frá því umræða um málið hófst um 1880. Þegar Héraðsskólinn á Laugarvatni tók til starfa voru þegar starfandi skólar í samvinnu sýslna og héraða víða annars staðar á landinu, bæði héraðsskólar og húsmæðraskólar. Fyrsti menntaskólinn utan stórbéttbýlis, ML, er þó ánægjuleg undantekning. Þegar Fjölbrautaskólinn á Selfossi var formlega stofnaður 21. apríl 1981 með samningi milli menntamálaráðuneytisins og Selfossbæjar, höfðu þegar verið stofnaðir sambærilegir skólar á Suðurnesjum, á Akranesi, í Vestmannaeyjum, á Sauðárkróki, og í

<sup>50</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 16-17.

<sup>51</sup> Sama heimild, 19-20.

<sup>52</sup> Hjörtur Þórarinnsson, *viðtal við höfund*, 23. júní, 2011.



Breiðholti og við Ármúla í Reykjavík, auk Verzlunarskóla Íslands, til viðbótar þeim sem þar voru fyrir. Menntaskólar voru risnir á Ísafirði, Egilsstöðum og í Kópavogi, og Flensborgarskólanum, þeirri gamalgrónu stofnun, var breytt í fjölbrautaskóla 1975. Tveimur árum eftir stofnun Fjölbrautaskólans á Selfossi, þann 17. janúar 1983, var undirritaður samstarfssamningur sýslanna þriggja á Suðurlandsundirlöndinu, Árnessýslu, Rangárvalla-sýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og Selfoskaupstaðar um rekstur og stofnkostnað fjölbrautaskólans, sem þar með fékk nafnið Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi.<sup>53</sup> Segja má því að draumar og hugsjónir „aldamótakynslóðarinnar“, um eina sameiginlega menntastofnun fyrir Sunnlendinga, hafi ræst einni öld eftir að málinu var fyrst hreyft.

---

<sup>53</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 21.

### 3 Þróun laga um framhaldsskólastigið

Eins og áður hefur komið fram voru árið 1973 samþykkt lög sem heimila stofnun „tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli“ fyrir nemendur „er lokið hafa skyldunámi, og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum“.<sup>54</sup> Lögin heimila menntamálaráðuneytinu einnig, að fenginni tillögu fræðsluráða og í samvinnu við eitt eða fleiri sveitarfélög, að sameina tvo eða fleiri skóla í einn fjölbrautaskóla. Kveðið er á um það að ríkissjóður greiði 60% af stofnkostnaði en sveitarfélögin 40%, ríkið greiði laun kennara og skólastjóra en annar rekstrarkostnaður skiptist jafnt milli ríkisins annars vegar og annarra rekstraraðila hins vegar.<sup>55</sup>

Íslenska skólakerfið var í framhaldinu skilgreint með formlegum hætti í lögum árið 1974 og skyldi skiptast í þrjú stig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Undir framhaldsskólastigið skyldu falla menntaskólar, fjölbrautaskólar og sérskólar; skólar sem byðu upp á tveggja til fjögurra ára nám á námsbrautum eftir þörfum, m.a. stúdentspróf sem veiti rétt til náms á háskólastigi. Í lögnum eru einnig ákvæði um jafnrétti kynjanna og jafna aðstöðu til menntunar óháð búsetu.<sup>56</sup>

Þrátt fyrir heimild til stofnunar fjölbrautaskóla og lagaákvæði um framhaldsskólastig voru ekki sett lög um framhaldsskóla fyrr en 1988. Fram að því voru í gildi lög um menntaskóla, sem smám saman tóku breytingum í samræmi við þarfir samfélagsins. Árið 1965 voru t.d. samþykktar breytingar á lögum um menntaskóla nr. 58/1946 þar sem fjölgun skóla er heimiluð. „Menntaskólar skulu vera sex, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Heimilt er að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni“, segir í 1. grein laganna. Þá er í sömu lögum heimilað að stofna framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla sem kenni námsefni 1. bekkjar menntaskóla þar sem

---

<sup>54</sup> Lög nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, 1. grein.

<sup>55</sup> Sama heimild.

<sup>56</sup> Lög nr. 55/1974, um skólakerfi.

skilyrði eru fyrir hendi.<sup>57</sup> Þessi lagaákvæði eru ljós vitnisburður um aukna ásókn í framhaldsmenntun, bæði í höfuðborginni og úti um landið.

### 3.1 Lög nr. 12/1970, um menntaskóla

Ekki er nóg með að fjölga þurfti skólum til að taka við auknum nemendafjölda heldur áttuðu menn sig á því að hinir gömlu, rótgrónu menntaskólar svöruðu ekki lengur kalli tímans um námsframboð og skipulag. Glöggt dæmi um það er Menntaskólinn við Hamrahlíð sem stofnaður var 1966 og allt frá upphafi tróð „nýjar slóðir“ hvað þetta varðaði, eins og segir í athugasemdum með frumvarpi til laga um menntaskóla sem lagt var fyrir þingið 1969 og varð að lögum árið eftir. Þar kemur einnig fram að menntamálaráðherra skipaði nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um menntaskóla þegar árið 1963. Nefndin var skipuð skólameisturum Menntaskólans í Reykjavík, Menntaskólans á Akureyri, Menntaskólans að Laugarvatni, Verslunarskóla Íslands og Kennaraskóla Íslands, auk háskólarektors og ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, og skólameistari Menntaskólans við Hamrahlíð bættist í hópinn við stofnun MH. Nefnd þessi skilaði af sér tillögum í frumvarpsformi 20. nóvember 1968. Lýsandi dæmi um þróun mála er að í tillögum nefndarinnar segir að menntaskólar skuli vera svo margir sem þurfa þykir, og þar af tveir í Reykjavík, en áður en frumvarpið var afgreitt sem lög 1970 hafði þegar verið stofnaður þriðji menntaskólinn í höfuðborginni, Menntaskólinn við Tjörnina.<sup>58</sup> Vinna nefndarinnar hafði bein áhrif á skólastarf, enda hæg heimatökin hjá nefndarmönnum, sem jafnframt voru stjórnendur skólanna, að nýta sér hugmyndir og álit sem þar komu fram við þróun eigin stofnana og í öllum menntaskólunum urðu einhverjar breytingar „í tilraunaskyni“ enda taldi nefndin

að slíkar tilraunir verði um sinn heillavænlegasta leiðin til þeirra umbóta á námsefni og kennsluháttum sem augljóslega er þörf á, og hljóti að verða undanfari allsherjar endurskoðunar á námsskrá skólanna. Margar kennslugreinar í menntaskólunum eru að vísu óumdeildar, og að endurskoðun námsefnis þeirra má vinda bráðan bug undir leiðsögn sérfróðra manna í hverri grein. Þess er hins vegar að gæta, að þótt augljós sé nauðsynin á því, að auka fjölbreytnina í námsefni skólanna og fjölga námsleiðum í samræmi við æ margvíslegri þarfir þjóðfélagsins jafnt sem einstaklinga, er engan veginn augljóst hverju af hefðbundnu námsefni skólanna skuli varpa fyrir borð, eða hvað taka skuli upp í stað

<sup>57</sup> Lög nr. 56/1965, um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

<sup>58</sup> „Athugasemdir við lagafrumvarp“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 6-7.

þess, sem brott er numið. Loks má benda á það, að meðan á bæði fyrri og síðari skólastigum er svo margt í deiglunni sem raun er á (t. d. færsla námsefnis niður á lægri aldurstig í barna- og gagnfræðaskólum, hugmyndir um almennt inngangsnám við Háskóla Íslands og endurskoðun á námskröfum einstakra deilda), er ekki tímabært að setja kennslu menntaskólanna of þröngar skorður. Meðan svo er ástatt, eru nýjungar og áframhaldandi tilraunir vænlegasta leiðin til umbóta.

Nefndin telur því eðlilegast af stað farið með því að setja lög um menntaskóla, er geri hvort tveggja í senn: a) að tryggja þeim þá aðbúð og það svigrúm, sem þörf er á til áframhaldandi tilrauna, endurskoðunar og umbóta í hverjum skóla um sig, og b) að setja þeim markmið og leggja megindrög að skipulagi þeirra, þannig að eigi skorti sameiginlega umgjörð um starf þeirra allra, þótt þeir haldist eigi í hendur um hvaðeina.<sup>59</sup>

Lögin frá 1970 eru svar við kalli samfélagsins eftir fleira fólki með háskólamenntun til að uppfylla þarfir sem aukin sérhæfing á öllum sviðum krafðist. Nefndin leggur þá línu að þó tæknilega væri hægt að reikna út þær þarfir frá efnahagslegum forsendum, og spá einnig fyrir um getu unglinga til að takast á við háskólanám, sé ekki rétt að tiltaka í lögum þann fjölda menntaskóla sem þjóðin „þarfnist“, enda samræmdist slík „áætlunarframleiðsla á menntamönnum“ hvorki hefðum né hugmyndum um sjálfræði þegnanna. Hinn efnahagslegi mælikvarði sé að auki hvorki sá eini né réttasti við stefnumótun í menntamálum. Í lýðræðisþjóðfélagi gangi ekki að loka mögulegum leiðum með lagaboði heldur sé fólki „með fræðslu og fortölum beint inn á æskilegar námsbrautir“.<sup>60</sup>

Í samræmi við þetta „lýðræðislega“ sjónarmið við mótun menntastefnu er í lögunum lögð áhersla á tvískipt markmið menntaskólanáms: annars vegar að undirbúa háskólanám og þátttöku í sérhæfðu samfélagi, en hinsvegar „að efla þroska nemenda“ og „veita þeim almenna menntun“.<sup>61</sup> Þá þykir ástæða til að taka skýrt fram að menntaskólarnir séu „jafnt fyrir pilti og stúlkur“<sup>62</sup> og að stefna skuli að því að bjóða nemendum þar upp á „námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir“.<sup>63</sup>

Nefndin veltir vöngum yfir þeirri hugmynd að stytta nám til stúdentsprófs svo nemendur geti hafið háskólanám yngri að árum en þá tíðkaðist, en kemst að þeirri

---

<sup>59</sup> Sama heimild, 7-8.

<sup>60</sup> Sama heimild, 8.

<sup>61</sup> *Lög nr. 12/1970, um menntaskóla*, 2. grein.

<sup>62</sup> Sama heimild, 4. grein.

<sup>63</sup> Sama heimild, 3. grein.

niðurstöðu að það beri fremur að gera með skipulagsbreytingum á yngri skólastigum en með styttingu menntaskólanámsins.<sup>64</sup> Í athugasemdum bæði við 3. og 5. grein kemur skýrt fram að nauðsyn á aukinni fjölbreytni í námsframboði var orðin brýn. Bæði kölluðu ólíkar greinar innan háskólanna eftir fjölbreyttari undirbúningi en einnig þörf samfélagsins fyrir breiða, almenna menntun til að takast á við sífellt fjölbreyttari og flóknari störf á almennum vinnumarkaði. Því er í 5. grein laganna opnað fyrir þann möguleika að stofna sérstaka menntaskóla í tilraunaskyni, enda yrði þar auðveldara um vik að prófa sig áfram með allskyns nýjungar en í hinum „hefðbundnu skólum“, þrátt fyrir vilja og einhverjar tilraunir innan þeirra í þá átt, eins og fram hefur komið. Þessi grein er augljóslega undanfari laga nr. 14/1973, enda margt í hugmyndunum að baki hinum nýju lögum um menntaskóla frá 1970 sem kallar á það að íslenskt samfélag brjótist út úr hefðunum í uppbyggingu skólakerfisins, byrji á nýjum grunni í nýjum skólastofnunum. Dæmi um slíkt er að finna í 7. grein laganna. Þar segir að próf úr bóknámsdeildum miðskóla veiti rétt til inngöngu í menntaskóla en einnig skuli heimilt „að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi“. Í gildandi lögum hafði verið ákvæði um lágmarksaldur en það nú felld út og fram kominn vísir að því sem nú til dags er kallað á fínu máli „fljótandi skil milli skólastiga“, enda „of lítið tillit til þess tekið, hve mishraður er þroski nemenda á þessu aldurskeiði, jafnvel þótt heimilað sé að veita undanþágu frá ákvæðum laganna“. Og nefnd menntamálaráðherra heldur áfram og segir að eins og nú sé ástatt í skólamálum landsins „virðist nauðsynlegt að opnar leiðir liggi til endurskoðunar og breytinga á einstökum þáttum og stigum skólakerfisins“ og að kröfur um ákveðinn aldur til að innritast í menntaskóla geti aðeins „torveldað æskilega þróun af þessu tagi“.<sup>65</sup>

Kröfur sjöunda áratugar 20. aldar um breytingar á skólakerfinu, um aukna fjölbreytni og að koma betur til móts við þarfir nemenda jafnt sem samfélagsins, áhersla á sjálfræði nemenda, rétt þeirra til að þroska og nýta hæfileika sína og velja eigin leiðir í námi og lífsstarfi, koma vel fram í eftirfarandi tilvitnun:

Þótt boðleiðir hljóti að liggja milli allra stiga samfellds skólakerfis, verður jafnan að minnast þess, að meginhlutverk slíkra boðleiða er að auðvelda samgöngur, þeim er ekki ætlað að útiloka aðrar leiðir. Nauðsyn jafnt

---

<sup>64</sup> „Athugasemdir við 3. grein“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 9.

<sup>65</sup> „Athugasemdir við 7. grein“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 10.

Þjóðfélagsins sem ein- staklingsins krefst þess, að hæfileikar allra ungmenna komi til skila, en af því leiðir, að engin skólaleið má enda í blindgötu. Verður því að telja sjálfsgætt, að fleiri leiðir liggi að menntaskólanámi en boðleiðin um bóknámsdeild miðskóla. Með því einu móti verður það tryggt, að námsleiðarval á gelgjuskeiði hafi ekki í för með sér afsal réttinda, er nemandinn með vaxandi þroska reynist fullhæfur til að færa sér í nyt. Af fjölmönnum hópum ungmenna, sem hér kynnu að eiga hlut að máli, vill nefndin einkum benda á gagnfræðinga, en einmitt nú stendur yfir endurskoðun og endurbót á gagnfræðaprófinu, er sennilegt má telja, að auðveldi mjög mat á hæfni gagnfræðinga til að hefja menntaskólanám. Meðal einstaklinga, er tryggð yrðu nauðsynleg réttindi með ákvæðinu um inngöngu af öðrum skólastigum, ber einkum að nefna unglinga, er stundað hafa nám við skóla í öðrum löndum vegna búsetu foreldra sinna þar.

Ef til þess kynni að koma, að tiltekin próf innan skólakerfisins yrðu viðurkennd sem inntökupróf í menntaskóla, svo sem próf úr bóknámsdeild miðskóla er nú, yrðu að sjálfsgættu sett í reglugerð nákvæm fyrirmæli þar að lútandi. Um úrskurð í einstökum og sjaldgæfum tilfellum virðist hins vegar henta bezt, að skólastjórn hafi sem frjálsastar hendur.<sup>66</sup>

Lögin frá 1970 gera þá grundvallarbreytingu á námsskipan menntaskólanna að í stað þess að lista upp þær námsgreinar sem kenna skal, eins og gert var í fyrri lögum, kemur í 9. grein ákvæði um að námsefninu skuli skipt í kjarna, kjörsvið og valgreinar og að það skuli metið í einingum. Kjarni megi vera allt að 100 einingar, kjörsvið að lágmarki 24 og valgeinar að lágmarki 14 en heildarnámsefni „sem næst 144 einingar.“ Jafnframt segir í greininni um markmið þessarar skiptingar að kjarni „skuli leggja breiðan, almennan grundvöll að náminu“, hlutverk kjörsviða sé „að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði“ og að kjarni og kjörsvið eigi saman að tryggja hæfni nemenda til háskólanáms. Í valgreinunum fá nemendur svo frjálsar hendur um að fullnægja upp að ákveðnu marki einstaklingsþörfum sínum.

Þrátt fyrir að námsgreinar hafi horfið af kennsluskrá og aðrar komið í staðinn í tímans rás, og að skólunum hafi þegar verið skipt í máladeild og stærðfræðideild, hafði grundvallarhugmyndin um framhaldsskólanámið lítið breyst og „eftir sem áður hvert spor ófrávíkjanlega fyrirskipað“ að mati nefndarinnar. Hún telur það almennt viðhorf að námsbrautir skólanna séu ekki aðeins of fáar heldur að námið sé of ósveigjanlegt til að geta komið til móts við þarfir og hæfileika nemenda. Ekki sé nóg að skipta bara um námsgreinar heldur verði að setja í staðinn ákvæði sem myndi „almenna umgjörð um námsefni, námsmagn og námskröfur skólanna, en setji í þessum efnunum starfsemi þeirra þær skorður

---

<sup>66</sup> Sama heimild.

einar, er nauðsynlegar þykja til að tryggja það, að markmiði þeirra verði jafnan náð“. Í samfélagi örra þjóðfélagsbreytinga, fyrirséðra og ófyrirséðra, sé það að tjalda til einnar nætur að ákvarða í lögum hvaða námsgreinar eru nauðsynlegar og hverjar ekki til að undirbúa nemendur undir háskólanám.<sup>67</sup>

Nefndin skilgreinir hlutverk hinna þriggja sviða nánar í athugasemdum með lagafrumvarpi sínu. Þar segir um hlutverk kjarnans í náminu að annars vegar eigi hann að

þjálfa nemendur í meðferð vitsmunalegra tækja - umfram allt móðurmálsins - og kenna þeim vitsmunaleg vinnubrögð, þ. e. a. s. gera þá læsa, talandi, skrifandi og reiknandi í meira en yfirborðslegri merkingu þessara orða, hins vegar á hann, á sem flestum sviðum, að sjá nemendum eftir megni fyrir þeirri þekkingu, sem er grundvöllur samneytis menntaðra manna, og þeim kynnum af ólíkum fræðilegum viðhorfum og starfsaðferðum, sem eru forsenda gagnkvæms skilnings og samvinnu milli sundurleitra starfshópa menntamanna í fjölskrúðugu menningarþjóðfélagi.

Þegar hlutverki kjarnans er þannig lýst, verður ljósara, hvers vegna hlutur hans í námsefninu er svo stór, sem raun er á. Nefndin lítur eindregið svo á, að ekki beri að auka sérhæfingu í menntaskólunum, heldur muni það reynast fullnægja best bæði kröfum háskóla og vinnuveitenda og þörfum þjóðfélagsins og einstaklingsins, að efla umfram allt almenna menntun nemenda, í þeim skilningi, sem hér að framan er lagður í þau orð.<sup>68</sup>

Um kjörsviðin segir á sama stað að hlutverk þeirra sé ekki síst það að „gefa nemendum tækifæri til að fullnægja inntökuskilyrðum einstakra háskóladeilda og búa sig eftir þörfum undir það sérnám, er bíður þeirra í háskólunum.“ Nefndin tekur það sérstaklega fram að hún sé „frábitin aukinni sérhæfingu í menntaskólunum“ en ákveðin sérhæfing sé þó nauðsynleg, bæði vegna ólíkra krafna einstakra deilda innan háskóla og vegna þess að „einstökum nemendum kann að vera bæði hollt og hentugt að afla sér á einu sviði rýmri eða rækilegri þekkingar en almennt er krafizt til stúdentsprófs“.<sup>69</sup>

Hin gamalkunna 45 mínútna kennslustund, sem skólastarf hafði verið hugsað út frá fram að þessu, setti skipulagi og kennsluháttum fastar skorður og hamlaði þróun nýrra brauta, námsgreina og kennsluhátta sem þeim fylgja. Ákvæði laganna<sup>70</sup> um að meta námið í

---

<sup>67</sup> Sama heimild, 10-11.

<sup>68</sup> Sama heimild, 11-12.

<sup>69</sup> Sama heimild.

<sup>70</sup> *Lög nr. 12/1970, um menntaskóla*, 9. grein, liður a).

einingum fremur en kennslustundum var hugsað til að bregðast við þessu og opnar fyrir margskonar möguleika til að skipuleggja skólastarfið með tilliti til óhefðbundnari greina, s.s. með lengri kennslustundum, námslotum o.fl.

Lög um menntaskóla nr. 12/1970 marka að mörgu leyti tímamót í íslenski menntastefnu og skólahaldi. Þegar hafa verið raktir helstu þættirnir en fleira mætti tína til sem máli skiptir. Að vísu er þar ákvæði um að halda skuli lokapróf í hverri námsgrein er kennslu í henni lýkur<sup>71</sup> sem nú til dags þætti hamla þróun kennsluhátta og námsmats, en annað sem til framfara horfir og stenst tímans tönn. Lögð er rík áhersla á menntun og hæfni kennara og annars starfsfólks, hvergi slakað á kröfum fyrri laga um að kennarar skuli hafa háskólapróf í sinni kennslugrein, og að auki próf í uppeldis- og kennslufræðum.<sup>72</sup> Þó er í lögnum raunsæisleg undanþáguheimild frá þessu, af þeim augljósu ástæðum að þá þegar var skortur á menntuðum kennurum vegna stóraukins fjölda nemenda sem sótti menntaskólana, og óhagstæðri samkeppnisstöðu skólakerfisins við aðra vinnuveitendur hvað launakjör snerti.

Krafa er gerð um að fjöldi kennara sé það mikill að ekki séu fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra<sup>73</sup> en áður hafði kennarafjöldi verið miðaður við fjölda bekkjardeilda í viðkomandi skóla. Þessari breytingu var ætlað að koma til móts við þá uppstokkun á hefðbundnum bekkjardeildum, skipulagi og kennsluháttum sem var í farvatninu í íslenska skólakerfinu.<sup>74</sup> Þá er kveðið á um að við skólana skuli starfa „náms- og félagsráðunautar“ sem aðstoði nemendur í vanda, við námsval og skipulag félagsstarfs innan skólanna og talið upp fleira starfsfólk<sup>75</sup> sem nefndinni þykir nauðsynlegt að sé til taks fyrir skólastjórnendur, svo þeir geti rækt skyldur sínar við skólann og nemendur hans.<sup>76</sup>

Ákvæði í lögnum um húsnæði skýrast af viðvarandi þrengslum og húsnæðisskortri, bæði vegna fyrrnefndrar, stöðugar fjölgunar nemenda og nýrra kennsluhátta sem voru að ryðja sér til rúms. Sjálfstæð vinnubrögð nemenda, sem skólarnir voru um þessar mundir mjög gagnrýndir fyrir að halda lítt á lofti í starfi sínu, kröfðust rýmri húsakynna: lestrarsala,

---

<sup>71</sup> Sama heimild, 10. grein.

<sup>72</sup> Sama heimild, 15. grein.

<sup>73</sup> Sama heimild, 14. grein.

<sup>74</sup> „Athugasemdir við 14. grein“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 15.

<sup>75</sup> *Lög nr. 12/1970, um menntaskóla*, 13. grein.

<sup>76</sup> „Athugasemdir við 13. grein“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 14.



bókasafna og faggreinastofa með nauðsynlegum græjum og gögnum. Á meðan húsakynni skólanna væru hvað þetta varðar „svo gjörsamlega ófullnægjandi“, sem raunin var, væri það alvarlegasta hindrunin af öllum í vegi umbóta á starfi menntaskólanna.<sup>77</sup>

Lagðar eru til breytingar á stjórn skólanna. Í stað þess að kennarafundur fari að mestu með stjórnina kemur ákvæði um að skólastjórn sé í höndum skólaráðs, sem skólastjóri sitji í forsæti fyrir, og með honum aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara og nemenda.<sup>78</sup> Markmiðið með þessum breytingum er að gera stjórnunina skilvirkari og hagkvæmari, enda stór kennarafundur ófær um að bregðast við og taka ákvarðanir um ýmiskonar mál sem upp koma í daglegu starfi skólastofnunar.<sup>79</sup> Bundið er í lög að við skólana starfi nemendaráð, enda skuli skólarnir ekki einungis vera fræðslustofnanir heldur ættu nemendurnir að taka virkari þátt í starfi þeirra og skólarnir verða mikilvægari þáttur í lífi nemendanna. Þannig megi frekar höfða til ábyrgðar og samvinnu og þar af leiðandi vænta aukins áhuga nemendanna á námi sínu. Mikill skortur sé á tengslum milli félagslífs og náms og ef vel tekst til gætu nemendaráð

orðið mikilvægt tæki til þjóðfélagslegs uppeldis nemenda. Í lýðræðis-þjóðfélagi er nauðsynlegt að beina sem fyrst inn á þroskavænlegar brautir heilbrigðri tortryggni og mótþróa þess, sem stjórnað er, gegn stjórnandanum, til dæmis með því að leyfa honum eftir föngum að kynnst því af eigin raun, í hverju felst ábyrgð þeirra, sem stjórna skulu<sup>80</sup>

Að lokum kveða lögin á um skipan skólalækna og skólahjúkrunarkvenna sem hafi eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum<sup>81</sup> og um skipan samstarfsnefndar um menntaskólastigið sem í sitji skólastjórar menntaskólanna, Verzlunarskólans, Kennaraskólans og Tækniskólans, auk annarra skóla á framhaldsskólastigi sem stofnaðir kunni að verða.

Úr athugasemdum „menntaskólanefndar“ Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra frá 1963 með frumvarpi sínu, sem varð að lögum 1970, má lesa margt um samfélagsumræðuna. Skýr krafa hefur verið uppi um aukið aðgengi að framhaldsnámi, aukið valfrelsi nemenda og aukna fjölbreytni í námsframboði. Sterkt „lýðræðislegt“ yfirbragð er á lögnum og vilji til að

---

<sup>77</sup> „Athugasemdir við 20. og 21. grein“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 16.

<sup>78</sup> *Lög nr. 12/1970, um menntaskóla*, 22. grein.

<sup>79</sup> „Athugasemdir við 22. grein“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 16.

<sup>80</sup> „Athugasemdir við 23. grein“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 17.

<sup>81</sup> *Lög nr. 12/1970, um menntaskóla*, 25. grein.

auka ábyrgð nemenda, enda myndi slík stefna hjálpa unga fólkinu til aukins þroska og hæfni til að takast á við sífellt flóknara lífsmynstur, öllu samfélaginu til heilla. En jafnframt hafa heyrst efasemda- og úrtöluraddir; ótti við að slegið yrði ótæpilega af kröfum og nemendur hefðu engar forsendur til að velja sjálfir þær námsgreinar sem væru verðugur undirbúningur undir akademískt nám í háskólum. Gefum menntaskólanefndinni orðið:

Í umræðunum um valfrelsi í skólum hefur þess orðið vart, að ýmsir óttast, að valfrelsið kunni að hafa það í för með sér, að slegið verði af námskröfum, gildi fullnaðarprófa rýrni og los komist á hugmyndir manna um markmið skólanna. Nefndin telur því rétt að benda á það, að auk þess sem hlutur frjálsra valgreina í námsefninu er mjög lítil, eru með ákvæðum um kjarna og kjörsvið reistar öflugar skorður gegn hvers kyns upplausn í náminu. Að því er varðar hæfni nemenda til að velja sér sjálfir námsefni, skal á það bent, að samkvæmt þeim lögum, sem í gildi eru, velja nemendur menntaskólanna sjálfir hömlulaust um deildir, og hefur ekki verið talinn skaði að því. Hversu litla ábyrgð það valfrelsi, sem hér er um að ræða, leggur nemendum á herðar, sézt glögggt, þegar þess er minnzt, að unglíngum er nú gert að velja, þegar við 15 eða 14 ára aldur, milli námsbrauta er aldrei koma saman aftur.<sup>82</sup>

Áður en ný heildarlög um framhaldsskóla voru sett árið 1988 voru tvívegis gerðar breytingar á gildandi lögum um þetta skólastig. Fyrst árið 1977<sup>83</sup> þar sem m.a. iðnnemum við fjölbrautaskóla voru tryggð sambærileg réttindi og öðrum iðnnemum, og aftur árið 1984 þegar samþykktar voru sambærilegar breytingar bæði á lögum nr. 12/1970 og lögum nr. 14/1973<sup>84</sup> í þeim tilgangi að útvíkka starfsemi skólanna og veita þeim heimild til „að standa fyrir námskeiðum, þ.á.m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu“. Segja má að lög þessi hafi verið formleg staðfesting á því sem þegar var í fullum gangi, en öldungadeild var t.d. starfrækt við F.Su. strax frá fyrsta starfsári skólans haustið 1981, enda menntunarbörf fyrir þennan hóp fólks knýjandi í samfélaginu.

Stundum hefur það verið haft á orði að skólakerfið sé eins og risaskip, það taki óratíma að breyta um stefnu. Skólar eru líka íhaldssamar stofnanir sem byggja á hefð og þekkingu þeirra sem þar starfa. Allar breytingar mæta því, eðlilega, nokkurri tortryggni innanhúss. Það sama má segja um menntastefnu þjóðar, lög og reglugerðir varðandi

<sup>82</sup> „Athugasemdir við 9. grein“, *Frumvarp til laga um menntaskóla*, 1969, 12.

<sup>83</sup> *Lög nr. 21/1977, um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.*

<sup>84</sup> *Lög nr. 82/1984 og Lög nr. 85/1984.*

menntun og skólalald. Með löggjafar- og framkvæmdavaldið fer fólk sem stundaði sitt nám við ákveðnar aðstæður sem það síðan miðar við, á 7. og 8. áratug síðustu aldar tiltölulega einsleitur hópur, úr skólakerfi sem hafði tekið litlum breytingum um langan aldur. Því þarf það ekki að koma á óvart að heimild til að stofna fjölbrautaskóla hafi verið fyrir hendi á Íslandi í 15 ár, og elsti fjölbrautaskólinn starfað í 13 ár, áður en sett voru lög um starfsemi þeirra. Knýjandi þörf í samfélaginu fyrir aukið námsframboð og aukna fjölbreytni þess kallaði á skjótari viðbrögð en margra ára vinna við undirbúning og setningu nýrra laga gaf færi á. Í lögum um menntaskóla frá 1970 hafði einnig verið brugðist við þrýstingi og ýmsum kröfum úr samfélagsumræðunni um breytingar á skólakerfinu og menntastefnu þjóðarinnar; kröfum um opnara, fjölbreyttara, sveigjanlegra og lýðræðislegra skólakerfi sem svaraði betur þörfum þjóðfélags sem var á hraðferð inn í nýja tíma með gerbreyttum atvinnuháttum, búsetumynstri og líf skjörum almennings. Skólakerfið fram að þeim tíma hafði mótast í allt öðru umhverfi, átti að þjóna tiltölulega fámennri embættismannastétt þjóðar sem stundaði frumframleiðslu og sjálfsþurftarbúskap.

Því má halda fram að lögin frá 1970 hafi verið nútímaleg og framsýn. Þar voru boðaðar breytingar sem rugguðu bátnum nokkuð og voru umdeildar, ekki síst vegna ótta um að námskröfur myndi setja niður með auknu valfrelsi nemenda og brotthvarfi frá lögbindingu námsgreina. „Menntaskólanefndin“ leitaði fanga víða erlendis, kynnti sér strauma og stefnur í skólamálum Evrópuþjóða og víðar um heim. Ekki má gleyma því að miklar þjóðfélagshræringar áttu sér stað á 7. áratugnum og þær höfðu áhrif hér á landi, ekki síður en annars staðar, a.m.k. í hinum vestræna heimi, og þessara hræringa sér stað í fyrrnefndum lögum. Strax þremur árum seinna var veitt heimild í lögum til að stofna fjölbrautaskóla, og þó lögin séu hvorki löng né ítarleg heldur snúist í raun aðeins um það að veita formlega heimild til tilraunastarfsemi, þá kom það ekki að sök því lögin um menntaskóla frá 1970 lögðu nauðsynlegan grunn til að byggja þá tilraunastarfsemi á. Frá 1975 til 1979 voru enda stofnaðir 7 fjölbrautaskólar á þeim grunni vítt og breitt um landið og Fjölbrautaskólinn á Selfossi sá áttundi aðeins seinna. Það þarf því engum blöðum um menntunarþorsta landsmanna að fletta né það að hinir nýju skólar svöluðu þeim þorsta með hætti sem hinir gömlu, hefðbundnu menntaskólar voru ófærir um að gera. En til að breytingar verði er ekki nóg að marka stefnuna á siglingakortið. Það þarf líka að snúa skipinu.

### 3.2 Lög nr. 57/1988 - Fyrstu heildarlög um framhaldsskólastigið

Fjölbrautaskólarnir voru stofnaðir í kjölfar aukinnar eftirspurnar eftir framhaldsskólanámi sem varð vart um og fyrir 1970. Þessari eftirspurn var mætt með stofnun framhaldsskóla víða um land og frá því um miðjan áttunda áratuginn þróaðist fjölbrautaskólakerfið „sem ætlað var að bjóða fjölbreyttar námsleiðir á sviði bók- og starfsnáms. Markmið með stofnun fjölbrautaskóla var að tengja saman námshefðir bóknáms og starfsnáms með það að leiðarljósi að gera báðum jafnhátt undir höfði“.<sup>85</sup> Fjölbrautaskólar störfuðu í áratug eða lengur áður en heildarlög voru sett um framhaldsskólakerfið.

Fjölbrautaskólarnir gengu því að segja má sjálfala fyrstu skrefin. Leiðarstefin í skólaþróuninni voru opnara skólakerfi, fjölbreyttari námsleiðir, aukin ábyrgð nemenda, nám við hæfi hvers og eins og jafnræðishugsun; að allir væru jafnrétt háir og hver og einn ætti rétt á því að þroska hæfileika sína, sama á hvaða sviði þeir lægju. Með þessa hugsun í farteskinu, rækilega studda af nýlegum lögum um menntaskóla, hugsjónaeld og lagaheimild frá 1973, fóru menn af stað vítt og breitt um landið og stofnuðu hvern skólann á fætur öðrum. Um var að ræða brautryðjendastarf, landnám á óruddum hrjóstrum hins íslenska menntakerfis. Starfsfólk hinna nýstofnuðu skóla vann við frumstæðar aðstæður, oft í ófullnægjandi húsnæði, og þurfti að semja brauta- og áfangalýsingar jafnóðum og þeir kenndu síþyrstum nemendum, kvölds og morgna, stórum hópum fólks sem ekki hafði áður haft tækifæri við hæfi til að mennta sig, ýmist til starfsréttinda eða frekara náms.

Breytingar sem urðu á skólakerfinu með fjölbrautaskólunum voru svo miklar að það gaf auga leið að setja þyrfti ný heildarlög um framhaldsskólastigið. Sett var undir þennan leka með lögum nr. 57/1988, en þeim var fyrst og fremst ætlað, ásamt breytingum sem gerðar voru 1989, að setja ramma utan um það skólastarf sem þá þegar fór fram og höfðu þessi fyrstu lög um framhaldsskóla því lítil mótandi áhrif á skipulag þess eða innihald námsins.<sup>86</sup> Lögin setja undir einn hatt menntaskóla, fjölbrautaskóla, iðnfræðsluskóla, sérhæfða skóla á framhaldsskólastigi og framhaldsdeildir við grunnskóla.<sup>87</sup> Hlutverk þessara skóla er þrjúþætt:

- að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi,

<sup>85</sup> „Athugasemdir með frumvarpi til laga“, *Frumvarp til laga um framhaldsskóla*, 1995.

<sup>86</sup> Sama heimild.

<sup>87</sup> *Lög nr. 57/1988, um framhaldsskóla*, 1. grein.

- að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veiti starfsréttindi,
- að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum.<sup>88</sup>

Í samræmi við þann veruleika sem við blasti heimila lögin sveitarfélögum, einum eða í samstarfi sín í milli, að hafa frumkvæði að stofnun framhaldsskóla og einnig að „fara með undirbúning og umsjón með byggingaframkvæmdum“.<sup>89</sup> Framhaldsskóla má þó ekki stofna nema með heimild Alþingis, þeir skulu í eigu ríkissjóðs að 60% og menntamálaráðuneytið fara með yfirstjórn þeirra, „annast námsskrágerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf“.<sup>90</sup> Í 7. og 8. grein er kveðið á um skólanefnd sem stjórnar rekstri skólans. Hún er skipuð fulltrúum starfsmanna, sveitarfélaga, nemenda og ráðherra menntamála og á að ákveða námsframboð skólans með skólameistara, gera fjárhagsáætlun og tillögur til fjárlaga og ákveða ýmis gjöld nemenda. Skólameistara til aðstoðar við daglegan rekstur skal vera skólastjórn og almennur kennarafundur á að fjalla um „stefnumörkun, um námsskipan, kennsluhætti og aðra starfsemi“.<sup>91</sup> Nemendaráð skal starfa við hvern framhaldsskóla og hefur það umsagnar- og tillögurétt um ýmis mál er varða skólastarfið, s.s. markmið náms, kennslutilhögun og námsefni, auk þess að vera hagsmunasamtök nemenda almennt séð.<sup>92</sup> Um starfsmannahald er allt miklu opnara en í lögunum frá 1970, þar sem talin eru upp og bundin í lög ákveðin starfsheiti, og fjöldi kennara bundinn við nemendafjölda. Í 12. grein hinna nýju laga segir: „Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð skóla og fjárveitingu hverju sinni“. Þó segir að í öllum framhaldsskólum skuli vera heilsuvernd, undir stjórn héraðslæknis eða heilsugæslustöðvar,<sup>93</sup> og skólasafn.<sup>94</sup>

Um inntökuskilyrði í framhaldsskóla segir:

Allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. [...]

---

<sup>88</sup> Sama heimild, 2. grein.

<sup>89</sup> Sama heimild, 3. grein.

<sup>90</sup> Sama heimild, 5. grein.

<sup>91</sup> Sama heimild, 10. grein.

<sup>92</sup> Sama heimild, 11. grein.

<sup>93</sup> Sama heimild, 15. grein.

<sup>94</sup> Sama heimild, 29. grein.

Nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun. [...] Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara.<sup>95</sup>

Hér er um grundvallarbreytingu að ræða frá fyrri lögum, þar sem skýrt er tekið fram að próf úr bóknámsdeildum miðskóla veiti rétt til inngöngu í menntaskóla, samkvæmt nánari skilyrðum í reglugerð.<sup>96</sup> Nú áttu hins vegar allir rétt á því að hefja nám í framhaldsskóla.

Um námsskipan segja fyrstu framhaldsskólalögin að nám skuli fara fram á námsbrautum, sem skilgreindar væru í námskrá, með tilliti til þess hvort um sé að ræða nám til starfsréttinda eða undirbúning undir meira nám, og stefna skal að því að „nemendur eigi vöð á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir“.<sup>97</sup> Einnig segir að leiðir skuli opnar til frekara náms af öllum námsbrautum og að leiðir milli námsbrauta skuli vera sem greiðastar. Eru þessi ákvæði í samræmi við áherslur í greinargerð „menntaskólanefndarinnar“ sem vitnað var til hér frammar, þar sem varað var við „blindgötum“ í námsleiðum. Í samræmi við markmið laganna í 2. grein er í 18. grein kveðið á um tvískiptingu náms á öllum námsbrautum: almenna menntun annars vegar og sérhæft nám brautarinnar hinsvegar, og áhersla lögð á tengsl verklegs náms og bóklegs. Þrátt fyrir að nám sé metið til eininga á grundvelli skilgreindra áfanga er skólum veitt heimild til að hafa bekkjakerfi, en þeim beri að tryggja að áfangar nýtist á sem flestum námsbrautum.

Mikil áhersla er í lögnum lögð á samráð við atvinnulífið. Kveðið er á um lönfræðsluráð og Fræðsluráð sjávarútvegsins, sem móti í samstarfi við menntamálaráðuneytið heildarstefnu og skipulag menntunar í viðkomandi atvinnugreinum. Lögbundið er að ráðin skuli skipuð fulltrúum ýmissa tengdra hagsmunasamtaka. Að auki er ráðuneytinu heimilað að skipa fleiri slíkar ráðgjafarnefndir eftir þörfum.<sup>98</sup>

Í samræmi við jafnræðiskröfur og að öllum skuli heimill aðgangur að framhaldsskólum segir í 30. grein:

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum [...] kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té

<sup>95</sup> Sama heimild, 17. grein.

<sup>96</sup> *Lög nr. 12/1970*, 7. grein.

<sup>97</sup> *Lög nr. 57/1988*, 17. grein.

<sup>98</sup> Sama heimild, 22., 26. og 27. grein.

sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður [...]. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

### 3.3 Lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla

Í mars árið 1992 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, nefnd til að móta menntastefnu og endurskoða gildandi lög, bæði um grunn- og framhaldsskóla. Tæpu ári síðar skilaði nefndin áfangaskýrslu um menntastefnu sem send var til ýmissa aðila til umsagnar en upp úr lokaskýrslu nefndarinnar var unnin tillaga að lagafrumvarpi sem, eftir umsagnarferli hjá hagsmunaaðilum, var lagt fyrir þingið 1993-1994. Í ljósi umræðu í samfélaginu um frumvarpið voru gerðar á því nokkrar breytingar áður en það var lagt aftur fram á þinginu 1994-1995, þær markverðustu að fallið var frá hugmyndum um lengingu skólaársins í 10 mánuði og styttingu náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú. Eftir stjórnarskipti vorið 1995 tók Björn Bjarnason við menntamálaráðuneytinu og lét yfirfara frumvarpið sem síðan var lagt fram í þriðja sinn á 120. löggjafarþingi haustið 1995 og samþykkt sem lög nr. 80 þann 11. júní 1996.<sup>99</sup>

Starf nefndarinnar sem vann að endurskoðun laga og námskrár grunn- og framhaldsskóla upp úr 1990 var að mörgu leyti álíka viðamikið og „menntaskólanefndarinnar“ á 7. áratugnum. Um var að ræða heildarendurskoðun og afgerandi tillögur að breytingum. Nefndin gerir ráð fyrir að „hugað verði betur að tengslum beggja skólastiga og reynt að líta á skólagöngu nemenda frá upphafi grunnskóla til loka framhaldsskóla sem heildstætt ferli þar sem nemendur þroskast og verða sjálfstæðari eftir því sem lengra dregur í náminu“.<sup>100</sup> Nefndin taldi ljóst að markmið fjölbrautaskólanna, um fjölbreyttar námsleiðir í bók- og starfsnámi sem féllu betur að þörfum breiðari hóps nemenda, tengdu þetta tvennt betur saman og gerðu hvoru tveggja jafn hátt undir höfði, hefðu ekki náðst. Þvert á móti hefðu sífellt fleiri nemendur flykkst inn á bóknámsbrautir til stúdentsprófs og brottfall nemenda úr skóla var jafnframt orðið verulegt áhyggjuefni. Vitnað er í skýrslu OECD frá 1987 um meint stefnuleysi í framhaldsskólunum og að lög um framhaldsskóla frá 1988 hafi ekki náð að bæta nægilega úr hvað það varðar. Bent er á að í lögum þessum hafi inntökuskilyrði á einstakar brautir verið afnumin og það, ásamt fækkun samræmdra prófa í grunnskólum, hafi sent nemendum „þau skilaboð að námsárangur í grunnskóla skipti litlu um námsmöguleika og

<sup>99</sup> „Athugasemdir með frumvarpi“, *Frumvarp til laga um framhaldsskóla*, 1995.

<sup>100</sup> Sama heimild.

árangur á síðari skólastigum“.<sup>101</sup> Gefið er í skyn að stór hluti nemenda sem innritast á lengri bóknámsbrautir framhaldsskólanna sé alls ófær um að standast þær kröfur sem slíkt nám krefjist.<sup>102</sup>

Eitt helsta markmiðið með nýju lögunum var að breyta þessu og setja skýra stefnu fyrir framhaldsskólastigið. Þar er kveðið á um almennt menntunarhlutverk, undirbúning fyrir þátttöku í atvinnulífi og áframhaldandi námi, áhersla lögð á markvissari uppbyggingu náms og nýjar áherslur í námsframboði, en dregið úr fyrri áherslum um að námsáfangar skuli nýtast á sem flestum brautum. Lögin áttu að tryggja öllum nemendum sem ljúka grunnskólanámi aðgang að framhaldsskólunum, en þó með ákveðnum skilyrðum fyrir mismunandi námsbrautir, sem var nýjung til að setja undir þann leka að „óhæfir“ nemendur flykkist inn á stúdentsbrautir. Til að ná báðum þessum markmiðum skyldi bjóða nemendum sem ekki stæðust kröfurnar upp á eins árs fornám, fötluðum nemendum nám í sérstökum deildum, og nemendum með annað móðurmál en íslensku, íslenskum nemendum sem dvalið höfðu langdvölum erlendis og heyrnarlausum nemendum upp á sérstaka íslenskukennslu.<sup>103</sup>

Að öðru leyti skipta lögin náminu í grunninn í fernt: Starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, listnámsbrautir og almenna braut. Allar leiðir skyldu vera opnar til áframhaldandi náms; engar blindgötur frekar en fyrr. Á starfsnámsbrautum eru samkvæmt 16. grein löggiltar iðngreinar og annað starfsnám, bóknámsbrautum er fækkað í þrjár í stað 13 áður: tungumála-, náttúrufræða- og félagsfræðabraut sem veiti undirbúning undir háskólanám, listnámsbrautir undirbúi áframhaldandi nám í sérskólum listgreina eða á háskólastigi og almenn braut undirbúi nemendur undir nám á fyrrnefndu brautunum þremur. Lögin skilgreina allar brautirnar í þrennt; kjarna, kjörsvið og frjálst val en ákvörðun um hlutfall milli þessara þriggja meginþátta er eftirlátin aðalnámskrá.<sup>104</sup>

Í lögunum er skýrar kveðið á um framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum en áður hafði verið. Í 21. grein er ákvæði um aðalnámskrá framhaldsskóla sem setji ramma um skólastigið. Aðalnámskrá skilgreini allt nám í hinu opinbera framhaldsskólakerfi, markmið og uppbyggingu námsbrauta og markmið námsgreina og námsþátta. Til viðbótar við aðalnám-

---

<sup>101</sup> Sama heimild.

<sup>102</sup> Sama heimild.

<sup>103</sup> *Lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla*, 18.-20. grein.

<sup>104</sup> Sama heimild, 17. grein.



skrá kveða lögin á um skólanámskrár. Þar eiga skólarnir hver um sig að útfæra nánar markmið aðalnámskrár og áherslur sínar í starfi. Skólameistarar á hverjum stað bera faglega ábyrgð á vinnslu skólanámskrár, sem ætlað er að vera innra stjórnþæki og veita upplýsingar um skólann út í samfélagið, áherslur hans, skipulag og sérstöðu, gera skólastarfið sýnilegra og auka með því skilning á starfinu í því samfélagi sem hver skóli þjónar. Þessar áherslur birtast einnig í breyttu hlutverki skólanefnda, sem fá nú það hlutverk að

ákveða áherslur í starfi skólans og fylgjast með því að stefnumótuninni sé framfylgt. Þannig eru ákvarðanir um innra starf skólanna ekki teknar einhliða af skólafólki heldur ber því á hverjum tíma að rökstyðja stefnumörkun skólans fyrir fulltrúum þess samfélags sem skólinn þjónar. Tengsl framhaldsskólans við atvinnulífið eru einnig stóraukin með aukinni aðild fulltrúa þess að stefnumótun, stjórnun og framkvæmd starfsnáms. Þá eru skapaðar forsendur til betri tengsla framhaldsskóla og háskóla með tilkomu samræmdra lokaprófa úr framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að val á greinum til samræmdra stúdentsprófa og prófkröfur verði ákvarðaðar m.a. í samráði við fulltrúa háskólastigsins.<sup>105</sup>

Fleiri athyglisverðar nýjungar er að finna í lagafrumvarpinu frá 1995. Þar er t.d. ákvæði um innra gæðamat, fyrst og fremst á ábyrgð starfsfólks skólanna, sem ætlað er að stuðla að bættu skólastarfi. Þetta ákvæði er í samræmi við það markmið að auka sjálfstæði skólanna „um ákvarðanatöku í eigin málefnum“<sup>106</sup> og tengja betur saman vald og ábyrgð. Vald skólameistara er aukið þannig að þeir beri ábyrgð á öllum ráðningum innan stofnunar en að sama skapi er æviráðning þeirra afnumin og í staðinn kemur skipun til fimm ára í senn. Hluti af valdi ráðuneytisins er færður til skólanefnda en lögin setja það á herðar þeirra að hafa eftirlit með því að bæði faglegri og fjárhagslegri stefnumörkun sé fylgt og að skila ráðherra árlega um hvort tveggja þriggja ára áætlunum. Valddreifing í skólakerfinu og aukið sjálfstæði skóla er ítrekað með ákvæðum um heimildir skóla til að sérhæfa sig á ákveðnum sviðum, með tilliti til aðstæðna í nærumhverfi skólanna, samsetningu kennarahópsins og fjölda nemenda. Sérhæfing af þessu tagi auki einnig líkurnar á því að nám í íslenskum framhaldsskólum standist alþjóðlegar gæðakröfur.<sup>107</sup> Í sama anda er í 31. grein laganna heimild til menntamálaráðherra að gera skóla, eða deildir innan skóla, að „kjarnaskóla“ í

<sup>105</sup> „Athugasemdir með frumvarpi“, 1995.

<sup>106</sup> Sama heimild.

<sup>107</sup> Sama heimild, „Athugasemdir við 16. grein“.

samráði við starfsgreinaráð sem hafi „forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi“ og aðstoði aðra á sama sviði við umbætur.<sup>108</sup>

Sú breyting varð með lögum nr. 80/1996 að grundvelli fjárveitinga til skólanna var gjörbreytt. Í stað fastra lögbundinna viðmiða kom „reiknilíkanið“:

Menntamálaráðherra skal gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Við útreikninga þessa skal miðað við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá, kostnað sem leiðir af kjarasamningum og annað sem kann að skipta máli. Í reglugerð þessari skulu einnig vera viðmiðunarreglur um framlög til annarra starfa en kennslu.<sup>109</sup>

Markmiðið var að þróa hlutlægar aðferðir til að reikna út fjárveitingar til skóla sem væri, ásamt aukinni stjórnunarábyrgð, „forsenda þess að unnt verði að auka sjálfstæði skóla og koma á valddreifingu í skólakerfinu“.<sup>110</sup>

Til að efla innra starf skólanna, auka metnað og ábyrgð starfsfólks og hvetja það til umbóta eru í lögunum fernskonar gæðastjórnunarleiðir. Í fyrsta lagi fyrrnefnd ákvæði um skólanámskrá, í öðru lagi ákvæði um sjálfsmat, þ.e. mat starfsmanna á eigin starfsháttum, í þriðja lagi ákvæði um stofnun þróunarsjóðs framhaldsskóla og í fjórða lagi ákvæði um möguleika á undanþágu frá lögum til tilraunastarfsemi, að fenginni heimild menntamálaráðherra.

Samhliða aukinni valddreifingu, ábyrgð og sjálfstæði einstakra skóla eru ákvæði um aukið eftirlit með skólastarfinu:

Skólum er gert skylt að veita skólanefnd, nemendum og aðstandendum þeirra reglulega upplýsingar um skólastarfið, m.a. með útgáfu skólanámskrár (22. gr.). Einnig skulu þeir taka upp viðurkenndar aðferðir til að meta skólastarfið innan frá en slíkt mat verður m.a. hægt að tengja aðferðum altækrar gæðastjórnunar eða innleiðslu vottunarhæfra gæðakerfa (23.gr.). Úttekt skal gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti af utanaðkomandi aðila. Nánar er kveðið á um eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis, en það ber ábyrgð á ytra eftirliti með skólastarfi og námsefni, svo og dreifingu upplýsinga um skólastarf (4. gr.). Gert er ráð fyrir samræmdum lokaprófum í framhaldsskólum (24. gr.) en það er

<sup>108</sup> Sama heimild, „Athugasemdir við 31. grein“.

<sup>109</sup> *Lög nr. 80/1996*, 39. grein.

<sup>110</sup> „Athugasemdir með frumvarpi“, 1995.

sjálfsagt réttlætismál fyrir nemendur, foreldra, viðtökuskóla og atvinnulíf að lokapróf allra framhaldsskóla séu jafngild. Loks er í frumvarpinu kveðið á um að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólalæris í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti (46. gr.) en brýnt er að Alþingi fylgist reglulega með framkvæmd skólalæris í landinu. Reglubundið eftirlit með skólalæris og árangri þess miðar að því að tryggja að nám í framhaldsskólum sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.<sup>111</sup>

Allt eftirlitið sem hér er boðað endurspeglar meðal annars það viðhorf nefndarinnar, sem fyrr er vitnað til, að of stór hluti nemenda stundi nám á bóknámsbrautum til stúdentsprófs og of margir þeirra ráði ekki við námið, með tilheyrandi brottfalli og „spóli“, þ.e. að nemendur falli um of og þurfi að endurtaka áfanga, þannig að námslok tefjist úr hömlu hjá of mörgum þeirra sem þó ljúka námi á viðkomandi braut.

En eftirlitið er líka hugsað til að vernda rétt nemenda. Nefndin lítur svo á að brottfall og spól sé ekki aðeins afleiðing þess að framhaldsskólakerfið hafi verið opnað upp á gátt fyrir hverjum sem er með lögnum frá 1988, heldur að framhaldsskólakerfið hafi einnig brugðist því hlutverki sínu að bjóða öllum upp á nám við hæfi. Þessu beri að breyta með aukinni fjölbreytni í starfsnámi, sveigjanlegum inntökuskilyrðum og öflugri námsráðgjöf, bæði í framhaldsskólum og unglingsdeildum grunnskólanna. Auk þessa, telur nefndin, er það sjálfsagður réttur nemenda að bæði nám og lokapróf séu sambærileg að gæðum í öllum framhaldsskólum og að þeir, og almenningur, hafi aðgang að upplýsingum um það hvernig faglegum vinnubrögðum innan skólanna er háttað. Samræmd lokapróf í framhaldsskólunum og utanaðkomandi úttekt á sjálfsmatsaðferðum einstakra skóla eru dæmi um það virka ytra eftirlit sem tryggja á réttindi nemenda, óháð því hvar þeir stunda námið.<sup>112</sup>

Þegar hér er komið sögu er sjálfsagt að geta þess að á sama tíma og verið var að undirbúa endurskoðun bæði á menntastefnu ríkisins og grunn- og framhaldsskólalögum, voru ráðandi í stjórnámum landsins hugmyndir um nýskipan í ríkisrekstri (New Public Management, NPM). Fjármálaráðuneytið gaf árið 1993 út skýrsluna *Umbætur og nýskipan í ríkisrekstri* og í formála hennar segir Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, að kjarni stefnunnar sé „að dreifa valdi, auka ábyrgð og flytja ákvarðanir sem næst vettvangi og ná með því hagkvæmari rekstri og betri þjónustu.“ Leiðir ríkisstjórnarinnar að þessum

---

<sup>111</sup> Sama heimild.

<sup>112</sup> Sama heimild.

markmiðum voru, samkvæmt fjármálaráðherra, einkavæðing ríkisfyrirtækja og aukin áhersla á útboð, sem þegar var komið í framkvæmd, og einnig tilraunir með „samningsstjórnun sem er nýtt form á samskiptum ráðuneyta og stofnana“ en meginhugsunin á bak við hana sé „sú að stofnun fær aukið sjálfstæði í eigin rekstrarmálum gegn því að ná skilgreindum árangri á tilteknum sviðum“.<sup>113</sup>

Um þetta segir í skýrslunni sjálfri að í samningi ráðuneytis og stofnunar komi fram hvaða matsaðferðir skuli styðjast við til að mæla árangurinn, t.d. geti „gæðakerfi“ verið árangursríkt.<sup>114</sup> Til að ná árangri sé mikilvægt að gefa afrakstri starfseminnar aukinn gaum og reyna að tryggja að notendurnir fái þá þjónustu sem þeir eigi rétt á.<sup>115</sup> Ráðherrar beri ábyrgð gagnvart löggjafanum og verði að setja stofnunum sem undir þá heyrta ákveðin markmið og gera um leið kröfur um árangur<sup>116</sup> en setning markmiða hafi „takmarkaðan tilgang nema hægt sé að mæla árangur eða meta hann á annan hátt. Því er nauðsynlegt að þróa nothæfa mælikvarða á árangur“.<sup>117</sup> Boðaður er opinber samanburður á árangri stofnana til að koma á samkeppni milli þeirra og skapa þannig aðhald og ódýrari þjónustu,<sup>118</sup> pólitísk ábyrgð verði aukin „með skýrari skilgreiningu á verkefnum og markmiðum stofnana og öflugra eftirliti með árangri í starfi þeirra“.<sup>119</sup> Það sé ekki nóg að Alþingi og ráðuneyti sinni slíku eftirliti heldur ekki síður hinn almenni borgari.<sup>120</sup> Þá er lögð áhersla á rammahugsun og áætlanagerð, meðal annars til að skapa sveigjanleika.

Allt þetta, segir í skýrslunni, geri meiri kröfur til stjórnenda, sem þurfi fyrst og fremst á að halda þekkingu og reynslu af stjórnun, fremur en faglegru þekkingu á starfsemi viðkomandi stofnunar. Til að mögulegt sé að skipta um stjórnendur verði að afnema æviráðningar, taka upp tímabundnar ráðningar í staðinn og miða þær fremur við ákveðið svið en tiltekið starf.<sup>121</sup>

---

<sup>113</sup> Friðrik Sophusson, formáli að *Umbætur og nýskipan í ríkisrekstri* (Fjármálaráðuneytið, 1993).

<sup>114</sup> *Umbætur og nýskipan í ríkisrekstri* (Fjármálaráðuneytið, 1993), 17.

<sup>115</sup> Sama heimild, 6.

<sup>116</sup> Sama heimild, 7.

<sup>117</sup> Sama heimild, 10.

<sup>118</sup> Sama heimild, 13.

<sup>119</sup> Sama heimild, 7.

<sup>120</sup> Sama heimild, 12.

<sup>121</sup> Sama heimild.

Ljóst er að grunnstefin í framhaldsskólalögum frá 1996 eru samhljóma pólitískri stefnu samtímans um nýskipan og umbætur í ríkisrekstri, ekki síst varðandi hugmyndir um valddreifingu, ábyrgð stofnana og stjórnenda þeirra, markmiðssetningu og árangursmælingar, bæði innra gæðamat og ytra eftirlit. Þá má einnig segja að „reiknilíkanið“ sé skilgetið afkvæmi þessarar stefnu.<sup>122</sup>

### 3.3.1 Breytingar á lögum nr. 80/1996

Lögin eru stefnumarkandi og boða grundvallarbreytingar á mörgum sviðum, eins og rakið hefur verið, og því eru í þeim ákvæði um að þau taki ekki gildi að fullu fyrr en skólaárið 2000-2001, t.d. ákvæðin um samræmd lokapróf. Þessi fimm ára aðlögunartími virðist ekki hafa dugað því þremur árum eftir gildistöku laganna var samþykkt á Alþingi að fresta enn gildistöku þessara ákvæða, til skólaársins 2003-2004, og sérstök grein um eins árs fornám fyrir nemendur sem ekki standast kröfur um inngöngu á aðrar námsbrautir felld út úr lögum en þeim nemendum komið fyrir á „almennri braut“.<sup>123</sup> Árið 2006 var bóknámsbrautum framhaldsskólanna fjölgað úr þremur í fjórar þegar viðskipta- og hagfræðibraut bættist við og einnig urðu þau stórtíðindi að felld voru úr lögum ákvæði um samræmd stúdentspróf sem og heimild ráðherra til ákveða með reglugerð samræmd „lokapróf í tilteknum greinum á öðrum námsbrautum“.<sup>124</sup>

### 3.4 Lög nr. 92/2008, um framhaldsskóla

Árið 2006 skipaði menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, nefnd til að endurskoða í heild hin tíu ára gömlu lög frá 1996. Þetta sama ár voru samþykkt ný lög um háskóla og samhliða framhaldsskólafrumvarpinu voru lögð fyrir Alþingi frumvörp að nýjum lögum um bæði leik- og grunnskóla. Því má segja að um hafi verið að ræða heildarendurskoðun á íslenskri menntastefnu, í annað sinn á rúmum áratug. Samkvæmt erindisbréfi framhaldsskólaneftindarinnar voru markmiðin meðal annars þau

- að auka samfellu í skólastarfi og stuðla að bættum námsárangri,

---

<sup>122</sup> Ólafur Sigurðsson, „Reiknilíkan framhaldsskólanna“ (MPA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2008), 19-20.

<sup>123</sup> Lög nr. 100/1999, um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla með síðari breytingum.

<sup>124</sup> Lög nr. 33/2006, um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

- að sem flestir ljúki skólagöngu með skilgreindum námslokum úr framhaldsskóla,
- að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi,
- að góð tengsl séu við aðliggjandi skólastig,
- og að marka skýrar leiðir fyrir nemendum til að stunda nám við hæfi og skapa skilyrði fyrir aukinn sveigjanleika í námi.<sup>125</sup>

Eins og hér kemur fram er almennt markmið að auka samfellu í skólastarfi, þ.e. að styrkja tengsl og samstarf milli skólastiga og að tryggja samræmi og stígandi í menntun einstaklinga allt frá upphafi til loka. Áhersla er lögð á árangur, að reyna að tryggja að fleiri ljúki námi og minnka þar með viðvarandi brottfall og spól nemenda í skólakerfinu, sem verið hafði áhyggjuefni um árabíl, eins og fram kemur í umfjöllun um löggin frá 1996 og undirbúning þeirra. Sem fyrr er hér lögð áhersla á tvískipt hlutverk framhaldsskólanna, annars vegar almenn menntunarmarkmið með þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, þroska einstaklingsins og sveigjanleika að leiðarljósi, og hins vegar sértæk, árangursmiðuð markmið um viðunandi undirbúning undir atvinnuþátttöku og frekara nám.

Margt af því sem áhersla er lögð á í þessu frumvarpi eru gamalkunnug stef, allt frá menntaskólafrumvarpinu 1970. Þar má nefna aukinn sveigjanleika og fjölbreytni í námsframboði, réttindi, þátttöku og ábyrgð nemenda, aukinn stuðning og ráðgjöf fyrir nemendum, þróunarstarf og mismunandi áherslur milli skóla og „gildi stúdentsprófs sem undirbúnings fyrir háskólanám“.<sup>126</sup> Þetta bendir til þess að árangur af 40 ára vinnu að þessum markmiðum hafi ekki verið talinn viðunandi. Á sjöunda áratug 20. aldar voru það gerbreyttar þjóðfélagsaðstæður og stóraukin aðsókn í framhaldsnám sem kölluðu á breytingar á skólakerfinu í þessa átt. Á fyrsta áratug 21. aldar virðist nokkurnveginn það sama uppi á teningnum, en í athugasemdum með framhaldsskólafrumvarpinu frá 2007 segir:

Æ fleiri þeirra sem ljúka námi á grunnskólastigi innritast til náms í framhaldsskóla, en umtalsverður fjöldi hverfur frá námi án þess að ljúka skilgreindum áföngum eða lokaprófi. Almennari sókn í framhaldsskóla kallar á að námsframboð og fyrirkomulag náms sé í takt við mismunandi markmið og námsforsendur nemenda. Minni stýring á námsskipan og inntaki náms af hálfu menntamálayfirvalda þýðir að skólum er falið aukið ábyrgðarhlutverk við að leggja mat á þörf fyrir námsframboð. Þetta kallar jafnframt á æskilega nýsköpun enda liggur þekkingin á ástandi

<sup>125</sup> „Athugasemdir við lagafrumvarp“, *Frumvarp til laga um framhaldsskóla*, 2007.

<sup>126</sup> Sama heimild.

mála hjá skólunum og þeir því í stakk búnir að bregðast við aðstæðum sem geta verið býsna ólíkar milli staða á landinu.<sup>127</sup>

Það eru því sífellt fleiri nemendur og ólíkar þjóðfélagslegar aðstæður sem enn kalla á heildarendurskoðun laga um framhaldsskóla. Nokkur atriði skera sig þó frá áherslum við fyrri lagasetningu. Í fyrsta lagi má nefna tengsl milli skólastiga og samfellu í námi. Í öðru lagi aukna valddreifingu við ákvörðun námsframboðs og innihalds námsbrauta. Í þriðja lagi upptöku nýs einingamatskerfis sem stuðli að betra samræmi og gagnsæi í mati á vinnu nemenda, burtséð frá því hvaða leið þeir velja innan kerfisins, og langþráðu jafnræði milli verknáms og bóknáms. Í fjórða lagi aukinn rétt nemenda til náms og skólavistar með lengingu fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Í fimmta lagi aukna áherslu á árangur og námslok og þar með að draga úr brottfalli, t.d. með því að fjölga námsleiðum og taka upp svokallað framhaldsskólapróf.

Lengi höfðu hugmyndir verið á lofti um að gefa nemendum færi á að hefja háskólanám yngri að árum en hefðbundið var. Nefndin sem vann að menntaskólafrumvarpinu fyrir 1970 komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að fækka námsárum í menntaskólum heldur væri skynsamlegra að horfa til þess að hleypa hluta nemenda hraðar gegnum fyrri skólastig. Menntamálayfirvöld í upphafi 21. aldar höfðu það hinsvegar á stefnuskrá sinni að stytta nám til stúdentsprófs með því að fækka námsárum í framhaldsskólum úr fjórum í þrjú. Þessar hugmyndir mættu mikilli andstöðu innan skólakerfisins og sömuleiðis voru um málið afar skiptar skoðanir á Alþingi. Bent var á þá staðreynd að þeir nemendur sem voru um það færir, og kærðu sig um, luku þegar framhaldsskólanámi sínu á þremur eða þremur og hálfu ári og því þyrfti ekki svo áhrifaríka kerfisbreytingu til að ná þessu markmiði. Að sama skapi færðist það í vöxt að grunnskólanemendur tækju einstaka námsáfanga framhaldsskólanna samhliða námi á lokaári grunnskólans og flýttu þannig fyrir sér. Hugmyndir í lagafrumvarpinu um betri samfellu í námi og meiri tengsl skólastiga lutu meðal annars að því að skapa formlegan farveg fyrir þessa nemendur svo þeir gætu hafið nám í framhaldsskólum að fullu eftir níu eða níu og hálfis árs grunnskólanám.

Valddreifing við ákvörðun námsframboðs og gerð námsbrautalýsinga er í lögunum útfærð með þeim hætti að skólunum sjálfum er falið verkefnið, hverjum um sig, í stað þess

---

<sup>127</sup> Sama heimild.

að ráðuneytið sjái um það. Þessi mikla dreifstýring á skilgreiningu námsbrauta til einstakra framhaldsskóla er óvenjuleg og hugsanlega einsdæmi í veröldinni.<sup>128</sup> Gert er ráð fyrir því að almennur hluti skólanámskrár verði áfram á hendi ráðuneytisins en skólarnir semji skólanámskrá og námsbrautalýsingar á grunni hennar. Hlutverk ráðuneytisins er því að marka menntastefnu og setja almennan ramma í anda hennar um skólahaldið. Hverjum skóla er svo í sjálfsvald sett að útfæra starfsemi sína innan þess ramma. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu er þessi breyting rökstudd:

Óumdeilt er að almennar samfélagslegar breytingar sem átt hafa sér stað hér á landi leiði af sér þörf á fjölbreytilegra námi en áður hefur staðið til boða. Einstakir framhaldsskólar hafa hver sína sérstöðu í margvíslegu tilliti. Þeir hafa sérhæft sig og byggt upp þekkingu, færni og getu á mismunandi sviðum og þeir hafa lagt sig fram um að þjóna mismunandi hópum nemenda. Í framhaldsskólum er að finna góða þekkingu á þörfum þeirra sem skólarnir þjóna, bæði nemenda, atvinnulífs, menntastofnana og annarra, og það er æskilegt að nýta þá þekkingu um leið og sköpuð eru skilyrði fyrir því að þessum þörfum sé betur mætt. Framhaldsskólarnir munu að fengnu þessu hlutverki geta markað sér sérstöðu, fetað eigin leiðir og byggt upp getu sína og færni í því markmiði að ná að þjóna betur skilgreindum markmiðum. Þannig mótaðist núverandi framhaldsskólakerfi og hefur gert það innan þess ramma sem settur var með lögum 1996. Nú þykir tímabært að opna á nýjan leik fyrir hugmyndaauði þess mannauðs sem í skólunum býr.<sup>129</sup>

Hér er um að ræða áherslubreytingu frá hugmyndum á 10. áratugnum um samræmingu á ytra mati og námskröfum, en í staðinn upphafin fjölbreytni og sérstaða, allt í senn nemenda, skóla og samfélags á mismunandi landsvæðum.

Í lögnum er grunnur námseininga færður frá því að miðast við kennslustundafjölda í hverri grein til vinnuframlags nemenda, þannig að ársvinna nemandans samsvari 60 einingum. Rök nefndarinnar sem vann lagafrumvarið fyrir þessu eru margvísleg. Í fyrsta lagi gefi það færi á samræmingu á mati á framlagi nemenda í hefðbundnu námi í skólastofu og t.d. vinnustaðanáms. Í öðru lagi sé þetta bæði í samræmi við breytingar á einingakerfi sem innleiddar voru með lögum um háskóla nr. 63/2006 og það einingakerfi sem tíðkast víða erlendis, bæði í háskólum og framhaldsskólum. Í þriðja lagi segir nefndin að þessi breyting sé

---

<sup>128</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar 28. ágúst, 2011.

<sup>129</sup> „Athugasemdir við lagafrumvarp“, 2007.



í samræmi við markmið um samfellu í námi og tengsl skólastiga því hún auðveldi mat á námi milli framhaldsskólastigsins annars vegar og bæði háskóla og grunnskóla hins vegar.<sup>130</sup>

Kröfur um aukinn sveigjanleika menntakerfisins svo það geti uppfyllt menntunarþörf fleiri einstaklinga og starfsgreina hefur smám saman leitt til meiri fjölbreytni í námsframboði með fleiri mislöngum námsbrautum. Lögin frá 2008 reyna að koma til móts við þessa þróun, og um leið að stemma stigu við hvímeiðu og viðvarandi brottfalli nemenda, með því að auka enn sveigjanleika í uppbyggingu námsbrauta og að skilgreina námslok víðar í kerfinu en áður. Sagt er fyrir um fimm mismunandi lokapróf í lögunum: Framhaldsskólapróf að loknu eins og hálfis til tveggja ára námi, starfsréttindapróf, s.s. sveinspróf og próf í löggiltum iðngreinum, stúdentspróf sem veiti rétt til háskólanáms, en hver skóli hafi að öðru leyti tækifæri til að móta innihald þess eftir eigin höfði, önnur lokapróf sem skólarnir kynnu að hafa áhuga á að skilgreina í samræmi við þróun námsbrauta, og að lokum viðbótarnám á framhaldsskólastigi, nám sem skólar gætu eftir atvikum boðið upp á í framhaldi af skilgreindum námsleiðum og lokaprófum sínum, og jafnvel væri metið til eininga á háskólastigi.<sup>131</sup>

Í athugasemdum höfunda frumvarpsins kemur skýrt fram sú skoðun að verknám standi skör lægra innan skólakerfisins en bóknám og er vísað í því sambandi í skiptingu nemendahópsins. Þetta eru sömu athugasemdirnar og settar voru fram með frumvarpi að lögum nr. 80/1996, að of stór hluti nemenda sæki inn á bóknámsbrautir til stúdentsprófs, stór hluti án viðunandi undirbúnings, sem endurspeglar í óeðlilega miklu brottfalli og spóli. Af þessu má draga þá ályktun að á þeim þremur áratugum sem liðnir voru frá stofnun fyrstu fjölbrautaskólanna hafi mistekist að auka fjölbreytnina nægjanlega. Þrátt fyrir að stefnt hafi verið að því bæði leynt og ljóst allan þennan tíma að flétta saman starfsnám og bóknám og gera því jafn hátt undir höfði, hafði stærstur hluti mikillar fjölgunar nemenda í framhaldsskólum fallið í einum meginstraumi inn á bóknámsbrautirnar, með misjöfnum árangri og miklum aukakostnaði í menntakerfinu, þar sem hluti nemenda var óeðlilega lengi að ljúka námi, eða hrökklaðist án árangurs út úr skólakerfinu, þjóðfélaginu til tjóns. Til þess að bregðast við þessu og auka veg verk- og starfsnáms eru nokkrar leiðir lagðar til grundvallar í nýju lögunum. Í fyrsta lagi að setja þá ábyrgð á herðar skólanna að tryggja nemendum samninga við aðila á vinnumarkaði svo þeir geti lokið þeirri starfsþjálfun sem er

---

<sup>130</sup> Sama heimild.

<sup>131</sup> Sama heimild.

hluti af náminu, í stað þess að þetta sé alfarið á ábyrgð nemandans sjálfs. Í öðru lagi að afnema mörk kennslutíma og prófatíma svo verknámsaðstaða nýtist nemendum stærrí hluta skólaársins. Í þriðja lagi var markmiðið með nýju einingakerfi, sem tæki mið af vinnuframlagi nemenda, meðal annars að auðvelda samræmingu á mati milli starfs- og bóknáms og þar með að einfalda nemendum sem ljúka starfsnámi að taka bóknám í beinu framhaldi, til stúdentsprófs eða annars prófs. Sama hugsun er að baki svonefndu „raunfærnimati“ sem metur starfsreynslu á vinnumarkaði til eininga í skólakerfinu og auðveldar þar með t.d. réttindalausum starfsmönnum í iðnaði að komast inn í skólakerfið og ná sér þar í starfsréttindi í þeirri iðngrein sem þeir hafa unnið við, kannski árum saman.<sup>132</sup>

Framhaldsskólafrumvarpið 2007 skilgreinir í fyrsta skipti rétt allra til að sækja framhaldsskóla. Þetta á ekki einungis við um þá sem lokið hafa grunnskólaprófi eða sambærilegu prófi, heldur alla sem náð hafa 16 ára aldri. Í þessu felst skuldbinding ríkisvaldsins til þess að tryggja öllum námsvist í framhaldsskólakerfinu, sem er nýmæli, og stefnubreyting frá lögunum 1996 þar sem fremur var leitast við að takmarka aðgang að námsbrautum með skilyrðum um námsárangur:

Með þeirri hugsun sem í frumvarpinu felst er verið að innleiða fræðsluskyldu sem leggst á stjórnvöld. Þar með er verið að tryggja að nemandi sem hugsanlega er ekki tilbúinn í langt bóknám eða starfstengt nám fái engu að síður þjálfun og mannrækt sem skilar sér í betri undirbúningi fyrir atvinnu og borgaralegar skyldur.

Reynslan hefur sýnt að skipulegt starf með þessa óráðnu unglunga, reglufesta og markviss vinnubrögð skila sér oft í öflugum námsmönnum þó að síðar verði. Það hefur mikið forvarnagildi, ýmiss konar vandamál skilgreinast og úrlausnir eru fundnar. Í öllu falli hefur reynsla síðustu ára sýnt að með skipulegum og markvissum vinnubrögðum hefur skólum tekist afar vel með marga þessara nemenda. [...]

Meginmarkmiðið verður samkvæmt frumvarpinu að byggja upp skólakerfi sem þjónar þeim breiða hópi sem til þess leitar, búa til sveigjanleika svo skólarnir geti mætt þessum hópi, efla nám til starfsréttinda, til háskólanáms og gefa nemendum í íslenskum framhaldsskólum færi á að sækja sér áfram gagnlegt nám á sínum forsendum og hraða.<sup>133</sup>

---

<sup>132</sup> Sama heimild.

<sup>133</sup> Sama heimild.

Þessi háleitu markmið um aukinn sveigjanleika, fjölbreytni og áherslu á réttindi nemenda flækja óhjákvæmilega málin og því er undirstrikuð þörfin á því að efla náms- og starfsráðgjöf skólanna, enda vel ígrundað val nemenda forsenda þess að þeir finni sína fjöl í náminu og nái árangri.

Að lokum fjallar nefnd menntamálaráðherra í athugasemdum sínum með frumvarpinu um eftirlit og gæðamál og segir:

Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs í frumvarpi þessu tekur mið af tveimur megin sjónarmiðum. Annars vegar að unnið sé markvisst að eflingu gæða innan skólanna með innra mati. Hins vegar að skólarnir sýni ábyrgðarskyldu út á við gagnvart þeim sem að skólunum standa, þjónustu þeirra njóta og hagsmuni hafa af starfi skólanna. Í því felst að skólar fari í starfi sínu eftir gildandi lögum og reglum um starf framhaldsskóla og veiti nemendum viðeigandi þjónustu.<sup>134</sup>

Ábyrgðarskyldu út á við sinni skólarnir með því að skilgreina inntak námsins sem þeir bjóða, jafnt einstakra áfanga sem námsbrauta, sem menntamálaráðuneytið verður að samþykkja áður en það verður gjaldgengur hluti aðalnámskrár og standist þar með skilgreindar kröfur ráðuneytisins. Lögð er áhersla á að viðhalda skyldum frá 1996 um sjálfsmat. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir samræmdum prófum eða öðru samræmdu námsmati en ítrekað er að ráðuneytið beri ábyrgð á „reglubundnu ytra mati á skólastarfi, könnunum, prófum og rannsóknum“<sup>135</sup> án þess að skilgreint sé hvernig matið fari fram né hver sjái um framkvæmd þess. Þessu er haldið opnu en bent á þann möguleika að útvista verkefninu. Talið er vænlegt að hafa samstarf við önnur ríki um ytra mat framhaldsskólanna, enda hafi samstarfi af því tagi þegar verið komið á um háskóla. Þó matsaðferðir og aðgerðir séu lítt skilgreindar og býsna opnar er ljóst að nefndin gerir ráð fyrir auknum kröfum um innra mat skóla og aukinni virkni ráðuneytisins. Athugasemdakafla lagafrumvarpsins um gæði og umbætur í skólastarfi lýkur á þessum orðum:

Ráðuneytið mun síðan fylgja því eftir að námsframboð framhaldsskóla sé í samræmi við skilyrði staðfestingar með öflun skilgreindra upplýsinga og úttektum sem miða að því að meta námsferlið, hvort markmiðum þess sé náð og að þau áhrif sem stefnt er að skili sér til lengri og skemmri tíma. Þar munu árangurssamningar milli ráðuneytis og skóla gegna

---

<sup>134</sup> Sama heimild.

<sup>135</sup> Sama heimild.

mikilvægu hlutverki. Ekki er nóg að mæla tölfræði skólstarfs. Það þarf einnig að vinna með inntak þess og gæði.<sup>136</sup>

Í lögum nr. 92/2008 felast miklar breytingar á öllu skipulagi námsins, þ.e. námskrárgerð, uppsetningu námsbrauta og námslokum. Lögin gefa skólum því umþóttunar- og undirbúningstíma til 2011 (Ákvæði til bráðabirgða I) til að koma þessu í kring en með lagabreytingu<sup>137</sup> var gildistöku þessa hluta laganna frestað til 2015 og einnig var árlegur lágmarksvinnudagafjöldi nemenda lækkaður úr 180 í 175. Þá var með lagabreytingu<sup>138</sup> skólum heimilað til 2012 „að innheimta af nemendum sem njóta verklegrar kennslu efnisgjald fyrir efni sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu“.

### 3.4.1 Samantekt um lög nr. 92/2008

Þegar á allt er litið eru mörg helstu grunnstefin í lögum um framhaldsskólastigið sambærileg allt frá lögum um menntaskóla nr. 12/1970 til laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þar er um að ræða áherslu á aukinn sveigjanleika og fjölbreytni innan skólakerfisins svo það geti betur þjónað sífelld stærri og fjölbreytilegri hópi nemenda, og síbreytilegum þörfum þjóðfélagsins. Tilraunir til að ná þessum markmiðum hafa gengið brösuglega, eins og fram kemur í athugasemdum með lagafrumvörpum bæði 1995 og 2007. Aukin fjölbreytni í námsframboði hefur í gegnum tíðina ekki freistað nemenda eins og vonast var til og flestir sem innritast í framhaldsskóla, um 95% þeirra sem ljúka grunnskóla nú til dags,<sup>139</sup> velja sömu leiðina, þ.e. bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Þetta er bæði dýrt og óhagkvæmt fyrir skólakerfið og bagalegt fyrir atvinnulífið og samfélagið allt.

Með lagasetningu hefur verið reynt að bregðast við þessu með ýmsu móti. Í núgildandi lögum eru helstu ráðin eftirfarandi: 1) Að færa ákvarðanir um námsbrautaframboð og innihaldslýsingar frá ráðuneyti menntamála til skólanna sjálfra, með þeim rökum að þeir skynji betur púlsinn í nærsamfélaginu og séu því líklegri til að höfða betur til nemenda sinna

---

<sup>136</sup> Sama heimild.

<sup>137</sup> *Lög nr. 71/2010, um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.*

<sup>138</sup> *Lög nr. 89/2009, um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.*

<sup>139</sup> „Skólasókn eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2000“, Hagstofa Íslands, sótt 26. ágúst, 2011.  
<http://hagstofan.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO00002%26ti=Sk%F3las%F3kn+eftir+kyni%2C+aldri+og+landsv%E6%F0um+1999%2D2010%26path=./Database/skolamaI/yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

en miðlæg ríkisstofnun. 2) Að breyta grunni einingakerfisins í þá veru að miða við vinnuframlag nemenda í stað kennslustundafjölda í grein. Tvennt er ætlunin að vinnist með þessu. Annarsvegar að mat á vinnustaðanámi, og jafnvel vinnu við iðngrein á almennum vinnumarkaði, verði sambærilegt og mat á vinnu nemenda í hefðbundinni kennslu innan skólanna, og þar með aukist líkurnar á því að langþráð markmið náist um jafnræði milli bóknáms og verknáms. Hinsvegar að samfella í námi aukist, tengsl milli skólastiga styrkist og auðveldara verði að meta nám á einu stigi til eininga á öðru. Þannig muni skil milli skólastiga verða opnari og nemendum þar með gert auðveldara að fara á eigin hraða í gegnum skólakerfið, út frá þroska og námsgetu í stað þess að miða við aldur. 3) Að fella samræmd próf út úr framhaldsskólum en fjölga í staðinn skilgreindum „námslokum“. Markmiðið með þessu er fyrst og fremst að vinna gegn brottfalli, að nemendur hrökklist síður út úr skólunum án þess að ljúka formlegri námsleið. Hefðbundnir námsáfangar eru stúdentspróf og verk- og starfsnám en helsta nýjungin svokallað „framhaldsskólapróf“, 90-120 nýjar einingar eða þriggja til fjögurra anna nám. Þá er skólum heimildað að skilgreina önnur lokapróf í samræmi við það hvernig þeir kjósa að þróa eigin námsbrautir. Ef þessi markmið nást er ljóst að námsframboð í einstökum framhaldsskólum getur orðið mjög ólíkt. 4) Lögin kveða á um aukna ábyrgð ríkisins á menntun þegnanna. Ekki er lengur aðeins um að ræða skólaskyldu í grunnskóla, heldur er innleidd fræðsluskylda. Að allir eigi rétt á námi við framhaldsskóla milli 16 og 18 ára aldurs og ríkinu beri að tryggja þann rétt. Að auki er ábyrgð á því að nemendur geti lokið námi færð af herðum nemenda yfir á skólana. Þetta þýðir að skólarnir eru ekki lengur lausir allra mála þegar nemandi hefur lokið þeim hluta náms síns sem fer fram innan skólans, ef hann þarf að ljúka öðrum hlutum námsleiðarinnar utan skólans til að ljúka prófi eða útskrifast. Markmiðið með þessu er að jafna rétt nemenda, burtséð frá því hvaða námsleið þeir velja og um leið að gera verknám meira aðlaðandi.

## 4 Námsvísar og námskrár

Þegar fjölbrautaskólarnir tóku til starfa voru ekki til lög í landinu sem sögðu til um það hvernig slíkir skólar skyldu starfa. Lög nr. 14/1973 heimiluðu stofnun „tilraunaskóla“ en lengra náði það ekki. Lög um skólakerfi nr. 55/1974 skipta skólakerfinu í skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig<sup>140</sup> og um framhaldsskólastigið segir einungis:

Framhaldsskólar eru tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinast í námsbrautir eftir því, sem þörf krefur. Stúdentspróf frá framhaldsskóla veitir rétt til háskólanáms. Um sérskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.<sup>141</sup>

Gert er ráð fyrir sérlögum um aðra skóla á framhaldsskólastigi en almenna framhaldsskóla.<sup>142</sup> Einu gildandi lög in um svokallaða almenna framhaldsskóla voru lög um menntaskóla nr. 12/1970 og þó þau hafi verið mikilsverður leiðarvísir um menntastefnu til framtíðar stóðu stofnendur og starfsmenn fyrstu fjölbrautaskólanna á lítt unnum akri.

### 4.1 Námsvísir fjölbrautaskóla 1978

Í formála að námsvísi sem Fjölbrautaskólarnir á Akranesi og Suðurnesjum og Flensborgarskólinn gáfu út árið 1978 rekja skólameistararnir upphafsskref fjölbrautaskólanna. Tveir þeir fyrstu, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Flensborgarskólinn, tóku til starfa 1975 sem bekkjaskólar en árið eftir breyttu báðir yfir í áfangakerfi að fyrirmynd Menntaskólans í Hamrahlíð sem rutt hafði þá braut, en þó með sínum eigin áherslum. Það sama ár var skólinn á Suðurnesjum stofnaður og ákvað að feta í fótspor Flensborgarskólans með þróun áfangakerfisins og skildi þá leiðir hvað það varðar með þessum skólum og Breiðhyltingum. Þegar Akurnesingar komu sínum skóla á koppinn 1977 fylgdi hann Flensborg og Suðurnesjamönnum. Þetta sama haust var skipuð nefnd allra fjölbrautaskólanna og MH,

---

<sup>140</sup> Lög nr. 55/1974, um skólakerfi, 2. grein

<sup>141</sup> Sama heimild, 4. grein.

<sup>142</sup> Sama heimild, 2. grein.

með þátttöku menntamálaráðuneytisins, um „undirbúning að sameiginlegri tölvuvinnslu stundataflna og námsferilsskráningar“, og reyna átti eftir föngum „að samræma námsskipulag skólanna og námsefni“.<sup>143</sup> Það tókst ekki, þótt í kjölfarið yrðu til í nokkrum námsgreinum „samræmdar áfangalýsingar til nota í skólunum öllum“, og skólarnir þrír ákváðu því að taka sig út úr og „gefa út sameiginlegan námsvísi og samræma skipulag og innihald námskerfisins eftir föngum“.<sup>144</sup> Skólar víða um land ákváðu að miða skipulagningu náms í framhaldsdeildum sínum við þennan námsvísi og samvinna náðist að auki við Tækniskólann, Sjómannaskólann, Stýrimannaskólann, Fiskvinnsluskólann og fleiri skóla, þannig að nám í fjölbrautaskólunum gæti tengst námi í þessum sérskólum. Skólameistararnir segjast að lokum í formála sínum vonast til þess að námsvísirinn verði „nokkurt framlag til þeirrar endurnýjunar framhaldsskólastigsins sem unnið er að um þessar mundir“.<sup>145</sup>

Þegar Fjölbrautaskólinn á Selfossi tók til starfa árið 1981 byggði hann starfsemi sína á þessum námsvísi. Þar segir um skipulag skólanna<sup>146</sup> að þeir byggi á „þríþættu námskerfi: eininga-, anna- og áfangakerfi“. Einingakerfi geri kleift að meta mismunandi námsgreinar jafnt, annir skipti skólaárinu í tvennt og áfangar námsgreinum í hæfilega langar lotur fyrir hverja önn. Námsefni skiptist í brautakjarna sem „veiti almenna undirstöðumenntun og auk þess sérhæfingu í efni viðkomandi námsbrautar“<sup>147</sup> og valgreinar, sem eru allar aðrar greinar en þær sem eru í brautarkjarna hvers nemanda. Fullyrt er að áfangakerfið stuðli að hnitmiðaðra námsefni, sveigjanleika um námshraða og veiti auk þess „talsvert svigrúm til þess að skipuleggja nám sitt í skólunum og kemur þannig meira og betur til móts við nemendur, óskir þeirra, áhuga og hæfni en hefðbundið bekkjakerfi“.<sup>148</sup> Inntökuskilyrði í fjölbrautaskólana er grunnskólapróf og ræður einkunn á því námshraðanum í hverri grein, en boðið er upp á hraðferð, þriggja eininga áfanga, tveggja eininga áfanga og einingalausan

---

<sup>143</sup> Jón Böðvarsson, Kristján Bersi Ólafsson og Ólafur Ásgeirsson, formáli að *Námsvísi fjölbrautaskóla* (Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, 1978), 1-2.

<sup>144</sup> Sama heimild.

<sup>145</sup> Sama heimild.

<sup>146</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla* (Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, 1978), 3.

<sup>147</sup> Sama heimild, 4.

<sup>148</sup> Sama heimild.

upprifjunaráfanga. Að auki geta nemendur 18 ára og eldri innritast í fjölbrautaskólana án grunnskólaprófs.<sup>149</sup>

Námsvísirinn fjallar um námshraða og lágmarksárangur. Almennt eiga nemendur að sækja 24-38 kennslustundir á viku og að lágmarki hafa undir 15 einingar á önn miðað við fullt nám í þriggja eininga áföngum, þeir hafa 11 annir til að ljúka stúdentsprófi en „falla á önn“ ef þeir ljúka ekki a.m.k. 8 einingum. Gerist það tvisvar þarf viðkomandi að sækja um skólavist að nýju. Gangi illa þurfa nemendur að sitja áfanga aftur og hafa heimild til „að þreyta próf þrívégis í sama áfanga“. Skýrt er tekið fram að nemandi skuli taka próf „í öllum þeim áföngum sem hann hefur stundað nám í á önninni“.<sup>150</sup>

Ýmsar leiðir eru opnaðar fyrir nemendur til að hraða námi sínu. Þeir sem ná afburðaárangri og þeir sem eru um það bil að útskrifast geta sótt um svokallaða p-áfanga í viðkomandi grein, þ.e. að fá að stunda nám án setu í kennslustundum. Boðið er upp á utanskólanám, og skilgreindar kröfur um það, og V-áfanga sem geta gefið nemendum einingar fyrir umfangsmikil sérverkefni í námsgrein utan hefðbundinnar kennslu. Að lokum er heimilað að meta til eininga nám úr öðrum skólum og að nemendur geti fengið kunnáttu sína metna með stöðuprófi, og þar með hugsanlega sloppið við að sitja hluta þeirra áfanga sem tilheyra brautakjarna viðkomandi námsgreinar.<sup>151</sup>

Skólasóknarreglur í námsvísinum eru forvitnilegar. Nemendur eiga að sækja allar kennslustundir stundvíslega en fjarvistir vegna veikinda eða annars þarf þó ekki að tilkynna, nema þær séu langvarandi og komi þá til læknisvottorð. Skólasókn er tengd einingakerfinu þannig að nemendur sem mæta best fá einkunnina A og eina einingu í umbun á meðan þeir sem fá D glata tveimur af áunnum einingum með miklum fjarvistum. Jafnvel er gengið svo langt að allra kræfustu skrópararnir fá einkunnina E, falla á önn og missa þar með allar einingar sem þeir hugsanlega höfðu áunnið sér með því að standast próf í einstökum áföngum. Athygli vekur að seinkoma í kennslustund vegur helming á við fjarvist, eða 1 fjarvistarstig á móti 2.<sup>152</sup>

---

<sup>149</sup> Sama heimild, 4-5.

<sup>150</sup> Sama heimild, 5-7.

<sup>151</sup> Sama heimild, 8-9.

<sup>152</sup> Sama heimild, 9-10.



Um námsval segir að það takmarkist af þremur þáttum, undanfarareglum, skyldugreinum námsbrauta og áföngum í boði. Þá eru sérákvæði um tungumál: „Franska og þýska eru ætíð í boði sem þriðja og fjórða mál í skólunum öllum“ en gefinn að auki möguleiki á rússnesku, spænsku og latínu.<sup>153</sup> Sérstakur kafli er um líkamsrækt sem nemendum er ætlað að stunda að jafnaði tvisvar í viku. Antisportistum er hótáð með því að þeir sem fá einkunnina E í líkamsrækt falli ekki aðeins í áfanganum heldur fái að auki sambærilega meðferð og verstu skrópararnir og glati einni einingu.<sup>154</sup>

En hvernig var stjórnskipun þessara fyrstu fjölbrautaskóla hugsuð og á hverju byggðist það skipulag? Þar eru efstir á lista starfsmanna skólameistari og aðstoðarskólameistari, þá áfangastjóri og deildarstjórar, sem hafi „umsjón með kennslu, námsefni og kennslutækjum“ í þeim greinum sem undir þá falla. Áfangastjóri sér um rekstur áfangakerfis, námsferilsskráningu, námsval og úrvinnslu einkunna, auk stundatöflugerðar.<sup>155</sup>

Stjórn skólanna er í höndum skólastjórnar sem heyrir undir menntamálaráðherra. Í skólastjórn sitja skólameistari og skólaráð, en það er skipað aðstoðarskólameistara, tveimur fulltrúum kosnum á almennum kennarafundi og tveimur fulltrúum kosnum af nemendaráði. Aðrir tilteknir starfsmenn eru námsráðunautur sem leiðbeinir nemendum við val og lausn vandamála sem upp koma, félagsmálastjóri sem aðstoðar nemendur við skipulagningu félagslífs, fulltrúi sem annast störf á skrifstofu en sér líka um reikningshald og fjárreiður, bókavörður sem hefur umsjón með bókakosti og lesstofu, tækjavörður sem annast kennslutæki og viðhald þeirra, húsverðir sem sjá um hús og húsmuni, ræstingu og eftirlit með lóð, gangaverðir sem hafa eftirlit með umgengni og eru nemendum til aðstoðar, kennarar og umsjónarkennarar „fyrir hvern hóp 22-28 nemenda og skulu þeir fylgjast með námsferli og ástundun skjólstæðinga sinna, vera þeim til ráðuneytis um námsval og talsmenn þeirra gagnvart öðrum kennurum og yfirstjórn skólans“. Að lokum er kveðið á um heilsugæslu og skólalækni „sem annast reglulegar skoðanir á heilsufari nemenda og vísar þeim til meðferðar ef ástæða er til“.<sup>156</sup>

---

<sup>153</sup> Sama heimild, 10.

<sup>154</sup> Sama heimild, 12.

<sup>155</sup> Sama heimild, 12-13.

<sup>156</sup> Sama heimild, 13-15.

Stjórnskipun og starfsmannahald fjölbrautaskólanna er samhljóða ákvæðum laga nr. 12/1970 um menntaskóla,<sup>157</sup> með örfáum undantekningum. Merkilegt er að engin þörf virðist lengur talin á sérstöku starfi gjaldkera, en annars er það bara starfsheiti yfirkennara sem fellur út. Þau starfsheiti sem hafa bæst við eru gangaverðir, umsjónarkennarar og áfangastjóri. Hlutverk og skipan skólaráðs og skólastjórnar er í námsvísinum samhljóða lögnum.

Skipulag náms byggir á tvennu. Annars vegar námssviðum og hinsvegar námsbrautum. Um er að ræða sjö mismunandi svið, sem eru heilbrigðissvið, hússtjórnarsvið, listasvið, raungreinasvið, samfélagssvið, tæknisvið og viðskiptasvið. Á heilbrigðissviði eru þrjár brautir, tvær styttri og ein til stúdentsprófs. Hússtjórnarsvið er ómótað og á listasviði er ein braut til stúdentsprófs, tónlistarbraut. Þrjár stúdentsbrautir eru á raungreinasviði, eðlisfræði-, náttúrufræði- og tæknifræðibraut, á samfélagssviði eru fjórar stúdentsbrautir, félagsfræða-, forn mála- mála- og uppeldisbraut (U4) og ein styttri braut, uppeldisbraut (U2). Á viðskiptasviði eru þrjár brautir, annars vegar verslunar- og skrifstofubraut og rekstrar- og hagfræðibraut sem leiða til verslunarprófa og hinsvegar viðskiptabraut til stúdentsprófs. Á tæknisviði eru 8 mislangar starfnámsbrautir, fiskvinnslu-, fisktækna- og flugliðabraut, þá þrjár mismunandi iðn- og verknámsbrautir sem eru hársnyrti-, málmiðna- og tréiðnabrautir með mismörgum sérhæfingarleiðum, og loks rafiðna-, skipstjórnar-, tækna- og vélstjórnarbrautir.<sup>158</sup>

Þrátt fyrir að námsvísirinn sé sameiginlegt verk þriggja skóla var ekki allt þetta námsframboð í þeim öllum. Flensborgarskólinn bauð ekki upp á iðn- og verknámsbrautir og Suðurnesjaskólinn var einn um flugliðabraut.<sup>159</sup> Lýst er innihaldi allra brauta, einingafjölda, áföngum í brautakjarna og vali, og að lokum innihaldi, markmiðum og námskröfum hvers áfanga fyrir sig.

## 4.2 Námsvísir fjölbrautaskóla, 2. útgáfa 1980

Árið 1980 kom út 2. útgáfa námsvísisins, nokkuð endurskoðuð. Í formála hennar segir Þórir Ólafsson, ritstjóri, að unnið hafi verið að endurskoðuninni frá því námsvísirinn kom fyrst út

---

<sup>157</sup> Lög nr. 12/1970, greinar 13, 22, 23, 25.

<sup>158</sup> Námsvísir fjölbrautaskóla, 1978, 16-17.

<sup>159</sup> Sama heimild, 16.

og margir lagt hönd á plóginn, meðal annars hafi nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins „unnið að samræmingu grundvallarstarfshátta skólanna“.<sup>160</sup> Helstu breytingarnar á námsvísinum eru þær að teknar eru upp nýjar námsbrautir, áfangalýsingar endurskoðaðar í ljósi reynslu og skipan námsbrauta breytt, sérstaklega iðn- og verknámsbrautum. Hinar nýju námsbrautir eru fjölmiðlabraut, iðnbraut netagerðar og bakaraiðnar, íþróttabrautir, matvælatæknabraut, sjávarútvegsbrautir og námsbraut í tækniteiknun.<sup>161</sup> Hússtjórnarsvið er horfið en í staðinn komið matvælasvið og nokkrar hreyfingar hafa verið gerðar á brautum milli sviða.<sup>162</sup> Í kaflann um námskröfur hefur verið bætt því ákvæði að nemandi skuli a.m.k. hafa lokið 28 einingum eða 14 áföngum eftir þriggja anna nám. „Að öðrum kosti er honum óheimilt að halda áfram námi nema með sérstöku samþykki skólastjórnar“.<sup>163</sup>

Þegar þarna er komið sögu hefur skólum sem eru aðilar að námsvísinum „og bjóða upp á nám sem skipulagt er í samræmi við hann“ fjölgað umtalsvert. Alls eru taldir upp 19 skólar víðsvegar um landið, þar á meðal Gagnfræðaskólinn á Selfossi,<sup>164</sup> sem þá rak tveggja ára framhaldsdeild. Ekki buðu allir skólarnir upp á sambærilegt námsframboð. Fór það eftir aðstæðum á hverjum stað, nemendafjölda, kennarakosti og svo framvegis. En meginatriðið var að allt námið var skipulagt á sama grunni og því sambærilegt milli skóla.

### 4.3 Námsvísir fjölbrautaskóla, 3. útgáfa 1983

Þriðja útgáfa námsvísis fjölbrautaskóla kom út 1983 og er þá Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi aðili að útgáfunni, til viðbótar þeim sem stóðu að útgáfu námsvísis árið 1980. Hinum nýja skóla var aukinheldur treyst fyrir því að hafa umsjón með samningu ritsins. Í formála þessarar þriðju útgáfu kemur fram að þrátt fyrir ýmsar hugmyndir um breytingar hafi verið ákveðið að breyta fyrst og fremst skipulagi námsbrauta en láta áfangalýsingar halda sér að mestu. Á fundi í Borgarnesi í febrúar 1983 ræddu deildarstjórar aðildarskólanna tillögur

---

<sup>160</sup> Þórir Ólafsson, formáli að *Námsvísir fjölbrautaskóla*, ritstjóri Þórir Ólafsson (Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Prentsmiðja Hafnarfjarðar, 2. útgáfa, 1980), 3.

<sup>161</sup> Sama heimild.

<sup>162</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla, 1978, 16-17 og Námsvísir fjölbrautaskóla*, ritstjóri Þórir Ólafsson (Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Prentsmiðja Hafnarfjarðar, 2. útgáfa, 1980), 18-19.

<sup>163</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla*, 1980, 8.

<sup>164</sup> Sama heimild, 4.

skólameistaranna að brautalýsingum og var þar gengið frá þeim til birtingar í námsvísinum. Mestu breytingarnar varða verk- og iðnnámsbrautir, en Iðnfræðsluráð hafði lagt fram tillögur sem voru um margt mjög ólíkar því sem lýst er í námsvísinum frá 1980. Eftir viðræður fjölbrautaskólanna, Iðnfræðsluráðs og menntamálaráðuneytis náðist samkomulag um brautalýsingar ráðsins, með þeirri breytingu þó að víða voru nokkrir litlir áfangar sameinaðir. Skýrt er tekið fram að útgefendur telja þessa útgáfu bráðabirgðalausn, ekki síst vegna þess að samræmi skorti í iðnfræðslunni milli þeirra og Iðnskólans í Reykjavík. Nýmæli í námsvísinum eru meðal annars búfræðslubraut, tölvubrautir, latínu- og sögubraut og fósturbraut.<sup>165</sup>

Skólum á Suðurlandi sem starfa samkvæmt námsvísinum hefur nú fjölgað. Auk þeirra tveggja sem þegar eru taldir, og eru meðal útgefenda, er um að ræða Framhaldsdeild á Hvolsvelli og Héraðsskólana á Laugarvatni og í Skógum.<sup>166</sup> Stórlega er skorinn niður kaflinn um starfslið og stjórnun. Aðeins eru talin upp helstu embætti en skólunum látið eftir að ákveða og birta upplýsingar um aðra starfsmenn hverjum fyrir sig.<sup>167</sup>

Próunin í átt til aukins námsframboðs heldur áfram. Svið eru óbreytt en nokkrum brautum hefur verið bætt við. Á matvælasviði hefur verið bætt við búnaðarbraut, en Fjölbrautaskólinn á Selfossi hafði einn skóla sérstaka heimild ráðuneytisins til kennslu á þeirri braut, á raungreinasviði tölvufræðum, á samfélagssviði fósturbraut ásamt latínu- og sögubraut í staðinn fyrir fornmalabraut, á tæknisviði hefur bakaraíðn dottið út, stálsmíði kemur í stað plötu- og ketilsmíði. Einnig er húsgagnabólstrun horfin sjónum, svo og skipasmíði og skipstjórnarbraut 1. stig. Alls eru taldar upp 48 mismunandi brautir í námsvísinum á 7 mismunandi sviðum. Af þeim eru 15 stúdentsbrautir, 9 skilgreindar sem samningsbundið iðnnám, 23 eru annars eðlis, styttra nám eða undirbúningur undir aðrar

---

<sup>165</sup> Heimir Pálsson og Örlygur Karlsson, formáli að *Námsvísi fjölbrautaskóla*, ritstjórar Heimir Pálsson og Örlygur Karlsson (Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Prentsmiðja Hafnarfjarðar, 3. útgáfa, 1983), 5.

<sup>166</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla*, ritstjórar Heimir Pálsson og Örlygur Karlsson (Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Prentsmiðja Hafnarfjarðar, 3. útgáfa, 1983), 6.

<sup>167</sup> Sama heimild, 17-18.

brautir og að lokum ein framhaldsbraut í húsa- og múrsmíði til meistara réttinda.<sup>168</sup> Gera mætti því ráð fyrir að flestir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi.

#### 4.4 Námskrá handa framhaldsskólum 1986

Árið 1986 kom í fyrsta sinn út Námskrá handa framhaldsskólum. Í inngangi ritsins segir að menntamálaráðuneytið hafði um hríð stefnt að slíkri útgáfu og nýtt tækifærið þegar ljóst var að áfangakerfisskólar í landinu þyrftu flestir að endurútgefa námsvísa sína og kallað þá til samstarfs um námskrá. Samstarfshópur skólameistara ásamt fulltrúum HÍ, KHÍ og Iðnfræðsluráðs höfðu umsjón með verkinu, skipaði undirhópa til að fjalla um afmörkuð málefni og hafði frumkvæði að samstarfi við fjölmarga aðila. Í námskránni skyldi setja skólunum reglur um almenna starfshætti, lýsa markmiðum og inntaki námsbrauta, birta áfangalýsingar og kveða á um réttindi nemenda að loknu tilteknu námi. Í innganginum segir ennfremur:

Með þessari námskrá er fyrst og fremst stefnt að því að fá fram nokkuð heillega mynd af því námi sem í boði er í fjölbrautaskólum og öðrum skólum sem starfa eftir áfangakerfi. Námskráin felur því ekki í sér meiri háttar breytingar á námsframboði miðað við það sem verið hefur heldur hefur áherslan verið lögð á að samræma þá þætti í starfi skólanna sem auðvelt og nauðsynlegt var að samræma og ennfremur að ná fram sameiginlegum skilgreiningum á námsbrautum og markmiðum þeirra. Slíkt heildaryfirlit hefur ekki verið til og nokkurt ósamræmi hefur verið ríkjandi milli skóla hvað varðar uppbyggingu og skipan náms á einstökum námsbrautum og réttindi nemenda í sumum tilvikum óljós.

Námskráin kveður á um átta námssvið: Almennt bóknámssvið, Búfræðisvið, Heilbrigðisvið, Hússtjórnarsvið, Listasvið, Tæknisvið, Uppeldisvið og Viðskiptasvið. Alls eru skilgreindar námsbrautir 46 talsins, þar af 28 mismunandi iðnnámsbrautir. Þrátt fyrir að námsbrautum hafi fækkað er „námsframboð næstum því óbreytt frá því sem verið hefur“, tvær nýjar brautir hafa þó bæst við, fiskeldisbraut og tölvubraut.<sup>169</sup> Brautunum er skipt í sex megin flokka eftir innihaldi og markmiðum: Bóknámsbrautir til stúdentsprófs, listabrautir til stúdentsprófs, tæknibraut sem áframhald af iðnbrautum, tveggja ára undirbúningsbrautir,

---

<sup>168</sup> Sama heimild, 18-19.

<sup>169</sup> *Námskrá handa framhaldsskólum: Námsbrautir og áfangalýsingar* (Menntamálaráðuneytið, 1986), 7.

hefðbundnar iðnbrautir og styttri starfsnámsbrautir.<sup>170</sup> Reglur um réttindi og skyldur nemenda eru sambærilegar því sem fram kemur í fyrri námsvísunum en nú er horfið frá því að gefa einkunnir í bókstöfum og núverandi einkunnaskali, frá 1-10, tekinn upp.<sup>171</sup> Í námskránni er rífað upp þrjúþætt markmið framhaldsskólanáms, að undirbúa áframhaldandi nám, störf í atvinnulífinu og að veita almenna menntun. Tiltekið er að mest sé horft til tveggja fyrri markmiðanna en að nú sé tímabært „að fjalla ítarlega um nám á framhaldsskólstigi í ljósi framangreindra markmiða auk þess sem ýmislegt orkar tvímælis í núverandi námsskipan“.<sup>172</sup>

Eins og þetta ber með sér hefur skort nokkuð á heildaryfirsýn yfir framhaldsskólástigið. Margir nýir skólar á stuttum tíma, og nýstárlegt skipulag þeirra, hafði leitt til þess að nám á skólastiginu þróaðist svolítið „út og suður“, enda engin heildarlög eða markviss menntastefna til við upphafið, aðeins heimild í lögum til að stofna tilraunaskóla. Fyrsti einn og hálfur áratugurinn fór í það að skólarnir reyndu að finna út hvernig best væri að haga málum, hver fyrir sig og einnig í samstarfi hluta þeirra sín í milli. Þegar loks voru sett lög um þessa starfsemi var tilgangur þeirra fyrst og fremst að ná utan um og lýsa því kerfi sem hafði þróast „úti á akrinum“. Námskráin 1986 var skref í þá átt.

#### **4.5 Námskrá handa framhaldsskólum, 2. útgáfa 1987**

Námskráin 1986 var bráðabirgðaplagg, til viðmiðunar skólasterfinu það skólaár, en var fyrst og fremst hugsuð sem grundvöllur undir umsagnir og athugasemdir fyrir væntanlega og „varanlegri“ útgáfu slíks rits. Í heilt ár var unnið markvisst að nýrri útgáfu, leitað umsagna og samráðs og fjallað ítarlega um kennsluhætti og skipulag náms í framhaldsskólum sem leiddi „í ljós ýmsa annmarka og galla á núverandi fyrirkomulagi“.<sup>173</sup> Þrátt fyrir þessa niðurstöðu tókst ekki samkomulag um það hvernig málum skyldi þá heldur skipa, fjöldi athugasemda var mikill, bæði varðandi námsgreinar og námsbrautir sem snertu einstaka skóla, en einnig varðandi framhaldsnámið í heild og stöðu þess í skólakerfinu, sem var langtímaverkefni. Ekki gafst því tími til þeirrar stefnumótunar sem stefnt hafði verið að nema að takmörkuðu leyti og í námskránni sem kom út í apríl 1987 hafði aðeins verið unnt að taka tillit til hluta þeirra

---

<sup>170</sup> Sama heimild, 13.

<sup>171</sup> Sama heimild, 10.

<sup>172</sup> Sama heimild, 6.

<sup>173</sup> Sólrún Jensdóttir og Hörður Lárusson, formáli að *Námskrá handa framhaldsskólum: Námsbrautir og áfangalýsingar* (Menntamálaráðuneytið, framhaldsskóladeild: Iðnskólaútgáfan, 2. útgáfa, 1987), 4.

athugasemda sem bárust. Tiltekið er að námskráin sé rammi utan um þær námsbrautir sem skilgreindar verði í skólunum, að byrjunaráfangar í flestum greinum séu samræmdir en lýsingar námskrárinnar á öðrum áföngum aðeins til viðmiðunar.<sup>174</sup>

Litlar breytingar eru sjáanlegar í nýju útgáfu námskrárinnar á námsbrautum og skipulagi þeirra. Þó er til orðin ný braut, ferðamálabraut til stúdentsprófs, og íþróttabraut hefur forframast og er nú orðin fjögurra ára stúdentsbraut, í stað tveggja ára brautar sem gefur möguleika á framhaldi til stúdentsprófs af félagsvísindabraut. Einnig hafa bæst við tvær tveggja ára brautir, vélstjórnarbraut 2 sem lýkur með sérstöku prófi til undirbúnings 3. stigi í vélstjórnarnámi, og þjálfunarbraut sem nýtist sem undirbúningur undir nám á íþróttabraut. Tekið er fram að upptalning námskrárinnar á námsbrautum sé ekki tæmandi, miðað við þær brautir sem þegar hafi verið skipulagðar í hinum ýmsu fjölbrautaskólum, og lýst er í námsvísunum þeirra, og því verði skólarnir að fá sérstaka staðfestingu ráðuneytisins fyrir brautum utan við upptalningu námskrárinnar.<sup>175</sup>

Kaflar um einkunnagjöf, brautalýsingar og reglur um réttindi og skyldur nemenda eru óbreyttir frá fyrstu námskránni en út hafa fallið námssviðin 8 og bætt hefur verið við köflum um inntökuskilyrði, fornám, brautfararskírteini og einkunnablöð, mat á námi milli skóla, námsmat, námsráðgjöf og bókasöfn. Þessir nýju kaflar eru samhljóða samsvarandi köflum úr námsvísunum sem fjallað hefur verið um.<sup>176</sup>

#### **4.6 Námsvísir fjölbrautaskóla, 4. útgáfa 1988**

Haustið 1985 samþykktu skólameistarar skólanna sem stóðu að útgáfu námsvísisins að hefja endurskoðun útgáfunnar frá 1983. Vegna vinnu við gerð námskrár fyrir framhaldsskóla að beiðni menntamálaráðuneytisins var endurskoðuninni frestað fram yfir útkomu 2. útgáfu námskrárinnar 1987. Fjórða útgáfa námsvísisins byggir því á námskránni en þar birtast einnig áherslur samstarfsskólanna um skipulag námsbrauta og almenna starfshætti.<sup>177</sup> Aðilar námsvísisins eru að stofni til þeir sömu og áður, í öllum landshlutum nema Vestfjörðum og

---

<sup>174</sup> Sama heimild.

<sup>175</sup> *Námskrá handa framhaldsskólum: Námsbrautir og áfangalýsingar* (Menntamálaráðuneytið, framhaldsskóladeild: Iðnskólaútgáfan, 2. útgáfa, 1987), 7-9.

<sup>176</sup> *Námskrá handa framhaldsskólum*, 1987, 10-17 og *Námskrá handa framhaldsskólum*, 1986, 10-14.

<sup>177</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla*, ritstjórar aðstoðarskólameistarar og áfangastjórar samstarfsskólanna (Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnskólaútgáfan, 4. útgáfa, 1988), 4.

Norðurlandi. Þó hefur Flensborgarskólinn dottið út og á Suðurlandi bæði framhaldsdeildin á Hvolsvelli og Héraðsskólinn á Laugarvatni. Grunnur nýju útgáfunnar er einnig sá sami og fyrr. Lýsingar á markmiðum, skipulagi, námstillögum, námskröfum, inntökureglum, námsvali, starfsliði og stjórnun skólanna eru í stærstum dráttum þær sömu, þó einhverjar áherslubreytingar hafi orðið og einstaka þættir verið færðir til milli kafla. Reglur um skólasókn eru t.d. ekki eins ítarlegar og fyrr og það látið í hendur skólastjórnar í hverjum skóla að útfæra þær eftir eigin höfði. Þá hefur ákvæði um að nemandi skuli þreyta próf í öllum áföngum í lok annar verið fellt út en í staðinn komið ákvæði um námsmat, sem geti verið próf í annarlok og/eða mat á vinnu nemanda á önninni og skuli ákvörðun um námsmat birt í kennsluáætlun við upphaf annar. Ný ákvæði eru t.d. um innritunargjald, sem nemendum er skylt að greiða við upphaf annar eða skólaárs, og um öldungadeildir, sem eru undanþegnar ýmsum reglum um nám í dagskóla.

Kaflinn um starfslið er ítarlegri en áður. Helstu embætti eru þau sömu en við bætast félagsmálafulltrúi, bóka- og húsvörður, hús- og þrjú embætti á skrifstofu: ritari, fulltrúi skólameistara og fjármálastjóri. Kveðið er á um öll þessi embætti í lögum, allt frá 1970, en fyrst nú í námsvísinum. Þá hefur orðið sú breyting að fremst í kaflanum eru taldir kennarar, en ekki hafði þótt ástæða til að minnast á þá sérstaklega í fyrri námsvísinum.<sup>178</sup> Hlutverk þeirra er að „sjá um daglega kennslu og skipuleggja hana í samráði við deildarstjóra. Þeir afhenda nemendum kennsluáætlun í upphafi hvernar annar“.<sup>179</sup>

Uppsetning námsbrautanna tekur nokkrum breytingum. Ekkert er lengur talað um sjö „námssvið“ heldur er öllum námsbrautum skipt í þrennt: iðn- og verknámsbrautir, stúdentsbrautir og aðrar brautir. Námsgreinaflokkum hefur fjölgað úr fimm: tungumál, samfélagsgreinar, raungreinar, stærðfræði og tölvufræði og listgreinar, í níu: móðurmál, erlend tungumál, samfélagsgreinar, raungreinar, stærðfræði, tölvufræði og vélritun, list- og verklegar greinar, sérgreinar brauta og íþróttir.<sup>180</sup> Í námsvísinum frá 1983 eru taldar upp 44 mismunandi brautir en í 4. útgáfu 1988 eru brautirnar 47.<sup>181</sup>

---

<sup>178</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla, 1983, 6-18 og Námsvísir fjölbrautaskóla, 1988, 5-15*

<sup>179</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla, 1988, 13.*

<sup>180</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla, 1983, 19-21 og Námsvísir fjölbrautaskóla, 1988, 16-17.*

<sup>181</sup> *Sömu heimildir, 24-67 og 23-72.*



#### 4.7 Námskrá handa framhaldsskólum, 3. útgáfa 1990

Eins og fram hefur komið voru fyrstu heildarlögin um íslenska framhaldsskólastigið sett árið 1988. Lögunum, ásamt breytingum við þau 1989 og útgáfu reglugerða sem þau kölluðu á, fylgdi mikil umræða um framhaldsskólastigið. Menntamálaráðherra skipaði starfshóp sem skilaði tillögum um innra starf skólanna í júní 1989, þar sem fram koma „hugmyndir um breytt námsframboð, nýjar námsbrautir og breytta kennsluskipan“.<sup>182</sup> Þessara nýju hugmynda sér ekki stað í námskránni 1990, enda þarfnist þær ítarlegrar umræðu og lengri tíma, jafnvel prófunar í skólunum, áður en þær verði teknar inn í námskrá. Eðlilegt skólastarf sé auk þess með þeim hætti að sífellt komi fram nýjar, spennandi hugmyndir sem þarf að vera mögulegt að hrinda í framkvæmd, burtséð frá því hvað standi í gildandi námskrá. Námskrá eigi að vera í stöðugri endurskoðun og breytingum háð svo hún spegli sem best hugmyndir um skólastarf og kröfur til skóla á hverjum tíma.<sup>183</sup> Umtalaðar, nauðsynlegar breytingar á „bráðabirgðanámskránni“ frá 1986 biðu því enn betri tíma.

#### 4.8 Námsvísir fjölbrautaskóla, 5. útgáfa 1992

Í kjölfar útkomu námskrárinnar 1990 hófst vinna við endurskoðun námsvísis fjölbrautaskóla. Endurskoðunin gekk allvel en tafir urðu á útgáfu til 1992. Grundvallarbreyting var gerð á uppsetningu námsvísisins og ekki lengur um að ræða eitt og sama ritið fyrir alla útgáfuskólana. Þeir höfðu þroskast hver með sínum hætti og þótti orðið álitamál hvort þeir ættu áfram að ná samstöðu um skilgreiningu einstakra námsbrauta og áfangalýsinga og standa að útgáfu sameiginlegs námsvísis. Þessi útgáfa var í raun málamiðlun hvað þessi sjónarmið snerti.<sup>184</sup>

Námsvísinum var skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta voru sameiginlegar upplýsingar um skipulag skólanna og námstilhögun, annar hlutinn var sérútgáfa hvers skóla, lýsingar á þeim

---

<sup>182</sup> Formáli að *Námskrá handa framhaldsskólum: Námsbrautir og áfangalýsingar* (Menntamálaráðuneytið, skólamálastofa, 3. útgáfa, 1990), 1.

<sup>183</sup> Sama heimild.

<sup>184</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar, 28. ágúst, 2011.

brautum sem þar var boðið upp á og í þriðja hluta voru sameiginlegar áfangalýsingar allra skólanna.<sup>185</sup>

Sameiginlegir hlutar námsvísisins, sá fyrsti og þriðji, eru nánast samhljóða frá 4. útgáfu. Áfangalýsingar voru ekki endurskoðaðar, einungis bætt við þeim nýju sem höfðu orðið til frá síðustu útgáfu.<sup>186</sup> Í fyrsta hluta eru smávægilegar breytingar. Nefna má að inntökuskilyrðum er breytt þannig að í stað 6,5 á grunnskólaprófi þarf 7,0 til að komast í þriggja eininga áfanga og í stað 4,5 þarf 5,0 til að komast í tveggja eininga áfanga. Í kaflanum um námskröfur er heimilað að láta einingar nemenda sem falla á önn standa í áföngum þar sem þeir hafa náð einkunninni 7,0 en áður glötuðu þeir öllum einingum. Bætt er við ákvæði um það að skóli geti hafnað því að endurinnrita nemendur sem falla á önn tvisvar í röð en fellt út sérákvæði í þessum kafla um íþróttir, þar sem sagði að nemendur með falleinkunn í íþróttum þurfi að skila samsvarandi námseiningum með öðru námi.<sup>187</sup>

Uppsetning námsbrauta og flokkun þeirra er óbreytt, iðn- og verknámsbrautir, stúdentsbrautir og aðrar brautir, en smávægilegar breytingar á brautunum sjálfum, innri skiptingu og þar með fjölda þeirra. Sem dæmi verður Iðnbraut stálvirkja- og stálskipasmíði (IS) að tveimur brautum og Málabraut – ferðamálaalína (MF) hættir að vera sérstök braut. Hvað aðrar brautir varðar vekur athygli að fjögurra anna Búnaðarbraut, sem Fjölbrautaskóli Suðurlands gat einn skóla boðið upp á samkvæmt ráðuneytisheimild, er horfin úr námsvísinum, svo og Heilsugæslubraut. Aðfararnám verknáms, einnar annar braut til að kynna sér ákveðin störf á vinnustöðum, heitir í nýju útgáfunni Starfsbraut, og fleiri minniháttar breytingar mætti nefna.<sup>188</sup>

En hvað er þá í þeim hluta námsvísisins sem í fyrsta skipti er gefinn út sérstaklega fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands? Taldar eru þar upp alls 37 fullgildar brautir, auk einnar sem

---

<sup>185</sup> Ægir Sigurðsson, formáli að *Námsvísi fjölbrautaskóla*, ritstjóri Ægir Sigurðsson (Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnskólaútgáfan, 5. útgáfa, 1992), 2.

<sup>186</sup> Sama heimild.

<sup>187</sup> *Námsvísir fjölbrautaskóla*, 1988, 6-15 og *Námsvísir fjölbrautaskóla*, 1992, I hluti, ritstjóri Ægir Sigurðsson (Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnskólaútgáfan, 1992), 5-10.

<sup>188</sup> Sömu heimildir, 16-19 og 10-12.

kölluð er Almennt nám, ætluð nýnemum sem ekki hafa ákveðið sér námsbraut, og ekki er hægt að útskrifast af. Þessar brautir eru sýndar í töflu 1.<sup>189</sup>

Tafla 1: Námsbrautir í F.Su. samkvæmt námsvísi 1992

Samningsbundið iðnnám	Annað iðn- og verknám	Stúdentsbrautir	Aðrar brautir
Bifvélavirkjun	Grunndeild málmíðna	Eðlisfræðibraut	Almennt nám
Húsasmíði	Grunndeild rafiðna	Félagsfræðabraut, félagsfr.lína	Fiskeldisbraut
Rafvirkjun	Grunndeild tréiðna	Félagsfræðabraut, sálfræðilína	Fiskvinnslubraut
Rennismíði	Húsasmíði	Félagsfræðabraut, fjölmiðlalína	Hússtjórnarbraut
Vélsmiði	Rennismíði	Hagfræðibraut	Íþróttabraut
	Vélsmiði	Íþróttabraut	Meistaránámsbraut, almenn
		Málabraut	Meistaránámsbraut, húsasmíði
		Málabraut, ferðamálalína	Meistaránámsbraut, múrsmíði
		Náttúrufræðibraut	Meistaránámsbraut, pípulagnir
			Sjúkraliðabraut, fyrri hluti
			Sjúkraliðabraut
			Starfsbraut
			Tæknibraut, fyrri hluti
			Tæknibraut
			Uppeldisbraut
			Vélstjórnarbraut, 1. st.-vélav.
			Viðskiptabraut 1
			Viðskiptabraut

#### 4.9 Námsvísir fjölbrautaskóla, 6. útgáfa 1996

Enn kom út námsvísir fjölbrautaskólanna árið 1996, 6. útgáfa ritsins og jafnframt sú síðasta til þessa. Þegar hér er komið sögu hefur námsvísirinn teygst áhrifasvæði sitt yfir í nýjan landshluta með þáttöku Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Í þessari útgáfu eru meginbreytingarnar þrens konar. Í fyrsta lagi var nú ráðist í endurskoðun áfangalýsinga,

<sup>189</sup> Námsvísir fjölbrautaskóla, 1992, II hluti, 1.

sem höfðu að mestu verið óbreyttar um hríð, þær gerðar ítarlegri og skýrari þannig að þær gæfu betri mynd af innihaldi áfangans. Í öðru lagi var reynt að samræma áfangalýsingar skólanna í kjarnagreinum og fækka séráföngum skóla, auk þess sem samdar voru áfangalýsingar fyrir nýjar brautir, og í þriðja lagi hefur hinn sérstaki hluti námsvísisins fyrir hvern skóla stækkað. Nú eru þar ekki aðeins brautalýsingar hvers skóla fyrir sig heldur einnig kafli um ýmis önnur sérmál þeirra, s.s. skólareglur, námskröfur og starfsmenn.<sup>190</sup>

Fyrsti hlutinn, sem er sameiginlegur og fjallar almennt um nám í áfangaskóla, er óbreyttur, með smávægilegum undantekningum. Nýjung er t.d. að í kafla um áfangakerfi eru taldir upp helstu kostir þess, sem sagðir eru vera:

- Sveigjanleiki, nemendur ráða nokkru um samsetningu námsins og námstíma og geta hæglega skipt um námsbraut.
- Aðlögunarhæfni, auðvelt er að sníða áfanga að nýjum þörfum.
- Hagkvæmni, margir áfangar eru sameiginlegir öllu framhaldsnámi.
- Einfalt að meta nám eða flytja milli skóla.
- Markmið eru vel skilgreind og nálæg.
- Eykur sjálfstæði og ábyrgðartilfinningu nemenda.
- Hentar vel í utanskólanámi og hlutanámi, s.s. öldungadeildum.
- Gefur kost á fjölbreyttu námsframboði.<sup>191</sup>

Einhverjar tilfæringar eru líka á námsbrautum í almenna hlutanum. Hárgreiðsla, hárskurður og söðlasmíði hafa bæst við iðnbrautir, þ.e. samningsbundið iðnnám, og öðrum brautum hefur fjölgað um þrjár, Fornám, Ferðaþjónustubraut og Skógræktarbraut. Stúdentsbrautirnar eru þær sömu og í fyrri útgáfu.<sup>192</sup>

Í öðrum hluta er fjallað almennt um hvern skóla fyrir sig og í sérútgáfu Fjölbautaskóla Suðurlands eru punktar úr sögu skólans og sagt frá helstu þáttum í þróun skólahúsnæðis. Þá er fjallað um stjórnskipulag, skólanefnd og skólaráð lögum samkvæmt, og starfsmannahald. Við skólann eru nokkur embætti tilgreind auk þeirra sem getið er um í fyrri námsvísium og má ætla að séu sameiginleg öllum aðildarskólunum. Við F.Su. eru árið 1996 starfandi kennslustjóri á Litla-hrauni, sérkennari, umsjónarmaður tölvukerfis, stofu- og

---

<sup>190</sup> Eiríkur G. Guðmundsson, formáli að *Námsvísi fjölbautaskóla*, ritstjóri Eiríkur G. Guðmundsson (Fjölbautaskóli Norðurlands vestra, Fjölbautaskóli Suðurlands, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Fjölbautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnú, 6. útgáfa, 1996), 1.4.

<sup>191</sup> *Námsvísir fjölbautaskóla*, Fjölbautaskóli Suðurlands, ritstjóri Eiríkur G. Guðmundsson (Fjölbautaskóli Norðurlands vestra, Fjölbautaskóli Suðurlands, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Fjölbautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnú, 6. útgáfa, 1996), 1.7.

<sup>192</sup> Sama heimild, 1.14-1.16.

tækjaumsjónarmenn og matráðskonur. Þarna er líka yfirlit yfir ýmsa þjónustu, s.s. ljósritun, bóksölu, heimavist, skólaakstur og skólagjöld. Skólasóknarreglur eru tíundaðar og sérstakar umgengnisreglur, t.d. varðandi reykingar, vímuefni og leyfilegt skótau. Að lokum eru í 2. hluta námsvísisins kaflar um félagslíf nemenda, nemendaráð og skólakórinn, og Farskóla Suðurlands.<sup>193</sup>

Þriðji hluti námsvísisins er brautalýsingar Fjölbrautaskóla Suðurlands. Námsbrautum skólans hefur fækkað um fimm í heildina frá 1992, eru nú 32, auk almenna námsins, eins og sést í töflu 2:

Tafla 2: Námsbrautir í F.Su. samkvæmt námsvísi 1996

Samningsbundið iðnnám	Annað iðn- og verknám	Stúdentsbrautir	Aðrar brautir
Húsasmíði	Grunndeild málmíðna	Eðlisfræðibraut	Almennt nám
Rafvirkjun	Grunndeild rafiðna	Félagsfræðabraut, félagsfr.lína	Fornám
Rennismíði	Grunndeild tréiðna	Félagsfræðabraut, sálfræðilína	Hússtjórnarbraut
Söðlasmíði	Húsasmíði	Hagfræðibraut	Íþróttabraut
Vélsmiði	Rennismíði	Íþróttabraut	Meistaránámsbraut, almenn
	Vélsmiði	Málabraut	Meistaránámsbraut, húsasmíði
		Málabraut, ferðamálalína	Sjúkraliðabraut, fyrri hluti
		Náttúrufræðibraut	Sjúkraliðabraut
			Starfsbraut
			Tæknibraut, fyrri hluti
			Tæknibraut
			Uppeldisbraut
			Vélstjórnarbraut, 1. st.-vélav.
			Viðskiptabraut

Þannig hafa sjö brautir verið lagðar niður við skólann, Bifvélavirkjun, Fiskeldisbraut, Fiskvinnslubraut, Meistaránámsbrautir í múrsmíði og pípulögnum, Viðskiptabraut 1 og ferðamálalína Félagsfræðabrautar. Á móti kemur að tvær nýjar brautir hafa bæst við, Fornám ætlað nemendum sem ekki hafa nægjanlegan grunn til að hefja nám í venjulegum

<sup>193</sup> Sama heimild, 2.5-2.10.

einnar annar einingalausum áföngum, og samningsbundið iðnnám í söðlasmíði, en það var ekki í boði annars staðar á landinu.<sup>194</sup>

#### 4.10 Aðalnámskrá framhaldsskóla, 1999

Aðalnámskrá framhaldsskóla 1999 kemur út í kjölfar framhaldsskólalaganna 1996 og er ætlað að útfæra nánar þá mennta- og skólastefnu sem í lögnum birtast og túlka einstök ákvæði þeirra. Hún er það verkfæri sem fræðslufirvöld hafa til þess að tryggja æskilegt samræmi milli skóla og hafa eftirlit með gæðum skólastarfsins og birta skólafólki, nemendum og almenningi þá menntastefnu sem stjórnvöld fylgja, ásamt upplýsingum um námsframboð og kröfur.<sup>195</sup> Almenni hluti námskrárinnar er byggður á sömu stoðum og bæði Námsvísir fjölbrautaskóla og fyrri námskrá. Þar er fjallað um hlutverk og markmið skólanna, uppbyggingu námsins og námsbrauta, ásamt inntökuskilyrðum, námsmati og réttindum og skyldum nemenda. Þar er einnig kafli um skólanámskrá, sem kveðið er á um í lögum nr. 80/1996 að hver skóli gefi út, og er stefnuskrá skólans og starfsáætlun með nánari útfærslum á markmiðum aðalnámskrár. Í skólanámskrá gefst skólum því tækifæri til að undirstrika sérstöðu sína, námsframboð, reglur, hefðir og venjur.<sup>196</sup>

Töluverðar breytingar koma fram á skipulagi og uppbyggingu námsbrauta, frá fyrri námskrá. Námsbrautum til stúdentsprófs hefur fækkað í fjórar, Félagsfræða-, Mála-, Náttúrufræði- og Upplýsinga- og tæknibraut. Síðastnefnda brautin var þó einungis í boði í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.<sup>197</sup> Iðnbrautir til sveinsprófs eru 41 og skiptast í bíliðnir, bókiðnir, bygginga- og tréiðnir, fata-, skinna- og leðuriðnir, matvælaiðnir, málmíðnir, rafiðnir og snyrtigreinar. Iðnbrautir til meistaraéttinda eru taldar upp 37 í sömu flokkum og sveinsprófsbrautir að viðbætti garðyrkju og nokkrum fámönnum iðngreinum. Í yfirflokkinn „annað starfsnám“ falla samtals 30 skilgreindar brautir í 7 undirflokkum, þ.e. heilbrigðisbrautir, matvæla-, hússtjórnar- og handíðanám, sjávarútvegsnám, tölvu-, tækni og

---

<sup>194</sup> Sama heimild, 3.3 og 3.9.

<sup>195</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti* (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1999), 11-12.

<sup>196</sup> Sama heimild, 35.

<sup>197</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar, 28. ágúst, 2011.

hönnunarnám, uppeldisnám, verslunar- og viðskiptanám og sérdeildir. Þá er einungis ótalin Listnámsbraut.<sup>198</sup>

Þegar allt er talið býður aðalnámskráin því upp á 113 mismunandi námsbrautir, sem einstakir skólar geta svo valið úr eftir sínum áhuga, getu og aðstæðum. Það ætti því ekki að vera ofsögum sagt að flestir nemendur ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í framhaldsskólunum?

#### 4.11 Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2004

Aðalnámskráin frá 1999 komst ekki til framkvæmda að fullu fyrr en að loknu skólaárinu 2003-2004 og á þeim fimm árum sem liðu kom ýmislegt í ljós sem betur mátti fara, auk þess sem tími vannst til að kveða á um ýmislegt sem ekki hafði verið útfært. Aðalnámskráin 2004 er því fyrst og fremst endurskoðun á henni, án þess að um neina stefnubreytingu hafi verið að ræða, og tekur einungis til fyrri hlutans sem fjallar um almenna hluti, s.s. hlutverk og markmið skólanna, uppbyggingu námsins, skólanámskrá, inntökuskilyrði, námsmat og réttindi og skyldur nemenda. Í nýju námskránni eru því engar brautalýsingar, en í inngangi eru tíundaðar helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá 1999. Þar má nefna meðal annars að sett hafa verið inn ákvæði um viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir starfsnámsnemendur, samsetningu náms á félagsfræðabraut hefur verið breytt til að auðvelda framkvæmd samræmdra prófa, og nokkrar aðrar breytingar gerðar á innihaldi námsbrauta og áfangahæitum, til að auka svigrúm einstakra skóla hvað varðar framboð námsgreina. Einnig hefur nám „í almennum bóklegum greinum í starfsnámi verið samræmt milli brauta“, mat á óformlegu námi og starfsreynslu er tekið til umfjöllunar, sem og mat á skólastarfi,<sup>199</sup> sem var innleitt í lög í fyrsta skipti hér á landi í lögum nr. 80/1996. Í aðalnámskránni 2004 er í fyrsta skipti sérstakur kafli um þetta, og má túlka það svo að yfirvöld vilji ítreka að sú stefna hvað þetta varðar sem birtist í lögnum sé enn í fullu gildi. Lýst er skiptingu árangursmatsins í innra mat, sem er sjálfsmat unnið af starfsfólki hvers skóla og öðrum tengdum aðilum, og ytra mat, sem er úttekt utanaðkomandi aðila á starfsemi skólans, á ábyrgð menntamálaráðuneytisins. Megintilgangur sjálfsmats er

---

<sup>198</sup> *Aðalnámskrá*, 1999, 58-62.

<sup>199</sup> *Aðalsnámskrá framhaldsskóla, Almennur hluti* (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2004), 5-6.

að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólarnir hafa sett fram í skólanámskrám. [...] Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtímamarkmið en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu komi fram tillögur um úrbætur.<sup>200</sup>

Skólunum er, lögum samkvæmt, í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita en ráðuneytið setur ákveðin viðmið sem sjálfsmatsaðferðirnar þurfa að standast. Matið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.<sup>201</sup>

Ytra matið byggist á nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi mati á sjálfsmatsskýrslum skólanna, heimsóknum og viðtölum við stjórnendur, starfsmenn og nemendur. Í öðru lagi úttektum á skólastarfi, til dæmis

kennslu í ákveðinni faggrein en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla. Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, endurmenntun starfsmanna, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.<sup>202</sup>

#### **4.12 Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2011**

Ný aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla, í anda framhaldsskólalaganna frá 2008, kom út í maímánuði 2011. Eins og fram kom í umfjöllun um lögina er gert ráð fyrir því að hver skóli um sig móti eigin skólanámskrá „þar sem stefna aðalnámskrár er útfærð í samræmi við stefnu á hverjum stað, nemendahóp, faglega áherslu og sérkenni í hverju tilviki“.<sup>203</sup> Ráðuneytið gefur því aðeins út almennan hluta námskrárinnar, rammann utan um skólanámskrárnar. Aðalnámskráin birtir menntastefnu stjórnvalda sem reist er á sex grunnþáttum menntunar:

---

<sup>200</sup> Sama heimild, 42.

<sup>201</sup> Sama heimild, 42-44.

<sup>202</sup> Sama heimild, 44-45.

<sup>203</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla, Almennur hluti*, (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2011), 7, sótt 29. júlí, 2011. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3954>



læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og sköpun<sup>204</sup> og er samkvæmt menntamálaráðherra meðal annars ætlað að bæta úr getu einstaklinga „til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í janfréttis- og lýðræðissamfélagi“<sup>205</sup> með því að rækta þá þekkingu, leikni og viðhorf sem eflir þessa eiginleika og gerir borgarana hæfa til þess að veita „valdhöfum aðhald, hvort sem þeir eru í fjármálalífnum, stjórnámum, fjölmiðlum eða á öðrum sviðum.“ Skólarnir séu einu stofnanirnar í samfélaginu sem færar eru um að undirbúa uppvaðandi kynslóðir með þessum hætti undir virka þátttöku í flóknu lýðræðissamfélagi.<sup>206</sup> Í námskránni er framhaldsskólanámi

skipað á fjögur hæfniprep sem skarast annars vegar við grunnskólastig og hinsvegar við háskólastig. Prepin lýsa stigvaxandi kröfu um þekkingu, leikni og hæfni nemenda í átt til sérhæfingar og aukinnar fagmennsku. Námslok námsbrauta eru tengd við hæfniprep. Lokamarkmið námsbrauta kallast hæfniviðmið og segja til um þá hæfni sem stefnt er að nemendum búi yfir við námslok<sup>207</sup>

og þar er kveðið á um nýtt einingamatskerfi, framhaldsskólaeiningu, sem samsvari u.þ.b. þriggja daga vinnu og mæli vinnuframlag nemenda „óháð því hvort námið er verklegt eða bóklegt og hvort það fer fram innan skóla eða utan“.<sup>208</sup>

Í námskránni er meðal annars fjallað um 1) hlutverk aðalnámskrár, 2) almenna menntun, t.d. fyrrnefnda grunnþætti og hæfni, 3) mat og eftirlit, bæði hefðbundið námsmat og mat á skólastarfi, 4) hlutverk framhaldsskólans, 5) nám og kennslu, 6) hæfniprepin, 7) skilgreind námslok, 8) einingamatskerfið, 9) námsbrautalýsingar, 10) stjórnun og skólanámskráargerð, 11) samstarf og skil milli skólastiga, og 12) réttindi og skyldur nemenda, skóla og menntamálayfirvalda.<sup>209</sup> Í viðaukum eru birtar lýsingar á námslokum í framhaldsskólum og hæfniprepum í kjarnagreinum, sem eru íslenska, stærðfræði og enska og önnur erlend tungumál.<sup>210</sup>

---

<sup>204</sup> *Aðalnámskrá*, 2011, 10.

<sup>205</sup> Katrín Jakobsdóttir, Formáli að *Aðalnámskrá framhaldsskóla, Almennur hluti* (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2011), 5.

<sup>206</sup> Sama heimild.

<sup>207</sup> Inngangur að *Aðalnámskrá framhaldsskóla*, 2011, 6.

<sup>208</sup> Sama heimild.

<sup>209</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla*, 2011, 7-47.

<sup>210</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla*, 2011, 63-74.

### 4.13 Samantekt

Hér með lýkur umfjöllun um hinn formlega, ytri ramma skólastarfs í íslenskum framhaldsskólum. Greina má skýrar línur í þróuninni frá 1970, þegar menntastefnu þjóðarinnar var umbreytt eftir umfangsmikla vinnu á sjöunda áratugnum sem sett var af stað með skipun nefndar árið 1963. Meginstefin allt frá þeim tíma hafa verið aukinn sveigjanleiki og valfrelsi, fjölbreytni í námsframboði, áhersla á vilja, getu, áhugasvið, rétt og skyldur nemenda í takt við þjóðfélagsbreytingar og öra fjölgun nemenda.

Um miðjan tíunda áratuginn urðu næst verulegar áherslubreytingar. Þær voru í takt við stjórnmalastefnu þess tíma, um nýskipan og umbætur í ríkisrekstri, og fólust í aukinni valddreifingu í skólakerfinu, áherslu á hagkvæmni og árangur, meðal annars með lagaákvæðum um mat á skólastarfi, samræmd próf og aukna ábyrgð stjórnenda samfara valdi. Áfram var reynt að koma betur til móts við nemendur með fjölbreytni í námsframboði en á sama tíma gerð tilraun til að stemma stigu við sívaxandi brottfalli með því að skilgreina lágmarkskröfur inn á námsbrautir og koma þannig til móts við þá sem höfðu áhyggjur af því að framhaldsskólinn væri galopinn fyrir hvern sem væri og nemendum þannig send þau röngu skilaboð að frammistaða í grunnskóla skipti engu um möguleika þeirra og getu til að takast á við námsbrautir framhaldsskólanna.

Við undirbúning lagasetningar 2008 og við útgáfu nýrrar aðalnámskrár í kjölfar laganna, var sömu meginstefnu fylgt en horfið að nokkru frá hugsun um að takmarka aðgengi að námsbrautum með lágmarkskröfum. Nýjar áherslur voru markaðar í eilífri baráttunni við brottfallið, fela skólunum að skilgreina sjáfir námsframboð sitt í samræmi við þarfir og þær aðstæður sem þeir búa við, fjölga námslokum, t.d. með nýju framhaldsskólaprófi, en einnig breyttri hugsun við mat á vinnu nemenda, sem birtist í nýju einingamatskerfi, hæfnimarkmiðum og -þrepum, í stað hefðbundinnar áherslu á að mæla þá þekkingu sem tekist hafi „að troða í“ nemendur. Með hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár er að auki lögð meiri áhersla á rétt nemenda til náms og skyldu skólakerfisins að þjónusta alla þegna upp að þeim aldri. Þannig hafa skyldur sem áður lágu aðeins á herðum grunnskólanna færst yfir til framhaldsskólanna líka og það mun vitaskuld hafa sín áhrif á starfsemi þeirra.

## 5 Nýr skóli verður til

Aldarlangri baráttu margra hugsjónamanna fyrir nýjum, sameiginlegum framhaldsskóla Sunnlendinga og togstreitu um staðarval var loks að ljúka. Sýslurnar þrjár á Suðurlandsundirlöndinu höfðu komið sér saman um rekstur lðnskóla á Selfossi og einungis tímaspursmál hvenær næsta skref yrði tekið í eðlilegu framhaldi.

### 5.1 Aðdragandi og stofnun Fjölbrautaskólans

Fyrstu hugmyndir að stofnun þess skóla sem nú er Fjölbrautaskóli Suðurlands komu fram á alþingi árið 1972, í kjölfar menntamálaumræðu í samfélaginu og nýrra laga um menntaskóla sem samþykkt höfðu verið 1970. Þá lögðu Ingólfur Jónsson á Hellu og Ágúst Þorvaldsson frá Brúnastöðum, þingmenn Suðurlandskjördæmis, fram frumvarp um breytingar á nýlegum lögum um menntaskóla. Þeir lögðu til stofnun menntaskóla á Austurlandi og Selfossi. Þeir gerðu sér grein fyrir því, eins og flestum var nú orðið ljóst, að Menntaskólinn að Laugarvatni annaði ekki lengur öllum þeim fjölda Sunnlendinga sem sóttu í framhaldsnám, hvorki hvað stærð skólans né námsframboð varðaði. Þeir sáu fyrir sér að nýi skólinn yrði með öðru sniði en hefðbundnir menntaskólar, tengdist betur atvinnulífinu og byði upp á meiri fjölbreytni í námsframboði,<sup>211</sup> í anda þeirra hugmynda sem einkenna löggin frá 1970. Frumvarp þeirra félaga náði ekki fram að ganga en lög sem heimiluðu stofnun fjölbrautaskóla voru samþykkt á alþingi 1973.<sup>212</sup>

Það sama ár var fundað í menntamálaráðuneytinu um þessi mál með heimamönnum; þingmönnum, skólamönnum og sveitarstjórnarmönnum allra sýslna í kjördæminu<sup>213</sup> og aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), sem haldinn var í Árnesi þann 14. apríl, setti fram það markmið að „starfrækja Fjölbrautaskóla á Selfossi“.<sup>214</sup> Í fyrrnefndum lögum var ákvæði sem heimilaði að sameinaðar yrðu í eina þær stofnanir sem fyrir væru á

---

<sup>211</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla 1981-1991*, 13.

<sup>212</sup> *Lög nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.*

<sup>213</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 13.

<sup>214</sup> Hjörtur Þórarinnsson, *Markmið og verkefnaskrá 1969-1989* (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, 1989), 2.

framhaldsskólastigi, þ.e. 4. bekkur og framhaldsdeild Gagnfræðaskólans á Selfossi auk iðnskólans. Um þessar mundir var í undirbúningi nýbygging fyrir iðnskólann en ráðuneytið lagði áherslu á að byrjað yrði á verknámshúsi en aðrar framkvæmdir biðu nánari stefnumótunar fyrir allt héraðið um fyrirkomulag framhaldsmenntunar. Næstu ár voru skólamálin rædd af og til í hreppsnefnd Selfoss og skólanefnd iðnskólans en árið 1977 komst skriður á málið þegar samþykkt var áætlun, í samvinnu Selfyssinga og menntamálaráðuneytisins, um byggingu framhaldsskóla á Selfossi.<sup>215</sup> Í samræmi við þessa áætlun var árið 1978 undirritaður samningur milli ráðuneytisins, Árnes-, Rangárvalla-, Vestur-Skaftafellssýslna og Selfosskaupstaðar um byggingu verknámshúss fyrir iðnskólann á Selfossi.<sup>216</sup> Alltaf lá þó fyrir að þar væri stigið fyrsta skrefið að stofnun nýs skóla, þó nýbyggingin tilheyrði iðnskólanum í upphafi. Auk iðnskólans og framhaldsdeildar gagnfræðaskólans, og raunar fleiri sambærilegra deilda á Suðurlandi, starfaði öldungadeild við skólann í Hveragerði í þrjár annir, á vorönn 1980 og skólaárið 1980-1981. Þetta eru þær þrjár meginrætur sem liggja til grundvallar fjölbrautaskólanum.

Á þessum árum var mikill þrýstingur kominn í samfélaginu að nemendur gætu haldið áfram námi heima í héraði eftir að skyldunámi lauk. Hluti nemenda átti þess kost að fara til Reykjavíkur eða á heimavistina á Laugarvatni, en stór hópur átti þess ekki kost og hefði aldrei haldið áfram námi ef fjölbrautaskólinn hefði ekki komið til. Stofnun hans var því ómetanlegt skref fyrir margar fjölskyldur á Suðurlandi.<sup>217</sup> Bæjarstjórnin á Selfossi tók forystu um skólastofnunina og skipaði skólanefnd snemma árs 1981. Í hana voru skipaðir Hjörtur Þórarinsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Steingrímur Ingvarsson. Þessi þriggja manna nefnd vann að lokaundirbúningi skólastofnunarinnar og rekstrinum fyrstu tvö árin.

Þegar verið var að koma skólanum á koppinn var við lítið að styðjast í lögum. Aðeins hina stuttu lagagrein nr. 14/1973, um heimild til að stofna slíka skóla. Á Sauðárkróki, Suðurnesjum, Akranesi og Ísafirði voru menn í svipuðum sporum. Haldnir voru fundir með skólameisturum og skólanefndum hvað eftir annað, á víxl á þessum stöðum, til að kynna sér aðstæður, viðhorf heimamanna og styrkja hverjir aðra. Þetta hjálpaði til við að mynda góða yfirsýn yfir málefnið, hvar þyrfti að setja undir leka í lögum og hvar vantaði reglugerðir.

---

<sup>215</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 13-14.

<sup>216</sup> Sama heimild, 18.

<sup>217</sup> Hjörtur Þórarinsson, *viðtal við höfund*, 23. júní 2011.

Grunnurinn var til í áfangakerfi MH og Jón Böðvarsson, skólameistari FS, kom líka þaðan og gat því miðlað sinni þekkingu.<sup>218</sup>

Árið 1983 gerðust Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur eignaraðilar að skólanum með Selfossbæ og ríkisvaldinu og þá var skólanefndin stækkuð í 7 manna nefnd. Fullkomin samstaða var frá upphafi um skólann alls staðar í héraðinu. Málefni hans voru frá þeim tíma unnin á vettvangi sýslunefnda og allt fjármagn til skólans tekið í gegnum þær, en með fullri vitund og þátttöku oddvita og hreppsnefnda, enda hefði þetta stórverkefni aldrei gengið nema með samstíga átaki og þátttöku allra þessara aðila. Þegar sýslurnar komu að hafði skólinn starfað í tvö ár og grunnurinn mótaður, meðal annars lá fyrir samþykkt teikning fyrir nýtt skólahús. Fulltrúar sýslanna fengu strax á fyrsta fundi nýrrar skólanefndar tækifæri til að byrja frá grunni eða gera áherslubreytingar varðandi fyrirhugað skólahús, ef vilji væri fyrir hendi, en samhljómur var um að halda markaðri stefnu og hefur það einkennt samstarfið um skólann síðan. Strax var ákveðið að upptökusvæðið yrði 50 kílómetra radíus, frá Þorlákshöfn í vestri að Hvolsvelli í austri, og daglegur skólaakstur innan þess svæðis. Síðar var svo bætt við akstursleiðum frá Flúðum og Reykholti í Biskupstungum.<sup>219</sup>

## 5.2 „Hlaupabrautin“ og lykilmenn

Fjölbrautaskóli var formlega stofnaður á Selfossi 21. apríl 1981 og skólinn var settur í fyrsta skipti 13. september um haustið.<sup>220</sup> En hvar var kennt? Og hvað? Eins og fram hefur komið sömdu eignaraðilar Iðnskólans á Selfossi um byggingu nýs verknámshúss fyrir skólann árið 1978. Af ráðuneytisins hálfu var þá þegar ljóst að umrætt hús yrði fyrsti áfangi byggingaframkvæmda við nýjan framhaldsskóla fyrir Sunnlendinga á Selfossi. Verklegr kennsla hófst í húsinu, sem síðar hlaut nafnið Hamar, í janúar 1980 og bókleg kennsla í febrúar. En nýja húsið dugði skammt og aðeins ári seinna, á vorönn 1981, þurfti að flytja hluta bóklegrar kennslu iðnskólans aftur í gamla húsnaðið.<sup>221</sup> Það var því morgunljóst að Hamar myndi ekki einu sinni rúma bóklegan hluta verknámsbrauta hins nýstofnaða fjölbrautaskóla, hvað þá nám á öðrum brautum. Til að leysa málin meðan unnið var að því að

---

<sup>218</sup> Sama heimild.

<sup>219</sup> Sama heimild.

<sup>220</sup> Örlygur Karlsson, „Annálar aðstoðarskólameista“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentaðar skýrslur, 25. annáll, haustönn, 1993).

<sup>221</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 23.

koma upp varanlegu húsnæði fyrir skólann var kennt í leiguhúsnæði víða um bæ á Selfossi, mest í níu húsum sömu önnina<sup>222</sup> auk útibúsins á Litlahrauni, þar til byrjað var að kenna í nýja skólahúsinu, Odda, árið 1987. Manna á meðal gekk skólinn undir réttnefninu „Hlaupabrautin“ fyrstu árin.

Á hlaupabrautinni var alllangt á milli sumra kennslustaðanna og nemendur og kennarar því á harðahlaupum um götur bæjarins milli kennslustunda, og skólinn því „á götunni“ í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Heimir Pálsson var ráðinn skólameistari og Þorlákur Helgason aðstoðarskólameistari. Þeir komu báðir úr Menntaskólanum við Hamrahlíð og þekktu því vel áfangakerfið og skipulagsgrundvöllinn, þó á Selfossi bættist við verk- og iðnnám sem ekki var í boði við MH. Heimir hafði unnið með Jóhanni S. Hannessyni, sem töluvert hafði hugsað og skrifað um skólamál, og þeir Þorlákur komu með ákveðna sýn á það hvernig þetta ætti að ganga upp og þeir, ásamt öllu starfsfólki, lögðu sig fram um að allt gengi vel.<sup>223</sup> Í þessu lá meðal annars styrkleiki æðstu stjórnendanna, ásamt góðu samstarfi við skólanefnd og aðra sem að skólanum stóðu.<sup>224</sup>

Þrátt fyrir þessar ytri aðstæður var góður andi í skólanum, allir lögðu sig fram, enda þátttakendur í einhverju nýju og þar með einstöku, og ákveðnir í því að láta ekkert koma í veg fyrir að skólinn festi sig í sessi. Það var landnemabragur á hlaupabrautinni og mikil samstaða manna í meðal. Samþykkt teikning að glæsilegu skólahúsi lá fyrir og engan óraði fyrir öðru en nýja húsið væri handan við hornið. Skólameistarinn var ákafamaður, afdráttarlaus foringi sem vildi keyra hlutina áfram, hvatti sitt lið til dáða og blés því í brjóst á hlaupunum, svo engum datt í hug að draga af sér til að hlutirnir gengju sem best.<sup>225</sup>

En þó búið væri að ákveða hvar og hvernig hús ætti að byggja tók við bið eftir fjárveitingum til að hefja framkvæmdir. Þetta reyndi á þolinmæðina, því allt tekur sinn tíma í kerfinu, og Heimir tók þá ákvörðun að hætta sem skólameistari, m.a. vegna þess að hann sá ekki fram á að skólinn risi á næstu árum. Hann var búinn að leggja á sig mikla vinnu, og mikið hafði áorkast á þessum tveimur árum, en alls óvíst var með efndir um

---

<sup>222</sup> Sama heimild, 67.

<sup>223</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson, *viðtal við höfund*, 24. júní, 2011.

<sup>224</sup> Viðtal við Hjört Þórarinsson.

<sup>225</sup> Viðtal við Ásmund Sverri Pálsson.

byggingaframkvæmdir.<sup>226</sup> Yfirstjórn skólans var í tveimur herbergjum í sk. Brunabótarhúsi, sem hýsir nú m.a. Arionbanka á Selfossi, skrifstofan í öðru, kennarastofa og tvær kennslustofur, en önnur starfsemi á víð og dreif um bæinn.

Auglýst var staða skólameistara og Þór Vigfússon ráðinn úr hópi sjö umsækjenda. Hann stýrði skólanum í eitt ár en fór í námsleyfi skólaárið '84-'85. Það ár gegndi Þorlákur Helgason stöðu skólameistara. Þór kom úr leyfi að loknu námi og stýrði skólanum fram í febrúar 1994. Þorlákur var öllum hnútum kunnugur og þráðurinn slitnaði því ekki. Unnið var áfram af fullum krafti við að þrýsta á um húsnæði, en vegna fjölgunar nemenda þrengdi sífellt að starfseminni. Margar hindranir voru í veginum og margir fundirnir sem þurfti að sækja í ráðuneytið. Ekki síst vegna þess að um var að ræða nýstárlega byggingu og gera þurfti allskyns rannsóknir, meðal annars á jarðskjálftapoli hennar. Heimamenn voru hins vegar aldrei efins um húsið því arkitektinn, dr. Maggi Jónsson, útskýrði alla hluti mjög vel á þeim vettvangi og sannfærði bæði starfsfólk, skólanefnd og eigendur skólans um ágæti hönnunarinnar og hvernig hún myndi hegða sér í jarðskjálfta. Sönnur hafa enda tvívegis fengist á jarðskjálftapolið síðan.<sup>227</sup>

Loks komst þó skriður á málin og haustið 1985 má segja að áætlanir um byggingaframkvæmdir hafi verið komnar á nokkuð beina braut. Þá var farið að gæta vaxandi þrýstings meðal starfsmanna, sem voru orðnir nokkuð móðir á hlaupunum. Ekki greip kennara þó vonleysi, einhverjir komu og fóru, eins og gengur, en þeir sem voru fluttir á staðinn og ætluðu að kenna við þennan skóla héldu út. Þeir hættu ekki út af þessum aðstæðum, andinn í hópnum var þannig að menn höfðu ekki ástæðu til þess að láta þetta fara verulega í skapið á sér og vonin var alltaf til staðar, enda vitað að glæsilegt hús ætti að rísa. Því setti enginn fyrir sig smámuni, eins og að þurfa að nota frímínúturnar til að koma sér milli húsa.<sup>228</sup>

Starfsmannavelta var lítil þessi ár, og hefur verið alla tíð. Á þrjátíu ára afmælisári er enn nokkur hópur starfsmanna sem hefur verið við skólann frá upphafi. Hinn nýi skólameistari sigldi skútunni áfram af þolinmæði og öryggi, gegnum erfiðleika og stórsjó næstu ára. Hann var afar ósérhlífinn og hafði lag á því að draga fram það besta í hverjum og

---

<sup>226</sup> Sama heimild.

<sup>227</sup> Viðtal við Hjört Þórarinsson.

<sup>228</sup> Viðtal við Ásmund Sverri Pálsson.

einum og að fá alla til að róa í sömu átt, hafði einkenni þolhlauparans og stóð sig vel í því að halda starfseminni saman á erfiðleika- og uppbyggingarskeiði.<sup>229</sup> Það auðveldaði líka hlutina að Þór hafði sömu sýn á skólastarfið og mótuð var í upphafi. Hann þekkti Sunnlendinga út og inn og hafði annað fas en fyrirrennarinn, var rétti maðurinn til að taka við einmitt þarna, þegar búið var að ýta úr vör, ákveðin óvissa í loftinu og ekki síst þörf á yfirvegum og þolinmæði. Ekki urðu því mikil skil við skólameistaraskiptin, sýnin var söm og staðfesta í því að halda út. Aldrei var nein óvissa meðal starfsmanna um stefnuna eða hvað gera skyldi, samstaða var um að ekki ætti að búa til hefðbundinn bóknámsskóla heldur að gera verknámi hátt undir höfði. Þessi áhersla kom jafnt frá yfirmönnum skólans, skólanefnd og eigendum.<sup>230</sup>

Starfsandi í stofnun sem þessari kemur ekki af sjálfu sér. Hann skapast af því hvernig til er sáð í upphafi. Stjórn skólans var í góðum höndum og þetta var nýtt og gefandi verkefni, brautryðjendastarf sem gerði hópinn samhentan. Stór hluti kennaranna sem réðist til skólans á þessum árum var af sömu kynslóð, á ungum aldri, og það var sami kjarninn sem hélt út. Allt þetta lagðist á eitt um það að góður andi skapaðist:

Tíðarandinn á þessum árum var líka þannig að menn voru svona hugsjónamenn, svolitlir hugsjónaglópar að sumu leyti, og voru tilbúnir að kasta sér út í nýja hluti og ekki draga af sér. Menn komu gjörsamlega að tómum kofunum hvað kennsluefni varðar, helst að ensku- og þýskukennarar hefðu að einhverju að hverfa, en menn þurftu að semja allt námsefni jafnóðum með kennslunni þessi fyrstu ár til þess að bjarga hlutunum, og prenta þetta út á gömlu nálaprenturunum.<sup>231</sup>

Þór Vigfússon kom flestum, ef ekki öllum, á óvart með því að tilkynna samstarfsfólki sínu á fundi í skólanum haustið 1993 að hann hefði ákveðið að hætta sem skólameistari. Þá var skólahúsið Oddi, sem byggt var í tveimur áföngum, risið og merktum áfanga í sögu skólans því lokið. En grípum niður í annál aðstoðarskólameistara við útskrift haustannar 1993:

En einn kaldan og dimman morgun, 29. október, [...] kom reiðarslagið. Þór tilkynnti okkur aðstoðarstjórnendum ákvörðun sína að hætta störfum sem skólameistari. Miðvikudaginn 3. nóvember greindi Þór starfsmönnum skólans frá ákvörðun sinni. Starfsmenn voru sem þrumu lostnir. Auglýsing um stöðu skólameistara birtist síðan í dagblöðum 5. nóvember. Þrátt fyrir áskorun til skólameistara frá 500 nemendum

<sup>229</sup> Viðtal við Hjört Þórarinsson.

<sup>230</sup> Viðtal við Ásmund Sverri Pálsson.

<sup>231</sup> Sama heimild.



skólans um að segja ekki upp stöðu sinni varð engu um breytt. Þór taldi sig hafa stjórnað skólanum nógu lengi og aðrir ættu að taka við.

Ekki er þó komið að kveðjustund. Þór mun stýra skólanum áfram til 1. febrúar samkvæmt þumalputtareglunni, en Þór notar þá aðferð við að stjórna að miða þumalputtanum á tunglið og margfalda með Pí eins og hann segir sjálfur. Það gefur þá góðu raun að Þór er líklega einn ástsælasti skólameistari í landinu. Þór mun kenna áfram við skólann. 1. febrúar tekur nýr skólameistari við og hefur menntamálaráðherra með bréfi frá 13. desember [...] sett okkar besta mann, Sigurð Sigursveinsson áfangastjóra, til að taka við af besta manni okkar, Þór Vigfússyni. Þeir eru fremstir meðal jafningja. Innan skólans myndaðist góð samstaða um að hvetja Sigurð til starfans. 60 starfsmenn skrifuðu undir áskorun til Sigurðar, kennarafundur mælti samhljóða með honum og skólanefnd var einróma í sinni afstöðu.<sup>232</sup>

Eins og þarna kemur fram voru vinsældum Þórs Vigfússonar sem skólameistara lítil takmörk sett, hvort heldur var meðal starfsmanna eða nemenda. Skólanefnd bárust þjár umsóknir um stöðuna og rætt var við alla umsækjendur<sup>233</sup> en Sigurður Sigursveinsson ráðinn. Hinn nýi skólameistari hafði verið áfangastjóri skólans í átta ár þegar þarna var komið sögu og var því öllum hnútum kunnugur. Hann hafði svipaðan stjórnunarstíl og Þór, var afar vinsæll og farsæll í starfi, fljótur að koma auga á tækifærin og hikaði ekki þegar kom að því að hrinda þeim í framkvæmd. Hinn góði starfsandi sveif áfram yfir vötum þau fjórtán ár sem hann gegndi starfinu.<sup>234</sup> Sigurður tilkynnti síðla árs 2007 að hann hygðist hætta og tók Örlygur Karlsson, aðstoðarskólameistari um árabíl, við 1. febrúar 2008. Hann hafði einnig gegnt stöðu skólameistara fjórum sinnum í afleysingum: á vorönn 1989, vorönn 1997, og skólaárin 2003-2004 og 2006-2007. Örlygur er einn af þeim sem unnið hefur við skólann frá upphafi árið 1981 og þekkir hann því eins og lófann á sér. Það sama gildir um núverandi aðstoðarskólameistara, Þórarin Ingólfsson, sem einnig hefur verið við skólann frá upphafi. Því er engin hætta á því að hinn rauði þráður farsællar stjórnunar skólans slitni um sinn. Og einn af lykilmönnunum í uppbyggingu skólans, Hjörtur Þórarinsson, formaður skólanefndar frá 1981-1994, er sannfærður um gildi hans í héraði:

Fólkið sem tekur hér stúdentspróf er fjórum árum lengur í héraði og það finnur sér núna miklu heldur vinnu heima en ef það hefði þurft að fara

---

<sup>232</sup> Örlygur Karlsson, „25. annarannáll“, haustönn, 1993.

<sup>233</sup> „Fundargerðir skólanefndar“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentaðar fundargerðir, 79. fundur 9. desember, 1993).

<sup>234</sup> Viðtal við Ásmund Sverri Pálsson.

burt 16 ára og alist upp annars staðar. Félagslega hefði það þá ekkert tengst Suðurlandi. Þetta er stærsti og þýðingarmesti vinnustaður Suðurlands fjárhagslega, og menntunarlega, menning-arlega og félagslega er hann ómetanlegur, því það hafa komið svo margir inn í þennan skóla og síðan hafa áhrifin frá þeim breiðst út í allar atvinnugreinar, þannig að þetta hefur verið sterkasta vítamínsprauta sem Suðurland hefur fengið. Þetta er því ómetanleg stofnun.<sup>235</sup>

### 5.3 Oddi – Nýtt skólahús rís

Hlaupabrautin var „rétt aðeins til bráðabirgða“. Strax haustið 1980 var samþykkt í bæjarráði Selfoss að leita eftir því við dr. Magga Jónsson að hanna skólahúsið<sup>236</sup> og þegar skólinn var formlega stofnaður í apríl 1981 var Selfossbær búinn að úthluta honum lóð við Tryggvagötu, skammt sunnan við nýja verknámshúsið. Skipuð var þriggja manna nefnd til að undirbúa hönnun byggingarinnar. Í henni voru Erlendur Hálfðánarson bæjarstjóri á Selfossi, arkitektinn dr. Maggi Jónsson og nýráðinn skólameistari fyrirhugaðs skóla, Heimir Pálsson. Það kom í hlut nefndarmanna að semja forsögn fyrir bygginguna, út frá markmiðum og eðli skóla af þessu tagi, spám um nemendafjölda og skiptingu þeirra á brautir. Í nóvember 1981 lágu fyrir áætlanir sem arkitektinn gat farið að vinna úr. Fjórum mánuðum seinna lagði hann fram tvær tillögur, aðra að

þriggja hæða byggingu með stóru rými á fyrstu hæð undir geysimiklum glerhimni mót suðri, en hin sýndi tveggja hæða byggingu með hefðbundnara sniði þar sem gert var ráð fyrir kennslurými í tveimur aðskildum álmum. Báðar tillögurnar gerðu ráð fyrir 650 nemendum (ráðuneyti spáði 475), fjórskiptingu kennslurýmis í raunvísindi, tungumál, hugvísindi og listir, og kjarnafyrirkomu-lagi með miðrymi þar sem allir ættu erindi oft á dag til samveru í rúmgóðu og vistlegu umhverfi.<sup>237</sup>

Þetta var í samræmi við hugmyndir skólameistarans um nauðsyn þess að byggingin ynni gegn því eðli áfangaskólakerfisins að nemendur dreifast meira en í hefðbundnum bekkjarskólum og þar skapist síður æskileg samheldni nemenda.<sup>238</sup> Að loknum kynningarfundum um tillögurnar samþykkti bæjarstjórn Selfoss um vorið að unnið skyldi

---

<sup>235</sup> Viðtal við Hjört Þórarinsson.

<sup>236</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 23.

<sup>237</sup> Sama heimild, 26.

<sup>238</sup> Heimir Pálsson, „Skýrsla samkvæmt beiðni“, í Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla 1981-1991* (Selfossi: Fjölbrautaskóli Suðurlands, 1986), 25.

áfram með hina nýstárlegri tillögu um þriggja hæða hús<sup>239</sup> með „glerhimninum“. Það lýsti kjarki hjá sveitarstjórnarmönnum að velja þessa teikningu, í stað þess að velja hefðbundnari skólabyggingu, eitthvað sem þeir þekktu. Það var líka gott að það varð ekki ágreiningur milli bæjaryfirvalda og skólayfirvalda eða starfsmanna um bygginguna, það var samstaða um þetta og starfsfólkinu leist vel á. Úti í bæ voru eitthvað deildari meiningar og sumir áhrifamenn hétu því jafnvel að koma aldrei inn í þessa byggingu.<sup>240</sup> Fyrstu skóflustunguna tók Heimir Pálsson 23. júlí 1983 og jarðvinnu lauk 25. október sama haust. Fyrr í þeim mánuði var 2. verkþáttur boðinn út og sá þriðji tæpu ári seinna. Áætlanir gerðu ráð fyrir að fyrri áfangi hússins yrði tilbúinn fyrir upphaf skóla haustið 1986<sup>241</sup> en ýmis ljón voru enn í veginum. Farið var að þrengja ennþá meira að í húsnæði og að koma ákveðið vonleysi yfir alla línuna, að þetta gengi ekki neitt, því það stóð alltaf á fjármagni til að byggja.<sup>242</sup> Fjárlög fyrir árið 1986 urðu enn ein vonbrigðin þar sem fé til skólans var skorið við nögl og ef ekkert yrði tekið til bragðs lá fyrir að margra ára tafir gætu orðið á afhendingu hússins. Þar sem húsnæðisvandræði skólans voru orðin knýjandi, rifjar þáverandi formaður skólanefndar upp, gripu eignaraðilar skólans í héraði til sinna ráða

og þá er tekið stóra stökkið í fjármálum, þá samþykkja sýslunefndirnar og Selfossbær að tekið sé 50 milljóna lán og svo yrðu skuldabréfin seld jafnóðum til að greiða byggingarkostnaðinn og svo var búið að samþykkja að ríkið myndi koma á eftir og borga þetta upp. Ég fór suður og ég var þrjá klukkutíma að skrifa undir þessi 500 skuldabréf, upp á 100 þúsund hvert.<sup>243</sup>

Þessi lántaka var á þeim tíma algert nýmæli varðandi skólabyggingar á Íslandi. Það þurfti að ná saman þremur sýslum með 37 sveitarfélögum, sem höfðu öll fulla vitund um þróun mála þó ákvarðanirnar væru formlega teknar í gegnum sýslunefndirnar. Skipting kostnaðar milli aðila fór bæði eftir íbúafjölda og fjarlægð frá skólanum. Síðan hafa þessir aðilar greitt til skólans jafnt og þétt samkvæmt þessari skiptingu og skólinn nýtur þess að grunnurinn var alheill frá upphafi, frá sveitarstjórnunum, í gegnum sýslunefndirnar og inn í skólanefndina. „Skólinn er því byggður á mjög sterku samstarfi, það er grundvöllur hans,

---

<sup>239</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 26-27.

<sup>240</sup> Viðtal við Ásmund Sverri Pálsson.

<sup>241</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 27.

<sup>242</sup> Viðtal við Hjört Þórarinsson.

<sup>243</sup> Sama heimild.

þetta sterka og heila samstarf“.<sup>244</sup> Og sveitarfélögin hafa haft þessa fyrirhyggju alla tíð síðan, lagt í sjóð til að geta brugðist við þegar á þyrfti að halda.<sup>245</sup>

Áætlunin gekk eftir, og þó ekki tækist að hefja kennslu á haustönn 1986 í fullfrágengnu húsi var skólinn settur þar innan dyra um haustið og kennt frá upphafi vorannar 1987. Enn var þó bæði samkomusalur skólans og miðrymið óklárað, en hvort tveggja var komið í gagnið á vorönn 1988. Nú verður að minna á það að þó verkið væri hafið var það aðeins hálfnað. Fullklárað var húsið hannað fyrir 650 nemendur en þegar haustið 1989 innrituðust 600 nemendur í hálfbyggðan skólann. Til þess að endurvekja ekki hlaupabrautina voru settar bráðabirgðakennslustofur á lóð skólans, kennt í hverju skúmaskoti Odda, í Selinu, sem er skrifstofu- og félagsaðstaða HSK og Sambands sunnlenskra kvenna við ípróttavöllinn á Selfossi, og Oddhóli, sem var vinnuskúr byggingaverktaka skólans, en notaður til kennslu eftir að framkvæmdum lauk að mestu.<sup>246</sup>

Á vormánuðum 1990 sá skólanefnd ástæðu til að bóka að þar sem nemendafjöldi hafi verið orðinn nálægt þeirri „tölu sem upphaflega var talin hæfileg í fullbyggðan skólann, telur skólanefnd F.Su. mjög brýnt að hafist verði nú þegar handa um byggingu seinni hluta skólans“ og samþykkti jafnframt sjö milljóna framlag næsta fjárhagsár til hönnunar á seinni hlutanum.<sup>247</sup> Glíman við fjárveitingavald ríkisins virðist ekki hafa verið jafn langdregin í þetta sinn eins og í upphafi því þann 8. apríl 1991 var skrifað undir fjármögnunarsamninginn og byggingarnefnd falið að undirbúa útboð. Ákveðið var að kostnaðarskipting milli heimaaðila vegna stofnkostnaðar yrði sú sama og við byggingu fyrri áfangans.<sup>248</sup> Samningurinn hljóðaði upp á 322 milljónir króna og var undirritaður af fulltrúum Selfoskaupstaðar, Héraðsnefndar Árnessýslu, Héraðsnefndar Rangárvallarsýslu, Héraðsnefndar Vestur- Skaftafellssýslu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra. Allir þingmenn Suðurlands voru með í ráðum en Þór Vigfússon skólameistari og dr. Maggi Jónsson arkitekt unnu aðallega að gerð samningsins. Fullgert var húsið hannað fyrir 600-650 nemendur en næstu önn fyrir undirritunina, haustönn 1990, voru 625 nemendur í hálfu húsinu. Þörfin var því brýn og „var undirritun samningsins ekkert stundaræði manna rétt fyrir kosningar heldur nauðsynlegur og skynsamlegur þáttur í

---

<sup>244</sup> Sama heimild.

<sup>245</sup> Viðtal við Ásmund Sverri Pálsson.

<sup>246</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 27-31.

<sup>247</sup> „Fundargerð 61. fundar skólanefndar“, 10. apríl, 1990.

<sup>248</sup> Sama heimild, „67. fundur“, 4. maí, 1991.

þróun skólamála á Suðurlandi“.<sup>249</sup> Útboð fór fram samkvæmt áætlun og samþykkt var að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Sigfús Kristinsson, byggingameistara á Selfossi.<sup>250</sup>

Framkvæmdir af þessu tagi eru ekki hristar fram úr erminni og rekstrarstjórn þeirra ekki unnin í hjáverkum. Engir erfiðleikar komu þó upp varðandi rekstur byggingaframkvæmdanna. Erlendur Hálfðánarson, fyrrverandi bæjarstjóri á Selfossi, hélt utan um þau mál allan tímann. Guðmundur Sigurðsson var formaður bygginganefndar og Guðmundur Kr. Jónsson eftirlitsmaður, þannig að öflugir menn voru á öllum þóstum og hjálpuðust að. Þó kom upp ágreiningur milli byggingarnefndar og verktaka varðandi bygginguna, meðal annars ábyrgð vegna uppsetningar á glerþaki, og endaði deilan fyrir gerðardómi. Einng féll einn gluggahlerinn niður á gólfið í miðrymi skólans í upphafi annar haustið 1993. Sem betur fer var enginn staddur í húsinu þegar það gerðist. Miklar umræður urðu um „gluggahleramálið“. Skólanefnd, starfsmannafélagið, arkitektar, verkfræðingar, burðarþolshönnuðir, byggingafulltrúi Selfossbæjar og fleiri tóku þátt í henni. Deilt var um ábyrgð og hvort um væri að ræða handvömm við límingu og uppsetningu eða galla í hönnun gluggahlerafestinganna.<sup>251</sup> Hvað sem öðru líður voru hlerarnir allir teknir niður og límdir upp á nýtt og hafa verið til friðs síðan.

Einhver núningur varð einnig vegna kostnaðar. Á tímabili þótti byggingarkostnaður fara of langt fram úr áætlun og þá var ákveðið að skipa í stað byggingarnefndar fámennt fjárhagsráð með beinni aðild eigendanna, Selfossbæjar og héraðsnefndanna, sem þá voru komnar í stað sýslunefnda, til að hafa umsjón með lokafjármögnun byggingaframkvæmda.<sup>252</sup> En „þegar stórvirki af þessu tagi rís er ekki við því að búast að allt gangi í logninu.“<sup>253</sup>

Haustið 1994 varð langþráð breyting á högum nemenda og starfsmanna skólans því þegar kennsla hófst var Oddi fullrisinn. Húsið var afhent þann 1. ágúst, eins og áætlanir höfðu gert ráð fyrir, og fluttist þá kennsla úr Selinu og Gesthúsum, Hallanda, Halakoti, Suðurkoti og Norðurkoti og vinnuskúrnum Oddhól, sem hýst hafði kennslu í fatasaumi.

---

<sup>249</sup> Örlygur Karlsson, 20. annarannáll“, vorönn 1991.

<sup>250</sup> „Fundargerð 74. fundar skólanefndar“, 24. júní 1992.

<sup>251</sup> Sama heimild, „77. fundur“, 14. september, 1993, „78. fundur“, 19. nóvember, 1993 og „80. fundur“, 16. febrúar, 1994.

<sup>252</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar, 28. ágúst, 2011.

<sup>253</sup> Viðtal við Hjört Þórarinsson.

Nemendur fengu nýja kaffiteríu, nemendaráð skrifstofu og fundaherbergi, húsvörður stjórnstöð, raungreinakennarar glansandi fínar tilraunastofur, glæsilegt kennslueldhús var tekið í notkun, auk sérgreinastofa fyrir fatagerð og fatahönnun, myndlist og iðnteikningu, og þannig mætti áfram telja. Allar þessar stofur voru hannaðar í samráði við kennara í hverri grein. Vítt þótti til veggja og hátt til lofts í miðrýminu undir glugganum stóra og fékk það nafnið Loftsalir. Þar voru líka gryfjur í gólfi sem fengu nöfnin Laut og Leynir og hugsaðar sem afdrep fyrir nemendur.<sup>254</sup>

Sunnudaginn 11. september 1994 var haldin vígsluhátíð Odda. Fyrirverandi samstarfsmenn við stjórn skólans, Þór Vigfússon skólameistari 1983-1994 og Hjörtur Þórarinsson formaður skólanefndar 1981-1994, skipulögðu og stjórnðu hátíðinni sem fór hið besta fram:

Ekki er vitað um nákvæman fjölda gesta þennan dag en ýmislegt er vitað um gjörðir þeirra. Auk þess að hlusta á ræður og ávörp og skoða húsið borðuðu þeir 18 marsípantertur, 23 rjómatertur, 27 djöflatertur, 900 kleinur, 350 stk. flatkökur (heilar) og smurðar með 3 kg af smjörva og hangikjötssneiðarnar ofan á flatbrauðinu voru 1575. Með þessu drukku gestirnir 140 lítra af safa, 18 lítra af mjólk og 900 bolla af kaffi eða 4,5 kíló. Ekki sáum við á eftir matnum ofan í gestina en hvað segir Ríkisendurskoðun um málið?<sup>255</sup>

Ekki var nóg með að heimamenn væru ánægðir með skólahúsið sitt heldur fékk arkitektinn, dr. Maggi Jónsson, Menningarverðlaun DV fyrir byggingarlist fyrir hönnun Odda.<sup>256</sup>

Þó rík ástæða væri til að gleðjast á þessum tímamótum var fullnaðarsigur samt ekki unninn. Enn átti eftir að ljúka frágangi bókasafnsins og samkomusalarins innandyra sem og nánasta umhverfis og lóðar, og nokkuð vantaði af búnaði í húsið. Strax haustið 1995 var húsnæði skólans „gjörnýtt til kennslu“.<sup>257</sup> Bókasafnið var vígt 24. febrúar 1996, að viðstöddum menntamálaráðherra sem klippti á borða,<sup>258</sup> og um sumarið var bæði unnið inni við frágang samkomusalarins og við hellulagnir utandyra.<sup>259</sup>

---

<sup>254</sup> Örlygur Karlsson, „26. annarannáll“, vorönn 1994 og „27. annarannáll“, haustönn 1994.

<sup>255</sup> Sömu heimildir.

<sup>256</sup> Örlygur Karlsson, „28. annarannáll“, vorönn 1995.

<sup>257</sup> „Fundargerð 88. fundar skólanefndar“, 8. september, 1995.

<sup>258</sup> Örlygur Karlsson, „30. annarannáll“, vorönn 1996.

<sup>259</sup> „Fundargerð 91. fundar skólanefndar“, 13. maí, 1996.

Nemendum fjölgaði jafnt og þétt og við upphaf haustannar 2002 hófu 813 nemendur nám í dagskóla. Húsnæði skólans var þá löngu sprungið enn einu sinni og varð að byrja að kenna aftur í Selinu. Hjúkrunin var þá kennd í gluggalausum herbergi í kjallara Odda, samkomusalurinn nýttur til kennslu stórra hópa í kvikmyndasögu, íslensku og náttúruvísindum. Þegar þarna var komið sögu hylti undir byggingu íþróttahúss á lóð skólans, þar sem fyrirhugað var að hafa almennar kennslustofur, auk íþróttasalár.<sup>260</sup>

Sumarið 2007 var töluvert unnið að endurbótum innandyra í Odda. Starfsmannaeldhús og matstofa voru stækkuð, bóksalan flutt úr kjallara í vistlegra húsnæði í austurendanum á fyrstu hæð, anddyrið stækkað til muna og aðstaða ræstingafólks flutt á rýmra svæði í kjallara. Að auki hefur auðvitað verið unnið að viðhaldi innan- og utanhúss eftir föngum.<sup>261</sup>

Þó íþróttahús risi, og væri tekið í notkun haustið 2004 með sjö kennslustofum, var skólinn enn kominn í húsnæðisþröng haustið 2006. Þá var komið að verknáminu að sprengja utan af sér, og hafið var nýtt stríð, barátta fyrir fjármagni til að byggja við Hamar, sem enn sér ekki fyrir endann á.<sup>262</sup>

Oddi stendur í hjarta Selfossbæjar, stolt Sunnlendinga, minnismarki um kjark og framsýni eigenda sinna og listfengi skapara síns. Húsið vekur óskipta athygli og í hvert skipti sem erlendir gestir koma í heimsókn dást þeir að skólahúsnæðinu sem Sunnlendingar hafa búið nemendum sínum og starfsmönnum.<sup>263</sup>

## 5.4 Skólaakstur

Stofnun fjölbrautaskóla á Selfossi, á grunni iðnskólans, framhaldsdeilda gagnfræðaskóla á Suðurlandsundirlendinu og öldungadeildar í Hveragerði, var samvinnuverkefni Árnesinga, Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, þó skólinn hafi fyrstu tvö árin verið í eigu Selfosskaupstaðar og ríkisins. Upptökusvæði skólans frá upphafi var Suðurland allt og hann hefur alla tíð verið allt í senn heimangönguskóli Selfyssinga, heimanakstursskóli nærsveitunga og heimavistaraskóli þeirra sem um lengri veg þurfa að fara, eða kjósa frekar að dvelja á skólastað og leigja þar vistarverur en að ferðast daglega í skólabíl. Að loknum fyrsta

<sup>260</sup> Þórarinn Ingólfsson, „Annálar aðstoðarskólameistara“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentaðar skýrslur, 2002-2011, 43. annarannáll, haustönn, 2002).

<sup>261</sup> Sama heimild, „53. annarannáll“, haustönn 2007.

<sup>262</sup> Sama heimild, „51. annarannáll“, haustönn 2006.

<sup>263</sup> Sama heimild, „59. annarannáll“, haustönn 2010.

áratugnum í starfi skólans voru um 40% nemenda með lögheimili á Selfossi, um þriðjungur kom daglega með skólabílum og um 20% leigði sér húsnæði á Selfossi.<sup>264</sup> Á haustönn 2010 voru 969 skráðir dagskólanemendur í skólanum og skipting þeirra þannig, eftir póstnúmerum lögheimila, að rúm 38% voru frá Selfossi, tæp 10% frá Hveragerði, tæp 6% úr Þorlákshöfn og Ölfusi, um 5,5% frá Stokkseyri og Eyrarbakka, um 16,5% annars staðar úr Árnessýslu, rúm 8% frá Hellu og nærsveitum, rúm 6% frá Hvolsvelli og nærsveitum, tæp 1,5% af svæðinu frá Vík í Mýrdal að Höfn í Hornafirði og rúm 4% annars staðar að af landinu. Rúm 76% nemendanna eru því Árnesingar, 14,5% Rangæingar og 1,5% úr Skaftfellssýslum.<sup>265</sup>

Fulltrúar Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í skólanefnd iðnskólans höfðu í áratug fyrir stofnun fjölbrautaskólans lagt áherslu á nauðsyn heimavistar á Selfossi og skólaakstur var mikilvæg forsenda fyrir því að þeir gengu til samstarfs um eignaraðild að fjölbrautaskólanum 1983. Frá upphafi var ekið daglega til og frá sex þéttbýlisstöðum: Þorlákshöfn um Hveragerði, Eyrarbakka og Stokkseyri, Hvolsvelli um Hellu,<sup>266</sup> og haustið 1990 var einni leið bætt við, um Hreppa og Skeið frá Flúðum.<sup>267</sup> Að auki var ekið með nemendur í efstu bekkjum grunnskóla í skóla á Selfossi úr nágrennasveitarfélögum í Flóanum og nýttust þær ferðir einnig nemendum á framhaldsskólastigi. Breyting varð á akstursleiðum úr vestri með tilkomu Óseyrarbrúar en þá styttist leiðin úr Þorlákshöfn töluvert.<sup>268</sup> Haustið 2006 bættist ein leiðin enn við þegar farið var að aka frá Reykholti til að þjónusta nemendur í Biskupstungum og Grímsnesi.<sup>269</sup>

Í upphafi var samið við rútuþyrirtæki um skólaaksturinn án útboðs. En kostnaðurinn var það mikill að ráðuneytið gerði skýlausa kröfu um að leitað yrði hagkvæmni í þessum rekstrarþætti skólans og aksturinn var boðinn út að loknu fyrsta skólaárinu. Við það lækkaði kostnaðurinn stórlega. Aftur var boðið út 1984 og þá var allur aksturinn undir. Útboðið olli deilum, því málið snerist ekki bara um að koma krökkum í skólann, heldur líka um hagsmuni atvinnuþyrirtækja í héraði. Sérleyfisbifreiðar Selfoss, SBS, buðu lægra verð en Austurleið,

---

<sup>264</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 32.

<sup>265</sup> „Dagskólanemendur á haustönn 2010 eftir póstnúmerum (lögheimili)“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands, óprentað minnisblað, 2010).

<sup>266</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 31-32.

<sup>267</sup> „Fundargerð 65. fundar skólanefndar“, 13. nóvember, 1990.

<sup>268</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 31-32.

<sup>269</sup> Þórarinn Ingólfsson, „51. annarannáll“, haustönn 2006.



fyrirtæki Rangæinga, og það skapaði hagsmunaárekstra og erfiðleika í samskiptum sem tíma tók að greiða úr. Inn í þetta blandaðist líka sérleyfi Vegagerðarinnar á hinum ýmsu leiðum, og dæmi voru um að sérleyfisbílar og skólabílar ækju sömu leið á sama eða svipuðum tíma, og sæti því stundum illa nýtt.<sup>270</sup> Fleiri útboð skólaaksturs hafa valdið titringi, t.d. útboð árið 1998, sem farið var í að kröfu menntamála-ráðuneytisins,<sup>271</sup> og 2005 er skólaakstur var tengdur sérleyfisakstri í útboði Vegagerðarinnar. Samið var við Guðmund Tyrfingsson ehf. / Hópbílaaleiguna sem tók við akstri um áramótin 2005-2006.<sup>272</sup>

## 5.5 Heimavist

Alla tíð hafa nemendur leigt húsnæði „úti í bæ“ á Selfossi, eða notið þess að búa hjá ættingjum á staðnum. Aðrir bjuggu á Hótel Þóristúni, sem frá stofnun skólans varð óformleg heimavist, þar til árið 1989 að eignaraðilar fjölbrautaskólans keyptu hótelið og ráku það síðan sem heimavist fyrir 28 nemendur.<sup>273</sup>

Þegar húsnæðismál skólans voru hvað mest í brennidepli á hlaupabrautarárunum komu fram hugmyndir um lausn sem fólst í því að hanna og byggja heimavistarhús, sem nýtt yrði til kennslu þar til hið eiginlega skólahús loks risi, en þá tekið til sinna ætluðu nota. Þorlákur Helgason, starfandi skólameistari í leyfi Þórs Vigfússonar skólaárið 1984-1985, fékk leyfi í menntamálaráðuneytinu til að teikna frumdrög að þessu húsi, sem nefnt var „millilendingin“ manna í meðal. Þó skólanefnd ályktaði um vorið að full þörf væri orðin fyrir heimavist við skólann, urðu þessar hugmyndir ekki að veruleika, enda komst um þetta leyti skriður á mál varðandi byggingu Odda, og því horfið frá bráðabirgðalausnum um skólahúsnæði.<sup>274</sup>

Haustið 1988 voru heimavistarmálin til umræðu á fundi skólanefndar með starfsmönnum skólans. Þar kom fram að beiðni hafði verið send til menntamálaráðuneytisins um að kaupa hús á Selfossi fyrir u.þ.b. 25 nemendur og það væri mun hagkvæmari kostur en nýbygging. Einnig stóð til að leigja íbúðarhús að Starengi 1 fyrir heimavist en könnun leiddi í

---

<sup>270</sup> Viðtal við Hjört Þórarinsson.

<sup>271</sup> „Fundargerð 100. fundar skólanefndar“, 3. apríl, 1998.

<sup>272</sup> Sama heimild, „129. fundur“, 12. desember, 1995.

<sup>273</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 31-32.

<sup>274</sup> Sama heimild, 27-28.

ljós að einungis 5 nemendur höfðu áhuga á því að leigja þar og því var hætt við þann kost. Seinna um haustið er rætt í skólanefnd um hugsanleg kaup á Hótel Þóristúni fyrir heimavist og snemma árs 1989 fékkst heimildarákvæði í fjárlögum til að kaupa hótelið.<sup>275</sup> Á haustönn rak skólinn eigin heimavist í fyrsta sinn. Þá voru 27 nemendur á vistinni, sem samanstóð af húsinu Þóristúni 1 á Selfossi og bakhýsi á lóðinni, sem kallað var „Langavitleysa“.<sup>276</sup>

En það var ekki bara sælan ein að reka og bera ábyrgð á heimavist. Skólameistari kvartar við skólanefnd strax vorið 1990 yfir því að með ólíkindum sé hvað líta þurfi mikið til með vistarbúum á kvöldin og um helgar og nefndin samþykkir tillögu hans um að ráðin verði sérstök gæslumanneskja vegna þessa. Strax það haust voru þreifingar við Hótel Selfoss um að taka yfir rekstur vistarinnar og 1992 var samið við hótelið um leigu húsnæðisins með því skilyrði að nemendum yrði tryggt húsnæði þar á sambærilegum kjörum og tíðkast hafði. Var þetta tilraun til að koma betri skikk á málin, en rekstrarkostnaður, sem þá var tæpar 2 milljónir á ári, umgengni, lifnaðarhættir og námsárangur vistarbúa olli áhyggjum.<sup>277</sup> Ekki hafði breytt rekstrarfyrirkomulag afgerandi áhrif til batnaðar á umgengni og agamál, en þó var talið til bóta að Júðódeild Umf. Selfoss tók að sér gæslu um helgar veturinn 1993-1994. Rekstrarsamningurinn sparaði þó ríkinu 2 milljónir á ári þannig að til einhvers var barist.<sup>278</sup>

Áhyggjur af heimavistarmálum snerust einnig um húsnæðisþörfina og bárust inn á aðalfund SASS sem ályktaði um málið. Skólayfirvöld töldu að þörf væri á um 70 nemenda heimavist og því var beint til héraðsnefnda að tilnefna fulltrúa í nefnd sem ynni að málefnum heimavistar skólans. Þá bárust kvartanir frá nemendum þess efnis að þeim þætti leigan há og maturinn dýr. Skólanefnd hugðist gera könnun meðal nemenda á raunverulegri þörf og einnig að kynna sér aðstæður á heimavistum annars staðar til samanburðar.

Nýr rekstraraðili tók við Hótel Selfossi 1998 og náðust samningar við hann um áframhaldandi rekstur hótelsins á heimavistinni. Töluverðar endurbætur voru gerðar á vistinni þá um sumarið svo ástand þess batnaði og næstu sumur var unnið áfram að viðhaldi

---

<sup>275</sup> „Fundargerð 52. fundar skólanefndar“, 28. september, 1988, „53. fundar“, 21. nóvember, 1988 og „55. fundar“ 21. mars, 1989.

<sup>276</sup> Örlygur Karlsson, „16. annarannáll“, vorönn 1989 (að hausti).

<sup>277</sup> „Fundargerð 62. fundar skólanefndar“, 12. maí, 1990, „64. fundar“, 29. ágúst, 1990, „72. fundar“ 4. febrúar, 1992 og „73. fundar“, 9. maí, 1992.

<sup>278</sup> Sama heimild, „76. fundur skólanefndar, 8. maí, 1993 og 80. fundur, 16. febrúar, 1994.

húsnæðisins. Hótelið sagði hinsvegar upp leigusamningnum og hætti rekstri vistarinnar vorið 2001. Þá tók skólinn við og rak heimavistina sjálfur næstu árin.<sup>279</sup>

Vorið 2002 tók skólanefnd ákvörðun um að auglýsa eftir samstarfsaðilum um rekstur heimavistar, hætta rekstrinum í Þóristúni 1 og selja húsið ef þær áætlanir gengju eftir. Tveir aðilar brugðust við auglýsingum, annars vegar aðilar í Hveragerði um rekstur heimavistar þar í bæ og hins vegar JÁ-verktakar á Selfossi. Ákveðið var að semja við JÁ-verktaka, samningar við þá finpússaðir haustið 2003<sup>280</sup> og í október voru undirritaðir tveir samningar vegna nemendagarða, annars vegar milli menntamálaráðuneytisins og fjölbrautaskólans um rekstrarframlag og hins vegar leigusamningur milli skólans og fyrirtækisins „Árfoss ehf.“ Nýju nemendagarðarnir risu að Eyravegi 26-28 á Selfossi og þar eru 32 tveggja manna smábúðir. Þarna var tekið stórt framfaraskref. Auk þess að heimavist skólans rúmaði nú um þrefalt fleiri var flutt úr gömlu og lúnu húsnæði í glænýtt.<sup>281</sup>

Þessi framkvæmd var algert nýmæli. Hingað til höfðu ríki og sveitarfélög lagt fé til byggingar heimavista en í ljósi þess að ríkið hafði um árabíl verið ófánlegt til slíks, að undanskilinni byggingu nemendagarða við framhaldsskólana á Akureyri, tókst skólanum að hrinda þessu í framkvæmd með fyrrgreindu samkomulagi við einkaaðila án þess að nokkurt opinbert fé færi í bygginguna.<sup>282</sup>

Frá því samningar voru undirritaðir liðu rúm tvö ár þar til flutt var inn í nýju heimavistina, í byrjun janúar 2005, en skólanefnd hafði þá samþykkt reglur um aga, umgengni og öryggismál.<sup>283</sup> Nemendagarðarnir fengu nafnið „Fosstún“ og ráðin voru sem húsfreyja og húsbóndi mæðginin Soffía Sigurðardóttir og Andrés Rúnar Ingason.

Fyrstu önnina bjuggu 28 nemendur í Fosstúni en þeim fjölgaði í 55 strax næstu önn á eftir. Góð áhrif á nýtinguna hafði nýstofnuð körfuboltaakademía skólans, en nemendur hennar voru flestir langt að komnir og bjuggu á vistinni.<sup>284</sup> Á haustönn 2006 voru 43

---

<sup>279</sup> Sama heimild, 96. fundur“, 29. maí, 1997, „100. fundur“, 3. apríl, 1998, „101. fundur“, 8. september, 1998 og „109. fundur“, 16. maí, 2001.

<sup>280</sup> Sama heimild, „113. fundur skólanefndar“, 17. maí, 2002, „114. fundur“ 13. júní, 2002, „117. fundur“ 26. febrúar, 2003 og „120. fundur“ 17. september, 2003.

<sup>281</sup> Þórarinn Ingólfsson, „45. annarannáll“, vorönn 2003.

<sup>282</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar, 28. ágúst, 2011.

<sup>283</sup> „Fundargerð 125. fundar skólanefndar“, 13. desember, 2004.

<sup>284</sup> Þórarinn Ingólfsson, „48. annarannáll“, vorönn 2005 og „49. annarannáll“, haustönn 2005.

einstaklingar á görðunum<sup>285</sup> en haustið 2008 voru þeir flestir, eða 58 og vistarbragur góður.<sup>286</sup> Síðan hefur íbúum á vistinni fækkað jafnt og þétt. Á vorönn 2011 voru þar aðeins 36 leigjendur og fyrir haustönn 2011 höfðu rúmlega 30 manns sótt um dvöl á vistinni.<sup>287</sup>

Þóristún 1 var keypt 1989 og selt daginn fyrir útskrift vorið 2005, eftir 16 ára þjónustu sem heimavist fjölbrautaskólans.<sup>288</sup> Samtvinnuð saga hússins og skólans nær þó allt til upphafs hans árið 1981, þó Hótel Þóristún hafi verið rekið þar í annarra umsjá fyrstu 8 árin. Nemendur skólans leigðu því gistaðstöðu í húsinu og „Lönguvitleysu“ í 24 ár, og á þeim tíma gekk sannarlega á ýmsu. Með Fosstúni komust húsnæðismál heimavistar í betra horf eftir mikla leit að ásættanlegum lausnum, fundahöld á mörgum stjórnarsýslustigum, andvökunætur og áhyggjur skólayfirvalda og síðast en ekki síst, sjálfsagt margar gleðistundir vistarbúa.

Þrátt fyrir jákvæða þróun að þessu leyti er þó ljóst að hálfótóm vistin er rekin með tapi þar sem kostnaður við leigu húsnæðisins og gæslu er allt of mikill miðað við það sem kemur inn í leigutekjur.<sup>289</sup> Heimavistarmál munu því að óbreyttu valda stjórnendum skólans höfuðverk í nánustu framtíð.

## 5.6 Iðá

Framan af níunda áratugnum var Fjölbrautaskóli Suðurlands í standandi húsnæðisvand-  
ræðum. Verknámið átti sinn samastað í Hamri sem iðnskólinn lagði með sér inn í nýja stofnun en bóknámið var á hrakhólum um allan bæ. Mest orkan fyrsta einn og hálfan áratuginn fór í það að koma upp bóknámshúsinu Odda og ljúka báðum áföngunum. Þrátt fyrir áfangasigra virtist húsnæðisvandi vera eilíft hlutskipti. Nemendafjölgun var slík að hver nýr áfangi var í raun yfirfullur áður en hann var tekinn í notkun og má til dæmis um þetta nefna að þegar samningar um byggingu íþróttahúss lágu fyrir, en áður en framkvæmdir hófust, var þegar farið að togast á um „viðbygginguna“.

Íþróttir eru ein af þeim námsgreinum sem þurfa mjög sérhæft húsnæði. Fjölbrautaskólinn fékk frá upphafi inni í íþróttahúsi Gagnfræðaskólans á Selfossi, sem tekið

---

<sup>285</sup> „Fundargerð 134. fundar skólanefndar“, 21. nóvember, 2006.

<sup>286</sup> Sama heimild, „143. fundur“, 15. desember, 2008.

<sup>287</sup> Þórarinn Ingólfsson, tölvupóstur til höfundar, 18. ágúst, 2011.

<sup>288</sup> Þórarinn Ingólfsson, „48. annarannáll“, vorönn 2005.

<sup>289</sup> Þórarinn Ingólfsson, tölvupóstur til höfundar, 18. ágúst, 2011.

var í notkun rétt fyrir landsmót ungmennafélaganna á Selfossi 1978. Það er aðeins steinsnar frá Odda og nokkra metra frá verknámshúsinu Hamri, svo ekki hlutust af þessu teljandi vandræði vegna fjarlægðar eftir að meginstarfsemin var komin á sinn samastað í eigin húsnæði.

Íþróttahúsið varð þó fljótt of lítið, bæði fjölgaði fólki í bænum og starfsemi íþróttafélaga tók mikinn kipp með bættri aðstöðu. Tveir grunnskólar og fjölbrautaskóli þurftu að koma íþróttakennslu sinni fyrir á skólatíma, til kl. 16 á daginn, en eftir það tóku íþróttafélögin við fram undir miðnætti. Hver mínúta var nýtt og dugði ekki til. Allir þurftu meiri tíma í íþróttahúsinu.

Þegar leið á 9. áratuginn óx þrýstingur í samfélaginu um byggingu nýs íþróttahúss og í janúar 1988 hreyfði ungmennafélagið á staðnum því við skólameistara að fjölbrautaskólinn byggði íþróttaskemmu í samvinnu við félagið. Jón Guðbrandsson, skólanefndarmaður og bæjarfulltrúi á Selfossi, var skipaður af hálfu skólans í nefnd til viðræðna við félagið.<sup>290</sup> Þrýstingur og áhugi um þetta var ekki aðeins „úti í bæ“ heldur nokkur óþreyja innan skólans líka. Íþróttakennararnir töldu á þessum tíma að nemendur þeirra fengju aðeins um 60% af lögbundinni kennslu,<sup>291</sup> og á fundi skólanefndar með starfsfólki um haustið var spurt um íþróttahússmálið. Skólameistari upplýsti fundarmenn um að til tals hafi komið að bæjarsjóður tæki þátt í byggingunni, m.a. vegna þess að hluti heimsmeistaramóts í handbolta færi væntanlega fram þar á staðnum.<sup>292</sup> Í upphafi árs 1989 hafði „íþróttahússnefndin“ komist að þeirri niðurstöðu að rekstur íþróttahúss bæri sig ekki nema með aðkomu opinberra aðila, þ.e. Selfossbæjar og ríkisins í gegnum F.Su. Þörfin var talin brýn og fram voru komnar hugmyndir um staðsetningu hússins á lóð skólans.<sup>293</sup> Skýrsla nefndarinnar lá fyrir haustið 1989. Niðurstaðan var að þörf væri fyrir 2500 m<sup>2</sup> hús, kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 137 milljónir króna og gert var ráð fyrir samrekstri og samnýtingu hússins.<sup>294</sup>

---

<sup>290</sup> „Fundargerð 49. fundar skólanefndar“, 26. janúar, 1988.

<sup>291</sup> Sama heimild, „51. fundur“, 24. ágúst, 1988.

<sup>292</sup> Sama heimild, „52. fundur“, 28. september, 1988.

<sup>293</sup> Sama heimild, „55. fundur“, 21. mars, 1989.

<sup>294</sup> Sama heimild, „59. fundur“, 27. desember, 1989.

Fátt nýtt gerðist í málinu næstu árin, þó það væri stöðugt til umræðu, jafnt innan íþróttahreyfingarinnar og skólans sem úti í samfélaginu. Á fundi í júní 1994 lýsti fulltrúi ríkisins í skólanefnd þeirri skoðun sinni að skólinn ætti að hafa frumkvæði að byggingu íþróttahúss á skólalóðinni, og miða það við þarfir skólans og nemenda hans. Fram kom í nefndinni sú skoðun að erfitt gæti reynst fyrir sum sveitarfélög að hefja strax nýja byggingarfrumkvæmd við skólann, enda seinni hluti Odda rétt að klárast. Samþykkt var að ræða óformlega við ríkisvaldið um kostnaðarhlutdeild og húsgerð.<sup>295</sup>

Á þeim árum sem liðu meðan þessar vangaveltur áttu sér stað minnkuðu ekki þrengslin í íþróttahúsi bæjarins. Tekinn hafði þó verið í notkun lítill íþróttasalur í iðnaðarhúsnæði við Gagnheiði á Selfossi, til að reyna að slá á sárustu þörfina. Bæjaryfirvöld óskuðu eftir því vorið 1997 að fjölbrautaskólinn færði hluta sinnar kennslu á næsta skólaári þangað inn. Af því varð ekki, enda sá salur í raun alls ófullnægjandi til síns brúks og án tækja.<sup>296</sup>

Næsta skref sem skólinn tók í málinu var stigið haustið 1998 með bréfi til eignaraðila skólans, sem fjallaði um aðstöðu til íþróttakennslu og þörf skólans fyrir nýtt húsnæði. Í kjölfarið, á vormánuðum 1999, setti menntamálaráðuneytið á stofn nefnd um byggingu íþróttahúss. Haustið 2000 virðist málið í jákvæðum farvegi, bréfaskipti áttu sér stað milli ráðuneytisins og bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar, sem orðið hafði til árið áður við sameiningu Selfossbæjar, Sandvíkurhrepps, Eyrarbakkahrepps og Stokkseyrarhrepps, og 7 milljónir króna voru eyrnamerkta á fjárlögum 2001 samkvæmt frumvarpi til undirbúnings byggingar íþróttahúss við skólann.

Heimaaðilar voru einnig jákvæðir, en nú reis sú hindrun sem erfitt reyndist að komast yfir. Samningar náðust ekki við ríkið.<sup>297</sup> Málið virtist komið í flækju, ríkið vildi helst byggja leikfimiús fyrir skólann en heimaaðilar vildu byggja stærra, hús sem nýttist öllu samfélaginu, sívaxandi íþróttastarfi á Selfossi og í héraðinu. Auk þess var skólinn kominn í húsnæðishrak með bóklega kennslu og lagði á það áherslu að í byggingunni yrði ekki bara íþróttasalur og tilheyrandi, heldur einnig almennar kennslustofur til að bjarga málunum. Ýmsar hugmyndir voru á sveimi, meðal annars að byggja húsið í svokallaðri einkafrumkvæmd, til að hraða

---

<sup>295</sup> „Fundargerð 83. fundar skólanefndar“, 6. júní, 1994.

<sup>296</sup> Sama heimild, „96. fundur“, 29. maí, 1997.

<sup>297</sup> Sama heimild, „101. fundur“, 8. september, 1998 og 113. fundur 17. maí, 2002.

málinu og höggva á hnútinn, en skólanefnd efaðist mjög um ágæti þeirrar aðferðar<sup>298</sup> og farnar voru aðrar leiðir. Eftir töluvert streð var undirritaður samningur um byggingu íþróttahúss og viðbótarkennsluhúsnæðis föstudaginn 24. janúar 2003. Verkið skyldi vinna í svokölluðu „alútboði“ og gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Keflavíkurverktaka.<sup>299</sup>

En blekið var ekki nema í mesta lagi nýþornað á samningnum, og framkvæmdir ekki hafnar, þegar skólanefnd samþykkti að leita eftir heimild eignaraðila til þess að stækka kennsluálmú hússins.<sup>300</sup> Gert hafði verið ráð fyrir því í samningum við ríkið að byggja aðeins hluta kennsluálmunnar í fyrsta áfanga og klára hitt seinna, en verktaki hússins óskaði eftir því að fá að bjóða í þá 195 m<sup>2</sup> sem út af stóðu.<sup>301</sup> Þetta var kynnt fyrir eignaraðilum skólans. Seint sama haust barst bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem samþykkt var að taka þátt í að steypa upp fyrri áfanga viðbyggingarinnar en miða skyldi við að heildarkostnaður færi ekki yfir 13 milljónir króna. Lendingin af ríkisins hálfu varð sú að heimila sölu heimavistarinnar, Þóristúns 1, og nota 85% hluta ríkisins í andvirðinu til að fjármagna dæmið.<sup>302</sup> Sveitarfélögin samþykktu framkvæmdina fyrir sitt leyti en þurftu örlítið að hækka lán sem samþykkt hafði verið að taka, til að mæta viðbótarkostnaði upp á um fjórar milljónir.<sup>303</sup> Þar með var meginhindruninni rutt úr vegi og undirrituðu Einar Njálsson, formaður byggingarnefndar íþróttahússins og bæjarstjóri í Árborg, og Sigurður Sigursveinsson, skólameistari, samning við ríkisvaldið um þetta.

Samkeppni var haldin um nafn á íþróttahúsið. Alls barst 51 tillaga og samþykkti byggingarnefnd að velja nafnið lða,<sup>304</sup> sem þótti eiga vel við íþróttahús, auk þess að falla að þeirri hefð innan skólans að skíra byggingar og vistarverur eftir bæjarnöfnum á Suðurlandi. Haldin var vígsluhátíð laugardaginn 18. september 2004, þar sem nafngiftin var kynnt. Þrír aðilar sendu inn tillögu um þetta nafn, Bergdís Mjöll Rúnarsdóttir, nemandi skólans og systkinin Árni Sverrir, kennari við skólann, og Arndís Erlingsbörn, sem hvorugt vissi þó af tillögu hins.

---

<sup>298</sup> Sama heimild, „115. fundur“, 18. október, 2002.

<sup>299</sup> Þórarinn Ingólfsson, „44. annarannáll“, vorönn 2003.

<sup>300</sup> „Fundargerð 119. fundar skólanefndar“, 23. júní, 2003.

<sup>301</sup> „Fundargerðir Byggingarnefndar íþróttahúss F.Su.“ (Fjölbautaskóli Suðurlands: Óprentaðar fundargerðir, 5. fundur, 6. júní, 2003).

<sup>302</sup> Sama heimild, „15. fundur“, 27. apríl, 2004.

<sup>303</sup> Sama heimild, „10. fundur“, 11. nóvember, 2003.

<sup>304</sup> Sama heimild, „21. fundur“, 14. september, 2004.

Íþróttahúsið er 2700 m<sup>2</sup>, litlu stærra en íþróttahússnefnd skólans og ungmennafélagsins hafði lagt til haustið 1989, en auk íþróttasalur og því sem honum fylgir eru þar þreksalur, slökunarherbergi og sjö kennslustofur. Tvær af kennslustofunum eru leigðar til Fræðslunets Suðurlands sem einnig leigir skrifstofuaðstöðu í húsinu. Sérstofur eru fyrir íþróttir og sjúkraliðanám en einnig var í upphafi ein stofa nýtt fyrir fjölfatlaða nemendur á starfsbraut.<sup>305</sup> Þeir hafa nú fengið aðstöðu inni í Odda.

Haustið 2007 höfðu öll lán sem tengdust byggingu íþróttahússins verið greidd upp, samkvæmt fjárfestingarreikningi skólans.<sup>306</sup> Ástæðan liggur í þeirri framsýni sveitarfélaganna að greiða jafnt og þétt í byggingarsjóð skólans, allar götur frá því þau ákváðu að slá lán til að hraða framkvæmdum við fyrri áfanga Odda á 9. áratug 20. aldar, og samkvæmt þeirri kostnaðarskiptingu sem þá var ákveðin, með smávægilegum breytingum þó vegna byggingar lðu.<sup>307</sup> Þó hverjum áfanganum lyki á fætur öðrum voru sveitarstjórnarmenn samtaka um það að halda áfram að greiða í sjóðinn. Það hefur verið gæfa skólans og færa má rök fyrir því að húsnæðismál hans væru ekki í jafngóðu standi ef þessum greiðslum hefði verið hætt þegar fyrsta lánið var uppgreitt, og ráðast hefði þurft í nýjar og mun umfangsmeiri lántökur en ella við hvern nýjan áfanga. Auk þess hefur staða heimamanna verið mun sterkari að knýja á ríkisvaldið um fjárveitingar til nauðsynlegra byggingaframkvæmda, þegar þau hafa getað sýnt fram á að eiga sjálf digra sjóði til verka.

## 5.7 Hamar

Elsta bygging fjölbrautaskólans er verknámshúsið Hamar. Það var nýbygging lðnskólans á Selfossi og lagt fjölbrautaskólanum til við stofnun hans enda rann iðnskólinn þar inn í heilu lagi. Hlutur iðn- og verknáms var því í upphafi sterkur, enda eina deildin sem hafði yfir húsnæði að ráða. Næstu 25 árin stóð næstum stöðug barátta fyrir því að koma annarri starfsemi skólans undir varanlegt þak: Oddi 1 1987, Oddi 2 1994 og frágangur þar innanhúss í áföngum, bókasafnið, samkomusalurinn og fleira. Næst kom íþróttahúsið 2004 og heimavistin 2005. Á meðan þessu fór fram undu verknámsdeildirnar við sitt, allsáttar lengst

---

<sup>305</sup> Þórarinn Ingólfsson, „47. annarannáll“, haustönn 2004.

<sup>306</sup> „Fundargerð 135. fundar skólanefndar“, 9. maí, 2007.

<sup>307</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar, 28. ágúst, 2011.



af, enda öllum ljóst að ekki yrði margt gert í einu. Þó tókst að stækka húsnæði þeirra, svo lítið bar á, um nokkra fermetra sumarið 1992.<sup>308</sup>

Forsvarsmenn skólans settust þó ekki í helgan stein þegar þessir áfangar voru í höfn. Strax árið 2006, þegar héraðsnefndir og sveitarfélög höfðu náð andanum eftir íþróttahúsið, fengu þau bréf „vegna áframhaldandi fjárframlags til Fjölbautaskóla Suðurlands vegna uppbyggingar, sérstaklega vegna uppbyggingar á verknámsaðstöðu.“<sup>309</sup> Þrýst var einnig á stjórnámálamenn að beita sér til þess að fá fjármagn til frumhönnunar á fjárlögum fyrir árið 2007.<sup>310</sup> Nemendafjölgunin kallaði á stækkun verknámsaðstöðu sem var orðin allt of lítil til að anna aðsókninni<sup>311</sup> og skólameistari var óþreyttur við að vinna málinu fylgis.<sup>312</sup> Vorið 2007 féllst menntamálaráðuneytið á beiðni hans um heimild til að hefjast handa við hönnun viðbyggingar við verknámshúsið og heimamenn gerðu ráð fyrir að greiða áfram í byggingarsjóð skólans, eins og vant var. Skipaðir voru í byggingarnefnd fyrir viðbygginguna, á fundi skólanefndar um haustið, fjórir fulltrúar eignaraðila í héraði, einn fulltrúi starfsmanna, formaður skólanefndar og skólameistari.<sup>313</sup>

Vinna við rýmislýsingu og þarfagreiningu hófst í janúar og var lokið í maí 2008 en þá hófst óvissutími og bið eftir fjárveitingavaldinu. Erfitt var að knýja fram ákveðin svör, „enda þröngt í búi og því ólíklegt að mikið fjármagn fáiast í viðbyggingu á næsta ári“.<sup>314</sup> Þrátt fyrir óvissuna um framlag ríkisins voru allir fulltrúar eignaraðila í skólanefnd sammála um að greiða áfram í byggingarsjóðinn.<sup>315</sup> Haustið 2009 var sent bréf í ráðuneytið og í framhaldinu fundaði Örlygur Karlsson, skólameistari, ásamt fulltrúum sveitarfélaga og skólanefndar, í ráðuneytinu þann 19. nóvember. Á fundinum ríkti „jákvætt andrúmsloft og skilningur allra aðila á þörfum skólans fyrir aukið húsnæði í tengslum við verknámið.“<sup>316</sup> Kostnaðarskipting vegna viðbyggingarinnar var með hefðbundnum hætti, þannig að ríkið skyldi greiða 60% en

---

<sup>308</sup> Þór Vigfússon, tölvupóstur til höfundar, 18. ágúst, 2011.

<sup>309</sup> Þórarinn Ingólfsson, „52. annarannáll“, vorönn 2007.

<sup>310</sup> „Fundargerð 134. fundar skólanefndar“, 21. nóvember, 2006.

<sup>311</sup> Þórarinn Ingólfsson, „52. annarannáll“, vorönn 2007.

<sup>312</sup> Sama heimild, „51. annarannáll“, haustönn 2006.

<sup>313</sup> „Fundargerð 135. fundar skólanefndar“, 9. maí, 2007, „136. fundar“, 6. júní, 2007 og „137. fundar“, 17. október, 2007.

<sup>314</sup> Sama heimild, „142. fundur“, 19. september, 2008.

<sup>315</sup> Sama heimild, „144. fundur“, 5. febrúar, 2009.

<sup>316</sup> Sama heimild, „149. fundur“, 26. nóvember, 2009.

sveitarfélögin 40%. Af hlut sveitarfélaganna greiðir Árborg rúmlega 50%, Árnessýsla rúmlega 30% en Rangæingar og Vestur-Skaftfellingar þau tæp 20% sem eftir standa.<sup>317</sup> Á fundi skólanefnar í janúar 2010 voru lögð fram drög að samningi milli ríkisins og sveitarfélaganna um byggingarframkvæmdirnar en ekkert gerðist frekar í málinu fyrr en 20. ágúst um haustið að fulltrúar sveitarfélaganna og menntamálaráðuneytisins skrifuðu undir samninginn. Enn vantaði þó það sem úrslitum réði: undirskrift fjármálaráðuneytisins<sup>318</sup> og enn er hennar beðið. Það nýmæli hefur þó orðið að Héraðsnefnd Árnesinga samþykkti á vorkundi sínum 2011 ályktun þess efnis að „peningar sem lagðir hafa verið inn á bók vegna fyrirhugaðra framkvæmda við viðbyggingu Hamars verði greiddir aftur til sveitarfélaganna hafi ekki komið samþykki frá fjármálaráðuneyti fyrir 1. ágúst varðandi viðbygginguna“.<sup>319</sup> Á fundi í ágúst ákvað Héraðsnefnd hins vegar að fresta þessum gjörningi þar til gengið hefur verið frá fjárlögum ársins 2012 og fyrir liggur hvort þar sé að finna fjárveitingu til viðbyggingarinnar.

---

<sup>317</sup> Sama heimild.

<sup>318</sup> Sama heimild, „150. fundur“, 6. janúar, 2010 og „154. fundur“, 1. september, 2010.

<sup>319</sup> Sama heimild, „159. fundur“, 10. maí, 2011.

## 6 Útibú og deildir – Stoðþjónusta

Fjölbrautaskóli Suðurlands teygir sig yfir stórt áhrifasvæði og þarf að sinna ólíkum þörfum mismunandi svæða og þjóðfélagshópa. Skólinn er líka stór, nálægt ellefu hundruð manna vinnustaður, og nemendahópurinn afar fjölbreytilegur. Í slíkri stofnun þarf að reka margar deildir og fjölbreytta stoðþjónustu til að mögulegt sé að ná markmiðum um gott skólastarf fyrir alla.

### 6.1 Bókasafn

Eins og skýrt kemur fram í áherslum löggjafans allt frá 1970 er bókasafn, með nægum bóka- og gagnakosti ásamt góðri les- og vinnuaðstöðu fyrir nemendur, forsenda fyrir fjölbreyttu námsframboði, sveigjanlegum kennsluháttum og auknu tilliti til mismunandi þroska og hæfileika nemenda, eins og stefnt var að. Við þann húsakost sem fjölbrautaskólinn bjó fyrstu árin er augljóst að hann stóðst ekki væntingar laganna hvað þetta varðar. Iðnskólinn átti reyndar svolítið safn bóka sem honum voru meðal annars gefnar við vígslu verknámshússins, úr safni Þorsteins Thorsteinssonar vélstjóra, en um annað var tæpast að ræða og aðgangur nemenda og kennara að safnkosti á skólatíma fyrsta skólaárið því afar takmarkaður. Árið eftir fékk skólinn aðgang að Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi en skólaárið 1983-1984 voru öll rit af lesstofu þess flutt yfir í gagfnræðaskólann, sem var megin kennslumiðstöð „hlaupabrautarinnar“. Þar bættust þau við bókakost gagnfræðaskólans og þann litla vísi að bókasafni fjölbrautaskólans sem þó var til. Lesaðstaða var fyrir 15 manns og vel nýtt. Rit Bæjar- og héraðsbókasafnsins voru flutt „heim“ sumarið eftir og bókasöfn beggja skólanna samrekin til 1987 að fjölbrautaskólinn flutti í Odda.<sup>320</sup> Þar var bókasafnið í bráðabirgðaaðstöðu þar til seinni áfangi skólahússins hafði verið byggður 1994 og safnið formlega vígt í glæsilegum húsakynnum sínum 24. febrúar 1996, á degi símenntunar.<sup>321</sup>

---

<sup>320</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 35-37.

<sup>321</sup> Örlygur Karlsson, „30. annarannáll“, vorönn, 1996.

Safninu hefur stöðugt vaxið fiskur um hrygg, því hafa borist bóka gjafir frá fjölmörgum aðilum, meðal annars úr dánarbúi Hauks Böðvarssonar enskukennara frá Brennu í Lundarreykjadal sem afhent var 1986, og frá Máli og menningu á tíu ára afmæli skólans 1991. Hjörtur Þórarinnsson og Ólöf Sigurðardóttir kona hans gáfu safninu bækur og merk tímarit á sviði mennta- og uppeldismála, afkomendur Einars Pálssonar fyrrverandi bankastjóra á Selfossi gáfu einnig bækur, m.a. heimildir í Íslandssögu. Kennararnir Árni Erlingsson og Árni Blandon gáfu margar bækur, íslenskar og erlendar,<sup>322</sup> gjafir bárust úr dánarbúi Gestis Einarssonar ljósmyndara og frá Þýsk-íslenska vinafélaginu á Suðurlandi. Sigtryggur Kristinsson nemandi við skólann gaf dýrmætt steinasafn frá Grænlandi<sup>323</sup> og veturinn 2003-2004 barst safninu vegleg gjöf innbundinna tímarita frá Stefáni Sigurðssyni, fyrrum kennara.<sup>324</sup> Að lokum má geta þess að haustið 2009 gaf Björn Júlíusson skólanum veglega bóka gjöf, fjölmargar fágætar bækur á sviði sögu, náttúrufræði og íslenskra bókmennta.<sup>325</sup>

Vorið 1983 voru 960 bindi í eigu safnsins, árið 1991 voru þau orðin 3632,<sup>326</sup> við vígslu þess 1996 voru bindin orðin 8278, liðlega 120 tímarit keypt, 30 geisladiskar voru til, 118 myndbönd og hljóðsnældur í tugatali.<sup>327</sup> Skráður safnkostur bókasafnsins á 30 ára afmæli skólans er 17.500 eintök, þar af um 16.000 bækur, 750 eintök af ýmiskonar myndefni, bæði kvikmyndum og fræðsluefni, auk margvíslegs annars safnefnis.

Stærð safnsins er 207 m<sup>2</sup> á tveimur hæðum, auk kjallara, og má segja að það sé í hjarta skólahússins. Afgreiðsla þess er á neðri hæðinni, auk vinnuaðstöðu bókavarða. Þar er gott aðgengi að meginhluta safnkostsins og fjöldi lesbása fyrir nemendur og starfsfólk. Ágætis aðstaða er fyrir nemendur að vinna í borðtölvum en hin síðustu ár, með vaxandi fartölvueign nemenda, koma þeir gjarnan með sínar eigin tölvur og vinna í þeim á safninu. Í kjallaranum eru geymslur sem koma að góðu gagni þar sem safnkosturinn vex stöðugt. Aðstaða er fyrir hópavinnu í gryfju á safninu, auk þess sem nemendur notfæra sér gjarnan næði til hópavinnu í kjallaranum. Á efri hæðinni, sem aðeins er yfir hluta safnsins, eru eingöngu lesbásar.

---

<sup>322</sup> Örlygur Karlsson, „27. annarannáll“, haustönn, 1994.

<sup>323</sup> Örlygur Karlsson, „25. annarannáll“, haustönn, 1993.

<sup>324</sup> Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, tölvupóstur til höfundar, 16. ágúst, 2011.

<sup>325</sup> Þórarinn Ingólfsson, „57. annarannáll“, haustönn, 2009.

<sup>326</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 35-37.

<sup>327</sup> Örlygur Karlsson, „30. annarannáll“, vorönn, 1996.

Alla tíð hefur verið kappkostað að byggja upp fjölbreyttan og alhliða safnkost sem styður við nám og kennslu og tekur mið af námskrá og kennslumarkmiðum en afþreyingargildi þess er einnig mikilvægt og reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda á því sviði.

Mikilvægur þáttur í starfi safnsins er safnfræðsla og efling upplýsingalæsis. Safnkynningar eru haldnar fyrir alla nýnema í samstarfi við lífsleiknikennara og fræðsla um notkun íslenskra og erlendra gagnasafna hefur um árabil verið fastur liður í náttúrufræðikennslu. Nemendur fá einnig aðstoð við heimildaleit með það að markmiði að efla sjálfstæði þeirra við þá iðju, en miklu skiptir í nútíma skólastarfi að efla upplýsingalæsi nemenda, þ.e. að þeir kunni að leita að upplýsingum, vinna úr þeim og koma afrakstrinum frá sér á viðunandi hátt.

Fyrstu árin, fyrir daga tölvuvæðingar, var safnkosturinn skráður á spjöld og notendur leituðu upplýsinga í spjaldskrá. Tölvuskráning hófst upp úr 1990 og var fyrst skráð í bókasafnskerfið Metrabók, kerfi sem hefur víða verið notað í framhaldsskólum. Fyrstu árin gátu nemendur aðeins leitað í skrá safnsins í sérstakri tölvu á safninu en árið 2000 var Metrabók uppfærð í Windows útgáfu með vefaðgengi. Eftir það gátu nemendur leitað í skrá safnsins á Netinu og var það mikið framfaraskref.

Gegnir, nýtt bókasafnskerfi fyrir allt landið, var formlega tekið í notkun í maí 2003. Það kostaði mikla vinnu að undirbúa og færa skráningarfærslur úr Metrabók yfir í Gegni, endurstrikamerkja þurfti allan safnkost og um leið að passa að ekki væru gögn með sama strikamerki á öðrum söfnum. Sjálf yfirfærslan fór fram sumarið 2006 og voru þá skráningarfærslur frá bókasafni F.Su. keyrðar yfir í Gegni ásamt fjölda annarra safna sem notað höfðu Metrabók um árabil. Yfirfærslan heppnaðist prýðilega, tæplega helmingur af skráningarfærslum frá skólanum rann greiðlega inn í Gegni og síðustu ár hefur verið unnið ötullega að því að koma öllum skráningarfærslum þar inn. Sú vinna er langt komin og loksins farið að sjá fyrir endann á henni.

Gegnir var mikið heillaspor fyrir bókasafnið. Nú sjá nemendur með auðveldu móti hvort tiltekið efni er til á bókasafninu, og hvort það er inni. Ef ekki, þá sjá þeir hvort það er inni á öðrum söfnum í nágrenninu. Mikill tími sparast við skráningu safnkosts, innkaup verða markvissari, því hægt er að taka mið af því hvað til er á nálægum söfnum, og millisafnalán eru mikil milli bókasafns F.Su. og annarra safna, bæði í héraði og á landsvísu.

Bókasafnið hefur þróast í takt við tæknina á sl. 30 árum, frá því að vera eingöngu skráð í spjaldskrá og yfir í aðgengilegar skrár í Gegni. Árið 1996 gátu nemendur og kennarar leitað að gögnum í tveimur tölvum á safninu og öðrum nettengdum tölvum í skólanum. Þá voru tvær tölvur eingöngu ætlaðar til að skoða geisladiska og gagnasöfn af disklingum, ein tölva var tengd módemi og í henni var hægt að skoða innlendar vefsíður á menntanetinu. Nú eru breyttir tímar því þrýðilegt aðgengi er að tölvum á bókasafninu, einnig að myndskönnun og útprentunum. Tölvueign nemenda er orðin nokkuð almenn og síðast en ekki síst hafa orðið stórstígar framfarir hvað varðar aðgang að upplýsingum á Netinu þar sem hægt er að leita í sérhæfðum gagnagrunnum. Eitt brýnasta verkefni skólakerfisins er að efla upplýsingalæsi nemenda og þar gegnir bókasafnið lykilhlutverki.<sup>328</sup>

Alls hafa 11 einstaklingar veitt bókasafninu forstöðu. Sá fyrsti var sr. Eiríkur J. Eiríksson, frá 1982-1983. Við af honum tók Agnes Hansen sem starfaði frá 1983-1985. Eiríkur starfaði þó áfram við safnið til 1986 er hann lét af störfum. Valgerður Þóra Másdóttir Benediktsson tók við af Agnesi í eitt ár, 1985-1986, en næstu þrjú ár þar á eftir, frá 1986-1989, var Vera Ósk Valgarðsdóttir forstöðumaður. Næst gegndu starfinu Guðrún Þórðardóttir frá 1990-1991 og Nanna Þorláksdóttir frá 1991-1992. Þá tóku við þrír forstöðumenn sem voru tvö skólaár hver, Hreinn Erlendsson frá 1992-1994, Magnea Bára Stefánsdóttir frá 1994-1996 og Rósa Traustadóttir frá 1996-1998. Núverandi forstöðumaður, Eín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, tók við af Rósu árið 1998 og undir hennar stjórn hefur safnið dafnað undanfarin 13 ár. Frá hausti 2001 hefur Steinunn Óskarsdóttir starfað með Elínu á safninu.<sup>329</sup>

## 6.2 Kvöldskóli: Öldungadeild og Meistaraskóli

Á vorönn 1980 hóf starfsemi öldungadeild við grunnskólann í Hveragerði og var hún starfrækt í þrjár annir. Deildin rann inn í Fjölbrautaskólann á Selfossi við stofnun hans og var ein af þremur grunnstoðum skólans. Kennsla í öldungadeild F.Su. hófst 14. september 1981, en formleg heimild menntamálaráðuneytisins fyrir rekstri hennar fékkst síðar um haustið. Samkvæmt henni greiddi ríkið þriðjung launakostnaðar, bæjarsjóður Selfoss þriðjung en

---

<sup>328</sup> Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, „Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011).

<sup>329</sup> Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir og Örlygur Karlsson, tölvupóstur til höfundar 16. ágúst, 2011.

nemendur sjálfir það sem upp á vantaði. Síðar tók ríkið við hlut sveitarfélagsins en hlutur nemenda hélst óbreyttur.<sup>330</sup>

Fyrstu önnina stunduðu 94 nemar nám við deildina og allan fyrsta áratuginn var starfið blómlegt og aðsóknin mikil, rúmlega 115 nemendur á önn að meðaltali, þar af konur í miklum meirihluta.<sup>331</sup> Flestir urðu nemendur á einni önn 183 haustið 1988<sup>332</sup> en áföngum sem kenndir voru fjölgaði úr 10 í 33 þegar mest var á þessu tímabili. Þó margir nemendur hafi sótt nám í öldungadeildinni um langan veg, dreifðist starfsemin víðar um Suðurland. Kennt var í Hveragerði skólaárið 1986-1987, í Skógum vor og haust 1989 og í Þorlákshöfn frá hausti 1990 fram að áramótum 1991-1992.<sup>333</sup> Svo dæmi sé tekið voru 26 nemendur við nám í Skógum vorið 1989<sup>334</sup> og 17 í tveimur áföngum, ensku og bókfærslu, í Þorlákshöfn á vorönn 1991.<sup>335</sup>

Eftir fyrsta áratuginn fór heldur að halla undan fæti í öldungadeildinni því aðsóknin minnkaði smám saman. Frá hausti 1991 til hausts 1994 voru þó ávallt yfir 100 nemendur skráðir til leiks, þó námsárangur væri misjafn, fall töluvert og margir hyrfu frá námi í miðju kafi. Ekki var þó allt niður á við, því á vorönn 1994 hófst öldungadeildarkennsla á Laugalandi í Holtum með 30 nemendum í þremur áföngum, og kennt var þar aftur um haustið. Á verkfallsönninni vorið 1995 skráðu sig 73 nemendur í deildina í upphafi en aðeins 38 héldu út til vors.<sup>336</sup>

Reynt var eftir mætti að bregðast við fækkun nemenda með breytingum á námsframboði. Bryddað var upp á spænsku, myndlist, tölvufræði, ítölsku og fleiri „skemmtilegum greinum“ ásamt því að ráðast í allumfangsmikla auglýsingaherferð í blöðum og með dreifimiðum. Smá kippur kom í aðsóknina á haustönn 1996 en þá innrituðu sig 113 nemendur. Aðeins 76 af þeim þreyttu próf.<sup>337</sup>

---

<sup>330</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 44.

<sup>331</sup> Sama heimild.

<sup>332</sup> Örlygur Karlsson, „24. annarannáll“, vorönn 1993.

<sup>333</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 44.

<sup>334</sup> „Fundargerð 55. fundar skólanefndar“, 21. mars, 1989.

<sup>335</sup> Örlygur Karlsson, „20. annarannáll“, vorönn, 1991.

<sup>336</sup> Sama heimild, „annarannálar“, 1991-1995.

<sup>337</sup> Sama heimild, „31. annarannáll“, haustönn, 1996.

Um þetta leyti hófst umræða um stofnun fullorðinsfræðslumiðstöðvar fyrir héraðsbúa, sem leiddi til stofnunar Fræðslunets Suðurlands haustið 1999. Þrátt fyrir það var áfram boðið upp á öldungadeildarkennslu við fjölbrautaskólann, en nemendur voru aðeins um það bil 50-70 á önn og brottfall allmikið. Viðmiðunarreglum ráðuneytisins vegna öldungadeilda var breytt 1999, gerðar auknar nýtingarkröfur og fjárveitingar skornar niður. Miðað við nemendafjölda í deildinni voru þær ónógar til að halda henni úti. Ákveðið var milli jóla og nýárs 1999 að bjóða ekki upp á kennslu í öldungadeild á vorönn 2000, í fyrsta skipti frá stofnun skólans.<sup>338</sup>

Þetta var þó ekki svanasöngur öldungadeildarinnar. Þrír áfangar með 21 nemanda voru kenndir haustið 2000 og næstu ár lafði deildin áfram. Haustið 2004 var kvöldskóli starfræktur með nýju sniði. Kennt var með fjarkennslubúnaði frá skólanum, til Víkur í Mýrdal, Flúða og Hvolsvallar, í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands sem er til húsa í kennsluálmú lðu, íþróttahúss skólans. Þá önn stunduðu 46 nemendur fagbóklegt nám í húsasmíði, 40 í meistaraskóla og 2 nemendur stunduðu enskunám í kvöldskólanum.<sup>339</sup> Á næstu önn voru áfram 34 nemendur í húsasmíðanámi en öldungadeildin sem slík liðin undir lok, þó enn sé reynt að bjóða upp á kvöldskóla ef eftirspurn er fyrir hendi.

Meistaraskóli, kvöldskóli fyrir iðnsveina sem stefna á iðnmeistararéttindi, hefur starfað með hléum samhliða öldungadeildinni. Upphaf hans má rekja til þess að auknar kröfur voru gerðar til iðnaðarmanna sem vildu taka að sér verk. Á Selfossi var það samþykkt í bygginganefnd 1985 að frá og með 1. janúar 1986 fengju iðnmeistarar ekki löggildingu nema með prófi úr meistaraskóla. Með samþykki menntamálaráðuneytisins var því stofnaður meistaraskóli við F.Su. og starfaði hann fyrst í tvö skólaár, 1985-1987, og útskrifaði 8 meistara. Skólinn starfaði næst frá haustönn 1990 og útskrifaði 15 meistara í húsasmíði í desember 1991, að loknu þriggja anna námi.<sup>340</sup> Árið 1994 voru 14-15 nemendur í skólanum hvora önn en ekki var næg aðsókn til að halda úti kennslu frá vorönn 1995 og næstu þrjár annir á eftir. Í júní 1996 tók gildi ný námskrá fyrir meistaránámið og kennsla hófst aftur samkvæmt henni í F.Su. um haustið. Þá innrituðust 22 nemendur og námsárangur var góður. Ekki var kennt í meistaraskóla skólaárið 1997-1998 en þráðurinn tekinn upp aftur haustið

<sup>338</sup> Sama heimild, „annarannálar“, 1997-2000.

<sup>339</sup> Þórarinn Ingólfsson, „47. annarannáll“, haustönn 2004.

<sup>340</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 46-47.



1998<sup>341</sup> og skólinn starfaði af krafti allt fram á haust 2009. Þá brá svo við að fáir sóttu um og varð af þeim sökum, og vegna niðurskurðar á fjárframlögum, að hætta við skólann. Alls óvíst er um framtíð meistaraskólans, þar sem fjármagn til hans úr ríkissjóði var skorið niður um 50% í fjárlögum ársins 2010.<sup>342</sup>

Jafnan hefur árangur nemenda í meistaranámi verið mjög góður. Kenndar voru ýmist almennar bóknámsgreinar, stjórnunar- og rekstrargreinar eða faggreinar, eftir önnum. Nemendurnir, flestir karlar, komu í skólann kl. 18.00 eftir erfiðan vinnudag og sátu við til 22.00 á kvöldin frá mánudegi til fimmtudags. Nokkrum sinnum náðist 100% árangur, þ.e. að öllum einingum sem lagt var upp með í upphafi annar væri lokið, og oftast var árangurinn 90-95%.<sup>343</sup>

Frá upphafi og fram á haust 1984 sá Þorlákur Helgason, aðstoðarskólameistari, um öldungadeildina en þá tók Örlygur Karlsson við og stjórnaði henni lengst af. Sigurður Sigursveinsson hljóp þó í skarðið í stuttan tíma, á vorönn 1989.<sup>344</sup> Frá því Þórarinn Ingólfsson tók við starfi aðstoðarskólameistara hefur hann haft umsjón með rekstri kvöld- og meistaraskóla við F.Su.

Öldungadeildin svalaði áratuga uppsöfnuðum menntunarþorsta kynslóða sem ekki höfðu haldið áfram eftir að skyldunámi lauk. Sá þorsti minnkaði eðlilega smám saman og slokknaði svo að mestu, eftir að nánast allir unglingar fóru að flykkjast inn í framhaldsskólana eftir grunnskólanám. Fullorðinsfræðslu- og símenntunarmiðstöðvar hafa nú að hluta tekið við þessu hlutverki framhaldsskólanna víðast hvar um landið og sinna því með sóma, þó reyndar sé nám þar að jafnaði ekki einingabært. Varla þarf að fjölyrða um mikilvægi meistaraskólans fyrir hið mikla iðnaðarmannasamfélag á Selfossi og nágrenni.

### **6.3 Farskóli Suðurlands – Fræðslunet Suðurlands – Háskólafélag Suðurlands**

Farskóli er hugtak sem menntamálaráðuneytið notaði yfir „skipulagt námskeiðahald fyrir fullorðna sem fram fer á vegum tiltekins framhaldsskóla“.<sup>345</sup> Farskólarnir voru því liður í hinu

---

<sup>341</sup> Örlygur Karlsson, „26. annarannáll, vorönn 1994“ – „35. annarannáls“ haustönn 1998.

<sup>342</sup> Þórarinn Ingólfsson, „59. annarannáll“, haustönn, 2010.

<sup>343</sup> Þórarinn Ingólfsson, „annarannálar“, 2002-2010.

<sup>344</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 44.

<sup>345</sup> Sama heimild, 48.

opinbera menntakerfi og ríkið greiddi helming launa sjórnenda þeirra. Að öðru leyti áttu námskeiðsgjöld og styrkir að standa undir rekstrarkostnaðinum. Fyrsti farskólinn var stofnaður á Austurlandi 1988 en árið eftir á Vestfjörðum og Suðurlandi.<sup>346</sup>

Hugmyndin að stofnun farskóla á Suðurlandi kom fyrst fram opinberlega á afmælisfundi Sambands iðnfræðsluskóla, á Selfossi haustið 1988, þar sem Þór Vigfússon og Örlygur Karlsson, skólameistarar F.Su., og Oddur Már Gunnarsson, iðnráðgjafi SASS, reifuðu málið fyrir fundargestum. Þeir héldu áfram undirbúningi næstu mánuði og kynntu hugmyndir sínar meðal annars fyrir sveitarstjórnnum og atvinnumálanefndum í héraði. Með aðstoð löntæknistofnunar Íslands skilaði starf þeirra þeim árangri að Farskóli Suðurlands var stofnaður haustið 1989, aðeins einu ári eftir að fyrst var farið að ræða málið með formlegum hætti. Strax sama haust var gefinn út bæklingur þar sem kynnt voru námskeið í boði skólaárið 1989-1990 og honum dreift um allt Suðurland. Fyrstu námskeiðin á vegum farskólans voru haldin í nóvember 1989 og fyrstu tvö skólaárin sóttu 361 nemandi alls 29 námskeið á hans vegum, ýmist tólmstunda- eða atvinnutengd.<sup>347</sup>

Farskólinn starfaði með blóma í 10 ár, fram á haustönn 1999, en á degi símenntunar þann 28. ágúst það ár var Fræðslunet Suðurlands stofnað. Meginmarkmið fræðslunetsins, skv. stofnskrá þess, er „að efla aðgengi íbúa fjórðungsins að margs konar námi og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu.“<sup>348</sup> Fræðslunetið er sjálfseignarstofnun í eigu Fjölbautaskóla Suðurlands, SASS og nokkurra sveitarfélaga, félaga atvinnurekenda og launafólks, auk annarra félagasamtaka á Suðurlandi, og því má segja að það sé beinn arftaki farskólans. Skólanefnd Fjölbautaskólans skipar auk þess einn stjórnarmann í stjórn fræðslunetsins.

En hvað var þá gert í Farskóla Suðurlands? Ekki er hægt að telja upp öll námskeið sem hann hafði umsjón með, en hér verður þó stiklað á stóru til að sýna fjölbreytnina. Á vorönn 1991 var t.d. haldið námskeið í ullariðn á vegum Hildar Hákonardóttur og Helgu Thoroddsen og næsta haust kenndi Hafsteinn Karlsson 30 útlendingum, aðallega Norðurlandabúum, íslensku. Skólaárið 1991-1992 sóttu alls 204 nemendur námskeið, þar af var 42 kennt á Flúðum.

---

<sup>346</sup> Sama heimild.

<sup>347</sup> Sama heimild.

<sup>348</sup> „Skipulagsskrá Fræðslunetsins“, Fræðslunet Suðurlands, sótt 21. júní, 2011, [http://www.fraedslunet.is/index.php?option=com\\_content&view=category&layout=blog&id=16&Itemid=124](http://www.fraedslunet.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=16&Itemid=124)

Skrautskriftarnámskeið voru ætíð vinsæl og sem dæmi um það voru fimm slík námskeið haldin fyrir um 90 manns á haustönn 1992. Á vorönn 1993 var umfangsmest nám í svæðisleiðsögu undir stjórn kennara F.Su., Hannesar Stefánssonar og Inga Stefáns Ingasonar, og útskrifaðir 16 svæðisleiðsögumenn frá skólanum þann 15. maí. Þessa önn voru nemendur skólans 221 og alls 381 á skólaárinu 1992-1993. Næstu annir voru meðal annars haldin námskeið í tréskurði, ullariðni, bútasaum, hollustufæði, heilbrigðum lífsstíl og námskeið fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og á leikskólum, auk starfslokannámskeiðs fyrir félaga í BSRB og námskeið fyrir vistforeldra í sveitum.<sup>349</sup>

Á fimm ára afmæli farskólans á haustönn 1994 var mest nýlunda í námskeiðum fyrir nýbúa. Eitt námskeið var haldið á Selfossi, þar sem flestir þátttakendurnir voru konur frá Filippseyjum og Póllandi, og annað á Hvolsvelli, að mestu sótt af körlum frá Póllandi og konum frá Tælandi. Ári seinna var skrautskriftarnámskeið vinsælast og sóttu það yfir 120 manns, mest konur af öllu Suðurlandi, frá Klaustri í austri til Þorlákshafnar í vestri. Mikla athygli vakti einnig námskeið Guðrúnar Ingvarsdóttur, „Kátir voru karlar“, en það var matreiðslunámskeið fyrir eldri borgara, eingöngu sótt af körlum.<sup>350</sup>

Upp úr þessu fór að bera meira á ýmiskonar tölvunámskeiðum sem beint var að afmörkuðum hópum. Nefna má tölvunámskeið fyrir nýbúa og tölvunámskeið fyrir konur var vinsælasta námskeiðið á vorönn 1996. Á haustönn 1997 var boðið upp á námskeið um notkun Internetsins og skömmu síðar var farið að ræða námskeiðahald gegnum fjarfundabúnað.<sup>351</sup>

Um þetta leyti fór svo að hylla undir breytingar á skipulagi símenntunar og fullorðinsfræðslu. Ráðuneytið hætti fjárstuðningi við farskólana haustið 1997, af samkeppnisástæðum að sögn, og þá þurfti að grípa til annarra ráðstafana. Fjölbrautaskólinn fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla til að undirbúa stofnun fullorðinsfræðslumiðstöðvar og fundað var í skólanum með Suðurnesjamönnum um málið. Í mars árið 1999 samþykkti skólanefnd F.Su. að skólinn yrði þátttakandi í stofnun sjálfseignarstofnunar margra aðila á Suðurlandi um fullorðinsfræðslu, í maí voru kynnt drög að skipulagsskrá stofnunarinnar og í september skipaði skólanefndin Örlyg

---

<sup>349</sup> Örlygur Karlsson, „annarannálar“, 1991-1994.

<sup>350</sup> Sama heimild, „annarannálar“, 1994-1995.

<sup>351</sup> Sama heimild, „annarannálar“, 1996-1997.

Karlsson aðstoðarskólameistara sem aðalmann og Sigurð Sigursveinsson skólameistara sem varamann í stjórn hins nýstofnaða Fræðslunets Suðurlands.<sup>352</sup>

Örlygur Karlsson var lengst af skólastjóri Farskóla Suðurlands. Aðrir sem komu að stjórn skólans voru Ásmundur Sverrir Pálsson og Ragnheiður Ísaksdóttir og síðustu þrjár annirnar stjórnaði honum Eyvindur Bjarnason. Fyrsti framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands var Jón Hjartarson, fyrrum forstöðumaður skólaskrifstofu Suðurlands, en við af honum tók Ásmundur Sverrir Pálsson.

Fjölbrautaskólinn hefur gegnt lykilhlutverki í fullorðinsfræðslu og símenntun í héraðinu og áhrifa hans gætir áfram, þó umsjónin sé ekki lengur á skólans vegum, heldur komin í hendur sjálfstæðrar stofnunar. Fulltrúi skólans hefur lengst af verið formaður stjórnar fræðslunetsins, sem hefur ekki aðeins sinnt fullorðinsfræðslu og símenntun heldur einnig miðlað háskólanámi í gegnum fjarfundabúnað í samstarfi við háskólastofnanir og haldið fyrir þær próf. Stjórnendur fjölbrautaskólans tóku og virkan þátt í undirbúningi og stofnun Háskólafélags Suðurlands á þessum grunni,<sup>353</sup> með Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og fleiri aðilum. Örlygur Karlsson, skólameistari F.Su., er varaformaður stjórnar háskólafélagsins en Sigurður Sigursveinsson, fyrrum skólameistari, framkvæmdastjóri þess.<sup>354</sup> Áhrifa fjölbrautaskólans gætir því víða í sunnlensku samfélagi.

#### 6.4 Kennsla í fangelsum: Litlahraun – Bitra – Kvíabryggja

Kennsla í fangelsinu á Litlahrauni var eitt af því sem Fjölbrautaskólinn fékk í arf með iðnskól-anum. Helgi Gunnarsson, sem varð forstöðumaður vinnuhælisins, eins og það hét þá, árið 1973 hafði kynnt sér skólastarf í fangelsum erlendis og mikill áhugi hans á málefnum lýsti sér í því að strax árið 1974 hafði hann fengið kennara við Barnaskólann á Eyrarbakka til kennslu á Litlahrauni. Fyrir daga Helga, frá því um 1970, höfðu fangar einnig notið tilsagnar Gróu Jakobsdóttur, húsmóður á Eyrarbakka, og Eiríks Guðmundssonar, trésmíðameistara, í föndri og trésmíði.<sup>355</sup>

---

<sup>352</sup> „Fundargerðir 97., 99., 102., 103. og 104. fundar skólanefndar“, 1997-1999.

<sup>353</sup> „Fyrsti fundur stjórnar“, 11. janúar, 2008, Háskólafélag Suðurlands, sótt 30.11. 2011, [http://hfsu.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=4](http://hfsu.is/index.php?option=com_content&task=view&id=4)

<sup>354</sup> „Kynning á Háskólafélagi Suðurlands“, Háskólafélag Suðurlands, sótt 30.11. 2011, <http://hfsu.is/index.php?option=content&task=view&id=14&Itemid=29>

<sup>355</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 45.

Helgi hafði þó háleitari hugmyndir en óformlega tilsögn og vilda að fangarnir gætu lokið iðnnámi og hugsanlega öðru námi einnig meðan þeir afplánuðu dóma. Árið 1978 hófst kennsla í log- og rafsuðu, en svo vel vildi til að einn starfsmaður vinnuhælisins, Birgir Baldursson, var með fullgild réttindi í þessum iðngreinum. Þetta leiddi til þess að kennslan var færð undir Iðnskólann á Selfossi að ráði þeirra Helga og Gests Einarssonar, skólastjóra Iðnskólans, og tók iðnskóladeildin á Litlahrauni formlega til starfa þann 26. nóvember þá um haustið. Árið eftir kom ríkisvaldið formlega að skólahaldu er gerður var samningur milli mennta- og dómsmálaráðuneyta um reksturinn, þess eðlis að dómsmálaráðuneytið kostaði búnað og tæki en menntamálaráðuneytið borgaði kennslukostnaðinn. Þá var einnig ráðinn fastur kennari í bóklegum greinum en kennarar iðnskólans önnuðust verklega þáttinn.<sup>356</sup>

Frá stofnun fjölbrautaskólans hefur kennsla á Litlahrauni verið á hans snærum og kennarar verið í stöðugum ferðum á leiðinni Selfoss-Litlahraun-Selfoss alla daga vikunnar. Sveinn Ágústsson var kennslustjóri í fangelsinu frá 1981 til vors 1986 en þá um haustið tók Ingi Stefán Ingason við og hefur gegnt starfinu síðan.<sup>357</sup> Eysteinn Jónasson leysti þó Inga af skólaárið 1991-1992.<sup>358</sup>

Fyrstu árin fengu nokkrir nemendanna á Litlahrauni að stunda fullt nám í dagskóla eða öldungadeild á Selfossi en í seinni tíð hafa nokkrir nemendur, einkum þeir sem langt eru komnir í námi, fengið að sækja þangað kennslustundir svo þeir geti útskrifast, þegar ekki er kostur á því að bjóða upp á einstaka sérhæfða áfanga í fangelsinu<sup>359</sup> og til dæmis um þetta sóttu tveir nemendur nám upp á Selfoss á vorönn 1993. Þá hafði námsframboð aukist mjög á Litlahrauni og nemendur þar gátu orðið stundað nám á flestum brautum, en ekki aðeins iðnnám eins og í upphafi. Kenndar voru 13 námsgreinar „í neðra“ þessa önn<sup>360</sup> og til marks um fjölbreytnina má nefna að á vorönn 1994 fjármagnaði dómsmálaráðuneytið námskeið í siglingafræði til 30 tonna réttinda á Litlahrauni. Kennslan fór fram í verktöku Farskóla Suðurlands.<sup>361</sup>

---

<sup>356</sup> Sama heimild.

<sup>357</sup> Sama heimild, 46.

<sup>358</sup> Örlygur Karlsson, 22. „annarannáll“, vorönn, 1992.

<sup>359</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 45.

<sup>360</sup> Örlygur Karlsson, „24. annarannáll“, vorönn, 1993.

<sup>361</sup> Sama heimild, „26. annarannáll“, vorönn 1994.

Bætt tækni hafði áhrif til góðs fyrir starfsemina á Litlahrauni eins og annars staðar. Vorið 1999 kenndu 9 kennarar 10 námsgreinar auk þess sem nokkrir áfangar voru í boði utanskóla, með fjarkennslusniði. Reynt var að brúka nýtilkomið rafrænt póstsamband milli skólans og útibúsins sem gaf nemendum þar færi á að komast í samband við fleiri kennara en þá sem komu á staðinn. Gafst þetta misvel vegna tæknilegra byrjunarörðugleika<sup>362</sup> en þetta var vísir að aukinni þjónustu. Vorið 2004, þegar ADSL tenging var komin á við Litlahraun, var fjarkennslan útfærð í gegnum Angel námsumhverfið sem þá var óðum að ryðja sér til rúms í skólanum.<sup>363</sup>

Á haustdögum 2007 ákvað ríkisstjórnin að heimila ráðningu náms- og starfsráðgjafa að F.Su. sem sinna skyldi ráðgjöf á Litlahrauni og í öðrum afplánunarúrræðum í landinu<sup>364</sup> og hóf Anna Fríða Bjarnadóttir störf í hálfu starfi frá 1. mars 2008 en í fullu starfi frá og með haustinu.<sup>365</sup> Starfshlutfall námsráðgjafans var skorið niður um 50% haustið 2009<sup>366</sup> en aukið í 75% næstu önn á eftir.<sup>367</sup>

Fyrsta haustið innrituðust 14 nemendur í iðnskóladeildina á Litlahrauni, 10 árum seinna voru þeir 20 og síðan hafa 20-30 nemendur innritast að jafnaði á hverri önn.<sup>368</sup> Síðustu annir, eftir að námsráðgjafinn hóf störf, er óhætt að segja að sprenging hafi orðið í nemendafjölda á Litlahrauni. Á vorönn 2010 voru nemendur 56 og á vorönn 2011 fóru þeir yfir 60, og voru skráðir í hátt á sjötta hundrað eininga. Ekki var hægt að vista alla umsækjendur í skóla þetta síðasta skólaár.<sup>369</sup>

Langflestir fanganna stunda nám í grunnáföngum og brottfall er jafnan mikið, enda nemendurnir gjarnan átt litla samleið með skólakerfinu. Þó eru mörg dæmi um nemendur sem hafa náð sér undravel á strik, lokið metfjölda eininga á önn, útskrifast á mettíma með stúdentspróf eða önnur próf og jafnvel lokið stúdentsprófi af fleiri en einni braut og með mikinn fjölda umframeininga. Sem dæmi um góðan námsárangur á Litlahrauni stóðst 121 eining af 134, eða 90,3%, á haustönn 1993 sem er mun betra hlutfall en dagskólanemendur

---

<sup>362</sup> Sama heimild, „36. annarannáll“, vorönn, 1999.

<sup>363</sup> Þórarinn Ingólfsson, „46. annarannáll“, vorönn, 2004.

<sup>364</sup> „Fundargerð 140. fundar skólanefndar“, 24. janúar, 2008.

<sup>365</sup> Sama heimild, „141. fundur“, 23. apríl, 2008.

<sup>366</sup> Þórarinn Ingólfsson, „57. annarannáll“, haustönn, 2009.

<sup>367</sup> Sama heimild, „58. annarannáll“, vorönn, 2010.

<sup>368</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 45.

<sup>369</sup> Þórarinn Ingólfsson, „annarannáll“, 2010-2011.

geta jafnan státað af<sup>370</sup> og vorið 1996 fékk einn nemandi 10 í grunnteikningu sem gerist annars örsjaldan við skólann.<sup>371</sup> Stuttu seinna lauk einn nemandi 40 einingum á önn, en þá luku dagskólanemendur að meðaltali um 13 einingum á önn og voru innritaðir í 16 -18 einingar. Annar nemandi lauk á sama tíma 37 einingum og voru þessir tveir í keppni um það hvor gæti lokið fleiri einingum. Samanlagt áttu þessir tveir því 77 einingar af þeim 176 sem Litlahraunsnemendur luku samtals og sést þá vel hvert afrek tvímenninganna var.<sup>372</sup> Á vorönn 2000 slagði einn nemandi til viðbótar upp í þessa afreksmenn og lauk 32 einingum, sem var þriðjungur allra lokinna eininga það vorið.<sup>373</sup>

Námsárangur gengur þó mjög í bylgjum og haustið 1998 var t.d. óvenjumikið brottfall og luku aðeins 12 nemendur einhverjum prófum<sup>374</sup> og haustið 2004 flosnuðu óvenjumargir nemendur upp eða var vísað úr skóla vegna fíkniefnaneyslu.<sup>375</sup> Fimm árum seinna var annað uppi á teningnum er 28 nemendur skiluðu sér í próf og lönduðu 192 einingum. Aldrei áður höfðu eins margir vistmenn lokið á einni og sömu önninni skilgreindum framhaldsskóla-einingum við F.Su.<sup>376</sup>

Fyrsu árin var aðstaða til kennslu bágborin en 12. september 1990 var tekið í notkun nýtt kennsluhúsnæði sem gerbreytti öllum aðstæðum nemenda og kennara.<sup>377</sup> Á haustönn 1996 batnaði aðstaðan enn þegar tekið var í notkun nýtt verkstæði og kennsla hafin í rafsúðu og einnig nýr íþróttasalur svo hægt var að hefja kennslu í íþróttum.

Skólaárið 2009-2010 hófst kennsla í fangelsinu í Bitru í Flóahreppi sem þá var nýlega tekið í notkun. Þrír kennarar hafa farið þangað einu sinni í viku hver um sig. Aðstaða til náms og kennslu í Bitru var stórbætt haustið 2011 þegar þangað var flutt laus kennslustofa frá Reykjavík og tekin umsvifalaust í notkun.

---

<sup>370</sup> Örlygur Karlsson, „25. annarannáll“, haustönn, 1993.

<sup>371</sup> Sama heimild, „30. annarannáll“, vorönn, 1996.

<sup>372</sup> Sama heimild, „33. annarannáll“, haustönn, 1997.

<sup>373</sup> Sama heimild, „38. annarannáll“, vorönn, 2000.

<sup>374</sup> Sama heimild, „35. annarannáll“, haustönn, 1998.

<sup>375</sup> Þórarinn Ingólfsson, „47. annarannáll“, haustönn, 2004.

<sup>376</sup> Sama heimild, „56. annarannáll“, vorönn, 2009.

<sup>377</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 46.

Á vorönn 2011 bættist við fjarkennsla að Kvíabryggju í tilraunaskyni en F.Su. er móðurskóli menntunar í fangelsum landsins.<sup>378</sup> Óvíst er með framhald fjarkennslu til Kvíabryggju, og hugsanlegra annarra fangelsa, vegna kostnaðar sem skólinn getur ekki bætt á sig við núverandi aðstæður.

## 6.5 Skógaskóli – framhaldsnám á vegum F.Su. austan Þjórsár

Skólalald hófst í Skógum árið 1949 og starfaði héraðsskóli þar með blóma næstu áratugina. Eins árs framhaldsdeild var stofnuð í Skógum 1974 í samstarfi við Menntaskólann að Laugarvatni og starfaði hún til 1981 er Fjölbrotaskólinn á Selfossi var stofnaður. Þá tók Skógaskóli upp áfangakerfi í samstarfi við skólann á Selfossi og var boðið upp á eins vetrar nám, utan skólaárin 1983-1984 og 1988-1989 að boðið var tveggja ára framhaldsnám á staðnum.

Vorið 1987 var haldinn fundur um framtíð Skógaskóla og kosin nefnd til að vinna í málinu. Í framhaldi af þeirri vinnu barst í janúar 1990 bréf til skólanefndar F.Su. frá Skógaskóla þar sem farið er fram á að skólanefndin kjósi fulltrúa í nefnd sem eigi að fjalla um framhaldsnám í Skógum. Niðurstaða þessarar nefndar var að gera úrslit tilraun með framhaldsnám í Skógaskóla sem fælist í því að F.Su. tæki við yfirstjórn skólans. Þetta var samþykkt, enda lá fyrir stuðningur menntamálaráðuneytisins. Formleg heimild til framhaldsskólalalds í Skógum var veitt vorið 1991 og gert var ráð fyrir tveggja ára námi.<sup>379</sup> Hugmyndin var sú að rekstur Skógaskóla yrði sjálfstæður en tengingin við F.Su. á faglegum grunni, stuðst við sama námsefni og próf sambærileg. Haustið 1991 voru 24 nemendur á framhaldsbrautinni og 27 á vorönn 1992, en nemendum fjölgaði mjög á öðru starfsári brautarinnar, 46 nemendur innrituðust um haustið, skólastarf gekk vel og námsárangur var góður.<sup>380</sup>

Næstu árin var útibú F.Su. í Skógaskóla rekið með svipuðu sniði. Nemendafjöldi var oftast á bilinu frá 40-50 og faglegt samstarf gekk vel, en haustið 1995 mátti lesa teikn á lofti um

<sup>378</sup> Þórarinn Ingólfsson, „60. annarannáll“, vorönn, 2011.

<sup>379</sup> „Fundargerð 46. fundar skólanefndar“, 21. júlí, 1987, „60. fundar“, 31. janúar, 1990, „66. fundar“, 30. janúar, 1991 og „67. fundar“, 4. maí, 1991.

<sup>380</sup> Örlygur Karlsson, „20. annarannáll“, vorönn, 1991, - „23. annarannáls“, haustönn, 1992.



breytingar á stöðu skólans. Í bókum Skólanefndar F.Su. segir að framtíð skólahlads í Skógum verði

best tryggð með því að Skógaskóli haldi sjálfstæði sínu þannig að frumkvæði heimamanna fái að njóta sín, en F.Su. er enn sem fyrr reiðubúinn til samstarfs, að veita faglega leiðsögn, eða eftir atvikum að bera faglega ábyrgð á starfinu teljist þess þörf.<sup>381</sup>

Skólahlald var samt sem áður að mestu óbreytt næstu tvö árin og haustið 1997 var þar meira að segja sett á stofn ný námsbraut í hestamennsku, með 11 nemendur.<sup>382</sup> Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 voru þó þær breytingar boðaðar að F.Su. og Skógaskóli verði „sameinaðir að fullu og nám í þeim skipulagt sem ein heild.“<sup>383</sup> Ekki hugnaðist heimamönnum það og að þeirra tillögu var stofnuð sjálfseignarstofnun um rekstur sjálfstæðs framhaldsskóla og samningur þess efnis undirritaður sumarið 1998. Gert var ráð fyrir tveggja ára almennu námi í skólanum en einnig tveggja ára námi í hestamennsku. Skólinn starfaði aðeins eitt skólaár með þessu sniði, aðsókn olli vonbrigðum og brottfall var töluvert. Skólahlald á framhaldsskólastigi í Skógaskóla var aflagt árið 1999,<sup>384</sup> hálfri öld eftir að héraðsskólinn þar hóf störf.

En Rangæingar voru áfram áhugasamir um uppbyggingu framhaldsnáms í héraði. Þeir settu síðla árs 2006 saman vinnuhóp, sem í sátu sveitarstjórar Rangárþings eystra og -ytra og oddviti Ásahrepps, til að vinna að málinu. Hópurinn fékk Atvinnuþróunarfélag Suðurlands (APS) til liðs við sig við undirbúninginn. Skýrsla APS fylgdi erindi sem vinnuhópurinn sendi til menntamálaráðuneytisins um stofnun framhaldsskóla í Rangárþingi, dagsett 16. febrúar 2007. Skýrsla APS gerði ráð fyrir um 200 manna skóla með almennu bóknámi auk sérhæfðra brauta í tengslum við áherslur í héraðinu, svo sem landgræðslu, umhverfismál, skógrækt og hestamennsku. Nefnd menntamálaráðuneytisins frá 2006 taldi ekki forsendur fyrir nýjum framhaldsskóla í Rangárþingi og í skýrslu ráðuneytisins um málið í maí 2009 er tekið undir það álit. Rök fyrir því eru meðal annars þau að slíkur skóli myndi eftir sem áður kalla á umfangsmikinn skólaakstur og nemendur austan undan Eyjafjöllum ættu tæpast annan kost áfram en að taka sig upp og flytja að heiman til að stunda nám, hvort sem væri á heimavistirnar

---

<sup>381</sup> „Fundargerð 90. fundar skólanefndar“, 12. desember, 1995.

<sup>382</sup> Örlýgur Karlsson, 33. annarannáll, haustönn 1997.

<sup>383</sup> „Fundargerð 93. fundar skólanefndar“, 1. nóvember, 1996.

<sup>384</sup> *Skýrsla nefndar um grundvöll framhaldsskóla í Rangárþingi* (Menntamálaráðuneytið, 2009), 3. Sótt 1. júlí, 2011. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgafuskra/>

á Selfossi og Laugarvatni eða annað. Einnig er bent á að ýmis útibú framhaldsskóla í landinu eigi mjög erfitt með að þjónusta verknámsnemendur, og því væri vænlegast, ef útibú yrði sett á stofn, að bjóða þar upp á 1-2 ára almennt bóknám,<sup>385</sup> eins og gert var um árábil í Skógum.

Með þessa vinnu og skýrslur í farteskinu haustið 2009 viðruðu fulltrúar austursýslanna þá hugmynd í skólanefnd F.Su. að stofnuð yrðu útibú í Rangárþingi og jafnvel Vestur-Skaftafellssýslu og var skólameistara og formanni skólanefndar falið að rita menntamálaráðuneytinu bréf vegna málsins.<sup>386</sup> Sveitarstjórnarmenn á svæðinu skipuðu nefnd til undirbúnings og fulltrúar F.Su. funduðu með henni á Hellu í byrjun mars 2010. Á sama tíma barst það svar frá ráðuneytinu að ekki væri hægt að svo stöddu að vinna að stofnun útibús þar eystra.<sup>387</sup> Þá um haustið barst SASS bréf frá Vestmannaeyjum, þar sem viðraðar eru hugmyndir um fjarkennslu í Rangárþingi frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum. Í skólanefnd var rætt um málefni sem varða þá nemendur í F.Su. sem ekki búa alveg í næsta nágrenni við skólann, t.d. heimavist, mótuneytismál, ferðamáta og upplýsingaflæði frá skólanum og voru stjórnendur hans hvattir til að halda vöku sinni gagnvart þessum hópi nemenda og þjónustu við þá.<sup>388</sup>

Í kjölfar þessarar umræðu í skólanefnd funduðu stjórnendur F.Su. með stjórnendum Hvolsskóla á Hvolsvelli og sveitarstjórnarmönnum í Rangárþingi eystra um tengingu nemenda af því svæði við F.Su., meðal annars möguleika á því að nemendur yrðu í námi í Hvolsskóla einn dag í viku en kæmu í F.Su. hina fjóra dagana. Einnig var rætt um möguleika á fjarnámstengingu og í framhaldinu almennt um fjarnám og hvernig það nýtist einstaklingum. Ekki fékkst bein niðurstaða á þessum fundum, önnur en sú að mikilvægt væri að flýta sér hægt og að nýta bæri tækifærið til að efla samstarf á milli skólanna og einnig milli foreldra eystra við foreldra á nærsvæði F.Su.<sup>389</sup> Skólanefnd er opin fyrir því að athuga hvort mögulegt sé að bjóða upp á fjarnám í samstarfi við Hvolsskóla, og fleiri grunnskóla á Suðurlandi sé þess óskað.<sup>390</sup>

---

<sup>385</sup> Sama heimild, 7-8.

<sup>386</sup> „Fundargerð 148. fundar skólanefndar“, 9. október, 2009.

<sup>387</sup> Sama heimild, „152. fundur“, 25. mars, 2010.

<sup>388</sup> Sama heimild, „155. fundur“, 5. október, 2010.

<sup>389</sup> Sama heimild, „157. fundur“, 3. febrúar, 2011.

<sup>390</sup> Sama heimild, „158. fundur“, 17. mars, 2011.

## 6.6 Fiskeldisbrautin – Kirkjubæjarskóli

Rætur Fiskeldisbrautar við F.Su. liggja inn í Kirkjubæjarskóla á Síðu. Mikil vinna innan skólans við undirbúning hátíðar og nemendasýningar vegna 200 ára afmælis Skaftárelda 1982-1983 vakti áhuga á auknum skapandi tengslum skóla og samfélags. Þannig kviknuðu hugmyndir um að 9. bekkingar „stunduðu fiskirækt, seiðaeldi og athuganir á ám og vötum innanhéraðs“<sup>391</sup> enda átti fiskirækt sér langa sögu í Skaftafellssýslum. Ekki var verið að orðlengja það heldur byrjað af fullum krafti. Kristinn Guðbrandsson í Tungu lánaði fiskeldisstöðina þar á bæ og verkefnið hófst strax næsta skólaár, veturinn 1983-1984 og var rekið áfram með svipuðum hætti í þrjú ár. Það kom hinsvegar fljótlega í ljós að verkefnið var svo stórt að það rúmaðist ekki innan grunnskóla. Þá kom fram sú hugmynd að stofna sérstaka deild á framhaldsskólastigi utan um verkefnið og í september 1985 sendi skólastjóri Kirkjubæjarskóla Ragnhildi Helgadóttur menntamálaráðherra bréf með formlegri beiðni um að hefja kennslu í fiskirækt og fiskeldi að hausti. Í desember 1985 gaf Sverrir Hermannsson, sem þá var tekinn við menntamálaráðuneytinu, heimild til að starfrækja deildina og haustið eftir var hún sett í fyrsta sinn.

Fyrstu árin var deildin rekin með sjálfsaflafé, styrkjum og framlögum sveitarfélaga en ríkið greiddi kennaralaunin. Þetta var ekki nægjanlega tryggt rekstrarumhverfi og forráðamenn deildarinnar gerðu sér ljóst að tengja þyrfti hana framhaldsskólakerfinu með formlegri hætti en upphaflega var gert.<sup>392</sup> Á vormánuðum 1989 fundaði skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands með forráðamönnum fiskeldisbrautarinnar, að frumkvæði hinna síðarnefndu sem óskuðu eftir tengslum við F.Su. til að styrkja stöðu sína, og þær viðræður leiddu til undirritunar samnings milli aðila í janúar 1990 um að fiskeldisbrautin yrði hluti fjölbrautaskólans, undir daglegri stjórn skólastjóra Kirkjubæjarskóla. Í apríl 1990 fjallaði skólanefnd F.Su. um heimild á fjárlögum til að kaupa fiskeldisstöðina í Tungu og um haustið var undirritaður samningur þess efnis, þar sem ríkissjóður eignast 85% hlut en heimamenn 15%.<sup>393</sup>

Upp úr 1990 fer að halla undan fæti í fiskeldi á Íslandi og atvinnugreinin á undir högg að sækja. Um leið minnkaði verulega eftirspurn eftir námi í fiskeldisfræðum. Á sama tíma og

---

<sup>391</sup> Jón Hjartarson, „Fiskeldisbrautin á Kirkjubæjarklaustri“, í *Dynskógar, rit Vestur-Skaftfellinga*, ritstjórar Hanna Hjartardóttir, Sigurgeir Jónsson og Sigþór Sigurðsson (Vík: Sögufélag Vestur-Skaftfellinga, 2004), 236.

<sup>392</sup> Sama heimild, 237-239.

<sup>393</sup> „Fundargerðir 55., 56., 60., 61. og 65. fundar skólanefndar“, 1989-1990.

unnið var að framgangi fiskeldisnáms á Kirkjubæjarklaustri innan framhaldsskólakerfisins, með blessun og þáttöku menntamálaráðuneytisins, var unnið hörðum höndum að skipulagningu slíks náms við Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal, sem heyrði undir landbúnaðarráðuneytið. Allt þetta vann gegn framgangi brautarinnar á Klaustri. Vorið 1991 stunduðu þó 25 nemendur nám þar og 12 fiskeldisfræðingar brautskráðust þann 4. maí.<sup>394</sup> Leitað var allra leiða til að halda framhaldsdeildinni opinni og m.a. lögðu heimamenn til að starfið yrði víkkað út og stofnuð „umhverfisbraut“ og voru þær tillögur samþykktar í skólanefnd F.Su. vorið 1992<sup>395</sup> enda hafði nemendum fækkað í 17 frá árinu áður og aðeins 6 nemendur útskrifuðust. Enn fækkaði nemendum skólaárið 1992-1993 og þrír nemendur útskrifuðust um vorið<sup>396</sup> svo skólanefnd sá ástæðu til að bóka eftirfarandi:

Skólanefnd F.Su fagnar þeim hugmyndum ráðuneytis að efla verklegar greinar í skólum og þá ekki síst framhaldsskólum. Bendir skólinn á mikilvægi þess að viðhalda fiskeldisbraut skólans þrátt fyrir tímabundna nemendafæð.

Í því sambandi má ekki einvörðungu huga að nemendafjölda, ekki má vanmeta þann þátt sem að atvinnulífinu snýr, því frá upphafi hefur brautin tengst því mjög og má benda á heilu atvinnufyrirtækin sem hafa verið byggð upp í framhaldi af starfi og rannsóknum í skólanum. Er þar helst um að ræða fyrirtæki með bleikjueldi og vinnslu úr þeirri afurð.

Kennarar skólans hafa verið ráðgefandi fyrir fólk af öllu landinu með fyrirlestrum, fræðslufundum og námskeiðum, og einnig stunda þeir tilraunir og rannsóknir samhliða kennslunni sem kemur öllum að notum sem fiskeldi stunda. Því skorar skólanefndin á ráðuneytið að halda áfram stuðningi við fiskeldisbrautina enda um að ræða undirstöðu atvinnugreinar sem helst er horft til í sambandi við nýjungar og menntunarskortur meðal annars talin ástæða til að ekki fór sem skyldi í upphafi. Eins og kunnugt er, er F.Su. eini skólinn á landinu sem hefur sinnt þessari menntun sl. 2 ár.<sup>397</sup>

Skólaárið 1993-1994 lá kennsla niðri en þá höfðu alls 32 fiskeldisfræðingar brautskráðst frá Klaustri.<sup>398</sup> Á haustönn 1994 hófu 10 nemendur nám og á vorönn 1995 voru þeir sjö talsins. Í upphafi árs 1995 voru í skólanefnd viðraðar hugmyndir um að færa fiskeldisnámið á Selfoss, í samstarfi við fiskeldisstöðvar á svæðinu, enda þótti fullreynt að aðsókn næðist að brautinni á

<sup>394</sup> Örlygur Karlsson, 20. annarannáll“, vorönn 1991.

<sup>395</sup> „Fundargerð 70. fundar skólanefndar“, 11. desember, 1991 og „73. fundar,“ 9. maí, 1992.

<sup>396</sup> Örlygur Karlsson, „22., 23. og 24. annarannáll“, 1992-1993.

<sup>397</sup> „Fundargerð 76. fundar skólanefndar“, 8. maí, 1993.

<sup>398</sup> Örlygur Karlsson, „25. annarannáll“, haustönn 1993.

Klaustri.<sup>399</sup> Ákveðið var að sækja um leyfi til ráðuneytisins að flytja brautina. Þeir nemendur sem voru byrjaðir, en áttu eftir að ljúka námi, voru í verklegu námi á fiskeldisstöðvum á haustönn 1995 en skyldu ljúka námi í skólanum á Selfossi um vorið. Jón Gunnar Schram fiskeldisfræðingur, sem kennt hafði við brautina, vann að endurskipulagningu brautarinnar þennan vetur, meðan umsókn um flutning lá til athugunar í ráðuneytinu.<sup>400</sup> Vinna Jóns Gunnars var fjörbrot fiskeldisbrautar við F.Su., aldrei varð af fyrirhuguðum flutningi og hún var formlega lögð niður 1996.<sup>401</sup> Skólanefnd samþykkti á fundi sínum 12. nóvember 1997 „að vinna að því að segja upp samningi, selja hús og aðstöðu fiskeldisstöðvarinnar í Tungu“.<sup>402</sup>

Þar með var lokið merkingu þætti í sögu verk- og starfsmenntunar í F.Su. En afrakstur kennslu og rannsókna við fiskeldisbrautina lifir áfram á Klaustri, í bleikjueldi í köldu vatni við náttúrulegar aðstæður, og öflugum atvinnurekstri tengdum því.<sup>403</sup>

## 6.7 Tölvu- og upplýsingatækni

Þegar fjölbrautaskólinn tók til starfa var ekki til að dreifa tölvutækni nútímans og því voru nauðsynleg gögn handunnin, s.s. stundatöflur, námsferlar og einkunnir. Þetta virðast nú á tímum fullkomlega galin vinnubrögð, en það sama má raunar segja um húsnaðisaðstæðurnar sem frumherjar skólans sættu sig við. Á fyrstu önn skólans voru nemendur, samtals í dagskóla og öldungadeild, um hálf fjórða hundraðið en tíu árum seinna var sambærileg tala um hálf áttunda hundraðið. Handvinnsla gagna óx því starfsfólki hratt yfir höfuð og tekið var upp samstarf við Reiknistofnun Háskólans. Fyrstu tölvuunnu stundatöflurnar fengu nemendur í hendur á vorönn 1983 og námsferlar og einkunnir voru prentaðar út úr tölvum á vorönn 1984. Sama ár varð mögulegt að senda Reiknistofnun gögn um símalínu, starfsfólki til mikils hagræðis. Miklar framfarir urðu á næstu árum, þegar Þórhannes Axelsson þróaði í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Reiknistofnun HÍ tölvuforrit fyrir pc-tölvur sem réði við alla vinnslu á nauðsynlegum bókhaldsgögnum skólastofnana. Þannig færðist vinnslan smám saman til skólanna sjálfra þar til Axel, tölvuforrit Þórhannesar, spýtti út stundatöflum

---

<sup>399</sup> „Fundargerð 86. fundar skólanefndar“, 26. janúar, 1995.

<sup>400</sup> Örlýgur Karlsson, „28., 29. og 30. annarannáll“, 1995-1996.

<sup>401</sup> Jón Hjartarson, „Fiskeldisbrautin á Kirkjubæjarklaustri“, 239.

<sup>402</sup> „Fundargerð 97. fundar skólanefndar“, 12. nóvember, 1997.

<sup>403</sup> Jón Hjartarson, „Fiskeldisbrautin á Kirkjubæjarklaustri“, 239.

austur á Selfossi á haustönn 1990, án aðstoðar tölvukerfis Reiknistofnunar, og skólinn þar með orðinn sjálfbjarga að þessu leyti.<sup>404</sup>

Smám saman jókst því tölvunotkunin og mestu munaði um nokkur stór skref á þróunarbrautinni. Eitt af þeim var tekið 1987 þegar keyptar voru 12 kennslutölvur, og annað haustið 1990 þegar allt tölvukerfið var nettengt.<sup>405</sup> Á vorönn 1992 var tekið í notkun nýtt forrit sem gerði kleift að reikna námsárangur út frá stöðnum og föllum einingum<sup>406</sup> og með þróun hugbúnaðar almennt þurfti öflugri tölvur og öflugri miðstöð fyrir tölvukerfi skólans. Vorið 1993 var ráðist í heilmikla fjárfestingu og keypt ný miðstöð, 486DX, 50 megarið með 16 megabæta innra minni og 800 megabæta diskplássi, og nýtt tölvunet, Nowell Netware 3.11. sem gat þjónað 100 notendum. Einnig voru keypar 14 Hyundai 486 tölvur með litaskjá og skipt um móðurborð í eldri tölvunum. Skólinn komst í samband við fyrirtæki í Hong Kong sem seldi ódýr móðurborð, svo vélaafslaukningin fékkst nánast á hálfvirði.<sup>407</sup>

Á sama tíma var tölvulögnin í skólanum framlengd upp á þriðju hæð, upp á Efri-Brú, og inn á bókasafn, og hófst þá tölvuskráning safnkostsins. Fjárlagagerðarforritið Svasi var tekið í notkun og aðstoðaði höfundur þess, Aðalsteinn Eiríksson skólameistari Kvennaskólans, Kristínu Þórarinsdóttur fjármálastjóra og skólameistarana Þór og Örlyg við að tölvugera fjárlagatillögurnar. Allt þetta kostaði um 2,5 milljónir en 80% kostnaðarins fékkst úr sérstökum tækjasjóði menntamálaráðuneytisins.<sup>408</sup>

Vorið 1995 ruddi Sigurlaug Kristmannsdóttir, kennari skólans, braut fjarkennslunnar er hún fjarkenndi nemanda við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu með tölvutækninni í gegnum Íslenska menntanetið<sup>409</sup> og enn litu nýjungar dagsins ljós á haustönn 1997 þegar stundaskrár voru keyrðar út úr nýrri útgáfu af Axel-forritinu, sem hélt utan um stundaskrárgerð og námsferla nemenda. Ýmsir byrjunarörðugleikar í meðferð forritsins létu á sér kræla en áfangastjórinn, Ása Nanna Mikkelsen, hélt ró sinni og töflurnar voru afhentar á réttum tíma.

Þetta haust var enn bætt við tölvubúnaðinn og Internetið tekið í fulla notkun. Þessi nýju tæki og tæknin sem þeim fylgdi kallaði á ný vinnubrögð og nýja hugsun. Erfitt getur reynst að

---

<sup>404</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 34-35.

<sup>405</sup> Örlygur Karlsson, „24. annarannáll“, vorönn, 1993.

<sup>406</sup> Sama heimild, „22. annarannáll“, vorönn, 1992.

<sup>407</sup> Sama heimild, „24. annarannáll“, vorönn, 1993.

<sup>408</sup> Sama heimild.

<sup>409</sup> Sama heimild, „28. annarannáll“, vorönn, 1995.

kenna gömlum hundi að sitja og ljóst að tæknivæðingin næði ekki tilgangi sínum nema að takmörkuðu leyti án þátttöku kennaranna. Nú hófst hið mikla skeið tölvunámskeiða: Kennsla í ritvinnslu og töflureikni, og sumir þurftu að læra að kveikja og slökkva á tölvu. Aðrir voru lengra komnir af sjálfsdáðum og helltu sér í vefsíðugerðarnámskeið. Ragnar Geir Brynjólfsson, kerfisstjóri skólans, stjórnaði öllum aðgerðum við tölvuvæðinguna og bróðir hans, sögukennarinn Erlingur, var manna fyrstur til að leggja út á einstigi tölvutækninnar, smíðaði meðal annars vefsíðu í sögu 202 um víkinga og kenndi huguðustu samkennurum sínum galdrana.<sup>410</sup> Næstu annir hófust jafnan á ýmiskonar tölvunámskeiðum fyrir kennara og starfsfólk. Á vorönn 1999 voru t.d. 22 kennarar skólans á vefsíðugerðarnámskeiðum hjá þeim Galtastaðabræðrum, Ragnari og Erlingi, og heimasíða skólans tók hraðstígu framförum.<sup>411</sup>

En skólayfirvöld hugsuðu lengra og fyrir frumkvæði og óþrjótandi elju Sigurðar Sigursveinssonar skólameistara sótti skólinn um að vera „kjarnaskóli í upplýsingatækni“<sup>412</sup> haustið 1998. Umsóknin var samþykkt í menntamálaráðuneytinu og F.Su. varð, ásamt tveimur öðrum framhaldsskólum, þróunarskóli í notkun upplýsingatækni í skólastarfi, skv. samningi við ráðuneytið.<sup>413</sup> Settur var á fót stýrihópur um upplýsingatækni og vinnuhópar kennara unnu að þróunarmálum. Töluverðar endurbætur voru gerðar á tölvukosti árið 1999, keyptar 50 fartölvur, 34 tölvur uppfærðar og tekin í gagnið ný tölvustofa með 28 borðtölvum. Bókunarkerfi bókasafnsins var uppfært í Windows-umhverfi og hægt varð þetta haust að leita að safnkosti í gegnum vefsíðu skólans. Upplýsingar um skólann á heimasíðunni voru auk íslensku birtar á dönsku, ensku, frönsku og ítölsku og vikulegur fréttapistill, Veffréttir, tók að birtast þar.<sup>414</sup> Nú eru aðgengilegar á heimasíðunni upplýsingar á sjö tungumálum: pólsku, spænsku og þýsku, auk þeirra sem þegar hafa verið nefnd.<sup>415</sup>

Með samningi um forystu við þróun upplýsingatækni í skólastarfi má segja að hálfgerð stökkbreyting hafi orðið. Sigurður skólameistari og Ragnar Geir, tölvunarfræðingur og kerfisstjóri, leiddu stýrihópinn og margir fleiri komu að málum. Kristín Runólfsdóttir,

---

<sup>410</sup> Örlygur Karlsson, „33. annarannáll“, haustönn, 1997.

<sup>411</sup> Sama heimild, „36. annarannáll“, vorönn, 1999.

<sup>412</sup> „Fundargerð 101. fundar skólanefndar“, 8. september, 1998.

<sup>413</sup> Sama heimild, „102. fundur“, 15. mars, 1999.

<sup>414</sup> Örlygur Karlsson, „37. annarannáll“, haustönn, 1999.

<sup>415</sup> „Heimasíða F.Su.“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 12. júlí, 2011.

[http://www.fsu.is/jj/index.php?option=com\\_content&view=frontpage&Itemid=74](http://www.fsu.is/jj/index.php?option=com_content&view=frontpage&Itemid=74)

enskukennari, var ráðin til að sjá um tengsl við verkefnisstjórn og við hina þróunarskólana á þessu sviði, og einir sex lengra komnir kennarar og starfsmenn voru ráðnir til að aðstoða hina „vanþróaðri“. Meginmarkmiðið var að nýta þessa tækni í þágu náms og kennslu og því voru stöðugt haldin námskeið fyrir kennarana, jafnt um tæknileg atriði sem nýjar kennslaðferðir og starfshætti. Á vorönn 2000 voru nettengdar tölvur skólans komnar yfir 100 og samskipti um Netið fóru stöðugt vaxandi, sem aftur kallaði á aukna bandvidd kerfisins.<sup>416</sup>

Á þessum tíma komu upp hugmyndir um að fartölvuvæða framhaldsskólana og að hver nemendi fengi sína tölvu. Þetta gerði kröfur um örbylgjusamband og þráðlaust netsamband fyrir fartölvurnar. Ákveðið var þó að gera fyrst tilraunir með þetta í völdum námshópum innan þróunarskólanna, og skólameistari F.Su. sá tækifærin innan húss í því að tengja fartölvuvæðinguna við innleiðingu nýrrar námskrár, tilraunir með verkefnabundið nám og samþættingu námsgreina. Tilraunahóparnir voru náttúruvísinda- og lífsleiknihópar, sem kenndir voru hvor um sig 12 stundir á viku, eða tvöfalt á við venjulega áfanga, sk. NÁT 106 og LKN 106 áfangar,<sup>417</sup> og að auki söguáfanginn SAG 103. Nemendur sem tóku þátt í þessari tilraun voru á annað hundrað og í NÁT- áfanganum unnu fimm kennarar saman og kenndu 77 nemendum í tveimur þriggja manna teyrum í samkomusal skólans. Meira en helmingur nemendanna í hópnum var með fartölvur.

Samhliða tilraunaverkefnum í kennslunni unnu kennarar að vefsíðugerð fyrir sínar deildir. Til dæmis smíðaði Sigurlaug Kristmannsdóttir vef um mannlíkamann og Örn Óskarsson um fuglalíf á Selfossi. Kristín Runólfsdóttir setti upp vímuvarnarvef í samstarfi við lögregluna og hún stjórnaði einnig vinnu við vef Morgunblaðsins, þar sem þróunarskólar í upplýsingatækni gátu birt fréttir úr skólastarfinu.<sup>418</sup>

Á haustönn 2000 voru 130 nemendur komnir með fartölvur og 15 kennarar. Gerður var umfangsmikill samningur milli Nýherja, Tölvu og rafeindapjónustu Suðurlands (TRS), IBM í Danmörku og skólans um fartölvumál. Skólinn gerðist milligönguaðili varðandi leigu og kaup nemenda á tölvum og gat með því lækkað verð til nemenda um 20%.<sup>419</sup> Fyrstu 86 tölvurnar

---

<sup>416</sup> Örlygur Karlsson, „38. annarannáll“, vorönn, 2000.

<sup>417</sup> Sama heimild.

<sup>418</sup> Sama heimild, „39. annarannáll“, haustönn, 2000.

<sup>419</sup> „Fundargerð 107. fundar skólanefndar“, 6. nóvember, 2000.



voru afhentar nemendum 3. október og um 60 kennarar sátu námskeið þetta skólaár um upplýsingatækni og notkun fartölva í kennslu.<sup>420</sup>

Á vorönn 2001 fjarkenndi Ragnar Brynjólfsson nemendum bæði í MK og FÁ og margir kennarar skólans kynntu vinnu sína á ráðstefnunni UT2001 sem haldin var í Borgarholtsskóla. Þeir fengu líka að kynnast fullkomnum fjarkennslubúnaði sem Fræðslunet Suðurlands hafði eignast svo nóg var að gera í þróunarverkefnum á þessum árum.<sup>421</sup>

Nýtt miðlægt námsferilskerfi fyrir alla framhaldsskólana í landinu, sem Inna heitir, var tekið í gagnið á vorönn 2002. Það er jafnframt forrit til stundatöflugerðar og geymir upplýsingar um nemendur, viðveruskráningu kennara o.fl. Skáldinu og kennaranum Björgvini E. Björgvinssyni, varð að orði einn daginn, eftir glímu sína við kerfið:

Að morgni ég mæti til vinnu  
af meðfæddum krafti og sinnu.  
Greiparnar spennir  
og grísunum kenni  
og glími að kveldi við Innu.<sup>422</sup>

Smám saman komst betra lag á Innu blessaða og á vorönn 2003 fengu nemendur aðgang að kerfinu og gátu eftir það fylgst sjálfir með viðveruskráningunni frá degi til dags, og jafnvel fyrir hverja kennslustund á rauntíma, því flestir kennarar „merktu við“ beint inn í kerfið jafnóðum og þeir „lásu upp,“ þó aðrir kysu að slá upplýsingarnar inn í tölvuna í lok dags. Nemendur fengu líka beinan aðgang að námsferlum sínum og í gegnum kerfið gátu þeir sett upp námsferilsáætlun frá upphafi til loka náms, sem auðveldaði mjög val á áföngum fyrir hverja önn, veitti gott yfirlit og gaf færi á að skipuleggja námið með tilliti til framboðs áfanga hverju sinni. Mikið hagræði var að þessu, því þó sumir áfangar séu í boði á hverri önn eru aðrir sjaldnar í boði, sumir ekki nema þriðju eða fjórðu hverju önn, eða jafnvel sjaldnar.

Tölvutæknin og Netið gerðu skólanum kleift að veita ýmiskonar þjónustu sem annars var óhugsandi. Sem dæmi um það má nefna prófaþjónustu við fjarnámsnemendur, t.d. við KHÍ, FÁ og VMA.<sup>423</sup> Kennarar sóttu ekki aðeins ráðstefnur um upplýsingatækni innanlands heldur

---

<sup>420</sup> Örlygur Karlsson, „39. annarannáll“, haustönn, 2000.

<sup>421</sup> Sama heimild, „40. annarannáll“, vorönn, 2001.

<sup>422</sup> Sama heimild, „42. annarannáll“, vorönn 2002.

<sup>423</sup> Þórarinn Ingólfsson, „43. annarannáll“, haustönn, 2002.

fóru líka til útlanda að afla sér fróðleiks og kynna sér tækninýjungar. Átta kennarar fóru á BETT2003 sýninguna í London og síðan hafa kennarar við skólann reglulega farið þangað á vorin.

Ein tækninýjungin enn var tekin í notkun vorið 2003. Það var svokallað FS-net, háhraðanet sem tengdi saman alla framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðvar og útibú þeirra og létti öll samskipti um Netið.<sup>424</sup> Í framhaldinu var farið að fjarkenna á kvöldin í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands til Víkur í Mýrdal, Hvolsvallar og Flúða.<sup>425</sup> Tekið var í notkun nýtt kennsluumsjónarkerfi sem hét „Angel“ og fóru ófáar stundir kennara í námskeið í notkun þess og nýrra uppfærsla sem kynntar voru nánast í upphafi hverrar annar. Kerfið var öflugt hjálpartæki fyrir þá sem náðu á því tökum. Þar var hægt að geyma allt námsefni, aðskilið fyrir hvern áfanga, glærur, glósur og annað sem kennarar vildu að nemendur hefðu aðgang að. Einnig hélt kerfið utan um námsmat áfangans, einkunnir, verkefnaskil og samskipti nemenda og kennara. Sérstaklega hentaði þetta vel þegar nemendur af einhverjum ástæðum komust ekki í kennslustund. Hægt var að tímastilla kerfið þannig að verkefni, og jafnvel gagnvirkpróf eða annað námsmat, voru aðgengileg nemendum á Netinu í fyrirfram ákveðinn tíma en lokuðust sjálfkrafa að tímafresti liðnum. Leigu þurfti að greiða fyrir notkun á Angel kerfinu og því var haustið 2010 tekið upp annað, sambærilegt kerfi, Moodle, sem frír aðgangur er að<sup>426</sup> og hefur það verið notað síðan.

Lög um framhaldsskóla 1996 settu hverjum skóla fyrir það verkefni að semja eigin skólanámskrá. Í F.Su. var ákveðið að vinna við skólanámskrá yrði hluti af þróun upplýsingatækni við skólann, hún yrði lifandi plagg og birt á heimasíðu hans. Skólanámskráin var opinberuð 3. október 2003<sup>427</sup> og skólanefnd lýsti sig ánægða „með það starf sem liggur að baki þessari síðu, en ljóst er að með þessu hefur skólinn skipað sér í fremstu röð á sviði upplýsingatækni“.<sup>428</sup>

Meðal síðustu skrefa sem tekin hafa verið til framþróunar upplýsingatækni í skólanum má nefna upplýsingaskjái sem settir voru upp í Odda, lðu og Hamri vorið 2006,<sup>429</sup> nýja heimasíðu sem starfsmenn skólans, þau Kristín Runólfsdóttir, Helgi Hermannsson og Ragnar

---

<sup>424</sup> Sama heimild, „44. annarannáll“, vorönn, 2003.

<sup>425</sup> „Fundargerð 124. fundar skólanefndar“, 14. september, 2004.

<sup>426</sup> Þórarinn Ingólfsson, „59. annarannáll“, haustönn, 2010.

<sup>427</sup> Sama heimild, „45. annarannáll“, haustönn, 2003.

<sup>428</sup> „Fundargerð 121. fundar skólanefndar“, 10. desember, 2003.

<sup>429</sup> Þórarinn Ingólfsson, „50. annarannáll“, vorönn, 2006.

Geir Brynjólfsson, áttu mestan heiður að og opnuð var í byrjun janúar 2009,<sup>430</sup> og að lokum var vorið 2011 unnið að undirbúningi kaupa á fjarfundabúnaði í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands, meðal annars í þeim tilgangi að taka upp þráðinn við að þjónusta grunnskólanemendur og taka þátt í mögulegu samstarfi framhaldsskóla um framboð á fjarnámi.<sup>431</sup>

## 6.8 Náms- og starfsráðgjöf

Fram til ársins 1985 sinntu áfangastjórnarnir námsráðgjöf við skólann, fyrst Bárður Guðmundsson og síðan Örlygur Karlsson. Guðrún Andrédóttir, kennari, tók við 1985 og sinnti störfum ráðgjafa til 1989, en kenndi sálarfræði og stærðfræði samhliða, og Ragnheiður Hergeirsdóttir, félagsráðgjafi, var í hlutastarfi með henni frá haustönn 1986 til haustannar 1989.<sup>432</sup>

Haustið 1990 hóf Stefán A. Magnússon störf sem námsráðgjafi og starfaði hann fram á vor 2000. Þá um haustið tók Ágústa Gunnarsdóttir við starfinu en hún stoppaði stutt, hvarf til annarra starfa um mánaðamótin október/nóvember.<sup>433</sup>

Agnes Ósk Snorradóttir, náms- og starfsráðgjafi, hóf störf í apríl 2001. Hún hefur frá vorönn 2008 stýrt starfi þessarar deildar innan skólans. Sigurður Jónsson, kennari, var í hlutastarfi við ráðgjöf 2002 til 2003 og Ásta Kr. Ragnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, frá 2002 til 2004. Hún þróaði í samstarfi við skólann stöðlun IDEAS áhugasviðsgreiningar sem mikið hefur verið notuð í skólum á Íslandi.

Anna Fríða Bjarnadóttir, náms- og starfsráðgjafi, var við störf 2002-2003 og aftur frá hausti 2005. Anna Fríða var ráðin til að sinna náms- og starfsráðgjöf í fangelsum á Íslandi árið 2008 og hefur starfað við það síðan, í fyrstu með störfum í F.Su. en frá hausti 2010 eingöngu í fangelsunum. Eyvindur Bjarnason, kennari, hefur starfað í hlutastarfi við ráðgjöfina frá hausti 2003 og Álfhildur Eiríksdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hóf störf á vorönn 2007. Í byrjun var

---

<sup>430</sup> Sama heimild, „56. annarannáll“, vorönn, 2009.

<sup>431</sup> „Fundargerð 159. fundar skólanefndar“, 10. maí, 2011.

<sup>432</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, tölvupóstur til höfundar, 22. ágúst, 2011.

<sup>433</sup> Ágústa Gunnarsdóttir, „Skýrsla námsráðgjafa ágúst til nóvember 2000“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2000).

Álfhildur í hlutastarfi með kennslu en frá og með 2010 í heilli stöðu við námsráðgjöf. Vorið 2009 varð vendipunktur í faginu þegar starfsheitið var lögverndað.<sup>434</sup>

Stærsti hluti starfa námsráðgjafa felst í einstaklingsviðtölum við nemendur vegna námsvals og liðsinni við þá vegna námsins eða einkamála sem snerta skólavist þeirra. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er mikilvægur þáttur og stór hluti starfsins.<sup>435</sup>

Til að gefa mynd af starfi náms- og starfsráðgjafar við skólann er hér gripið niður í nokkrar ársskýrslur þeirra. Á fyrsta starfsári Stefáns Magnússonar, 1990-1991, hafði hann samband við foreldra eða forráðamenn flestra nemenda sem féllu á lokaprófi í þremur eða fleiri áföngum. Hann hélt fundi með umsjónarkennurum í september og janúar þar sem rætt var um hlutverk þessara aðila og hvernig þeir gætu unnið saman að velferð nemenda, sótti námskeið um starf og starfsumhverfi námsráðgjafa í Háskóla Íslands í lok september og nokkra fræðslufundi á vegum Félags íslenskra námsráðgjafa. Hann fundaði einnig með nemendum og foreldrum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum um framtíð Skógaskóla og foreldrafélagi Gagnfræðaskólans á Selfossi um málefni F.Su. Hann heimsótti alla grunnskóla á skólasvæðinu og kynnti námsframboð og áfangakerfi skólans fyrir nemendum 10. bekkjar. Meirihluti þeirra kom einnig í heimsókn í F.Su. þar sem námsráðgjafinn tók á móti þeim og sýndi þeim skólann og kynnti starfið sem þar fer fram.

Í samvinnu námsráðgjafa, skólayfirvalda og kennara var skipulögð stuðningskennsla í stærðfræði og íslensku þennan vetur og reyndist það mikilvæg aðstoð sem skilaði mörgum nemendum góðum árangri.<sup>436</sup>

Skólaárið 1996-1997 voru sömu grunnþættirnir mest áberandi í starfi námsráðgjafans, einstaklingsviðtölin, samskipti við 10. bekinga og sérstök viðtöl við nemendur sem féllu á önn eða í mörgum áföngum. Í byrjun annar tók hann þátt í vinnu við stofnun

---

<sup>434</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, „Drög fyrir sögu skólans - Náms og starfsráðgjöf F.Su.“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011).

<sup>435</sup> Sama heimild.

<sup>436</sup> Stefán A. Magnússon, „Starfsskýrsla frá námsráðgjafa F. Su. skólaárið '90-'91“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 1991).

fornámsbrautar við skólann og undirbúningi undir móttöku nokkurra nemenda á starfsbraut. Allir nýnemar skólans í upphafi bæði haust- og vorannar voru boðaðir í viðtal til námsráðgjafa sem ræddi við þá um skólasóknarreglur, umgengni í skólanum, áfangakerfið, námsval, nauðsyn á gerð námsáætlunar og þá breytingu að flytjast úr grunnskóla í framhaldsskóla. Einnig var rædd líðan nemenda og ýmis persónuleg mál og spurt um reykingar og vinnu með skóla. Fram kom að 20,8% nýnema sögðust reykja, 57,7% sögðust ekki vinna með náminu, 38,5% sögðust vinna lítið en 3,8% mikið.

Námsráðgjafi stóð fyrir árlegri lestrarkönnun, sem lögð var fyrir alla nýnema í íslenskuáföngum, í samstarfi við sérkennara og íslenkukennara skólans. Eftir úrvinnslu námsráðgjafa var Rannveig Lund frá lestrarmiðstöð KHÍ fengin til að prófa frekar þá 38 nemendur sem lakast komu út úr könnuninni. Af þeim úrskurðaði Rannveig að 18 væru með svo alvarlega lestrarörðugleika að þeir ættu rétt á þjónustu námsbókadeildar Blindrabókasafnsins og hafði námsráðgjafi milligöngu um að útvega þeim hljóðbækur. Nemendum með lestrarvanda var þetta haust ennfremur boðið að stunda nám í sérstökum lestraráfanga og nýttu allmargir sér það.

Vegna dauðsfalla tveggja nemenda á skólaárinu voru gerðar sérstakar ráðstafanir af háflu skólans til að veita vinum viðkomandi áfallahjálp, meðal annars skipulögð fyrir þá ferð til sérfræðings í Reykjavík auk aðstoðar námsráðgjafa. Alls voru einstaklingsviðtöl námsráðgjafans 374 á skólaárinu 1996-1997, fyrir utan nýnemaviðtölin og viðtöl við foreldra og aðstandendur. Í þessum viðtölum voru til umræðu, auk almennrar aðstoðar við námið, ýmis persónuleg mál eins og veikindi, kvíði og þunglyndi, námsleiði, fjarvistir og þungun. Námsráðgjafinn getur þess í skýrslu sinni að erfitt hafi verið að finna þeim málum farveg sem senda þurfti áfram til sérfræðinga, sérstaklega ef um geðræn vandamál var að ræða.<sup>437</sup> Á þessu varð bragarbót árið 2002 þegar skólinn gerði samstarfssamning við sálfræðing vegna tilvísunarmála af þessu tagi og er það fyrirkomulag enn við líði.<sup>438</sup>

Skólaárið 1999-2000 var síðasta ár Stefáns A. Magnússonar í starfi námsráðgjafa. Í starfsskýrslu hans kemur fram að umfang starfsins eykst ár frá ári. Einstaklingsviðtölin voru orðin um 550, fyrir utan nýnemaviðtöl og foreldraviðtöl. Í nýnemaviðtölum þetta skólaár

---

<sup>437</sup> Stefán A. Magnússon, „Starfsskýrsla námsráðgjafa Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir skólaárið 1996-1997“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 1997).

<sup>438</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, „Drög fyrir sögu skólans“.

kom fram að svipaður fjöldi þeirra, 20,3%, reykti, en vinna með námi fór vaxandi. Nú sögðust 46,3% ekki vinna með námi, 42,9% unnu lítið en 10,9% mikið. Lestrarskimun meðal nýnema í íslenskuáföngum hafði þegar þarna var komið sögu haft þau áhrif að samtals 85 nemendur í skólanum áttu samkvæmt greiningu rétt á þjónustu frá Blindrabókasafninu. Þeir fengu sem fyrr aukna þjónustu í prófum, lengri próftíma, próf með stærra lettri, og sumir fengu prófin lesin inn á hljóðsnældur. Nokkrir nemendur með skriftarerfiðleika fengu að taka prófin á tölvu.<sup>439</sup>

Foreldrafundur var haldinn í skólanum 21. október um haustið, einkum ætlaður foreldrum nýnema. Þar ræddu námsráðgjafi og skólameistari málefni skólans og svöruðu spruningum foreldra. Námsráðgjafi fór einnig á fundi bæði í Hveragerði og á Eyrarbakka með foreldrum og nemendum 10. bekkja grunnskólanna þar. Stefán lýkur síðustu skýrslu sinni á þeim jákvæðu nótum að starfsaðstaða námsrágjafa í skólanum sé mjög góð og að samstarf og samvinna við kennara, áfangastjóra, skólastjórnendur og starfslið skrifstofu hafi verið með miklum ágætum öll 10 ár hans í starfi námsráðgjafa.<sup>440</sup>

Í skýrslu skólaársins 2010-2011 kemur fram að þrír einstaklingar eru í tveimur stöðugildum við náms- og starfsráðgjöf. Þeir sóttu fjölmarga fundi og námskeið, bæði innanlands og utan. M.a. sótti Agnes Ósk verkefnastjóranámskeið vegna innleiðingar aðgerðaáætlunar Olweusar gegn einelti og útskrifaðist sem verkefnastjóri á vordögum. Ráðgjafarnir funduðu, svo dæmi séu tekin, með fornámsnemendum og foreldrum þeirra, fóru á foreldrafund á vegum Foreldrafélags F.Su., sóttu fund hjá SASS um þjónustumiðstöð fyrir nemendur á Suðurlandi og með forstöðumanni Vinnumálastofnunar á Suðurlandi vegna átaksins „Skólinn opnar dyr“ og verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“.<sup>441</sup>

Á haustönninni var haldinn sérstakur „nýnemadagur“ í fyrsta skipti og gafst náms- og starfsráðgjöfum þar tækifæri til að kynna starfsemi sína fyrir nýnemum. Það var kærkomið tækifæri því heimtur voru, þegar þarna var komið sögu, orðnar slæmar í nýnemaviðtölin.<sup>442</sup>

---

<sup>439</sup> Stefán A. Magnússon, „Skýrsla námsráðgjafa skólaárið 1999-2000“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2000).

<sup>440</sup> Sama heimild.

<sup>441</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, Álfhildur Eiríksdóttir og Eyvindur Bjarnason, „Náms- og starfsráðgjöf F.Su., Ársskýrsla skólaárið 2010-2011“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands, 2011). Sótt 23. ágúst, 2011. <http://www.fsu.is/~fsusvid/skyrslur/v11/namsradgjof11.pdf>

<sup>442</sup> Sama heimild.

Á skólaárinu voru lagðar fyrir nemendur sjö áhugasviðskannanir, haldið námskeið í glósutækni og prófundirbúningi og í samstarfi við sérkennara skólans námskeið fyrir kennara um nemendur með greiningar af ýmsu tagi. Þá tóku ráðgjafarnir þátt í fjölda kynninga bæði innan skólans og á vegum hans annars staðar. Þar má t.d. nefna háskólakynningar, heimsóknir í grunnskólana á svæðinu og móttöku grunnskólanema.<sup>443</sup> Ráðgjöfin leggur mikla áherslu á það að upplýsa nemendur vel um námsval á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Haustið 2010 var í fyrsta sinn haldinn svokallaður iðnnámsdagur þar sem fulltrúar frá lðu - fræðslusetri komu og kynntu fyrir nemendum allt iðnnám sem er í boði á Íslandi. Þessi uppákoma er einstök í framhaldsskóla á Íslandi og vonir standa til að hún festist í sessi. Á vorönn er lögð áhersla á háskólanámið og fulltrúum frá öllum háskólum á Íslandi boðið að kynna fyrir nemendum námsframboð sitt.<sup>444</sup>

Nemendur innan skólans með greiningu voru 219 talsins á vorönn 2011 og fjölgar þeim jafnt og þétt milli skólaára og anna. Eins og fyrr höfðu náms- og starfsráðgjafar yfirumsjón með úrvinnslu úr lestrarkönnun sem lögð er fyrir nemendur í byrjunaráföngum í íslensku, og senda niðurstöðurnar áfram til sérkennara sem taka ákveðinn hluta nemenda í greiningarviðtöl.

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Á haustönn 2010 voru 39 nemendur með opin vottorð og á vorönn 54. Einnig sáu námsráðgjafar um að móta móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Náms- og starfsráðgjafar sinna áfram mörgum sömu verkefnum og nefnd voru úr fyrri skýrslum. Þar á meðal má nefna fundi með stjórnendum skólans, að hafa milligöngu um að útvega hljóðbækur frá Blindrabókasafninu, samtöl við nemendur sem falla í óeðlilega mörgum áföngum og aðstoð við innritun og námsval. Við hafa bæst ýmis verkefni, s.s. að viðhalda og uppfæra heimasíðu deildarinnar og kynningarefni ýmiskonar um háskólanám hérlendis og erlendis. Þá eru námsráðgjafar hluti af forvarnarteymi skólans og hafa með

---

<sup>443</sup> Sama heimild.

<sup>444</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, „Drög fyrir sögu skólans“.

höndum verkefnisstjórn í verkefninu „Skólinn í okkar höndum“, sem er yfirgripsmikið samþættingarverkefni innan skólans<sup>445</sup> og fjallað nánar um annars staðar á þessum blöðum.

Vöxturinn í starfi náms- og starfsráðgjafa sést vel í fjölgun viðtala. Í ársskýrslu 2009-2010 kemur fram að viðtöl tengd námi voru 251 á mánuði en persónuleg viðtöl 201. Samtals voru því viðtölin 452 á mánuði að meðaltali þetta skólaár.<sup>446</sup> Til samanburðar segir í skýrslu námsráðgjafa fyrir árið 1999 - 2000 að einstaklingsviðtöl hafi verið um 550 í heild það skólaár.

Umfang náms- og starfsráðgjafa í F.Su. hefur því vaxið mjög gegnum árin. Eins og starfsheitið ber með sér hefur verið lögð áhersla á ráðgjöf um nám og störf ásamt því að sinna persónulegri ráðgjöf við nemendur. Nú er svo komið að erfitt er að anna eftirspurn nemenda eftir þjónustu náms- og starfsráðgjafa þar sem aðeins eru tvo stöðugildi í 1000 nemenda skóla.<sup>447</sup>

## 6.9 Skrifstofan

Á skrifstofunni er sú miðstöð sem engin stofnun getur verið án. Þar er stöðugur erill nemenda, kennara, stjórnenda, foreldra, gesta og gangandi, flestra á hlaupum með spurningar sem helst þarf að fá svör við strax!

Á „hlaupabrautinni“ var skrifstofan í þokkalega stóru rými í Brunabót og skrifstofur skólameistara og aðstoðarskólameistara þar inn af. Í *Skólaskýrslu 1981-1991* má sjá táknræna mynd af eina fulltrúanum, Huldu Vilhjálmisdóttur, sem situr við skólaborð þakið pappírur, og símtæki innan seilingar.<sup>448</sup> Ekkert símasamband er milli kennslustofanna sem dreifðar eru um bæinn. Tölvuvæðing er auðvitað ekki hafin, allt handskrifað eða vélritað og gögnin á pappír í möppum. Hvað á svo að gera við alla þessa pappíra? Fyrstu þrjár annirnar voru allar stundatöflur handunnar og einkunna- og námsferilsblöð nemenda voru fyrst

---

<sup>445</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, Álfhildur Eiríksdóttir og Eyvindur Bjarnason, „Ársskýrsla 2010-2011“.

<sup>446</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, Anna Fríða Bjarnadóttir og Álfhildur Eiríksdóttir, „Náms- og starfsráðgjöf F.Su., Ársskýrsla skólaárið 2009-2010“ (Fjölbrotaskóli Suðurlands, 2010). Sótt 23. ágúst, 2011.  
<http://www.fsu.is/~fsusvid/skyrslur/v10/namsradgjof10.pdf>

<sup>447</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, „Drög fyrir sögu skólans“.

<sup>448</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 15.



tölvuprentuð á vorönn 1984.<sup>449</sup> Tölvutæknin þróaðist smám saman næstu árin, eins og rakið er hér fram, og létti það mjög skrifstofuvinnuna í sístækkandi skóla.

Við flutninginn í Odda breyttist öll vinnuaðstaða á skrifstofu skólans til hins betra. Nú eru fjórir starfsmenn á skrifstofunni<sup>450</sup> og verkefnum hefur ekki fækkað. Kröfur um þjónustu hafa vaxið jafnt og þétt, og á yfir þúsund manna vinnustað er í mörg horn að líta. Fyrir utan hefðbundna símsvörun sér skrifstofan til dæmis um allar auglýsingar á tölvuskjám og auglýsingatöflum; um forföll kennara, námskeið í boði, viðburði og aðrar almennar tilkynningar til nemenda. Auglýsingaskjái sem þarf að uppfæra reglulega eru í öllum byggingum skólans, Odda, Hamri og Iðu.

Starfsfólk skrifstofunnar hefur titilinn skólafulltrúi og sér um hvers konar skráningar, t.d. læknisvottorða, þátttöku í námskeiðum, í sjúkrapróf, um leigu á geymsluskápum og fleira sem tengist almennri þjónustu við nemendur í dagsins önn. Skólafulltrúar sjá líka um varðveislu afrita af ýmsum gögnum, s.s. einkunnablöðum og prófskírteinum, og hægt er að fá þau þýdd yfir á algengustu tungumál. Á skrifstofunni fá nemendur vottorð fyrir skólavist, geta fengið aðgang að stundatöflum kennara og þaðan er komið skilaboðum frá nemendum, og fleirum, til kennara og annarra starfsmanna skólans.<sup>451</sup>

Skrifstofan er andlit skólans. Hún hefur dagleg samskipti við nemendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk, ýmist persónuleg eða gegnum síma og tölvupóst. Þar mæðir mjög á og reynir á þolinmæði og þjónustulund. Skólafulltrúar hafa góða yfirsýn yfir daglegt amstur í stofnuninni í heild og vita fyrir vikið hvað klukkan slær á hverjum tíma.

Í stækkandi stofnun hafa smám saman orðið til fleiri störf á skrifstofu skólans. Haustið 1998 varð til embætti skrifstofustjóra sem hefur yfirumsjón með vinnu á skrifstofunni, annast undirbúnings- og frágangsvinnu við upphaf og lok skólaárs, t.d. vegna aðgangs- og lykilorða nemenda í annarbyrjun og skipulagningu prófsýningardags í lok annar. Hann sér um skýrslugerð af ýmsu tagi og upplýsingar um skrifstofuna á vef skólans. Einnig hefur hann eftirlit með tækjum á skrifstofu og kallar eftir viðgerðarmanni ef þess er þörf. Hann annast þýðingar á skírteinum og námsferlum, leiðbeinir nýliðum og skipuleggur skjalavistun.

---

<sup>449</sup> Sama heimild, 34.

<sup>450</sup> „Skrifstofa“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 1. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/jj/index.php?option=com\\_content&view=article&id=71&Itemid=124](http://www.fsu.is/jj/index.php?option=com_content&view=article&id=71&Itemid=124)

<sup>451</sup> „Önnur þjónusta“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 1. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/jj/index.php?option=com\\_content&view=article&id=96&Itemid=126](http://www.fsu.is/jj/index.php?option=com_content&view=article&id=96&Itemid=126)

Skristofustjórinn sinnir ýmsum sömu störfum og skólafulltrúar, t.d. sínavörslu, tekur við greiðslum og sinnir nemendum með margvíslegum hætti, enda leitast starfsfólk skrifstofu við að greiða úr málum nemenda eins vel og kostur er.<sup>452</sup>

Staða val- og prófstjóra varð til í ársbyrjun 2002. Hlutverk hans er að aðstoða áfangastjóra við val nemenda og hafa yfirumsjón með prófum og umsjónarfundum. Í upphafi var þetta 50% starf en breyttist í fullt starf í ársbyrjun 2007 og þá var heiti þess breytt í námsferilsstjóri. Hlutverk hans er að aðstoða nemendur við val og gerð námsferilsáætlaða, sérstaklega útskriftarnemenda, og hann er, ásamt áfangastjóra, umsjónarkennari nemenda sem eru eldri en 20 ára. Námsferilsstjóri sér um þýðingar á námsferlum og skírteinum, hefur yfirumsjón með prófum, skipuleggur yfirsetu, raðar nemendum í stofur, setur gögn í stofur og fylgist með að allt gangi snuðrulaust fyrir sig á prófatímanum. Hann skipuleggur umsjónarfundi ásamt verkefnisstjórum „Skólans í okkar höndum“ og er tengiliður við grunnskóla á Suðurlandi vegna grunnskólanema sem stunda nám í einstökum áföngum í F.Su.<sup>453</sup>

Námsferilsstjóri er Ragnheiður Ísaksdóttir. Hún hóf störf í maí 1983 sem fulltrúi skólameistara en tók við starfi skrifstofustjóra þegar það varð til 1998 og val- og prófstjóra meðan það starfsheiti var til. Með Ragnheiði hefur Nanna Þorlákssdóttir starfað lengst á skrifstofunni, sem skólafulltrúi frá 1995 og Halldóra Gunnarsdóttir í tíu ár, frá 1998-2008. Inga Magnúsdóttir hóf störf í upphafi árs 2007 og Sigríður Sigfúsdóttir haustið 2010.<sup>454</sup>

## 6.10 Bókhald og fjármálastjórnun

Fyrstu tvö árin var fjölbrautaskólinn samstarfsverkefni ríkisins og Selfoskaupstaðar. Þá sá Launadeild ríkisins um útreikninga og greiðslur kennslulauna, en Selfossbær sá um allt bókhald og laun annarra. Árið 1983 bættust Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla í hóp eignar- og rekstraraðila skólans og upp frá því hefur bókhald verið í höndum skólans sjálfs. Fyrstu þrjú árin sá Erlendur Hálfðánarson um bókhaldið en Endurskoðun hf. um útreikning launa vegna húsvörslu, skrifstofu og ræstinga, endurskoðun og gerð ársreikninga.

---

<sup>452</sup> Ragnheiður Ísaksdóttir, „Starfslýsingar“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011).

<sup>453</sup> Sama heimild.

<sup>454</sup> Sama heimild.

Áfram sá Erlendur um bókhald vegna byggingaframkvæmda við Odda allt þar til seinni áfangi hússins var tekinn í notkun árið 1994.

Frá því flutt var inn í fyrri hluta Odda árið 1987 hefur Kristín Þórarinsdóttir séð um bókhald skólans. Fyrst var hún ráðin í 50% starf til að sjá um rekstrarhlið bókhaldsins, greiðslur reikninga, launaútreikninga og innheimtu frá sveitarfélögum og ríki vegna byggingaframkvæmdanna. Árið 1994 varð fjármálastjórn skólans fullt starf með umsjón með öllu bókhaldi og gegndi Kristín því samfelld til 1. maí 2011, er hún lét af störfum og Haraldur Eiríksson var ráðinn í staðinn.

Fyrstu árin var bókhald fært í bókhaldskerfið Opus-Alt frá Íslenskri forritaþróun en launakerfið var frá Rafreikni, sem frá 1990 var hluti af Einari J. Skúlasyni. Árið 1990 varð sú breyting að allur rekstrarkostnaður framhaldsskólanna fór til ríkisins og eftir það varð að færa þá hlið bókhaldsins í svokallað BÁR-ST kerfi, sem var bókhalds og áætlanagerfi ríkisins. Einskonar skráningarkerfi var sett upp í heimatölvu og bókhaldið síðan flutt um símalínu í ríkisbókhald. Skömmu síðar var opnað fyrir beinlínuskráningu til launadeildar og þá hætt að senda upplýsingar þangað til skráningar.

Bókhald vegna bygginga og stofnbúnaðar var ekki fært yfir í ríkisbókhald með rekstrarkostnaðinum þar sem sveitarfélög og ríki fjámögnuðu þann hluta áfram sameiginlega. Frá árinu 1990 hafa því verið gerðir tveir ársreikningar fyrir skólann og hefur ríkisbókhald og síðan Ríkisendurskoðun sett upp reikning fyrir rekstrarhlið bókhaldsins en áfram sér Endurskoðun hf., sem síðar varð KPMG, um ársreikninga vegna stofnbúnaðar og byggingaframkvæmda.

Þriðja bókhaldskerfið var tekið í notkun árið 2003, Oracle-kerfið sem ríkið keypti hjá Skýrr, og nú er nefnt Orri. Öllum ríkisstofnunum var gert að taka upp þetta kerfi, sem lítt var aðlagað íslenskum þörfum til að byrja með, allt á ensku og erfitt að ná út úr því nauðsynlegum upplýsingum og gekk því á ýmsu. Launakerfi Oracle var tekið í gagnid um mitt ár 2005 og var þá búið að sníða það betur að íslenskum aðstæðum en bókhaldskerfið.

Ýmis starfsemi á sér stað í framhaldsskólunum sem ekki fellur undir ríkisrekstur og lengst af voru laun sem ekki eru greidd úr ríkissjóði, t.d. í mötuneyti nemenda og bóksölu, reiknuð í launakerfi frá Tölvumiðlun hf, en árið 2009 voru þau laun færð inn í launakerfi ríkisins og endurgreidd til skólans frá viðkomandi starfsemi. Fram til ársins 2010 var haldið utanum alla slíka starfsemi í BÁR-ET bókhaldskerfi, sem er einmenningstölvakerfi frá ríkinu.

Þá var keypt TOK-bókhaldskerfi fyrir bókhald mötuneytisins og verður það líkast til einnig notað fyrir byggingarreikninginn í framtíðinni.

Á fyrstu árum skólans, áður en nútíminn hélt innreið sína, voru fjárhags- og rekstraráætlanir unnar hvor í sínu lagi, ýmist handskrifaðar eða vélritaðar. Flokka þurfti allan kostnað í fjárhagsáætlunum í hlutföllum milli eignaraðila í héraði og ríkisins. Stuðst var við reiknireglu varðandi kennslulaun og fjárveiting miðuð við meðallaunaflokk kennara og formúlu þar sem tekið var mið af áætluðum fjölda nemenda, meðaltali vikustunda og nemendafjölda í kennslustund. Allur annar rekstrarkostnaður var síðan sundurgreindur og færður á þar til gerð eyðublöð.

Við gerð rekstraráætlana var tekið mið af bókhaldi fyrra árs og fyrirhugaðra breytinga á skólahaldinu og beðið um fjárveitingar samkvæmt því. Ráðuneytið sendi svo skólanum greiðsluáætlun ársins í samræmi við samþykktar fjárlagatölur. Smám saman þróuðust þessar aðferðir í ráðuneytinu, reynt var að samræma fjárhags- og rekstraráætlanir og gera þær aðgengilegri. Í byrjun árs 1993 tilkynnti fjármálaráðuneytið að til stæði að flytja áætlanagerðina af pappírsstiginu til „notendavænna“ viðmóts. Þarna voru boðuð fyrstu skrefin til nútímalegri vinnubragða, en skilvirkt varð þetta kerfi aldrei.

Stærsta skrefið til að auðvelda vinnu við rekstraráætlanir var tekið árið 1996 þegar Aðalsteinn Eiríksson gaf skólanum kost á að nota viðamikið excelskjál sem hann hafði útbúið til áætlanagerðar, og nefndi Svasa eftir jötni einum úr Dofrafjöllum. Kom Aðalsteinn á staðinn í nokkur skipti og veitti aðstoð við að koma böndum á Svasa. Þá varð mögulegt að gera mun nákvæmari áætlanir, sem tóku bæði til launa og rekstrar, og voru niðurstöðurnar færðar inn í reikniformúlu sem þá var orðin burðugri og sýndi fleiri kostnaðarliði en kennslulaunin ein.

Eftir að Oracle-kerfið var tekið í notkun 2003 þróaði fjársýsla ríkisins viðameira excelskjál til rekstraráætlanagerðar, sem byggir að einhverju leyti á Svasa. Fjárveitingar miðast þó ekki við þá áætlun sem gerð er heldur reiknilíkan, sem fyrst var notað árið 1998. Því er ætlað að tryggja að jafnræðis gæti í fjárveitingum til framhaldsskólanna út frá gildistölu, sem byggir á kostnaði við námsframboð, stærð, gerð, staðsetningu og samsetningu hvers skóla fyrir sig.

Innheimtuaðferðir hafa þróast í tímans rás, eins og annað í starfsemi skólans. Í árdaga voru kvittanir handskrifaðar eða vélritaðar. Næsta skref við innheimtu innritunargjalda var

að nota C-gíróseðla sem keyrðir voru út á nálaprentara. Næst, með tilkomu heimabankanna, var farið að prenta innheimtuseðla í banka, sem auðveldaði mjög allt yfirlit yfir stöðu mála.

Fjölbrautaskóli Suðurlands tók fyrstur skóla upp TBR innheimtakerfið, eða tekjubókhald ríkisins. Um mitt ár 2006 voru fyrst sendir út greiðsluleðlar úr því kerfi. Samtímis var einnig sett upp staðgreiðslukerfi TBR á aðalskrifstofu skólans. Staðgreiðslukerfið hefur reynst vel og hefur verið notað allt frá haustönn 2006. Ýmsir vankantar voru á greiðsluseðlakerfinu og var því fljótlega horfið aftur til bankainnheimtu varðandi innritunargjöldin. Nú hefur það kerfi verið bætt og tengt nemendaskráningarkerfinu INNU. Það var því tekið aftur í notkun og voru greiðsluseðlar vegna haustannar 2011 sendir úr því. Mun það auðvelda mjög alla yfirsýn þegar öll innheimta er komin í eitt og sama kerfi.

Mörg fleiri verkefni hafa ratað inn á borð fjármálastjóra skólans. Þar má nefna færslur og tölvuvinnslu bókhalds fiskeldisbrautarinnar á Kirkjubæjarklaustri, bókhald, launagreiðslur og uppsetningu ársreiknings vegna Farskóla Suðurlands, aðstoð við útskriftarnenendur sem ráku nemendamötuneyti sér til fjáröflunar fram á 10. áratuginn, og síðan að sjá alfarið um bókhald, greiðslur reikninga og launagreiðslur mötuneytisins eftir að nemendur misstu áhugann á því. Frá haustönn 2006 hefur einn kennari skólans, Þórey Hilmarsdóttir, séð um það bókhald.

Skólaakstur hefur verið við skólann frá upphafi og var hann fyrstu árin fjármagnaður af sérlið í menntamálaráðuneytinu. Skólinn sá um allt utanumhald varðandi aksturinn og sendi skýrslu í lok hverrar annar til ráðuneytisins sem greiddi kostnaðinn af sérlið í ráðuneytinu. Síðar var þessu fyrirkomulagi breytt og fært til Lánasjóðs Íslenskra Námsmanna sem greiðir nemendum utan Selfoss akstursstyrk. Skólinn fær svo þann hluta styrksins sem nemur kostnaði af akstri þeirra nemenda sem nýta sér aksturinn en nemandinn fær mismuninn ef einhver er.

Þegar skólinn hóf rekstur heimavistar í Þóristúni 1 árið 1989 kom til kasta fjármálastjóra að innheimta heimavistargjöld, sjá um launagreiðslur og bókfæra annan rekstrarkostnað sem til féll. Eftir að gerður var samningur við einkafyrirtæki um byggingu heimavistarinnar Fosstúns árið 2003 greiðir skólinn fyrirtækinu leigu mánaðarlega fyrir allar 60 íbúðirnar, en gerð leigusamninga og innheimta mánaðarlegrar leigu af hverjum og einum nemanda, launagreiðslur til gæslumanna svo og öll innheimta og utanumhald, er í höndum skólans. Hefur öll bókhaldsvinna aukist mjög við þessar breytingar.

Skólinn hefur verið í stöðugri frampróun og ýtt hefur verið úr vör ýmsum verkefnum til að auka fjölbreytni í námsframboði. Þar má nefna Körfuboltaakademíuna árið 2005, hestabraut og akademíur í handbolta og fótbolta 2006 og fimleikaakademíu 2008. Þá hefur skólinn einnig tekið þátt í ýmsum erlendum verkefnum á vegum Comeníusar og Nordplus svo eitthvað sé nefnt. Öllu þessu hefur þurft að halda til haga í bókhaldi skólans.<sup>455</sup>

### 6.11 Önnur stoðþjónusta

Stórri stofnun eins og Fjölbrautaskóla Suðurlands verður ekki haldið á floti án samstarfs margra mismunandi hópa starfsfólks. Eftir því sem húsakosturinn hefur stækkað hefur t.d. þörfin fyrir viðhald og þrif vaxið jafnt og þétt. Frá upphafi hafa húsverðir, eða umsjónarmenn, verið við störf og sinnt ýmiskonar viðhaldi á húsnæði og húsbúnaði. Löng hefð er einnig fyrir því að umsjónarmenn sjái um fjölföldun námsefnis í upphafi anna og prófa við annarlok. Eftir því sem tæki þróast og verða flóknari hefur einnig skapast þörf fyrir starfsmenn sem hafa umsjón með þeim oft dýra búnaði.

Fyrsti umsjónarmaður skólans var Árni Brynjólfsson og starfaði hann frá 1981 til 1986. Við af honum tók Sigurður Ágústsson<sup>456</sup> sem lét af störfum 2004. Þá kom Arnlaugur Bergsson, fyrrum kennari, aftur til starfa við skólann, í það skipti sem umsjónarmaður.<sup>457</sup> Þegar lóð var tekin í notkun 2004 var ráðinn sérstakur húsvörður þar. Guðjón Emilsson hefur gegnt því starfi frá upphafi og með honum allan tímann hefur starfað Hrönn Baldursdóttir. Húsvörður lóðu hefur einnig umsjón með lóð skólans, slætti og umhirðu.<sup>458</sup>

Kerfisstjóri skólans er Ragnar Brynjólfsson, sem starfað hefur við skólann frá 1989 sem kennari, aðallega í tölvufræðum, til hliðar við kerfisstjórnina.<sup>459</sup> Við tölvuþjónustu hafa undanfarin ár einnig starfað Kristín Runólfsdóttir, Eysteinn Óskar Jónasson og Helgi Hermannsson og m.a. aðstoðað kennara og nemendur sem lenda í vandræðum á villugjörnum stígum vélbúnaðar og Netheima. Þrif skólahúsnæðisins er umfangsmikið starf. Í Odda skiptir hópur, að jafnaði um 15 kvenna, með sér svæðunum og þrífur samkvæmt uppmæl-

---

<sup>455</sup> Kristín Þórarinsdóttir, „Saga bókhalds í F.Su.“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011).

<sup>456</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 107-110.

<sup>457</sup> Arnlaugur Bergsson, samtal við höfund 22. ágúst, 2011.

<sup>458</sup> Guðjón Þór Emilsson, símtal við höfund, 4. september, 2011.

<sup>459</sup> Sama heimild, 96.

ingu. Í lðu voru þrifin boðin út í upphafi en þegar samningur við verktaka rann út eftir tvö ár færðust þrif þar undir ræstingastjóra skólans. Fyrstu 17 árin hafði húsvörður umsjón með innkaupum og skipulagningu ræstinga en breyting varð á 1998 og starf ræstingastjóra varð til. Guðrún Ormsdóttir gegndi því starfi til ársloka 2010, en hún hóf störf við skólann árið 1993.<sup>460</sup>

Tvö mötuneyti eru rekin í skólanum. Annað fyrir nemendur, í austurenda Loftsalá, en hitt fyrir starfsmenn, á Bollastöðum í hinum enda hússins. Umsjón með nemendamötuneytinu lengst af hafa haft Lilja Guðmundsdóttir, Jódís Sigurðardóttir, Fanney Stefánsdóttir og síðasta rúma áratuginn Sólrún, systir Fanneyjar.<sup>461</sup> Mötuneyti starfsmanna hefur verið tvískipt. Guðrún S. Þorsteinsdóttir sér um morgunhressingu, en hún hefur unnið í mötuneytinu frá 1984. Þuríður Ingólfsdóttir sá lengi um mötuneytið í hádeginu, en hún byrjaði strax árið 1981<sup>462</sup> og starfaði í rúman áratug. Við af henni tók Jódís Sigurðardóttir um nokkra ára skeið en Fanney Stefánsdóttir hefur verið matráður starfsmanna frá því skólaárið 1997-1998.<sup>463</sup>

---

<sup>460</sup> Guðrún Ormsdóttir, símtal við höfund, 2. september, 2011.

<sup>461</sup> Fanney Stefánsdóttir og Guðrún S. Þorsteinsdóttir, samtal við höfund, 2. september, 2011.

<sup>462</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, Skólaskýrsla, 108-110.

<sup>463</sup> Fanney Stefánsdóttir og Guðrún S. Þorsteinsdóttir, samtal við höfund, 2. september, 2011.

## 7 Nám og kennsla

Á 8. áratugnum var veitt heimild í lögum til að stofna „tilraunaskóla“ og segja má að fjölbrautaskólarnir hafi síðan verið vettvangur tilraunastarfsemi og þróunar á framhaldsskólastiginu. Þeir hafa umfram hefðbundnu menntaskólana tekið við nýjum hópum framhaldsskólanemenda í gegnum tíðina og stöðugt þurft að bregðast við breyttum aðstæðum til að koma til móts nemendur á hverjum tíma.

### 7.1 Fjölbreytnin í fyrirrúmi

Í fyrstu skólasetningarræðu Fjölbrautaskólans á Selfossi sagði Heimir Pálsson m.a. að skólinn ætti að verða

skóli þar sem trésmíðaneminn getur lokið stúdentsprófi án þess að hann verði að endurtaka námsefni sem hann hefur áður lokið og skóli þar sem stúdentinn getur lagt stund á trésmíðanáám eða járnsmíði eftir því sem hugur hans stendur til. Skóli með fjölbreyttu vali, og margvíslegri blöndun milli námsbrauta. Takist það getum við verið ánægð.<sup>464</sup>

Í orðum Heimis kemur fram kjarninn í þeirri menntastefnu sem stefnt hefur verið að hér á landi, allt frá því nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins hóf umræðu í þessum anda árið 1963, ný lög um menntaskóla tóku gildi 1970, fjölbrautaskólar voru stofnaðir hver á fætur öðrum á áttunda áratugnum, fyrstu framhaldsskólalögin voru sett 1988, og allt fram á þennan dag, eins og endurspeglast í lagasetningu og útgáfu námskráa og námsvísa sem hér hefur verið rakið. Lykilorðin eru fjölbreytt val, opnar námsleiðir og áhugi nemandans, „að byggja upp sem fjölbreyttast nám við hæfi sem flestra og hugsunin um leið sú að gera námið sem hagnýttast fyrir nemendur og þjóðfélagið“.<sup>465</sup> Til að ná því markmiði er mikilvægt að viðhalda hefðbundnum stúdents-, verk- og iðnnámsbrautum en einnig að koma á fót nýjum starfsmenntabrautum í nánú samstarfi við atvinnulífið.<sup>466</sup>

<sup>464</sup> Þórarinn Ingólfsson, „51. annarannáll“, haustönn, 2006.

<sup>465</sup> Örlygur Karlsson, „22. annarannáll“, vorönn, 1992.

<sup>466</sup> Sama heimild.



## 7.2 SAM og atvinnulífsnám

Ýmsar tilraunir í þessa átt hafa verið gerðar í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Vorið 1989 voru t.d. kynntar í skólanefnd hugmyndir um „atvinnulífsnám“ sem til stóð að bjóða upp á um haustið. Það átti að skipuleggja þannig að nemendur sæktu skóla fyrir hádegi en ynnu á vinnustöðum eftir hádegi.<sup>467</sup> Þessar hugmyndir eiga rætur að rekja til nefndar sem menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, skipaði í janúar 1989 til að fjalla um innra starf framhaldsskólans, meðal annars að móta tillögur um „breytta starfshætti, nýjar námsbrautir og nýjar áherslur í námi“<sup>468</sup> fyrir nemendur sem ekki höfðu getað nýtt sér framhaldsskólanámið og að leggja til leiðir „til að flétta saman nám og starf þannig að slíkt fyrirkomulag geti orðið veigamikill þáttur í starfi framhaldsskóla“.<sup>469</sup>

Nefndin lagði til nýja námsbraut með áföngunum samskipti 106/206, listtjáningu 103/106, verkstæði 103/106 og vinnustaðanámi 106, þar sem nemendur gætu útskrifast eftir eina, tvær eða þrjár annir með skírteini upp á vasann. Lagt var til að þetta nýja námstilboð yrði tilraunakennt í tveimur skólum, fjölbrautaskólunum á Selfossi og í Keflavík. Báðir skólarnir samþykktu þátttöku og kennarahópar úr þeim unnu að undirbúningi um sumarið.<sup>470</sup> Í þessu starfi var lagður grunnur að því sem síðar varð „megininntak í SAM 106: samþætting þjóðfélagslegra viðfangsefna, framsetning í töluðu og rituðu máli og samskipti“.<sup>471</sup> Jafnhliða var undirbúinn áfanginn vinnustaðanám 106, samin „áfangalýsing og lögð drög að skipulagi vinnu nemenda á vinnustað, leiðsögn og umsjón frá hendi skólans“.<sup>472</sup> SAM 106 var kenndur árum saman í F.Su. en áfangi með svipuðum áherslum fyrir alla nýnema heitir nú Lífsleikni, eða LKN 106.

---

<sup>467</sup> „Fundargerð 56. fundar skólanefndar, 16. maí, 1989.

<sup>468</sup> Inngangur að *Skýrslu um þróunarverkefni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi skólaárið 1989-1990* (Menntamálaráðuneytið, 1990), 2.

<sup>469</sup> Sama heimild.

<sup>470</sup> Sama heimild.

<sup>471</sup> „Undirbúningur þróunarverkefnisins“, í *Skýrslu um þróunarverkefni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi skólaárið 1989-1990* (Menntamálaráðuneytið, 1990), 8.

<sup>472</sup> Sama heimild.

### 7.3 Kjötiðnaðar- og sjúkraliðanám

Snemma árs 1991 barst erindi frá Sláturfélagi Suðurlands þar sem óskað var eftir samstarfi um nám í kjötiðngreinum<sup>473</sup> og um vorið hafði verið sótt um leyfi til að setja á fót kjötiðnbraut við skólann. Á sama tíma fékkst heimild fyrir sjúkraliðabraut.<sup>474</sup> Ekki komst kjötiðnbrautin á laggirnar en sjúkraliðanám festist í sessi, fyrir einstaklinga sem starfað hafa án starfsréttinda að umönnun aldraðra, fatlaðra eða sjúkra. Námið var skipulagt í samstarfi við Sjúkrahús Suðurlands og í upphafi fór um helmingur verklega námstímans fram þar.<sup>475</sup> Nemendur á sjúkraliðabru, eins og námsleiðin var kölluð, sinna náminu jafnan með vinnu og kennslan fór því lengst af fram eftir kl. 16 á daginn en haustið 2008 var kennslan færð inn á dagskólatíma.<sup>476</sup>

### 7.4 Háfjallaskólinn - Starfsmenntaskóli Landsvirkjunar

Yfirleitt eru skólar stofnaðir að ákaflega vönduðu ráði, eftir mikla íhugun og áætlanir, framtíðarhyggju og fólkstalningu. Þannig var um upphaf Fjölbrautaskóla Suðurlands. En þetta er ekki einhlítt. Til hafa einnig orðið sjálfsprottir skólar, einasta fyrir námsþrá og fræðslufýsn, oft við afmarkaðar aðstæður, stundum skammvinnar. Til dæmis um slíka skóla má nefna Sjómannaskóla Árnessýslu, sem starfræktur var undir lok 19. aldar og fjallað var um fyrr í þessu skrifi, meðal annarra forvera fjölbrautaskólans.

Réttri öld síðar var enn tekið til við fræðslustarf á sama grunni í „hálandisverstöðvum“ héraðsins. Um var að ræða fólk á framhaldsskólaaldri sem var í sumarvinnu hjá Landsvirkjun. Þessi hópur nam ævinlega nokkrum hundruðum unglinga, starfandi á öllum vinnustöðvum Landsvirkjunar á skólavæði F.Su., við Sog, Búrell, Hrauneyjar, Sigöldu sem og í öðrum landshlutum. Verkstjóri með þessum unglungum hér syðra var um árabil Sigurður Sigmundsson, bóndi í Ey, V-Landeyjum. Hann er af kennaraættum, faðir hans var Sigmundur Þorgilsson, um áratugi skólastjóri undir Eyjafjöllum.

Þegar unglingarnir unnu að landbótum á virkjunarsvæðum voru þar iðulega samtímis á ferð vísindamenn af ýmsu tagi, einkum jarðfræðingar við rannsóknir fyrir Landsvirkjun eða á eigin vegum, og gistu þá í fjallahúsum Landsvirkjunar og nutu fæðis í mötuneytunum við

---

<sup>473</sup> „Fundargerð 66. fundar skólanefndar, 30. janúar, 1991.

<sup>474</sup> Sama heimild, „67. fundur“, 4. maí, 1991.

<sup>475</sup> Örlygur Karlsson, „20. annarannáll“, vorönn 1991.

<sup>476</sup> Þórarinn Ingólfsson, „55. annarannáll“, haustönn 2008.

hlið unglínganna. Þá var það að Sigurður verkstjóri fékk þá hugmynd að leiða saman vísindin og æskuna eftir vinnu á daginn, að fræðimennirnir upplýstu um leyndardóma sína sem og grunnþekkingu. Var þessu undantekningarlítið tekið fagnandi, bæði af æskulýðnum og forystumönnum Landsvirkjunar. Tókst Sigurði að koma formi og skipulagi á starfseminu, sem hlaut nafnið Starfsmenntaskóli Landsvirkjunar, stundum kallaður Háfjallaskólinn. Um þetta gerði Sigurður vandaðar skólaskýrslur sem til eru hjá Landsvirkjun og í bókasafni Fjölbrautaskólans.

Snemma árs 1993 kom Sigurður að máli við skólameistara F.Su. til að leita faglegs stuðnings og viðurkenningar, og tókst með þeim gott samstarf. F.Su. mat námskeið Háfjallaskólans til eininga í viðkomandi greinum, einkum jarðfræði. Var yfirleitt um að ræða eina til þrjár einingar. Vitað er um ýmsa aðra áfangaskóla sem mátu námskeiðin með sama hætti.

Háfjallaskólinn starfaði í tæpan áratug næst fyrir síðustu aldamót, að segja má nákvæmlega öld eftir Sjómannaskóla Árnessýslu og jafn lengi.<sup>477</sup>

## 7.5 Fornám – Almenn braut

Í lögum og námskrám koma skýrt fram áhyggjur af miklu brottfalli nemenda í framhaldsskólunum. Skólarnir hafa ekki einungis áhuga á því að þjónusta sem flesta með námi við hæfi, heldur eiga nemendur lagalegan rétt á framhaldsskólanámi, eftir að sjálfræðisaldur var færður upp í 18 ár. Hluti nemenda nær ekki fullnægjandi árangri á grunnskólaprófi og undirbúningur þeirra undir framhaldsskólanám er því óviðunandi. Til að mæta þessum nemendum voru í byrjun skipulagðir svokallaðir 0-áfangar<sup>478</sup> í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Þetta var einingalaust, einnar annar nám, hugsað fyrir nemendur sem fallið höfðu í stökum greinum á samræmdaprófinu, til upprifjunar og undirbúnings setu í einingabæru námi framhaldsskólanna. En hópur nemenda náði ekki settu marki í neinni af samræmdu greinunum og staða þeirra var mun verri en hægt væri að leiðrétta á einni önn. Því var ákveðið vorið 1996 að gera tilraun með nýja námsbraut fyrir þessa nemendur, svokallaða Fornámsbraut. Fornám

---

<sup>477</sup> Þór Vigfússon, „Háfjallaskólinn – Starfsmenntaskóli Landsvirkjunar“ (Fjölbrautskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011).

<sup>478</sup> *Námskrá handa framhaldsskólum*, 1987, 10.

var skipulagt sem heils árs námsbraut<sup>479</sup> og auk fyrrnefndra greina var þar kennd námstækni og sjálfstyrking. Fornáms er fyrst getið í 2. útgáfu námskrár framhaldsskóla sem út kom 1987, en þar segir að þeim nemendum sem ekki fullnægi skilyrðum um lágmarkseinkunnir til náms í framhaldsskólum sé „gefinn kostur á fornámi við ýmsa skóla á landinu“.<sup>480</sup>

Næsta skref í svipaða átt var Almenn braut, sem lýst er í Aðalnámskrá framhaldsskóla 1999 að sé fyrir nemendur sem uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólanna eða hafa ekki ákveðið hvert skuli stefna í náminu.<sup>481</sup> Fyrstu skrefin í þá átt voru tekin í F.Su. á haustönn 2000 þegar kennarar tóku þátt í vettvangsnámi til að skipuleggja þessa braut við skólann.<sup>482</sup>

Nú eru í boði fjórar mismunandi útfærslur af almennum brautum. Almenn braut – fornám (AF) er ætluð þeim nemendum sem hvorki hafa náð fullnægjandi árangri í íslensku né stærðfræði og stendur námið í þeim greinum heilt skólaár en í öðrum greinum eina önn í hverri. Skilyrði fyrir inntöku á brautina er að nemendur og forráðamenn mæti í viðtal til umsjónarmanns og námsráðgjafa og skrifi undir samning um námið.<sup>483</sup> Almenn braut – hestamennska (AH) er ætluð þeim nemendum sem uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á aðrar námsbrautir og þurfa góða undirstöðu í kjarnagreinum en gefur þeim um leið tækifæri til að byrja í knapamerkjakerfi hestabrautar.<sup>484</sup> Almenn braut – undirbúningsnám (AU) er ætluð sama hópi og AH, en nemendur fá tækifæri til að sinna öðrum áhugasviðum en hestamennsku, meðal annars list- og verknámi.<sup>485</sup> Að lokum er Almenn braut – almennt nám (AN) sem ætluð er þeim sem uppfylla almenn lágmarksskilyrði á námsbrautir en vita ekki, eða vilja bíða með að ákveða, hvaða braut skal velja. Brautin hentar líka fyrir þá sem stefna á nám í greinum eða

---

<sup>479</sup> Örlygur Karlsson, „31. annarannáll“, haustönn, 1996.

<sup>480</sup> *Námskrá handa framhaldsskólum*, 1987, 10.

<sup>481</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti*, 1999, 27.

<sup>482</sup> Örlygur Karlsson, „39. annarannáll“, haustönn, 2000.

<sup>483</sup> „Almenn braut – fornám (AF)“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 6. júlí, 2011, [http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1280%3Aalmenn-braut-fornam-af&catid=40%3Anamsbrautir&Itemid=80](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1280%3Aalmenn-braut-fornam-af&catid=40%3Anamsbrautir&Itemid=80)

<sup>484</sup> „Almenn braut – hestamennska (AH)“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 6. júlí, 2011, [http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1282&Itemid=80](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1282&Itemid=80)

<sup>485</sup> „Almenn braut – undirbúningsnám (AU)“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 6. júlí, 2011, [http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1281%3Aalmenn-braut-undirbuningsnam-au-12-ein&catid=40%3Anamsbrautir&Itemid=80](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1281%3Aalmenn-braut-undirbuningsnam-au-12-ein&catid=40%3Anamsbrautir&Itemid=80)

námsbrautum sem ekki eru í boði í F.Su. en vilja gjarnan vera lengur heima og geta þá lokið þar almennum hluta námsins.<sup>486</sup>

## 7.6 Sérkennsla

Eins og nefnt hefur verið má halda því fram að Sesselja Sigmundsdóttir hafi verið brautryðjandi í sérkennslu og kennslu þroskaheftra á Íslandi, þó Sólheimar hafi ekki verið hluti af skólakerfinu. Upphaf kennslu af þessu tagi má því rekja til Suðurlands, eins og kennslu mál- og heyrnarlausra.

### 7.6.1 Starfsbraut

Saga sérkennslu við Fjölbrautaskóla Suðurlands nær aftur til hausts 1992. Þá voru þrjú þroskaheftir nemendur innritaðir og sérkennari ráðinn til að sinna kennslunni, Erna Sveinbjarnardóttir. Brautin nefndist þá „Sérbraut“ og námstíminn var þrjár annir.<sup>487</sup> Erna starfaði eitt ár við skólann en á haustönn 1993 tók Hörður Ásgeirsson við og hefur hann starfað við sérkennslu í F.Su. síðan. Á sama tíma og Hörður kom til starfa var nafni brautarinnar breytt í „Starfsbraut“ og hefur það nafn festst í sessi og er notað af menntamálaráðuneytinu um samskonar brautir um allt land.<sup>488</sup> Á starfsbraut eru nemendur sem eiga við almenna námsörðugleika að etja, eru með skilgreindar fatlanir eða samsettar þroskaraskanir og þurfa á einstaklingsmiðuðu námi að halda.<sup>489</sup>

Starfsbrautin hefur vaxið jafnt og þétt á þeim 19 árum sem hún hefur starfað, námstíminn er orðinn allt að 8 annir og nemendum hefur fjölgað mjög. Á vorönn 2011 voru þeir orðnir 42<sup>490</sup> og 55 hófu nám á haustönn 2011. Kennslan fyrstu árin fór fram í „Lille Hammer“, litlu herbergi í Hamri þar sem bóksalan var til húsa á fyrstu árum skólans. Haustið 1994 var deildin flutt inn í Odda og hefur kennslan að stærstum hluta farið þar fram síðan,<sup>491</sup> bókleg kennsla að mestu á þriðju hæð skólahússins þó þar sé ekki um sérstakt afmarkað rými

---

<sup>486</sup> „Almenn braut – almennt nám (AN)“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 6. júlí, 2011, <http://www.fsu.is/~asananna/af/Brautir/an.htm>

<sup>487</sup> Hörður Ásgeirsson, „Úttekt á starfsbrautum framhaldsskóla vorið 2011“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2011).

<sup>488</sup> Hörður Ásgeirsson, tölvupóstur til höfundar, 19. ágúst, 2011.

<sup>489</sup> Hörður Ásgeirsson, „Úttekt á starfsbrautum“.

<sup>490</sup> Sama heimild.

<sup>491</sup> Sama heimild.

að ræða og nýtist það því að einhverju leyti einnig til annarrar kennslu. Starfsbrautin hefur yfir að ráða fjórum kennslustofum, þar af einni sérútbúinni til kennslu fjölfatlaðra nemenda. Þessar stofur eru allar útbúnar með tölum og á skólinn helstu forrit sem nýtast sérstaklega til kennslu fatlaðra. Bókakostur og kennslugögn hafa að mestu verið sótt til námsgagnastofnunar en annað efni er útbúið af kennurum brautarinnar. Starfsbrautin hefur líka aðgang að flestum kennslustofum verklegra greina í skólanum.<sup>492</sup> Nýlega var útbúið salerni fyrir fatlaða sem uppfyllir ítrustu viðmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands en að öðru leyti er aðbúnaður að mestu sá sami og almennt gerist á öðrum brautum skólans.<sup>493</sup>

Haustið 2000 var annar sérkennari, Jóna Ingvarsdóttir, ráðin að skólanum og hefur þeim síðan fjölgað jafnt og þétt í samræmi við nemendafjölgunina.<sup>494</sup> Frá haustönn 2010 kenndu 6 sérkennarar, þau Anna Þóra Einarsdóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason, Hulda Finnlaugsdóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir, auk Harðar og Jónu, og rúmlega tíu aðrir kennarar við starfsbrautina.<sup>495</sup>

Skipulag starfsbrautar fellur að einingakerfi skólans og ljúka nemendur að meðaltali 18-19 einingum á önn. Fléttað er saman kjarnanámi í skólanum, sem samanstendur bæði af bóklegum og verklegum greinum, og starfsnámi á almennum vinnustað. Grunngreinar í kjarna eru íslenska, enska, lífsleikni, stærðfræði og íþóttir en valgreinar takmarkast af þeim verklegu greinum sem skólinn býður upp á hverju sinni. Nú stendur nemendum starfsbrautar til boða nám í fatagerð, heimilisfræði, leikrænni tjáningu, leirmótun, málmsmíði, myndmennt, rafmagnsfræði, tónmennt og trésmíði og í einstaka tilvikum nám í íþróttakademíum eða á hestabraut.<sup>496</sup>

Starfsnám á vinnustað er skipulagt þannig að reynt er að fara eftir óskum nemenda um vinnustaði. Þeir eiga þess kost að kynnst allt að átta vinnustöðum, eða einum á önn, meðan á námi stendur. Samið er við vinnustaði um að nemendur sinni ákveðnum verkþáttum og fái þannig reynslu af almennum vinnumarkaði. Einn starfsmaður vinnustaðarins hefur

---

<sup>492</sup> Sama heimild.

<sup>493</sup> Sama heimild.

<sup>494</sup> Sama heimild.

<sup>495</sup> Sama heimild.

<sup>496</sup> Sama heimild.

umsjón með nemandanum og leiðbeinir honum. Reynslan af samstarfi við atvinnurekendur hefur verið mjög góð og starfsnámið mætt velvilja og skilningi um allt héraðið.<sup>497</sup>

Allt nám á Starfsbraut er skiplagt sem sérkennsla en nemendur eiga þess líka kost að stunda nám í almennum áföngum ef geta og aðstæður leyfa, t.d. hefur nokkur hópur starfsbrautarnema stundað nám að hluta til í grunndeildum málm-, raf- eða tréiðna og sömuleiðis í einstökum öðrum greinum, s.s. ensku, sjónlistum, sögu eða textíl.<sup>498</sup>

Af þessum sökum, og þar sem kennslurými brautarinnar er ekki aðgreint sérstaklega í skólahúsinu, hafa nemendur starfsbrautar töluvert samneyti við aðra nemendur. Þeir koma líka í skólann, eins og aðrir nemendur, alls staðar að af skólasvæðinu. Nemendur frá einstökum grunnskólum halda hópinn og nemendur starfsbrautar eru ekki undanskildir hvað það varðar. Nokkrir fjölfatlaðir nemendur hafa þó verið lengst af í sérdeild á Selfossi og hafa því verið nokkuð einangraðir frá skólasamfélaginu almennt. Til að vinna gegn því er ávallt farið með þessa nemendur í kaffi og mat í mötuneyti nemenda þannig að það sé eðlilegur hluti skólabragsins að pláss sé fyrir alla, og það sama á við þegar uppákomur eru í skólahúsinu.<sup>499</sup>

Stefna skólans er að veita öllum nemendum á skólasvæðinu sem þess óska aðstöðu til náms við hæfi, hvernig svo sem andlegu eða líkamlegu atgervi þeirra er háttað. Meginmarkmið með námi á starfsbraut er að nemendurnir efli sjálfstraust sitt, sjálfstæði og aðlögunarhæfni og öðlist aukna færni til að takast á við viðfangsefni fullorðinna í daglegu lífi.<sup>500</sup>

### 7.6.2 Sértaekir námsörðugleikar

Fyrir utan kennslu og umsjón með starfsbraut sinna sérkennarar greiningu og ráðgjöf vegna sértækra námsörðugleika. Leit að nemendum með lestrarhömlur hefur farið fram um árabíl með líkum hætti, með skimunarprófi fyrir nýnema í íslensku hvert haust. Þeir nemendur sem ekki standast lágmarkskröfur á þessu lesskilningsprófi koma til frekari skoðunar hjá sérkennara. Alls komu milli 60 og 70 nemendur í viðtöl og greiningu á skólaárinu 2010-2011

---

<sup>497</sup> Sama heimild.

<sup>498</sup> Sama heimild.

<sup>499</sup> Sama heimild.

<sup>500</sup> Sama heimild.

og greindist yfirgnæfandi meirihluti þeirra með mismunandi alvarlegan lestrarvanda. Auk þess er nokkuð um það að nemendur sem hafa verið greindir áður komi til sérkennara í stuðningsviðtöl og foreldrar nýnema leita til þeirra eftir ráðgjöf í framhaldi af greiningu. Þessi vinna er unnin í samstarfi sérkennara og námsráðgjafa. Nemendur sem greinast með leshömlur eiga rétt á hljóðbókum frá Blindrabókasafni Íslands en eiga einnig rétt á ýmiskonar tilhliðrun varðandi próftöku, svo sem lengri próftíma, stækkuðu letri á prófum, að próf sé lesið inn á geisladiska eða að taka munnlegt próf. Sérkennari hefur einnig sinnt greiningarvinnu af þessu tagi á Litlahrauni eftir þörfum.<sup>501</sup>

### 7.6.3 Sérkennsla á Sogni

Frá hausti 1995 hefur Fjölbrautaskólinn haldið úti kennslu við Réttargeðdeildina á Sogni. Nauðsynlegt þótti að sérkennari sinnti henni og því var Hörður Ásgeirsson ráðinn til starfans og hefur hann alfarið séð um kennslu á Sogni allar götur síðan. Almennt markmið með kennslunni er að bæta geðheilsu nemenda og getu til að takast á við daglegt líf, auka hæfni þeirra til að nýta sér sérfræðilega ráðgjöf og aðra þá þjónustu í samfélaginu sem líkleg er til að bæta heilsu þeirra. Námsmarkmiðin eru einstaklingsbundin, eftir því hvaða kröfur eru raunhæft að gera til nemandans, óskum hans, áhugasviði og þeim væntingum sem hann hefur til námsins.

Frá upphafi hefur umfang og skipulag kennslunnar verið með svipuðum hætti, kennslustundir að jafnaði 7,5 á önn og nemendafjöldinn þrjár til fjórir hverju sinni. Kennslan fer fram í viðtalsherbergi á Sogni sem hentar ágætlega til kennslunnar þannig að aðstæður eru góðar. Flestir þeirra sjúklinga sem vistast á Sogni eiga að baki langa og erfiða sögu og oftast en ekki takmarkaða og ófullnægjandi skólagöngu. Reynslan hefur sýnt að tengslin við F.Su. gera nemendum mögulegt að ljúka einingabæru námi. Til dæmis hefur nemandi, sem var langt kominn með iðnnám þegar hann veiktist og var vistaður á Sogni, tekist að ljúka því og annar tók viðbótarnám til stúdentsprófs og útskrifaðist sem stúdent frá FSu.

---

<sup>501</sup> Hörður Ásgeirsson, tölvupóstur til höfundar, 23. ágúst, 2011.



Gera má ráð fyrir því í framtíðinni að meðalaldur þeirra sem vistaðir verða á Sogni verði lægri en nú er og því enn mikilvægara að námið sem þar fer fram nýtist nemendum í ýmiskonar starfs- og réttindanámi.<sup>502</sup>

## 7.7 Hestamennska

Fjölbrautaskóli Suðurlands er í miðju stærsta landbúnaðarhéraði landsins. Áhersla á tengingu skólastarfs við atvinnulífið hefur því óhjákvæmilega beint sjónum manna að matvælaframleiðslu og landbúnaði. Fyrirnefndar hugmyndir um kjötiðnaðarbraut og búnaðarbraut á upphafsárum skólans eru skýrt dæmi um þetta. En fleira er landbúnaður en matvælaframleiðsla. Hugmyndir um nám í hestamennsku hafa í gegnum árin skotið upp kollinum, og t.d. átti slíkt nám að blása nýju lífi í Skógaskóla undir lok framhaldsskólahalds þar. Öðugt reyndist hins vegar að fá leyfi fyrir námi í hestamennsku við F.Su. þar sem kennsla á þessu sviði hafði um árabíl verið við Hólaskóla sem heyrði undir landbúnaðarráðuneytið. Það sama má segja varðandi viðleitni til að bjóða upp á búnaðarbraut í námsvísinum 1983. Bændaskólarnir óttuðust um sitt ef fjölbrautaskólar fengju heimild fyrir slíku námsframboði. Lendingin á upphafsárum F.Su. varð sú að skólinn fékk leyfi fyrir tveggja ára búnaðarbraut sem jafngilti fyrra árinu af tveimur í bændaskólunum.<sup>503</sup>

Varðandi hestamenskuna er það að segja að skömmu fyrir síðustu aldamót hófst umræða með þátttöku landbúnaðarráðuneytisins um samstarf F.Su. og Íslenska reiðskólans, sem rekinn var á Ingólfshvoli í Ölfusi, og af því tilefni ákvað skólanefnd að „setja inn í endurskoðaðan skólasamning áform um námsframboð á sviði búfræðslu“.<sup>504</sup> Í framhaldinu komu Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi að viðræðum um mögulegt samstarf um námsframboð.<sup>505</sup> Þetta leiddi til þess að á vorönn 2001 voru 19 nemendur F.Su. í námi í hestamennsku hjá Reyni Aðalsteinssyni, en námið var skipulagt í samstarfi við reiðskólann á Ingólfshvoli.<sup>506</sup> Menntamálaráðuneytið veitti F.Su. heimild fyrir

---

<sup>502</sup> Hörður Ásgeirsson, „Greinargerð um sérkennslu á Sogni“ (Fjölbrautaskóli Suurlands: Óprentuð skýrsla, 2002).

<sup>503</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar, 28. ágúst, 2011.

<sup>504</sup> „Fundargerð 104. fundar skólanefndar“, 30. september, 1999.

<sup>505</sup> Sama heimild, „106. fundur“, 13. maí, 2000.

<sup>506</sup> Örlygur Karlsson, „40. annarannáll“, vorönn 2001.

starfrækslu námsbrautar í hestamennsku snemma árs 2002<sup>507</sup> á þessum grunni en bakslag kom í framvinduna þegar Íslenski reiðskólinn hætti starfsemi. Málið var þó áfram í vinnslu og settur var á stofn starfshópur um eflingu hestamennsku í almenna menntakerfinu þar sem sátu skólameistari F.Su., fulltrúi menntamálaráðuneytisins og fulltrúi Landssambands hestamanna (LH).<sup>508</sup> Unnið var að því að koma á fót þrepaskiptu námi í hestamennsku og skólameistari átti meðal annars í viðræðum við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, Hólaskóla, LH og Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands um málið.<sup>509</sup> Á haustönn 2006, rúmum fjórum árum eftir að heimild ráðuneytisins lá fyrir, hófst svo kennsla í tveimur áföngum á hestabraut.<sup>510</sup> Vorið 2007 undirrituðu menntamálaráðherra, formaður LH og formaður skólanefndar F.Su. yfirlýsingu vegna náms í hestamennsku í skólanum, þar sem meðal annars kemur fram „vilji til þess að F.Su. taki að sér það hlutverk að þróa fjölbætt námsframboð á sviði hestamennsku á framhaldsskólastigi“ og að þessir aðilar muni beita sér fyrir sérstökum stuðningi til að svo geti orðið.<sup>511</sup> Skólinn fékk styrk til að þróa hestabrautina árið 2009<sup>512</sup> og þrátt fyrir óvissu á tímabili um fjárframlög til hennar<sup>513</sup> hefur námið og kennslan gengið vel. Mikil aðsókn hefur verið á brautina, 40 nemendur innrituðu sig t.d. á haustönn 2008, aðstaða til verklegrar kennslu er mjög góð í reiðhöll í Votmúla, rétt utan við þéttbýlið á Selfossi, og framboð hefur verið á góðum og áhugasömum kennurum.<sup>514</sup> Haustið 2010 reis svo ný reiðhöll Hestamannafélagsins Sleipnis við hestahúsaðverfið á Selfossi í næsta nágrenni við skólann, svo kennsla í hestamennsku hefur allar forsendur til að þróast enn frekar og blómstra í framtíðinni.

## 7.8 Akademíur

Við Fjölbautaskóla Suðurlands starfa nú fjórar „íþróttakaademíur“; í körfubolta, fótbolta, handbolta og fimleikum. Hugmyndin, og upphaf akademíanna, kom frá Brynjari Karli Sigurðssyni, körfuboltaþjálfara, sem dvalið hafði í Bandaríkjunum um skeið og kynnst því hvernig íþróttauppeldi þar í landi er skipulagt innan skólakerfisins. Brynjar kom til Íslands 2004

---

<sup>507</sup> „Fundargerð 112. fundar skólanefndar“, 5. mars, 2002.

<sup>508</sup> Sama heimild, „125. fundur“, 13. desember, 2004.

<sup>509</sup> Sama heimild, „128. fundur“, 20. október, 2005.

<sup>510</sup> Þórarinn Ingólfsson, „51. annarannáll“, haustönn, 2006.

<sup>511</sup> „Fundargerð 135. fundar skólanefndar“, 9. maí, 2007.

<sup>512</sup> Þórarinn Ingólfsson, „57. annarannáll“, haustönn, 2009.

<sup>513</sup> „Fundargerð 143. fundar skólanefndar“, 15. desember, 2008.

<sup>514</sup> Þórarinn Ingólfsson, „55. annarannáll“, haustönn, 2008.

með þann draum að stofna körfuboltaakademíu við íslenskan framhaldsskóla, þar sem afrekspiltum gæfist kostur á því að flétta saman nám, æfingar og keppni við bestu aðstæður í metnaðarfullu umhverfi, sem væri bæði andlega og líkamlega þroskandi.<sup>515</sup> Þá kröfu skyldi gera til nemenda að gera sitt besta, hvort sem væri við bóklegt nám eða æfingar og keppni, og að þeir væru hollar fyrirmyndir í skólanum og samfélaginu, hvort sem væri í daglegu lífi utan vallar eða við íþróttaiðkun.<sup>516</sup> Þetta er hugmyndin um heilbrigða sál í hraustum líkama, um „jákvæða og sterka sjálfsmynd einstaklingsins, heilbrigða lífshætti án vímuefna og afrekshugsun á íþróttasviðinu“.<sup>517</sup> Eftir nokkra leit og könnun á aðstæðum náði Brynjar Karl sambandi við Sigurð Sigursveinsson, þáverandi skólameistara F.Su. Sigurður kom strax auga á tækifærin. Við skólann var nýrasið glæsilegt íþróttahús og sömuleiðis nýir nemendagarðar, þannig að aðstæður voru allar eins og best varð á kosið.<sup>518</sup> Körfuboltakademían myndi tryggja góða nýtingu þessara mannvirkja strax í upphafi, auk þess sem um var að ræða brautryðjendastarf, bæði í íslensku menntakerfi og skipulagi íþróttastarfs sem fram að þessu hafði að mestu verið á vegum íþróttafélaga. Á sama tíma var að hefjast nám í hestamennsku við skólann og hann því leiðandi á landsvísu í nýjungum í námsframboði.

Sveitarfélagið Árborg tók þátt í verkefninu frá upphafi, enda féll það vel að nýmarkaðri stefnu þess í forvarnar-, æskulýðs- og íþróttamálum<sup>519</sup> og þann 23. júní 2005 var undirritaður samstarfssamningur milli Sideline Sports, fyrirtækis Brynjars Karls, Fjölbrautaskólans og sveitarfélagsins.<sup>520</sup> Í upphafi komu flestir nemendur körfuboltaakademíunnar annars staðar að af landinu en það hefur smám saman breyst og nú eru flestir þátttakendur af skólasvæðinu. Töluverður hópur hefur einnig komið erlendis frá, flestir frá Englandi. Eitt af markmiðum Brynjars Karls var að koma sem flestum nemendum akademíunnar til Bandaríkjanna á íþróttastyrk við þarlenda háskóla<sup>521</sup> og nú þegar hafa nokkrir náð því markmiði.

---

<sup>515</sup> „Hugmyndin og upphafið,“ í *Íþróttakademíur Fjölbrautaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg* (Sveitarfélagið Árborg, án árs), 6-7.

<sup>516</sup> Þórarinn Ingólfsson, „50. annarannáll“, vorönn 2006.

<sup>517</sup> Örlygur Karlsson, „Snjallræði,“ í *Íþróttakademíur Fjölbrautaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg* (Sveitarfélagið Árborg, án árs), 5.

<sup>518</sup> „Hugmyndin og upphafið“, 6-7.

<sup>519</sup> Ragnheiður Hergeirsdóttir, „Akademíur FSu – árangursrík forvörn í Árborg“, í *Íþróttakademíur Fjölbrautaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg* (Sveitarfélagið Árborg, án árs), 3.

<sup>520</sup> „Hugmyndin og upphafið“, 7.

<sup>521</sup> „Þjálfarinn“, í *Íþróttakademíur Fjölbrautaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg* (Sveitarfélagið Árborg, án árs), 15.

Til þess að skapa vettvang fyrir keppni var stofnað nýtt íþróttafélag, Íþróttafélag F.Su., og undir merkjum þess keppa nemendur akademíunnar á mótum Körfuknattleikssambands Íslands. Árangurinn hefur verið vonum framar, bæði hafa unnist Íslands- og bikarmeistaratitlar í drengja- og unglíngaflokkum og eftir þriggja ára starf komst lið skólans upp í úrvalsdeild karla á Íslandsmótinu og lék þar tvö keppnistímabil, frá 2008-2010.

Haustið 2006 tóku til starfa tvær nýjar akademíur, í knattspyrnu og handknattleik, og ári seinna akademía í fimleikum. Handbolta- og fimleikaakademíurnar eru starfræktar í samstarfi við Ungmennafélag Selfoss og keppa undir merkjum þess. Nemendur þessara akademía eru kjarninn í keppnisliðum félagsins í þessum íþróttagreinum, og hafa þau náð afburðaárangri á síðustu árum. Knattspyrnuakademían er rekin í samstarfi við Knattspyrnuakademíu Íslands og heldur ekki úti sérstöku keppnisliði, heldur leggur áherslu á grunnþjálfun nemenda, sem keppa svo hver með sínu félagsliði.<sup>522</sup>

Allir nemendur íþróttakademíanna skrifa undir samning þar sem skjalfest eru fyrrnefnd markmið um heilbrigt lífverni, samvirkusemi og árangur í námi og æfingum, góða framkomu og virðingu. Brot á samningi varðar brottrekstur og því er um að ræða allt annað umhverfi en aðrir nemendur skólans búa við. Akademíurnar hafa haft umtalsverð áhrif á unglínga- og íþróttamenningu í sveitarfélaginu og sett ný viðmið fyrir íþróttastarf á Suðurlandi öllu. Í árslok 2008 voru um 115 nemendur í akademíunum, eða um 12% af nemendum í dagskóla.<sup>523</sup>

Hvað bóknámið varðar hafa skipst á skin og skúrir. Einbeiting sumra hefur stundum verið áberandi meiri á íþróttina en skólabækurnar og árangurinn eftir því. Nokkur dæmi eru enda um að nemendur hafi þurft að taka pokann sinn vegna slíkra eða annarra brota á samningi. Þegar á heildina er litið hefur starfið þó gengið mjög vel og íþróttakademíurnar fest sig í sessi sem mikilvægur þáttur í skólastarfinu.

## 7.9 Ýmis þróunarverkefni

Við skólann hefur í gegnum tíðina verið vilji til að þróa skólastarfið og taka upp nýjungar, eins og rakið hefur verið. Fyrsti rúmi áratugurinn einkenndist þó eðlilega nokkuð af baráttunni fyrir því

---

<sup>522</sup> „Staðan í dag“, í *Íþróttakademíur Fjölbrotaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg* (Sveitarfélagið Árborg, án árs), 8.

<sup>523</sup> „Staðan í dag“, í *Íþróttakademíur*, 9.

að koma skólanum undir þak, en þegar Oddi var fullbyggður 1994 gátu skólastjórnendur og starfsfólk farið að einbeita sér meira að faglegri framþróun.

### 7.9.1 Nýjungar í kennslu

Kennarar hafa verið duglegir að brydda upp á nýjungum í námsframboði, óhefðbundna áfanga sem tengjast áhugasviði þeirra eða sérþekkingu. Á vorönn 1993 var ullarið kennd í fyrsta sinn<sup>524</sup> við skólann og haustið 1994 hófst kennsla í kvikmyndasögu og námsframboð í myndlist var aukið til muna, bæði í dagskóla og kvöldskóla. Þetta sama haust voru íslenskukennarar í vettvangsnámi með félögum sínum í öðrum framhaldsskólum og lögðu þeir megináherslu á eflingu ritunarkennslu og skipulagningu hennar í markvissum, stígandi þrepum.<sup>525</sup>

Í Grunndeild málmíðna var tekið upp nýtt verkefni, þýskt að uppruna, smíði lítills pallbíls sem mæltist mjög vel fyrir meðal nemenda og jók áhuga þeirra<sup>526</sup> og á Húsasmíðabraut byggðu nemendur tíu árum seinna heilt sumarhús á lóð skólans.<sup>527</sup> Gaman er einnig að geta þess að Gísli Hjaltason, nemandi við tréiðnadeild, smíðaði 1994 kassagítar sem þótti bæði hljóma vel og vera listasmíð, en Gísli lauk prófum í vélsmíði og þótti þetta vera gott og lýsandi dæmi um sveigjanleika og kosti fjölbrautaskólagerðarinnar.<sup>528</sup>

Haustið 2002 var undirritaður samstarfssamningur F.Su. og Menntaskólans að Laugarvatni við Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Suðurlandsskóga. Markmiðið með samningnum var að tengja kennslu í náttúrufræðum við landgræðslu- og skógræktarstarfið og efla þannig þekkingu og áhuga nemenda á þeim málaflokkum.<sup>529</sup>

Fleiri samstarfsverkefni mætti nefna, t.d. verkefnið „Suðurland 2000“, en markmiðið með því var að auka samkeppnishæfni Suðurlands, stuðla að öflugra atvinnulífi og auknum hagvexti. Skólinn lagði þrennt til verkefnisins: Námsefni um Suðurland, tengsl við útlönd og aukið framboð og stefnumótun varðandi nám í tengslum við atvinnulífið.<sup>530</sup>

---

<sup>524</sup> Örlygur Karlsson, „24. annarannáll“, vorönn, 1993.

<sup>525</sup> Sama heimild, „27. annarannáll“, haustönn, 1994.

<sup>526</sup> Sama heimild.

<sup>527</sup> Þórarinn Ingólfsson, „47. annarannáll“, haustönn, 2004.

<sup>528</sup> Örlygur Karlsson, „26. annarannáll“, vorönn, 1994.

<sup>529</sup> Þórarinn Ingólfsson, „43. annarannáll“, haustönn, 2002.

<sup>530</sup> „Fundargerð 87. fundar skólanefndar“, 12. maí, 1995.

Á vorönn 2006 var kenndur áfanginn Lok 171. Markmið hans var að tengja nám í framhaldsskóla við áframhaldandi nám og vinnumarkað og áhersla lögð á fræðlu um nám og störf, sjálfsskoðun og meðvitaða ákvarðanatöku. Áfanginn var eingöngu ætlaður útskriftarnemendum og fjallað var m.a um starfsval, starfsferil og kenningar, áhuga, hæfileika, gildismat og lífstíl. Farið var yfir gerð starfsumsóknna, framkomu og klæðnað í starfsviðtölum og áhugasviðskönnuninnn IDEAS lögð fyrir nemendum. Í áfanganum var fjallað um atvinnumarkaðinn, atvinnumöguleika og starfsvitund og ýmsar stofnanir kynntar, s.s. Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskólinn og Lánasjóður íslenska námsmanna.<sup>531</sup>

Á viðskiptasviði var vorið 2007 kennd frumkvöðlafræði í áfanganum VIÐ 133. Nemendurnir stofnuðu fyrirtækið „AlltÍEinu“ og markaðssettu eigin framleiðsluvöru. Vakti framtakið athygli og fengu þeir t.d. verðlaun fyrir besta básinn á sýningu í verslunarmiðstöðinni Smáralind.<sup>532</sup> Nokkru seinna var komið að uppeldismálum og boðið upp á áfanga sem bar heitið „Hugsað um barn“. Nemendur fengu í hendur dúkku sem hegðaði sér eitthvað í líkingu við kornabarn og áttu að sjá um hana eina helgi. Einhverjir munu hafa átt andvökunætur á meðan námskeiðið stóð yfir.<sup>533</sup>

Á vorönn 2009 var boðið upp á áfangann TLS 171, „Vinsældalistarnir á Íslandi“. Markmið áfangans var að nemendur fylgdust með vinsældalistum hvernar viku fyrir sig, hlustuðu á popplögin og veltu fyrir sér stöðu listans frá einni viku til annarrar og spáðu fyrir um breytingar. Einnig áttu nemendur að reyna að átta sig á dreifingu tónlistarstefna og tengingum við samfélagið og kanna fjölmiðlana með tilliti til fréttaflutnings af flytjendum.<sup>534</sup>

Halda mætti áfram að telja en ómögulegt er þó að gera öllu skil. Einungis er hér um örfá sýnishorn að ræða og allra síst forgangsröðun af einhverju tagi.

## 7.9.2 Þróunarstarf og þjónusta

Eftir að ný framhaldsskólalög tóku gildi árið 1996, og aftur 2008, hefur vinna við innleiðingu þeirra verið áberandi í skólasterfinu. Mikil vinna hefur verið unnin við skólanámskrá, sem nú er

---

<sup>531</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, tölvupóstur til höfundar, 18. ágúst, 2011.

<sup>532</sup> Þórarinn Ingólfsson, „52. annarannáll“, vorönn, 2007.

<sup>533</sup> Sama heimild, „55. annarannáll“, haustönn, 2008.

<sup>534</sup> Stefán Þorleifsson, tölvupóstur til höfundar, 18. ágúst, 2011.

aðgengileg á heimasíðu skólans,<sup>535</sup> breytingum á námsframboði og kennsluháttum. Þá hefur vinna við sjálfsmat og innleiðingu þess tekið mikinn tíma.

Kjaramál hafa sett mark sitt á allt skólastarfið og verkföll sett áætlanir margra nemenda í uppnám. Verkfallið á vorönn 1995

hafði slæm áhrif á kennslu og nám þó boðið væri upp á næstum fulla kennslu að verkfalli loknu. Margir nemendur misstu áhugann og sumir þeirra sem ekki hættu stunduðu námið með hangandi hendi. Allt er þetta skiljanlegt, verkfallið langt og biðin erfið. Óvíst er einnig hvort friður muni ríkja í skólunum í framtíðinni. Kennarar eru ekki ánægðir með samningana. Grunnlaunum kennara sem annarra í þjóðfélaginu er haldið lágum og á meðan svo er verður skólastarfið erfitt.<sup>536</sup>

Breytingar á kjarasamningum kennara undir lok 10. áratugarins leiddu þó til þess að auðveldara varð að vinna að ýmsum þróunarmálum. Á vorönn 1998 störfuðu t.d. margir vinnuhópar kennara. Unnið var að gerð handbókar fyrir kennara, umhverfisstefna skólans var mótuð undir forystu Árna Sverris Erlingssonar og talið er að skólinn sé fyrsti framhaldsskólinn til þess.<sup>537</sup> Annar vinnuhópur fjallaði um upplýsingamál og var ákveðið í kjölfar tillagna hans að gefa út fréttabréfið „Gegnishóla“ innan skólans. Aðrir vinnuhópar fjölluðu um erlend samskipti, samskipti við aðra skóla og fullorðinsfræðslu og á sama tíma var unnið að endurskipulagningu námsbrauta í hand- og myndmennt og að gerð námsbrauta á lista- og matvælasviði.<sup>538</sup>

### 7.9.3 Forvarnir vegna eineltis

Snemma árs 2009 komu upp tvö ofbeldis- og líkamsárásarmál í skólanum og fylgdi þeim fjölmiðlaumfjöllun og umræða úti í samfélaginu og innan skólans. Haustið áður hafði vinna við gerð eineltisáætlunar hafist og forvarnateymi skólans skipulagði forvarnaráfanga,<sup>539</sup> FOV171, sem kenndur var á vorönn 2009. Áfanginn var settur á laggirnar með það í huga að vinna með neikvæðar hópamyndanir sem birtingarmyndir eineltis. Nemendur voru valdir í áfangann í samráði við nemendafélagið og áttu að endurspeglar að einhverju leyti hópaskiptinguna í

<sup>535</sup> „Skólanámskrá“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 5. júlí, 2011, [http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=118&Itemid=249](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=118&Itemid=249)

<sup>536</sup> Örlygur Karlsson, „28. annarannáll“, vorönn, 1995.

<sup>537</sup> Sama heimild, „34. annarannáll“, vorönn, 1998.

<sup>538</sup> Sama heimild.

<sup>539</sup> „Fundargerð 145. fundar skólanefndar“, 5. mars, 2009.

skólanum. Hópurinn hittist einu sinni í viku í 80 mínútur í senn og fjallað var um hópamyndun og ýmsar aðgerðir og uppákomur skipulagðar. Hugmyndin á bak við þennan áfanga var að mynda rýnihóp einstaklinga sem gætu haft áhrif á aðra nemendur, ekki síst í sínum hópi, en einnig í skólanum í heild í gegnum jafningjafræðsu. Skilaboðin voru þau að neikvæð hópamyndun væri einelti og einelti liðist ekki í F.Su. Ein afurðin af vinnu í áfanganum var verkefnið „Komdu með út í geim“, eða svokallaðir stjörnumerkjadagar,<sup>540</sup> en þá mynda nemendur og starfsfólk skólans hópa eftir stjörnumerkjum, klæðast samlitum bolum með stjörnumerkinu og finna til gamans upp á einhverjum skemmtilegum tillektum.

Í kjölfar fyrrnefndra ofbeldismála var hert mjög á allri forvarnavinnu, meðal annars mótaðar verklagsreglur til að bregðast við ef sambærileg mál kæmu upp aftur, „Viðbrögð við áföllum“, en ekki síst var lögð megináhersla á forvarnir innan skólans til að reyna að koma í veg fyrir að slíkt gerðist. Unnið var að skólareglum um hegðun, samskipti og umgengni<sup>541</sup> og skólinn tók upp, eins og getið hefur verið, Olweusaráætlunina gegn einelti, fyrstur framhaldsskóla á Íslandi.

Á haustönn 2009 var lögð fyrir nemendur skólans könnun á einelti<sup>542</sup> og það ár var stofnað Foreldrafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands sem styrkir alla vinnu innan hans að samskipta- og umgengnismálum. Eineltiskönnunin leiddi í ljós að einelti mælist lágt í skólanum, 1,7% eða 11 nemendur töldu sig hafa orðið fyrir einelti,<sup>543</sup> þ.e. áreiti að lágmarki tvisvar eða þrisvar í mánuði. Í könnuninni er áreiti sem á sér stað sjaldnar ekki skilgreint sem einelti.<sup>544</sup> Meginniðurstöður könnunarinnar eru að öðru leyti þær að nemendur sigli ekki allir lygnan sjó, stúlknaðurinn sé líklega viðkvæmari en drengirnir og fámennum hópi nemenda líði illa, sé einmana og treysti ekki öðrum nemendum ef eitthvað kemur upp á. Þetta gefi þó ekki tilefni til að ætla að nemendur upplifi almennt þrúgandi eða árásargjarnt andrúmsloft og að góður grunnur sé innan skólans til að byggja upp enn öflugra forvarnarstarf, bæta líðan, skapa öryggi og efla traust.<sup>545</sup>

---

<sup>540</sup> Agnes Ósk Snorradóttir, tölvupóstur til höfundar, 19. ágúst, 2011.

<sup>541</sup> „Fundargerð 146. fundar skólanefndar“, 7. maí, 2009.

<sup>542</sup> Sama heimild, „149. fundur“, 26. nóvember, 2009.

<sup>543</sup> Þorlákur Helgason, „Eineltiskönnun Olweusar- h2009, Greinargerð með niðurstöðum“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2010), 4.

<sup>544</sup> Sama heimild, 3.

<sup>545</sup> Sama heimild, 6.



#### 7.9.4 „Skólinn í okkar höndum“

Í framhaldsskólalögunum 2008 er sett fram ákveðin krafa um grunnþætti skólastarfs sem gengur þvert á allar námsbrautir, það er að segja læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf. Þetta hafa verið leiðarstefin innan skólans síðustu misserin, og tengjast þeirri vinnu sem nefnd var að ofan og rekja má til árekstra milli nemenda og baráttunnar gegn einelti. „Skólinn í okkar höndum“ er verkefni í þessum anda þar sem byggt er á hvatningu, starfsgleði, fjölbreytni og gagnkvæmri virðingu með það að markmiði að skólabragur verði betri, starfið sveigjanlegra og lýðræðislegra og nemendum líði betur í skólanum.<sup>546</sup>

Einn liður í þessu var að breyta eyktakerfi skólans, stytta kennslustundir úr 80 mínútum í 75 og nýta mínúturnar sem þannig féllu til í svokallaða „dreifnáms-/stoðtíma“. Þar gefst nemendum tækifæri til að hitta kennara sína sérstaklega til skrafs og ráðagerða, hálf tíma í senn þrjá daga vikunnar. Hver kennari mætir í „stoð“ á föstum tímum tvisvar í viku strax eftir hádegishlé. Um leið voru vikulegir umsjónartímar lengdir úr 15 mínútum í 30, en hver kennari hefur 12-15 nemendur á sínum vegum í umsjón, er tengiliður þeirra við kerfið, aðstoðar við námsval, fylgist með skólasókn og upplýsir þá um stöðu sína og viðburði í skólanum.<sup>547</sup>

Í upphafi haustannar 2010 var svo í sama tilgangi bryddað upp á „nýnemadegi“ þar sem nýnemahópurinn fékk tækifæri til að kynnast innbyrðis og starfsemi skólans. Nemendaráð og starfsmenn skólans taka virkan þátt í þessari uppákomu sem endurtekin var haustið 2011. Nýjast undir þessum hatti er þátttaka í verkefninu „Heilsueflandi framhaldsskóli“ sem stendur yfir í fjögur ár, með áherslum á mismunandi heilsufarsþætti hvert ár: næringu, geðheilsu, hreyfingu og lífsstíl. Kynning á verkefninu fór fram á vordögum 2011 en það hefst af fullum krafti með haustinu.<sup>548</sup>

„Skólinn í okkar höndum“ er einskonar regnhlíf yfir þau verkefni sem lýst hefur verið, Oweusaráætlunina gegn einelti, Heilsueflandi framhaldsskóla og önnur verkefni undir yfirheitunum Bættur skólabragur og Dagamunur. Umsjónarmenn með þessu hafa frá upphafi verið Agnes Ósk Snorradóttir náms- og starfsráðgjafi og Þórunn Jóna Hauksdóttir, kennari og sviðsstjóri.

<sup>546</sup> Þórarinn Ingólfsson, „58. annarannáll“, vorönn, 2010.

<sup>547</sup> Sama heimild.

<sup>548</sup> Þórarinn Ingólfsson, „59. annarannáll“, haustönn, 2010.

### 7.9.5 Átak í menntunarmálum atvinnuleitenda

Í kjölfar bankahruns haustið 2008 og kreppu í efnahags- og atvinnumálum hafa ýmsir erfiðleikar steðjað að skólanum og nemendum hans. Fjárframlög hafa verið skorin niður og birtist það t.d. í auknu álagi á kennara með stærri námshópum, færri námsferðum, minni tækjakaupum og svo framvegis.<sup>549</sup> Fjöldi ungmenna gengur um atvinnulaus og hafa yfirvöld menntamála og skólayfirvöld brugðist við með hugmyndum um að bjóða þeim upp á nám í samstarfi við Vinnumálastofnun.<sup>550</sup> Eitt slíkt verkefni var unnið vorið 2010 og vorið 2011 var kynnt annað átak í menntunarmálum atvinnuleitenda og þeirra sem eru yngri en 25 ára, „Nám er vinnandi vegur“. Skólinn stefnir að því að taka í haust við öllum sem sækja um skólavist í tengslum við þetta verkefni.<sup>551</sup>

### 7.9.6 Mat á skólastarfi

Framhaldsskólalögin 1996 kváðu á um að skólastarf skyldi meta með reglubundnum og skipulegum hætti. Lögin skilgreina bæði innra mat, þar sem starfsfólk skólanna meti eigin frammistöðu, og ytra mat, á ábyrgð menntamálaráðuneytisins, sem ráðuneytið geti þó falið þriðja aðila að annast. Að auki eiga skólarnir lögum samkvæmt að meta eigin sjálfsmatsaðferðir.

Í samræmi við þetta fóru fóru 8 kennarar F.Su. á sjálfsmatsnámskeið í skólabyrjun haustið 1997. Skólinn fékk styrk til þessa, ásamt Menntaskólanum við Sund, en um var að ræða verkefni á vegum Evrópusambandsins með þátttöku 101 skóla víðsvegar að í álfunni.<sup>552</sup> Stofnaður var stýrihópur í F.Su. um sjálfsmatið undir forystu skólameistara og vann hópurnin áfram samkvæmt evrópska verkefninu. Hann skilaði skýrslu ári seinna, þar sem meðal annars eru tíundaðar niðurstöður könnunar innan skólans. Þar kemur fram að að tæplega 80% nemenda leið mjög vel eða vel í skólanum, rúmlega 7% leið ekki vel og 1,5%, eða 7 nemendum, leið mjög illa. Um 97% starfsfólks leið vel eða mjög vel og 3% leið hvorki vel né illa. Engum starfsmanni leið illa, skv. könnuninni. Annað sem fram kom var t.d. að um 6% nemenda var

---

<sup>549</sup> Sama heimild, „58. annarannáll“, vorönn, 2010.

<sup>550</sup> „Fundargerð 151. fundar skólanefndar“, 11. febrúar, 2010.

<sup>551</sup> Sama heimild, „159. fundur“, 10. maí, 2011.

<sup>552</sup> Örlygur Karlsson, „33.annarannáll“, haustönn, 1997.

einmana í skólanum, um 62% foreldra töldu sig velkomna í skólann en um 8% óvelkomna, 91% foreldra töldu skólann veita góða kennslu en um 9% voru því ósammála.<sup>553</sup>

Næstu ár var unnið sleitulaust að sjálfsmatinu. Yfirstjórn skólans fékk á æðstu stöðum staðfestingu þess að skólinn væri á réttri leið og við undirritun skólasamnings árið 1999 kom fram af hálfu menntamálaráðuneytisins að „starfsemi öll og rekstur F.Su. væri með miklum ágætum og öllum öðrum skólum til fyrirmyndar“.<sup>554</sup> Fjármálaráðuneytið veitti skólanum formlega viðurkenningu árið 2000, en í skjali því til staðfestingar stendur:

Til fyrirmyndar. Viðurkenningu þessa hlýtur Fjölbrautaskóli Suðurlands. Viðurkenningin er veitt af nefnd sem skipuð var af fjármálaráðherra í janúar 2000 til að veita viðurkenningu ríkisstofnunar sem skapar fram úr og er til fyrirmyndar í starfi sínu.<sup>555</sup>

Í desember 1999 auglýsti menntamálaráðuneytið eftir framhaldsskólum sem hefðu áhuga á að láta taka út starfsemi sína. F.Su. var annar skólinn sem ráðuneytið valdi úr áhugasömum og var úttektin gerð í desember 2001. Reyndust niðurstöðurnar jákvæðar fyrir skólann<sup>556</sup> og í skýrslu um úttektina segir meðal annars að skólinn sé menntastofnun með fjölbreytta, metnaðarfulla og kraftmikla starfsemi þar sem starfsandi sé með afbrigðum góður. Það sé einkum stjórnendum að þakka því stjórnunarstíll þeirra skapi brag sem henti vel skólastarfinu, auk þess sem þeir séu vakandi fyrir nýjum tækifærum og óhræddir að taka frumkvæði að framþróun. Þá er talið skólanum til tekna að þar starfi samheldinn kjarni starfsmanna með langan starfsaldur og honum haldist að auki vel á fólki sem bætist í hópinn. Skýrsluhöfundar telja sig einnig sjá ágætari vísbendingar um að námsárangur hafi „þóast jákvætt undanfarin ár“.<sup>557</sup>

Á vorönn 2003 voru lagðar fyrir kannanir í nær öllum námsáföngum í dagskóla þar sem könnuð voru viðhorf nemenda til kennslu og kennsluhátta. Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar

---

<sup>553</sup> Sama heimild, „35. annarannáll“, haustönn, 1998.

<sup>554</sup> „Fundargerð 103. fundar skólanefndar“, 19. maí, 1999.

<sup>555</sup> Sama heimild, „106. fundur“, 13. maí, 2000.

<sup>556</sup> Sama heimild, „112. fundur“, 5. mars, 2002.

<sup>557</sup> Stefanía Arnórsdóttir og Haraldur Á. Hjaltason, *Fjölbrautaskóli Suðurlands, Úttekt* (H<sub>2</sub>H Ráðgjöf, janúar, 2002), 4.

og virtust nemendur í langflestum tilfellum vera ánægðir með þjónustu skólans.<sup>558</sup> Sambærileg könnun var lögð fyrir á vorönn 2005 og voru niðurstöður

jákvæðar og má sem dæmi nefna að 75,9% nemenda eru sammála því að kennararnir komi með mjög góðar eða góðar útskýringar. Aftur á móti eru bara 53,3% nemenda sammála því að kennslan í áföngunum sé fjölbreytt. 24,9% eru hlutlausir en 20,4% eru ósammála.<sup>559</sup>

Á sama tíma var könnun lögð fyrir nýnema í lífleikniáfanga þar sem meðal annars var spurt um líðan þeirra í skólanum. Í ljós kom að 85% gátu tekið undir þá fullyrðingu að þeim liði vel í skólanum, 12% tóku ekki afstöðu en 3% voru ósammála.<sup>560</sup> Vorið 2009 var í þriðja sinn lögð fyrir slík könnun um gæði náms og kennslu, svokölluð GNOK-könnun. Niðurstöður hennar voru enn betri en bæði 2003 og 2005.<sup>561</sup>

Á haustönn 2006 var byrjað að vinna eftir skosku sjálfsmatskerfi, „How good is our school?“ og það aðlagað aðstæðum í skólanum. Það kerfi hafði verið notað í fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki og leiðbeindu norðanmenn um innleiðingu þess. Einnig var tekið upp samstarf við skólana á Akranesi og Suðurnesjum um sjálfsmatið og setningu viðmiða um gæði skólastarfs.<sup>562</sup>

Skólinn kom vel út úr könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna árið 2006.<sup>563</sup> Í skýrslu þar sem ítarlegar niðurstöður úr könnuninni eru teknar saman fyrir F.Su. kemur fram að heildarsvarhlutfall í henni hafi verið 59,5% en 70,7% í F.Su. Helstu niðurstöður könnunarinnar gefa til kynna það lykilviðhorf

að starfsánægja fyrir stofnunina í heild er hærri en hjá öðrum sambærilegum stofnunum (framhalds- og háskólum), framhaldsskólum og ríkisstofnunum óháð viðfangsefni. Það sama er uppi á teningnum varðandi starfsanda og hollustu, [F.Su.] mælist hærri en allir

---

<sup>558</sup> Þórarinn Ingólfsson, „44. annarannáll“, vorönn, 2003.

<sup>559</sup> Sama heimild, „48. annarannáll“, vorönn, 2005.

<sup>560</sup> Sama heimild.

<sup>561</sup> Sama heimild, „56. annarannáll“, vorönn, 2009.

<sup>562</sup> Sama heimild, „51. annarannáll“, haustönn 2006.

<sup>563</sup> „Fundargerð 135. fundar skólanefndar“, 9. maí, 2007.

viðmiðunarhópar. Niðurstöðurnar eru því mjög jákvæðar fyrir stofnunina í heild og mikið styrkleikamerki.<sup>564</sup>

Haustið 2008 fékk skólinn þá umsögn að hann uppfyllti „allar kröfur menntamálaráðuneytisins til sjálfsmatsins“<sup>565</sup> sem starfsfólk skólans hefur tekið virkan þátt í. Það hefur á fundum 2-3 á önn unnið í hópum, fyrst við að semja spurningar og staðla um alla þætti skólastarfsins og síðan að gefa hverjum þætti einkunn. Þá er unnið úr einkunnagjöfni og sett fram aðgerðaáætlun um úrbætur í þeim málaflokkum sem starfsfólk hefur metið að betur mættu fara.

Rós var þrædd í hnappagat F.Su. í janúar 2011 en þá fékk skólinn „Menntaverðlaun Suðurlands“ sem Menntamálanefnd SASS veitir árlega eftir tilnefningar. Skólinn var tilnefndur fyrir verkefnið „Skólinn í okkar höndum“.<sup>566</sup>

Nýjasta viðurkenningin kom í maí 2011, þegar birtur var listi yfir stofnanir ársins. SFR stéttarfélag í almannatjónustu hefur staðið fyrir könnuninni „Stofnun ársins“ undanfarin sex ár og að þessu sinni tóku um 200 stofnanir þátt, eða helmingi fleiri en árið áður. Í könnuninni eru mældir átta þættir: Trúveðrugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægja og stolt.<sup>567</sup> Nú var könnunin send til allra ríkisstarfsmanna í fyrsta sinn og gefst fyrir vikið tækifæri til að draga upp mynd af stjórnun, starfsaðstæðum og skipulagi ríkisstofnana, ásamt því að starfsmenn fá tækifæri til að viðra viðhorf sín til eigin starfsumhverfis.<sup>568</sup> Í könnuninni lenti Fjölbrautaskóli Suðurlands í 7. sæti meðal stærri stofnana, þ.e. með 50 eða fleiri starfsmenn, og var næst efstur allra framhaldsskóla landsins.<sup>569</sup>

Af þessu má fullyrða að gott starf er unnið í skólanum. Það sýna jafnt kannanir meðal nemenda og starfsmanna, sem og úttektir ráðuneytisins.

---

<sup>564</sup> Arndís Ósk Jónsdóttir og Jón Emil Sigurgeirsson, *Fjölbrautaskóli Suðurlands, Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006*, (Reykjavík: ParX Viðskiptaráðgjöf IBM, 2007), 1-2.

<sup>565</sup> Þórarinn Ingólfsson, 55. annarannáll, haustönn, 2008.

<sup>566</sup> „Fjölbrautaskóli Suðurlands hlaut Menntaverðlaun Suðurlands“, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, sótt 6. júlí, 2011, <http://www.sass.is/2011/01/fjolbrautaskoli-sudurlands-hlaut-menntaverdlaun-sudurlands/>

<sup>567</sup> „Stofnanir ársins 2011,“ *Stofnun ársins 2011, Sérblað*, maí (2011): 2-3.

<sup>568</sup> Ágústa H. Gústafsdóttir, „Allir ríkisstarfsmenn tóku þátt í að velja Stofnun ársins,“ *Stofnun ársins 2011, Sérblað*, maí (2011): 5.

<sup>569</sup> „Stærri stofnanir 2011,“ *Stofnun ársins 2011, Sérblað*, maí (2011): 12.

### 7.9.7 Innleiðing laga

Fyrstu heildarlögum um framhaldsskólastigið, lögum nr. 57/1988, var eins og fram hefur komið fyrst og fremst ætlað að setja formlegan ramma utan um það skólastarf sem þróast hafði „úti á arkinum“ á 8. og 9. áratugnum, í fjöldamörgum nýjum skólum sem spruttu upp á þeim tíma. Þau voru því ekki þess eðlis að boða mikil nýmæli eða breytingar. Það gerðu hins vegar lög nr. 80/1996. Þau byggja á umfangsmikilli fjögurra ára vinnu nefndar um mótun menntastefnu og endurskoðunar á bæði gildandi grunnskóla- og framhaldsskólalögum. Þar nægir að nefna ákvæði um samningu skólanámskrár í hverjum skóla, mat á skólastarfi og það viðhorf laganna að líta beri á nám sem heildstætt ferli frá upphafi til loka skólagöngu, og á öll skólastigin í samhengi út frá hagsmunum og þörfum nemenda en ekki sem afmarkaðar og aðskildar einingar sem hver um sig vinni í sínum afmarkaða heimi. Að auki var í lögnum gert ráð fyrir samræmdum prófum í lokaáföngum, aukinni upplýsingaskyldu og áætlanagerð, meðal annars þriggja ára starfs- og fjárhagsáætlana,<sup>570</sup> og síðast en ekki áhrifaminnt, áætlanir um styttingu náms til stúdentsprófs. Öll þessi atriði voru þess eðlis að hafa mikil áhrif á starf framhaldsskólanna.

### 7.9.8 Skólanámskrá

Í kjölfar laganna 1996 kom ný aðalnámskrá framhaldsskóla árið 1999, eftir margra ára undirbúning, en hún átti að taka gildi að fullu árið 2004.<sup>571</sup> Töluverðar breytingar fylgdu nýju námskránni og aukaálag vegna þess að nemendahópurinn skiptist í tvennt, eftir því hvort nám þeirra var skipulagt samkvæmt nýju eða gömlu námskránni. Árin í kringum aldamótin fór mikill tími og orka í gerð skólanámskrár, þar sem meðal annars þurfti að móta stefnu skólans, framtíðarsýn og skipuleggja nýjar námsbrautir. Sérstakur vinnuhópur var settur á laggirnar um þetta verkefni og einn kennara skólans fór á námskeið í fræðunum.<sup>572</sup> Þessari törn lauk með formlegum hætti þann 3. október 2003 þegar skólanámskrá Fjölbrautaskóla Suðurlands var gerð opinber:

---

<sup>570</sup> Örlygur Karlsson, „31. annarannáll“, haustönn, 1996.

<sup>571</sup> Sama heimild, „36. annarannáll“, vorönn, 1999.

<sup>572</sup> Sama heimild, „38. annarannáll“, vorönn, 2000.

Ákveðið var við vinnu skólanámskrárinnar að hún yrði sett út á vefinn og væri þess vegna aðgengileg fyrir alla aðila sem áhuga hefðu á því að kynna sér starfsemina sem fram fer í skólanum. Námskránni er skipt upp í 6 kafla og hafa þeir yfirskriftina: Um skólann, námið, starfsfólk, þjónusta, samstarf, saga og þróun. Undir hverjum kafla eru síðan undirheiti og þar er hægt að fá upplýsingar um flest það sem tengist skólanum á einhvern hátt.<sup>573</sup>

Sumarið 2003 voru einnig gerðar breytingar á aðalnámskrá bygginga- og tréiðna. Mestu breytingarnar fólust í því að allir nemendur í bygginga- og mannvirkjagreinum þurftu þaðan í frá að ljúka sameiginlegu grunnnámi með almennri og faglegri undirstöðu áður en þeir gátu snúið sér að sérnámi í sínu fagi. Skólinn hóf strax vinnu við aðlögun kennslunnar að þessum breytingum.<sup>574</sup>

### 7.9.9 Samræmd próf

Mikið samræmt próf var haldið í öllum framhaldsskólum í ensku haustið 1996 og tóku prófið yfir 100 nemendur í F.Su.<sup>575</sup> Þetta varð þó ekki upphafið að samfelldri sögu samræmdra prófa, því málið beið síns tíma. Reglugerð um málið var kynnt á 117. fundi skólanefndar í febrúar 2003 og reglugerðin gefin út 18. mars árið eftir. Fyrsta prófið var haldið 3. maí 2004, íslenskupróf sem aðeins 10 nemendur F.Su. þreyttu. Samkvæmt reglugerð ráðuneytisins skyldu nemendur frá og með vori 2005 ljúka samræmdum prófum í tveimur af þeim þremur greinum sem í boði voru, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði.<sup>576</sup> Prófin voru haldin vorið 2005 en snemma árs 2006 barst bréf frá ráðuneytinu þar sem fram kom að fresta skyldi skráningu í samræmd próf þá um vorið um hálfan mánuð.<sup>577</sup> En frestunin varð lengri. Engin samræmd próf voru haldin þetta vor og hafa ekki verið haldin síðan.

### 7.9.10 Stytting náms til stúdentsprófs

Stytting náms til stúdentsprófs hefur verið allengi á stefnuskrá íslenskra stjórnvalda. Nefnd um mótun menntastefnu lagði til árið 1994 að námstími til stúdentsprófs yrði stytur úr fjórum

---

<sup>573</sup> Þórarinn Ingólfsson, „45. annarannáll“, haustönn, 2003.

<sup>574</sup> Sama heimild.

<sup>575</sup> Sama heimild.

<sup>576</sup> Sama heimild.

<sup>577</sup> „Fundargerð 131. fundar skólanefndar“, 20. febrúar, 2006.

árum í þrjú og árið 1998 var það sama eitt af markmiðunum í nýrri skólastefnu þáverandi menntamálaráðherra. Í ársbyrjun 2002 efndi menntamálaráðuneytið til málþings og í kjölfarið var skipuð verkefnisstjórn til að gera úttekt sem hægt væri að byggja á ákvörðun um hvort, og þá hvernig, ætti að stytta námstíma til stúdentsprófs.<sup>578</sup> Meginsjónarmiðið í umsögnum og umræðum á málþinginu var að stytting námstíma til stúdentsprófs mætti ekki koma niður á gæðum námsins. Verkefnisstjórnin skilaði skýrslu þar sem þetta viðhorf er lagt til grundvallar, lagt er til að skólaárum verði fækkað um eitt, en á móti verði skólaárið lengt og „hluti af núverandi námi framhaldsskólans í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði verði fluttur til grunnskólans og kröfur til nemenda í stúdentsnámi verði auknar“.<sup>579</sup>

Málefnið var kynnt á 121. fundi skólanefndar F.Su. í desember árið 2003. Þá var lögð fram skýrsla menntamálaráðuneytisins um málið ásamt umsögnum stjórnar Félags framhaldsskóla og kennslumálanefndar háskólaráðs og grein eftir menntamálaráðherra. Helstu rökin fyrir styttingunni voru þau að verið væri að færa íslenska menntakerfið til samræmis við það sem tíðkaðist í helstu samanburðarlöndum, nemendur hefðu af styttingu mikið hagræði því þeir kæmust ári fyrr í framhaldsnám eða út á vinnumarkaðinn, og mikið þjóðhagslegt hagræði hlytist einnig af,<sup>580</sup> bæði vegna útgjaldasparnaðar í skólakerfinu og að fólk kæmi yngra út í atvinnulífið og yrði þar með samfélaginu fyrr nytsamir þátttakendur og skattgreiðendur. Einnig var bent á að stytting náms í framhaldsskóla væri vænlegri en að stytta grunnskólann vegna þess að mikilvægt væri að nemendur á landsbyggðinni sem flytjast þyrftu að heiman til að sækja framhaldsskóla væru eins lengi heima hjá sér og mögulegt væri.<sup>581</sup>

Mikil andstaða var við styttingaráformin í skólasamfélaginu. Kennarar við MR, Verzlunarskólann, Kvinnaskólann, MS og MA lögðu niður vinnu í eina kennslustund í nóvember 2005 til að mótmæla áformunum og afhentu áskorun og undirskriftalista í því skyni. Kennararnir ályktuðu að styttingin fæli í sér „skerðingu náms, gengisfellingu stúdentsprófs, veikari stöðu íslenskra nemenda“ og væri „samfélaginu til skammar,“ enda byggðist styttingin „ekki á neinum

---

<sup>578</sup> „Stytting náms til stúdentsprófs,“ *Vefrit menntamálaráðuneytisins*, 10, 2003. Sótt 7. júlí, 2011. [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Vefrit/102003.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/102003.pdf)

<sup>579</sup> *Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi, Skýrsla starfshópa og verkefnisstjórnar.* (Menntamálaráðuneytið: Rit 14, 2004), 9.

<sup>580</sup> „Stytting náms til stúdentsprófs,“ *Af vettvangi, Fréttabréf Samtaka atvinnulífsins*, 9 (2003). Sótt 7. júlí, 2011. [http://www.sa.is/tbl9\\_2003.html](http://www.sa.is/tbl9_2003.html)

<sup>581</sup> „Rök með og á móti styttingu námstíma til stúdentsprófs“, Anna María Gunnarsdóttir tók saman (Kennarasamband Íslands, 2005). Sótt 7. júlí, 2011. <http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=834>



faglegum rökum“ heldur væri „markmiðið augljóslega sparnaður og hagræðing í menntakerfinu.“ Mikil samstaða ríkti meðal kennara um þetta mál í skólunum og yfir 90% kennara í þeim flestum skrifuðu undir áskorunina.<sup>582</sup>

Kennarar voru uggandi um stöðu sína, og töldu fyrirsjáanlegt að þeim myndi stórfækka. Þá höfðu þeir miklar áhyggjur af faglegum þáttum, stúdentsprófið myndi setja verulega niður, því ljóst væri að skorið yrði stórlega niður innihald einstakra námsgreina. Tungumálakennarar bentu t.d. á að styttingin myndi kippa grundvellingnum að mestu undan þeirra fögum, fækkun eininga myndi þýða það að stúdentar fengju aðeins örlitla kynningu á tungumálum en gætu ekki öðlast þá færni sem nauðsynleg væri til að geta notað tungumálið, talað, skrifað og lesið, og verið færir um að innritast í erlenda háskóla. Háskólakennarar höfðu áhyggjur af því kunnátta margra stúdenta t.d. í stærðfræði yrði ekki upp á marga fiska eftir niðurskurð á framhaldsskólanámi. Frekar þyrfti að bæta í.<sup>583</sup>

Kennarasamband Íslands tók hvorki afstöðu með né á móti því að stytta námstíma til stúdentsprófs enda „verulega skiptar skoðanir meðal kennara, námsráðgjafa og skólastjórnenda“<sup>584</sup> en töldu „umbætur í námi, aðgerðir til að bæta námsárangur bæði í grunn- og framhaldsskóla og raunverulegt átak til að sporna við brottfalli úr námi nauðsynlega forsendu þess að það þjóni tilgangi og skili árangri að stytta námstíma til stúdentsprófs“.<sup>585</sup> Það væri engra hagur að gera viðlíka breytingar að forgangsmáli en vanrækja um leið að vinna að lausn stærstu vandamála menntakerfisins.<sup>586</sup>

Á vorönn 2005 kom menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, í heimsókn í skólann og fjallaði um fyrirhugaða styttingu á fundi með kennurum skólans, þar sem andstaða kennara F.Su. var ítrekuð,<sup>587</sup> í samræmi við afstöðu Félags framhaldsskólakennara. Engin sátt var um styttinguna í samfélaginu, og eftir „mikil mótmæli margra kennara og nemenda dró

---

<sup>582</sup> „Leggja niður vinnu í eina kennslustund,“ *mbl.is*, 5. nóvember, 2005. Sótt 7. júlí, 2011. [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2005/11/05/kennarar\\_motmaela\\_styttingu\\_studentsprofs/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2005/11/05/kennarar_motmaela_styttingu_studentsprofs/)

<sup>583</sup> „Rök með og á móti styttingu námstíma til stúdentsprófs,“ Kennarasamband Íslands.

<sup>584</sup> Elna Katrín Jónsdóttir, „Er stytting náms til stúdentsprófs forgangsmál?“, *Morgunblaðið*, 14. janúar, 2004. Sótt 7. júlí, 2011. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=774938](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=774938)

<sup>585</sup> Sama heimild.

<sup>586</sup> Sama heimild.

<sup>587</sup> Þórarinn Ingólfsson, „48. annarannáll“, vorönn, 2005.

menntamálaráðherra úr áherslu sinni á málið og hefur það legið í nokkurri biðstöðu<sup>588</sup> síðan. Þó hafa nokkrir svokallaðir tilraunaskólar, t.d. Kvinnaskólinn í Reykjavík, stýtt námið, og málinu er haldið vakandi í nýjustu breytingu á námskránni.<sup>589</sup>

### 7.9.11 Þjónusta við grunnskólanemendur

Framhaldsskólalögin 1996 boðuðu um margt nýjar áherslur. Eitt af því var að auka tengsl og skilning milli skólastiga og opna nemendum fleiri leiðir milli þeirra. Þrýstingur myndaðist á það að duglegir grunnskólanemendur gætu hafið framhaldsskólanám fyrr en að loknu grunnskóla-prófi í lok 10. bekkjar. Annars vegar var um það að ræða að nemendur gætu stundað nám og tekið próf í einstökum framhaldsskólaáföngum samhliða námi sínu í grunnskóla og hins vegar að þeir lykju grunnskóla við lok 9. bekkjar eða að loknu hálfu ári í 10. bekk og hæfu þá strax fullt nám við framhaldsskóla.

Vorið 2000 óskaði fræðslustjóri Sveitarfélagsins Árborgar eftir formlegum fundi um samskipti grunnskóla sveitarfélagsins við Fjölbrautaskólann<sup>590</sup> og skólaárið 2000-2001 var unnið að því, í samstarfi við Skólastjórafélag Suðurlands, að skilgreina það nám á framhaldsskólastigi sem grunnskólanemendur gætu stundað. Þá um vorið tóku grunnskólanemendur á Selfossi próf úr byrjunaráfanga Fjölbrautaskólans í þýsku, en stunduðu námið alfarið í sínum grunnskóla.<sup>591</sup>

Næstu ár fóru nemendur ýmissa grunnskóla á Suðurlandi svipaða leið en óvíst var hvernig ætti að bregðast við þeim óskum að taka við nemendum beint að loknu námi í 9. bekk. Í upphafi árs 2006 sendi skólameistari menntamálaráðuneytinu bréf þar sem farið var fram á „leyfi til þess að taka 10. bekinga inn í F.Su. um áramót þó svo að þeir hafi ekki lokið samræmdum prófum“.<sup>592</sup> Ráðuneytið samþykkti að gerð yrði tilraun um þetta til þriggja ára, í samstarfi við grunnskóla á Suðurlandi,<sup>593</sup> og um vorið voru mótuð inntökuskilyrði, þar sem ítrekað var að einungis góður árangur kæmi til greina, eða lágmarkseinkunnin 8,0 í íslensku,

---

<sup>588</sup> Gunnar Páll Baldvinsson, „Nemendur flýta náminu,“ *mbl.is*, 31. ágúst, 2007. Sótt 7. júlí, 2011. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1162625](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1162625)

<sup>589</sup> Örlygur Karlsson, tölvupóstur til höfundar, 23. ágúst, 2001.

<sup>590</sup> „Fundargerð 106. fundar skólanefndar“, 13. júní, 2000.

<sup>591</sup> Örlygur Karlsson, „40. annarannáll“, vorönn, 2001.

<sup>592</sup> „Fundargerð 131. fundar skólanefndar“, 20. febrúar, 2006.

<sup>593</sup> Sama heimild, „132. fundur“, 24. apríl, 2006.

ensku, dönsku og stærðfræði.<sup>594</sup> Þessi tilraun gekk vel og haustið 2007 réði skólinn starfsmann, Þórunni Jónu Hauksdóttur, til að hafa umsjón með þessu samstarfi við grunnskólana á svæðinu fyrir sína hönd.

Síðan hefur verið fylgst sérstaklega með gengi þessara nemenda og gerðar kannanir á viðhorfum þeirra. Niðurstöðurnar eru mjög jákvæðar, 89% þótti mjög auðvelt eða frekar auðvelt að byrja í F.Su., 99% leið vel í skólanum, 96% taldi sér ganga vel í öllum eða flestum námsgreinum og 88% mjög vel eða frekar vel með heimanámið. Hvað líðan í skólanum varðar sögðu allir 62 krakkarnir sem byrjuðu í F.Su. um áramót eftir hálfan vetur í 10. bekk að þeim liði mjög vel eða frekar vel með skólafélögum sínum, 88% kveið aldrei eða sjaldan fyrir að mæta í skólann eða kennslustundir og allir nema einn voru ánægðir með þá ákvörðun að hafa byrjað í framhaldsskólanum áður en þeir kláruðu 10. bekk.<sup>595</sup>

Þó reynsla nemenda væri jákvæð og þeim gengi yfirleitt vel sköpuðust vandræði í samskiptum skólastiganna vegna fjármögnunar verkefnisins. Hver átti að greiða kostnaðinn af nemendum sem enn voru í grunnskóla reknum af sveitarfélögum, en sóttu einn og einn áfanga í framhaldsskóla kostuðum af ríkinu, eða færðu sig alfarið yfir meðan þeir voru enn á grunnskólaaldri?<sup>596</sup> Ekki minnkaði þessi vandi með kreppunni, þegar dregið var úr framlögum til framhaldsskólanna almennt og allt fjárframlag til þessa verkefnisins skorið niður. Fyrir vikið var ekki hægt að halda úti fjarkennslu til 10. bekkinga á vorönn 2010<sup>597</sup> en skólanefnd samþykkti vorið 2011 drög að reglum um þessi samskipti við grunnskólana og að þau yrðu send grunnskólum og sveitarstjórnnum á svæðinu. Samkvæmt drögunum verður nemendum 10. bekkjar gert kleift að stunda nám í einingabærum grunnáföngum í gömlu „samræmdu greinunum“, þ.e. dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði.<sup>598</sup>

Þrátt fyrir þessa hnökra er ljóst að þessi samskipti grunnskólanna við framhaldsskólastigið eru komin til að vera, enda beinlínis gert ráð fyrir þeim í lögum, og reynslan hefur sýnt að

---

<sup>594</sup> Sama heimild, „133. fundur“, 24. október, 2006.

<sup>595</sup> „Viðhorf og námsárangur, Niðurstöður kannana á nemendum úr 10. bekk grunnskóla sem hófu fullt nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands um áramót vorannirnar 2007 til 2010“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Öprentuð skýrsla, án árs).

<sup>596</sup> „Fundargerð 137. fundar skólanefndar“, 17. október, 2007.

<sup>597</sup> Þórarinn Ingólfsson, „58. annarannáll“, vorönn 2010.

<sup>598</sup> „Fundargerð 159. fundar skólanefndar“, 10. maí, 2011.

viðkomandi nemendur standa sig undantekingalítið vel í náminu. Það stendur hins vegar upp á löggjafann að taka af tvímæli um það hver á að borga brúsann.

### 7.9.12 Erlend samskipti

Eftir að skólahúsið var risið, og hægt var að taka á móti gestum með góðu móti, hefur verið stöðugur straumur fólks hvaðanæva að úr heiminum til að skoða skólann og kynna sér íslenska áfangakerfið. Frá því fyrir 1990 bar mest á Svíum, sem komu í heilu flugvélaformunum, önn eftir önn, í þessum tilgangi. Á vorönn 1992 komu tveir hópar Svía, meðal annarra skólamálaráðherrann sjálfur, og þótti þá ýmsum eggjið vera farið að kenna hænunni.<sup>599</sup> Á vorönn 1993 komu fimm sænskir hópar í heimsókn og um haustið hvorki fleiri né færri en sex hópar, eða um 120 manns.<sup>600</sup>

Næstu árin héldu Svíarnir áfram að skella á eins og flóðbylgjur og fleiri þjóðir, sem höfðu áhuga á því að kynna sér skólastarf í F.Su., bættust við. Nefna má í því sambandi að Erlingur Brynjólfsson, sögukennari, hélt til Andorra vorið 1994 til að kenna þarlandum á áfangakerfið og ráðleggja þeim um breytingar á skólakerfi sínu. Ári seinna komu Norðmenn í fyrsta sinn í heimsókn, og vakti sérstaka athygli þeirra að í kennslustund sem þeir sátu í Njálufraeðum var meðal nemenda Njáll, og frá Bergþórshvoli. Í kjölfar þessarar heimsóknar hófust nemendasamskipti F.Su. við framhaldsskóla í Askim í Noregi sem stóð í nokkur ár.<sup>601</sup>

Á þessum tíma voru áberandi margskonar menntamála- og áætlanir á vegum Evrópusambandsins, t.d. Comeníusarverkefnið og Linguaáætlunin sem voru liðir í Sókrates-áætluninni. Í tengslum við Comeníus vann Magnús Einarsson félagsfræðikennari, ásamt Erni Óskarssyni líffræðikennara og Sigurði Þ. Ragnarssyni, að svokölluðu vatnaverkefni í samstarfi við Dani og Finna og 23 nemendur og 2 kennarar frá Baden í Austurríki komu í heimsókn vorið 1996 á vegum Linguaáætlunarinnar. Nemendurnir gistu á heimilum Fjölbrautaskólans nemenda, sóttu kennslustundir, fóru í kynnisferðir og dvöldu hér í hálfan mánuð í apríl en um haustið fór íslenski hópurinn til Baden bei Wien, undir stjórn Hannesar Stefánssonar og Örlygs Karlssonar, með styrk frá Sókratesi. Þetta vor stóðu einnig yfir nemendaskiptaheimsóknir við norska skólann, en í F.Su. komu í febrúar 5 nemendur frá Askim og dvöldu í

<sup>599</sup> Örlygur Karlsson, „22. annarannáll“, vorönn, 1992.

<sup>600</sup> Sama heimild, „24. annarannáll“, vorönn, 1993 og „25. annarannáll“, haustönn, 1993.

<sup>601</sup> Sama heimild, „26., 28. og 29. annarannáll“, 1994-1995.

10 daga og í mars endurguldu 5 nemendur F.Su. og Aðalheiður Jónasdóttir, dönskukennari, heimsóknina og dvöldu jafnlengi í Noregi. Samstarfið við Norðmennina var styrkt af Nordplus. En þar með er ekki allt upptalið þetta vor, því um 20 nemendur frá menntaskólanum Notre-Dame d'Espérance, í borginni Saint-Nazaire í Frakklandi, komu í dagsheimsókn og hófust nemendaskipti við þennan franska skóla á skólaárinu 1997-1998,<sup>602</sup> er 26 nemendur og 4 kennarar komu í heimsókn á haustönninni en Sunnlendingar endurguldu heimsóknina með ferð til Frakklands um vorið.<sup>603</sup> Vera Ósk Valgarðsdóttir og Örlygur Karlsson höfðu veg og vanda af þessum samskiptum fyrir hönd skólans.

Á haustönn 1999 komu sendiherrar Bandaríkjanna og Kína í heimsókn, vatnaverkefnið og Frakklandssamskiptin héldu áfram og sögudeildin vann að aldamótaverkefni með hinum Norðurlandþjóðunum. Skólinn var á þessum tíma einnig byrjaður í sjálfsmatsverkefni í samstarfi við Ítali, Englendinga og Þjóðverja á vegum Comeniusar, Sigurði Sigursveinssyni skólameistara var boðið til Santiago de Compostela á Spáni þar sem kynnt voru Sókratesverkefni Evrópusambandsins og aðstoðarskólameistari fór á fund vegna Leonardoverkefnis til Antwerpen í Belgíu.<sup>604</sup> Það má því með sanni segja að allt hafi verið „á för og á flaug“<sup>605</sup>, og ekki bara í héraðinu.

Um aldamótin fóru vaxandi, til hliðar við það sem áður er talið, samskipti vegna tölvu- og upplýsingatækni. Á vorönn 2000 komu í heimsókn skólastjóri og nemandi nýs framhaldsskóla í Mönsterås í Svíþjóð og kynntu skólastarf þar sem allir nemendur og kennarar voru með fartölvur til afnota. Áhersla var þar lögð á svokallað „Problem Based Learning,“ en þá fer mestur tími nemenda í að leysa verkefni í hópavinnu, en lítið um hefðbundna fyrirlestra, og koma fartölvurnar þá að góðum notum. Einnig tók skólinn þátt í samstarfsneti framsækinnna skóla í Evrópu, kallað ENIS, sem snerist um tölvur og upplýsingatækni og um haustið fór Halldór Valur Pálsson, nemandi skólans, til Aix -en -Provence í Frakklandi á fund um reynsluna af tölvunotkun í skólum. Þá um haustið hóf skólinn einnig samstarf við marga aðra skóla um verkefnið „Interqual“ í svokallaðri Grundtvig-áætlun þar sem fjallað var um gæði heimasíða. Á þessum tíma voru skólameistari og aðstoðarskólameistari „eins og jojo til útlanda og heim aftur í

---

<sup>602</sup> Sama heimild, „30. annarannáll“, vorönn 1996.

<sup>603</sup> Sama heimild, „33. annarannáll“, haustönn, 1997.

<sup>604</sup> Sama heimild, „37. annarannáll“, haustönn, 1999.

<sup>605</sup> „Brennu-Njáls saga“, í *Íslenskar fornsögur, áttunda bindi*, Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason bjuggu til prentunar (Skuggsjá, 1973), 239.

endalaus samstarfi sem ekki er hægt að telja upp<sup>606</sup> og Sigurður Sigursveinsson var að auki eftirsóttur fyrirlesari á ráðstefnum, bæði austan og vestan Atlantsála.<sup>607</sup>

Á vorönn 2004 fóru nemendahópar bæði til Noregs og Frakklands og kennarar gerðu víðreist í tengslum við ýmis samstarfsverkefni. Þau helstu sem skólinn tók þátt í þessa önn voru:

Socrates Comenius-Language project verkefni sem tengist náttúru-öflunum og baráttu mannsins við þau. Nordplus Junior verkefni sem tengist íþróttabraut F.Su. Classroom to Job verkefni sem hefur það að markmiði að efla hlut kvenna í upplýsingatæknigreinum. The European Schoolnet verkefni sem felur í sér mat á kennsluumsjónarkerfi sem verið er að hanna og nefnist ITALES. DONIMS verkefni sem fjallar um aðgerðir til að sporna við brottfalli og SPRING verkefni sem fjallar um kennslu í fangelsum.<sup>608</sup>

Um haustið voru sviðstjórar skólans og námsráðgjafi komnir í evrópskt samstarfsverkefni um brottfall, Örn Óskarsson líffræðikennari og átta nemendur tóku þátt í skógræktarverkefninu „Sjálfbær þróun og líffræðilegur fjölbreytileiki, samanburður á skógum í Svíþjóð og á Íslandi“ í samvinnu við skóla í Ludvika í Svíþjóð og nemendur og kennarar F.Su. unnu einnig að verkefni sem kallaðist „Evrópusáttmáli fyrir lýðræðislega skóla án ofbeldis“. Þema verkefnisins var lýðræði í skólum og áhersla lögð á að vekja fólk til umhugsunar, skapa andrúmsloft umhyggju og samhygðar og reyna með því móti að koma í veg fyrir einelti og ofbeldi í skólum. Evrópuráðið kom verkefninu af stað og var ungu skólafólki í Evrópu ætlað að semja evrópskan sáttmála fyrir lýðræðislega skóla án ofbeldis.<sup>609</sup>

Á vorönn 2005 komu í heimsókn Eistar, Englendingar, Ítalir, Slóvakar, Svíar og Þjóðverjar í tengslum við Comeniusarverkefni á vegum Evrópusambandsins eða Nordplus-Junior verkefni. Kennarar og stjórnendur frá skólanum fóru einnig til Þýskalands, Englands, Írlands og Búlgaríu og Kristín Runólfsdóttir, alþjóðafulltrúi skólans, á ráðstefnu á vegum Evrópusambandsins í Lissabon í Portúgal þar sem hún kynnti Donims-brottfallsverkefnið sem skólinn var þátttakandi í.<sup>610</sup> Um haustið komu í heimsókn, auk annarra innlendra og erlendara, 134 norrænir gestir í nokkrum hópum, sá stærsti 70 starfsmenn frá

---

<sup>606</sup> Sama heimild, „39. annarannáll“, haustönn, 2000.

<sup>607</sup> Þórarinn Ingólfsson, „43. annarannáll“, haustönn, 2002.

<sup>608</sup> Sama heimild, „46. annarannáll“, vorönn, 2004.

<sup>609</sup> Sama heimild, „47. annarannáll“, haustönn, 2004.

<sup>610</sup> Örlygur Karlsson, „48. annarannáll“, vorönn, 2005.

Lagmangsgymnasíet í Vara í Svíþjóð, sem elstu menn innan skólans töldu stærsta hópinn sem komið hafði í heimsókn.<sup>611</sup>

Áfram héldu samstarfsverkefni, meðal annars um fordóma, skipulag kennslu í fangelsum og áhrif hlýnunar í heiminum. Haustið 2007 hófust samskipti við Daxing Middle School í Beijing í Kína. Gestir komu þaðan til undirbúnings og fulltrúar F.Su. héldu einnig í Austurveg. Ári seinna flugu 16 sunnlenskir nemendur ásamt 2 kennurum í heimsókn til Kína, dvöldu inni á heimilum kínverskra nemenda og fengu að kynna menningu þeirra og siðum.<sup>612</sup> Á vorönn 2009 bar hæst í heimsóknaflórunni 9 kanadíska kennaranema frá háskóla í Antigonish í Nova Scotia sem dvöldu í F.Su. í nokkrar vikur við æfingakennslu<sup>613</sup> en vegna efnahagshruns, kreppu og niðurskurðar var þá farið að draga mjög úr tíðni heimsókna og þátttöku í alþjóðlegum samskiptaverkefnum. Á haustönn 2010 komu þó gestir frá Asker videregående skole í Noregi til þess að kynna sér starfsemina í íþróttakademíunum og á vorönn 2011 komu í skólann gestir frá Grænlandi og frú Gabriele Sausen, eiginkona þýska sendiherrans á Íslandi, leit við og tók út stöðuna í kennslustundum í þýsku.<sup>614</sup>

Þó hér sé hvergi nærri um tæmandi upptalningu að ræða gefur þetta yfirlit glögga mynd af þeim gróskumiklu samskiptum sem Fjölbrotaskóli Suðurlands hefur í gegnum tíðina átt við nemendur, skólafólk og menntamálayfirvöld í Evrópu, og reyndar miklu víðar um heiminn. Þessi samskipti hafa verið ómetanleg fyrir þá sem tekið hafa beinan þátt, ekki síst nemendur sem fengið hafa tækifæri til að dvelja í öðrum löndum á þessum grunni um lengri eða skemmri tíma, en einnig fært kennurum, og skólastarfinu öllu, dýrmæta reynslu, þekkingu og tækifæri til að þróunar. Síðustu ár hafa Helgi Hermannsson og Lárus Bragason, alþjóðafulltrúi skólans, verið iðnir við kolann, tekið þátt í mörgum verkefnum og skipulagt heimsóknir og samstarf.<sup>615</sup>

### 7.9.13 Ný lög 2008 – hönnun nýrra námsbrauta

Lög nr. 92/2008 boðuðu enn nýjar áherslur og breytingar á námsframboði. Meðal annars tækifæri fyrir hvern skóla að sérhæfa sig og þróa námsbrautir og námsleiðir að sínum þörfum

---

<sup>611</sup> Þórarinn Ingólfsson, „49. annarannáll“, haustönn, 2005.

<sup>612</sup> Þórarinn Ingólfsson, „55. annarannáll“, haustönn, 2008.

<sup>613</sup> Þórarinn Ingólfsson, „56. annarannáll“, vorönn, 2009.

<sup>614</sup> Þórarinn Ingólfsson, „59. annarannáll“, haustönn, 2010 og „60. annarannáll“ og vorönn, 2011.

<sup>615</sup> Sama heimild.

og nærumhverfisins. Mikil hugmyndavinna fór af stað innan skólans strax haustið 2008 og samstarf var náðið sem fyrr við stjórnendur skólanna á Akranesi og Suðurnesjum. Mikil vinna var lögð í þetta fram á vor 2010 og meðal annars fékkst þróunarstyrkur vegna innleiðingarinnar haustið 2009. Nokkuð hægðist á málum frá hausti 2010 og vinna starfsfólks lá að mestu niðri, þó stjórnendur skólanna þriggja héldu áfram sinni vinnu, því fyrri áformum um að námskrá samkvæmt nýju lögunum ætti að vera komin til framkvæmda í öllum skólum árið 2011 hafði verið frestað til 2015.<sup>616</sup>

---

<sup>616</sup> Sama heimild.




## 8 Nemendafjöldi og námsárangur

Nemendum í skólanum fjölgaði stöðugt frá upphafi 1981 og fram á haust 2009. Síðan hefur fjöldinn staðið nokkurn veginn í stað. Erfiðara er að meta námsárangurinn. Þó eru vísbendingar um að hann sé allgóður og fari jafnvel batnandi.

### 8.1 Nemendafjöldi

Þegar Fjölbrautaskólinn á Selfossi var settur í fyrsta sinn voru skráðir nemendur um 270.<sup>617</sup> Þeim fjölgaði hratt og eftir fimm ár, í upphafi árs 1986, voru þeir orðnir 412. Þremur árum seinna var nemendafjöldinn kominn yfir 500 og á 10 ára afmæli skólans haustið 1991 var talan komin upp í 619. Haustið 1998 fór fjöldinn yfir 700, haustið 2002 yfir 800, haustið 2005 yfir 900 og þúsund nemenda múrinn var rofinn á haustönn 2007 þegar 1026 nemendur innrituðu sig í skólann. Flestir hafa innritaðir nemendur orðið 1039 haustið 2009. Í þessu ljósi er ástæða til að rifja það upp að aðalbygging skólans, Oddi, er hönnuð fyrir 650 nemendur. Mynd 1 sýnir fjölda innritaðra nemenda í upphafi hvernar annar síðustu 20 ár.<sup>618</sup>

Mynd 1  
Þróun nemendafjölda í F.Su.



Mynd 1: Þróun nemendafjölda í F.Su.


<sup>617</sup> Þórarinn Ingólfsson, „51. annarannáll“, haustönn 2006.

<sup>618</sup> „Val og nemendafjöldi“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011).

Fjöldi innritaðra nemenda óx stöðugt fram á haustönn 2009 þegar hann náði hámarki, en súlurnar lækka aðeins úr því. Grunnskólanemendur í einstökum áföngum eru ekki með í tölum eftir haust 2009 og því er ekki ástæða til að draga sérstakar ályktanir um nemendafækkun, tíminn verður að leiða í ljós hvort nemendafjöldi skólans sé „mettaður“ við eittþúsund. Athygli vert er einnig að nemendafjöldi er alltaf meiri á haustönn á hverju skólaári, og munar stundum töluverðu.

## 8.2 Skipting nemenda á brautir

En hvernig raðast svo allt þetta safn í dilka? Mynd 2 sýnir hvernig nemendur dagskóla hafa skiptst á brautir í F.Su., sundurgreint eftir önnum, frá haustönn 2005.<sup>619</sup>



AB=Almennar brautir, ST=Stúdentsbrautir, VI=Verk- og iðnnámsbrautir, SN=Starfsnámsbrautir, LN=Listnámsbraut, SB=Starfsbraut, MN=Meistaránám, GR=Grunnskólanemendur.

Mynd 2: Skipting nemenda á brautir H05-V11


Á myndinni sést að nemendum á almennum brautum hefur fækkað jafnt og þétt frá hausti 2007, eftir nokkuð jafnan vöxt fram að því. Stöðug og jöfn aukning er á studentsbrautunum, og fylgir almennt vaxandi nemendafjöldi í skólanum. Á verk- og iðnnámsbrautum sígur nemendafjöldinn heldur frá því mest var á haustönn 2007 en rís á móti á starfsnámsbrautum frá því botni var náð á vorönn 2008. Þó er aðsókn á þessar brautir mjög

<sup>619</sup> „Brautaskipting í dagskóla“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011).

stöðug, og enn stöðugri að sjá á listnámsbraut og starfsbraut. Grunnskólanemendum fjölga jafnt og þétt fram á haustönn 2009 en snarfækkar á næstu önn og síðustu tvær annir hafa engir grunnskólanemendur verið við nám. Ástæðan er einföld: fjárveitingar til þessarar þjónustu voru skornar niður.

Á mynd 3 er sýnd hlutfallsleg skipting heildarnemendafjöldans á brautir á sama tímabili.<sup>620</sup> Nærri helmingur allra nemenda er á stúdentsbrautum og meira en helmingur grunnskólanemenda og nemenda á almennum brautum mun velja stúdentsbrautirnar þegar fram líða stundir. Um 22% nemenda eru í starfs-, verk- eða iðnnámi.

Mynd 3



Mynd 3: Skipting nemenda á brautir H05-V11

Á mynd 4<sup>621</sup> sést hlutfall nemenda á brautum með skilgreint lokapróf, þ.e.a.s. án grunnskólanemenda og nemenda á almennum brautum.


Þegar þessar myndir eru skoðaðar í samhengi má velja því fyrir sér hvort markmið um aukna dreifingu nemendafjöldans eftir áhugasviðum og getu, til að minnka viðvarandi brottfall í íslenska framhaldsskólakerfinu, hafi náðst. Til að svara því er nauðsynlegt að skoða þróun námsárangurs. Hefur hann batnað með aukinni fjölbreytni í námsframboði? Hafa færri nemendur gefist upp á miðri leið, án þess að ljúka nokkru skilgreindu prófi eða námsáfangi?

<sup>620</sup> Sama heimild.

<sup>621</sup> Sama heimild.

## Mynd 4

Hlutfall nemenda H05-V11 á brautum með skilgreint lokapróf



Mynd 4: Hlutfall nemenda H05-V11 á brautum með skilgreint lokapróf


### 8.3 Námsárangur - Brottfallið

Á vorönn 1992 var tekið í notkun nýtt tölvukerfi sem gaf færi á að mæla námsárangur í stöðnum og föllum námseiningum, en fram að því var miðað við fjölda viðunandi eða óviðunandi prófúrlausna.<sup>622</sup> Fyrstu árin eftir þessar breytingar var hlutfall staðinna eininga nálægt 85% en fór smám saman að síga og fór fyrst undir 80% á vorönn 2000. Frá haustönn 2003 hefur hlutfall staðinna eininga aldrei náð 80%, utan einu sinni, á haustönn 2010. Hæst komst þetta hlutfall í 85,95% á vorönn 1992 en lægst féll það í 73,43% á haustönn 2005. Eins og sést á mynd 5 er hlutfallið samt nokkuð stöðugt, oftast á milli 77 og 80% hin síðari ár.<sup>623</sup>

<sup>622</sup> Örlygur Karlsson, „22. annarannáll“, vorönn, 1992.

<sup>623</sup> Sama heimild, „22.-43. annarannáll“ og „Nokkrar brottfallsstölur Fjölbrautaskóla Suðurlands (dagskóli)“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð minnisblað, 2011).

## Mynd 5



Mynd 5: Staðnar og fallnar einingar

Nokkrar súlur vantar inn á myndina. Vorönn 1995 var afbrigðileg vegna verkfalls kennara, en þá hættu 111 nemendur í skólanum og námsárangur því ekki samanburðarhæfur,<sup>624</sup> árið 1997 voru byrjunarörðugleikar í meðferð Axel tölvuforritsins og tölur um námsárangur því ekki fyrirliggjandi<sup>625</sup> og 41. annarannáll frá haustönn 2001 er glataður og engar tölur því að hafa.

Eftir því sem tíminn hefur liðið og tölvukerfin þróast hefur sífellt meira af tölfræði verið keyrt út úr þeim. Eitt af því sem farið er að sundurgreina hin síðari ár eru föllnu einingarnar, sem segja þó ekki allar eina og sömu söguna. Hluti þeirra er til kominn vegna þess að nemendur falla á prófum og glata einingum sínum þannig, aðrar tapast vegna þess að nemendur hætta í einstökum áföngum, eða alveg í skólanum, áður en lokanámsmat fer fram, og enn aðrar vegna þess að nemendur „féllu á önn,“ eins og kallað var, þ.e. glötuðu annars stöðnum einingum af því þeir luku ekki að minnsta kosti 9 einingum samtals á önninni. Á haustönn 2008 voru nemendur í síðasta sinn beittir þeim viðurlögum.

Mynd 6<sup>626</sup> sýnir að um 90% eininga sem lagðar voru undir við upphaf annar skiluðu sér til prófs á tímabilinu frá vorönn 2003 til vorannar 2011. Með samanburði við mynd 5 sést


<sup>624</sup> Örlygur Karlsson, „28. annarannáll“, vorönn, 1995.

<sup>625</sup> Sama heimild, „33. annarannáll“, haustönn, 1997.

<sup>626</sup> „Nokkrar brottfalsstölur“, 2011.

að um það bil helmingur fallinna eininga glatast í prófunum en hinn helmingurinn, um 10%, eru einingar sem tapast þegar nemendur hætta í miðju kafi.


Mynd 6



Mynd 6: Einingar sem skila sér til prófs

Mynd 7<sup>627</sup> sýnir að á tímabilinu frá vorönn 2003 til vorannar 2011 féll undantekninga-lítið meira en 50% nemenda í að minnsta kosti einum áfanga, allt upp í 64,8% þegar verst lét á haustönn 2005, en niður í 49,28% þegar best lét á haustönn 2009.

Mynd 7




Mynd 7: Hlutfall nemenda sem falla

<sup>627</sup> Sama heimild.

Á mynd 8<sup>628</sup> sést fjöldi þeirra nemenda sem féll á önn eða hætti í skólanum á sama tímabili. Frá og með vorönn 2009 var hætt að beita nemendur þeim viðurlögum að falla á önn. Á vorönn 2007 féllu flestir nemendur á önn á þessu tímabili, 45 talsins, en fæstir, eða 21, á haustönn 2004. Á haustönn 2007 hættu flestir, 78 nemendur, í skólanum en fæstir, 42 nemendur, á næstu önn á eftir, vorið 2008.

Mynd 8

Nemendur sem falla á önn eða hættu í skólanum



Mynd 8: Nemendur sem falla á önn eða hættu í skólanum

Ef þessi tölfræði er dregin saman þá kemur í ljós að nemendum fjölgar stöðugt í skólanum þar til 1000 nemenda markinu er náð. Um það bil 25% innritaðra nemenda hefur annað hvort ekki ákveðið hvert skal stefna í námi eða hefur ekki náð lágmarksárangri til að fara beint á þá braut sem þeim hugnast. Nemendum á stúdentsbrautum fjölgar á meðan nemendum á öðrum brautum fækkar heldur, eða fjöldinn stendur í stað. Meira en 60% nemenda sem halda áfram inn á brautir með skilgreint lokapróf fara á stúdentsbrautir en um 30% á verk-, iðn- eða starfsnámsbrautir. Um 80% eininga sem nemendur innrita sig í við upphaf hvernar annar skila sér á námsferilinn en um 20% glatast. Helmingurinn af glötuðu einingunum tapast einhvers staðar á leiðinni, en hinn helmingurinn í lokanámsmati áfanga. Um það bil 55% nemenda sem hefja nám á hverri önn mun falla í að minnsta kosti einum áfanga og 56 nemendur, eða tæplega 6%, munu hættu í skólanum af einhverjum ástæðum.


<sup>628</sup> Sama heimild.

Því miður er ekki hægt að birta samanburðarhæfar tölur um alla þætti frá stofnun skólans. Bæði er að fyrstu árin voru upplýsingar handskrifaðar á pappír og einnig hafa tölvukerfi og forrit þróast mjög frá því þau komu fyrst til sögunnar, með nýjum og spennandi möguleikum. Í þriðja lagi hefur áhugi á samantekt ýmiskonar tölfræði aukist smám saman og því bæst í sarpinn, ekki síst síðasta áratuginn.

En þetta kemur í sjálfu sér ekki mjög að sök. Hægt er að gera sér þokkalega grein fyrir því hvernig nemendafjöldi og námsárangur hefur þróast og fá allgóða mynd af stöðunni síðustu ár. Niðurstaðan er sú, sé litið á hrár tölurnar, að þrátt fyrir skýr tilmæli löggjafans og margháttaðar tilraunir skólayfirvalda til að koma betur til móts við þarfir og vilja nemenda síðustu áratugi, með auknu námsframboði, fjölgun skilgreindra námsloka, auknum stuðningi og þjónustu við nemendur, allt til að minnka viðvarandi brottfall, hefur ekki orðið af þessu starfi árangur sem erfiði, því nemendur sækja, ef eitthvað er, enn fleiri í sama farið eftir því sem tíminn hefur liðið, og brottfall hefur ekki minnkað.

#### 8.4 Hvernig á að meta árangur og gæði skóla?

Það má líka halda því fram að allt erfiðið, þróun upplýsinga- og tölvutækni, vinna við sjálfsmat, skólanámskrá og þróun námsbrauta, hafi skilað sér ríkulega því brottfallið hafi þó ekki aukist að ráði þrátt fyrir að sífellt stærra hlutfall hvers árgangs komi inn í skólana. Á mynd 9<sup>629</sup> sést hlutfall 16 og 17 ára Íslendinga sem skráðir voru í skóla árin 2000 og 2010.



Mynd 9: Hlutfall 16 og 17 ára í skóla 2000 og 2010

<sup>629</sup> „Skólasókn eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2000“.



Á myndinni sést að árið 2000 var hlutfall 16 ára Íslendinga sem skráðir voru í skóla um 90% og hlutfall Sunnlendinga á sama aldri var svipað. Sambærilegar tölur fyrir 17 ára voru 78% yfir allt landið en 76% á Suðurlandi. Áratug seinna var hlutfall 16 ára á landinu öllu komið í um 95% en í um 93% á Suðurlandi og þá voru um 88% 17 ára landsmanna skráð í skóla en um 82% Sunnlendinga á sama aldri. Hlutfall 16 ára nemenda í skóla hafði því á áratug vaxið um 5% á landsvísu en 3% - 4% á Suðurlandi og hlutfall 17 ára hafði vaxið um 10% á landsvísu en um 6% á Suðurlandi. Þessir nýju nemendur í framhaldsskólunum eru væntanlega að stærstum hluta með slakan námsárangur eða ófullnægjandi undirbúning og ljóst að ekki er tekið við þeim opnum örmum í öllum skólum. Þeir fara í Fjölbrautaskóla Suðurlands og aðra sambærilega skóla sem leggja metnað sinn í það að taka við öllum nemendum sem sækja um skólavist.

Hvað sem um þetta má segja er ljóst að vangaveltur um þessi mál eru ekki nýjar af nálinni. Í 10 ára afmælisriti Fjölbrautaskólans, *Skólaskýrsla 1981-1991*, segja höfundarnir, Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, báðir kennarar við skólann, meðal annars eftirfarandi:

Fjölbrautaskólum hefur verið uppálagt að sinna hinum fjölbreytilegu ‚þörfum‘ nemendahópsins og útiloka engan frá námi meðan aðrir og ráðsetjari framhaldsskólar hafa haldið sérhæfingu sinni að verulegu leyti og búið nemendur fyrst og fremst undir framhaldsnám á háskólastigi. Ekki eru allir á einu máli um ágæti svo mikillar sérhæfingar, sem í raun gengur gegn opinberri stefnu á framhaldsskólastigi, enda skapar hún skólunum mjög ólík starfsskilyrði. Þannig er ljóst að sumir framhaldsskólar veita aðeins skólavist þeim sem hæstar hafa einkunnir á grunnskólaprófi, aðrir taka við breiðum hópi af ákveðnu skólasvæði og enn aðrir skólar sitja að stórum hluta uppi með nemendur sem aðrir hafa vísað frá. Þrátt fyrir að þessar staðreyndir séu flestum ljósar er sú tilhneiging lífseig að horfa framhjá þeim þegar árangur af starfi einstakra skóla er veginn og metinn.[...] Með öðrum öðrum eiga allir sem vilja að geta fundið sér nám við hæfi í framhaldsskóla, bæði almennt nám og sérnám. Áfangakerfi fjölbrautaskólanna ætti að sjálfsögðu að ráða við slíkan sveigjanleika fremur en eldra fyrirkomulag. Til að svo megi verða þarf þó að skipuleggja námsbrautir við hæfi sem flestra. Til þess hafa hinar svokölluðu ‚styttri brautir‘ verið ætlaðar, til hliðar við fjögurra ára stúdentsbrautir og þriggja til fjögurra ára iðnbrautir. Eru það annars vegar tveggja ára bóknámsbrautir, t.d. verslunar- og heilsugæslubrautir, og hins vegar einnar annar eða eins árs brautir, t.d. vélavarðanám og

hússtjórnarbraut. Allt þetta hefur staðið nemendum Fjölbrautaskólans til boða.<sup>630</sup>

Í framhaldi þessarar umræðu velta þeir félagar því fyrir sér hvers lags skóli F.Su. sé, hvort hann standi undir nafni sem „fjölbrauta“-skóli, eða sé að mestu leyti „latínuskóli“ samkvæmt gamalli hefð. Þeir benda á að haustið 1990 hafi tæp 73% nemendanna verið á stúdentsbrautum, rúm 12% á iðnnámsbrautum og þau um það bil 15% sem upp á vantar á styttri brautum. Athugun þeirra leiðir einnig í ljós að um 60% brautskráðra nemenda skólans fyrstu 10 starfsár hans komu af stúdentsbrautum og 27, 5% af iðnnámsbrautum.<sup>631</sup> Á vorönn 2011 útskrifuðust 140 nemendur. Af þeim útskrifuðust 76, eða rúm 54%, af stúdentsbrautum, 27 af iðnnámsbrautum, eða tæp 20%, og 37 nemendur, eða rúmlega 26%, af öðrum brautum.<sup>632</sup> Á þrjátíu árum hafa brautskráðst frá F.Su. samtals 4038 nemendur. Af þeim tóku 2286 stúdentspróf, eða 56,6% allra útskrifaðra.<sup>633</sup>

Hlutfall stúdenta hefur því lækkað eitthvað síðustu tuttugu árin, en það er tæplega neitt sem orð er á gerandi, og hlutfall nemenda á iðnnámsbrautum hefur líka lækkað. Þessar tölur styðja við þær myndir sem dregnar voru upp hér að ofan, og benda til þess að vonir brautryðjenda fjölbrautaskólanna, um að „hleypha nýju lífi í menntun í landinu“<sup>634</sup> með fjölbreyttara vali, meiri sveigjanleika og auknu vægi verk- og iðnnáms, hafi ekki ræst sem skyldi og að „hin nýja skólagerð hafi orðið hefðbundnari en brautryðjendur hennar ætluðu“.<sup>635</sup>

En hvað með brottfallið? Á mynd 5 og 6 kemur fram að síðustu tæp 10 árin skila um 10% eininga sem lagðar eru undir sér ekki til prófs og um 10% til viðbótar tapast í prófum. Í samræmi við þetta, þó tölurnar séu ekki að fullu sambærilegar, kemur fram í skýrslu Ásmundar og Gísla að frá 1989-1991 náði 17% - 21% nemenda ekki lágmarksárangri, þ.e. 9 einingum á önn, og einungis um 45% náði „eðlilegum árangri“, þ.e. 17 einingum eða meira á önn, sem var lágmarkið til að ljúka stúdentsprófi á fjórum árum.<sup>636</sup>

---

<sup>630</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 37-38.

<sup>631</sup> Sama heimild, 38.

<sup>632</sup> Ása Nanna Mikkelsen, tölvupóstur til höfundar 17. ágúst, 2011.

<sup>633</sup> Örlygur Karlsson, tölvupóstur til höfundar 23. ágúst, 2011.

<sup>634</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 39.

<sup>635</sup> Sama heimild.

<sup>636</sup> Sama heimild, 41.

Í útskriftarannál sínum haustið 1992 ræddi aðstoðarskólameistari líka þessi mál og sagði m.a.:

Skólinn er fjölbrautaskóli og í því felst að hér er bæði um iðn-, verk-, og bóknám að ræða. Fjölbrautaskólahugmyndin byggir á því að iðn- og bóknámsnemendur geti stundað nám saman í almennum greinum, ekki sé lokað leiðum í náminu fyrr en nauðsynlegt er og að auðveldara verði fyrir báða hópa að stunda hvorutveggja, bóknámið og iðnnámið, enda er orðið nokkuð um að stúdentar ljúki einnig iðnnámi og að bóknámsnemendur velji ýmsa verklega áfanga. Eins fara duglegir iðnnemar á Tæknibraut og ljúka tæknistúdentsprófi. Þeir nemar eru þó of fáir enn. Brynt er að fjölga stuttum starfsmenntabrautum og er nú mikil umræða um það meðal skólamanna. [...]

Nú er mikið rætt um góða og lélega skóla og að fjölbrautaskólarnir hafi brugðist. Öll er sú gagnrýni þó mjög mótsagnakennd. Einn verkalyðsleiðtoginn hélt því fram á ráðstefnu að það virtist „vandalaust fyrir hvern sem er að komast í gegnum grunn- og framhaldsskólann án andlegrar áreynslu.“ Staðreyndin er hins vegar sú að 30-40% nemenda sem byrja í framhaldsskóla ljúka ekki námi þar.

Allir telja sig vita hvað góður skóli er, en er málið ekki töluvert flókið? Er skólinn sem velur úr bestu nemendurnum að loknu grunnskóla-prófi með meðaleinkunn upp á 7,5 á samræmdaprófinu í stærðfræði, betri en skólinn sem verður að taka við öllum nemendum og þar sem meðaleinkunnin á sama prófi er bara 4,5? Skiptir virðisaukinn ekki meira máli hér, þ.e. hvað nemendur bæta við sig í skólanum. Fara gæði skóla eftir nemendunum, kennurunum, aðbúnaði, andanum í skólanum, kennsluáferðunum og kennslufni eða kannske öllu þessu?

Vert er að geta þess hér að þeir nemendur sem til okkar koma virðast vera um miðju hvað meðaleinkunn á samræmdaprófinu í stærðfræði varðar eða með um 6 þegar þetta var kannað og það sama má segja um brottfallið. Ekkert liggur fyrir sem treystandi er varðandi virðisaukann.<sup>637</sup>

Á tíu ára starfsafmæli Fjölbrautaskóla Suðurlands var sem sagt mjög rætt um árangurinn af starfinu. Efasemdir koma fram um að tekist hefði að hleypa nýju lífi í menntun í landinu, umræða um gæði skóla og samanburður á fjölbrautaskólunum og hefðbundnu menntaskólunum var mikil og, að margra mati, ósanngjörn eins og tilvitnuð ummæli sýna.

Þessi umræða varð meðal annars tilefni rannsóknar Jóns Torfa Jónssonar og Kristjönu Stellu Blöndal á námsferli '75 árgangsins.<sup>638</sup> Í niðurstöðum hennar kemur fram skýrt samband milli frammistöðu á samræmdu prófi í lok grunnskóla og líkinda á útskrift með stúdentsprófi úr

<sup>637</sup> Örlygur Karlsson, „23. annarannál“, haustönn, 1992.

<sup>638</sup> Jón Torfi Jónsson og Kristjana Stella Blöndal, *Námsframvinda í háskóla í ljósi einkunnar á samræmdu prófi í grunnskóla* (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Rannsóknarstofa um þróun menntamála, 2005), 3

framhaldsskóla og jafnframt skráningu í háskóla. Eftir því sem einkunn í íslensku á samræmdu prófi var hærrí, því líklegra var að nemandi innritaði sig í háskóla.<sup>639</sup> Einnig kemur fram að vel yfir 90% nemenda sem tóku stúdentspróf frá eldri framhaldsskólunum, þ.e. þeim skólum sem veittu stúdentspróf fyrir 1970, höfðu innritast í háskóla, óháð einkunn á grunnskólaprófi, en um 80% í þeim nýrri.<sup>640</sup> Þá er það væntanlega ekki til að draga kjarkinn úr Sunnlendingum að hlutfall innritaðra í háskóla sem voru komnir langt eða höfðu lokið námi við 27 ára aldur var hæst meðal stúdenta frá Fjölbrautaskóla Suðurlands, um 85%, en í kjölfarið komu VÍ, MH, MR og MA.<sup>641</sup> Ekki kemur á óvart að meðal þeirra sem innritast höfðu í háskóla var meðaleinkunn á grunnskólaprófi í íslensku hæst hjá nemendum MR, 8,2. Meðaltalið í heildina var 7,2 en 6,8 hjá nemendum F.Su. Hlutfall þeirra sem innrituðust í háskóla með einkunn á bilinu 6,1 til 7,0 á grunnskólaprófi í íslensku var næst hæst í F.Su. en ef einkunnin var á bilinu 7,1 til 8,0 var F.Su. í sjöunda sæti með 80% hlutfall, næstur á undan MR. Jón Torfi og Kristjana Stella draga þá ályktun af þessu að innbyrðis röð skólanna breytist eftir því við hvaða hóp er miðað og jafnframt „að almennt eigi að fara mjög varlega í [að] raða skólum“.<sup>642</sup>

Þó samband milli einkunnar á samræmdum prófum í grunnskóla og námsframvindu eftir það sé sterkt var samt rúmur þriðjungur stúdenta '75 árgangsins sem fékk 5 eða lægra á íslenskuprófinu í grunnskóla langt kominn eða hafði lokið háskólanámi 27 ára<sup>643</sup> og sömuleiðis um 60% þeirra sem fengu 7 eða lægra.<sup>644</sup> Meginniðurstaða þeirra Jóns Torfa og Kristjönu er sú að rannsóknin leiði ekki í ljós neitt „skýrt mynstur sem speglar mismunandi gæði framhaldsskólanna“.<sup>645</sup>

## 8.5 Samantekt

Það er ljóst að há einkunn á grunnskólaprófi er vísbending um gott gengi í framhalds- og háskólanámi. Lélegur námsárangur í grunnskóla er hins vegar enginn lokadómur yfir nemendum, þökk sé „nýju“ framhaldsskólunum, oftast fjölbrautaskólum, sem eru öllum opnir og veita

---

<sup>639</sup> Sama heimild, 6 .

<sup>640</sup> Sama heimild, 10.

<sup>641</sup> Sama heimild, 11.

<sup>642</sup> Sama heimild, 13.

<sup>643</sup> Sama heimild, 7.

<sup>644</sup> Sama heimild, 9.

<sup>645</sup> Sama heimild, 16.

stórum hópi fólks tækifæri sem þeim gefast ekki í hinum eldri og hefðbundnari skólum. Er þarna að finna virðisaukann sem aðstoðarskólameistari F.Su. ræddi um haustið 1992?

Á þeim tuttugu árum sem liðin eru síðan hefur verið unnið markvisst að því að auka enn fjölbreytnina, sveigjanleikann og valfrelsi nemenda, í þeirri trú að þannig mætti minnka brottfallið, skila betri árangri og skapa betra skólakerfi. Vinnan gegn brottfallinu hefur allan þann tíma verið aðal vegvísir skólamanna. Tvær meginástæður liggja þar að baki. Annars vegar að óviðunandi sé, bæði fyrir einstaklingana sjálfa og þjóðfélagið, að stór hluti nemenda hrökklist frá námi án þess að hafa neitt upp úr krafsinu. Í öðru lagi er um að ræða sjálfan rekstrargrundvöll skólanna, því þeim er skammtað fé á fjárlögum miðað við fjölda nemenda sem skila sér til prófs. Brottfallið rýrir því beint rekstrarframlag ríkisins og veldur að auki miklum óþarfa kostnaði því skólarnir þurfa að ráða starfsfólk og leggja út í annan kostnað miðað við þann nemendafjölda sem innritar sig við upphaf hverrar annar. Út frá því sjónarhorni er hver nemandi sem hættir í miðju kafi „offjáfesting“ sem kemur beint niður á rekstrarreikningnum en einnig faglegu starfi, því nota hefði mátt peningana sem tapast með þessum hætti til að efla þróunarstarf eða hlúa betur að þeim nemendum sem ætla sér að ná árangri í náminu.

Á mynd 9 sést að árið 2000 var hlutfall 17 ára landsmanna í skóla 12% lægra en þeirra sem voru 16 ára og á Suðurlandi var munurinn um 14%. Árið 2010 hefur munurinn minnkað í 7% á landsvísu en 11% á Suðurlandi. Fleiri nemendur byrja nú í framhaldsskóla strax eftir grunnskólapróf en fyrir áratug og færri virðast hætta eftir fyrsta árið. Á ekki einmitt að stefna í þessa átt, og um leið að því að „hækka menntunarstig þjóðarinnar“? Að sem allra flestir sækja skóla og mennti sig sem mest? Og er skólanám fjölmargra einstaklinga einskis virði, þó því ljúki ekki með einhverjum prófum og flokkist sem brottfall? Hverju breyta allar þessar styttri námsleiðir, sem engin sérstök réttindi veita? Er nemandi sem hættir í framhaldsskóla eftir tvö ár einhverju bættari þó hann hafi framhaldsskólapróf? Eða ætti frekar að snúa spurningunni við og spyrja hvort nemandi sem hættir í framhaldsskóla eftir tvö ár sé verr settur próflaus en með framhaldsskólapróf? Er það kannski fyrst og fremst skólakerfið sem er bættara, því það liti óneitanlega betur út á pappírnum ef brottfallstölur lækkuðu?

Hvernig sem menn vilja túlka árangurinn af skólastarfinu er ljóst að þjónusta við nemendur hefur margfaldast á flestum sviðum undanfarna tvo áratugi og þeir eiga nú kost á mjög fjölbreyttum námsleiðum og stuðningskerfum, hvort sem þeir svo velja leiðir við sitt

hæfi eða ekki. Sé árangur eingöngu metinn einangrað út frá tölum um brottfall og tapaðar einingar er ljóst að aukin þjónusta hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Svo einfalt er skólastarf hins vegar ekki að sú mælistika dugi til að meta gæði og árangur skóla.

## 9 Skóli er fleira en nám og kennsla

Margir telja framhaldsskólaárin vera einn skemmtilegasta og frjóasta tíma lífsins. Þá eignist þeir lífstíðarvini, jafnvel maka, og leggi mikilvægan grunn að framtíðinni. Atvik lifa í minninu, eins og gerst hefðu í gær, en tengjast sjaldnast skólabókum, kennslustundum eða lærdómi. Miklu fremur tímanum með vinum og skólasystkinum utan kennslustundanna, í skipulögðu félagsstarfi eða óformlegum samverustundum. Þetta á ekki aðeins við um nemendur, heldur starfsfólkið ekki síður, og þó félagsstarfið teljist ekki til kjarnastarfsemi er það ekki síður mikilvægur hluti skólastarfsins.

### 9.1 Félagslíf nemenda

Strax á fyrstu starfsönn F.Su. var stofnað nemendafélag til að „hafa forystu um félagslíf nemenda og gæta hagsmuna þeirra“. Stjórn félagsins, nemendaráð, og nefndir á vegum þess voru kosnar í almennum kosningum meðal nemenda, eftir kosningabaráttu.<sup>646</sup>

#### 9.1.1 Hefðir skapaðar

Fastanefndir nemendafélagsins frá upphafi voru skemmtinefnd, ritráð og íþróttaráð, en síðar bættust við fleiri nefndir, s.s. pontanefnd sem sá um busavígslur og fréttaráð sem sá um útgáfu fréttabréfsins Pressunnar. Skemmtinefndin skipulagði skemmtanalífið, dansleiki, kvöldvökur, árshátíð, leikhús- og bíóferðir og fleira. Ritráð dró strax á fyrstu önn fram úr erminni skólablaðið *Nota bene*, sem komið hefur út síðan, og markmið íþróttaráðs var að efla hvers kyns íþróttir innan skólans og stuðla að samskiptum á því sviði við aðra skóla. Jafnt var þá leikið á andlega sviðinu, s.s. mælskulist, bridds og skák, og því líkamlega, eins og hefðbundnum boltaíþróttum, sundi og frjálsum. Ýmis önnur ráð og klúbbar störfuðu fyrsta áratuginn tímabundið eftir því hvernig áhugasvið nemenda sveiflaðist, til dæmis kvikmynda- og vídeóráð, skák-, bridds- og gagnrýnendaklúbbar.<sup>647</sup>

---

<sup>646</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 49.

<sup>647</sup> Sama heimild, 50.

### 9.1.2 Kosið í embætti nemendaráðs

Í gegnum tíðina hafa verið haldnar kosningar í helstu embætti nemendafélagsins, þó kosningabarátta hafi verið mishörð og stundum sjálfkjörð í einhver þeirra. Á vorönn 2011 voru kosningar haldnar 6. apríl og kosið í þó nokkur embætti. Kosningarnar endurspeglu breytingar og þróun í gegnum tíðina. Enn er kosin stjórn nemendaráðs; formaður, gjaldkeri og ritari, sem og formenn íþróttaráðs og skemmtinefndar og ritstjóri Nota bene. Frá fyrstu árunum hafa bæst við embætti vefstjóra, sem sér um facebooksíðu nemendaráðs og heimasíðuna nfsu.is, formanns tækjanefndar, formanns leikfélagsins og markaðsstjóra, sem safnar styrkjum og „reddar auglýsingum fyrir bæklinga, kvöldvökur og fleira“.<sup>648</sup> Starfandi nefndir sem einnig er kosið í eru nú vefráð, íþróttaráð, leikráð, skemmtinefnd, ritráð, markaðsráð, „og jafnvel skreytinganefnd!“ Það er einnig tímanna tákn að framboð er meðal annars hægt að tilkynna á facebook, og framboðsfrestur er aðeins tveir dagar.<sup>649</sup>

### 9.1.3 Böll og árshátíðir

Nokkur atriði eru hefðbundin í skemmtanahaldi nemenda. Þar ber fyrst að nefna skólaböllin sem haldin eru nokkur á hverri önn, alltaf busaball og til viðbótar mismunandi „þemaböll“, t.d. hrekkjavökuball. Ekki hefur alltaf gengið þroutalaust fyrir skemmtinefndina að fá húsnæði fyrir dansleikina. Oftast hefur verið reynt að halda þá á Selfossi en á tímabili gekk það ekki og þurfti þá að leita á náðir félagsheimila á Suðurlandsundirlendinu. Það var ekki besti kostur og á tímabili skapaðist hálfgerð vandræðaástand.<sup>650</sup> Þessi vandræði mátti að mestu rekja til þess að dansleikir fóru ekki alltaf friðsamlega fram, en einnig vegna þess að hentugt danshús var ekki til á Selfossi. Stundum náðist gott samstarf við Hótel Selfoss en í annan tíma var það lokað nemendum skólans.

Þegar úr hófi þótti keyra með ófriðinn var gripið til þess ráðs að halda fundi fyrir hvern dansleik með lögreglunni, skólastjórnendum, umsjónarmönnum danshúsa, forvarnarfulltrúa skólans, dyragæslumönnum og öðrum þeim sem að skemmtanahaldinu komu og ræða

---

<sup>648</sup> „Kosningar í FSU,“ Nemendafélag Fjölbrotaskóla Suðurlands, sótt 13. júlí, 2011, <http://nfsu.is/frettir/frett-89>

<sup>649</sup> Sama heimild.

<sup>650</sup> Þórarinn Ingólfsson, „51. annarannáll“, haustönn, 2006.



málin ofan í kjölinn.<sup>651</sup> Þetta skilaði þeim árangri að allt snerist til betri vegar, skipulagi og framkvæmd skólaballanna var hrósað í héraðsfréttablöðunum<sup>652</sup> og forsvarsmenn hótelsins sáu meira að segja ástæðu til að gera sér ferð í skólann og afhenda nemendafélaginu stafræna myndavél að gjöf fyrir gott samstarf um dansleikjahaldið.<sup>653</sup> Reynslan af „ballfundunum“ hefur verið svo góð að þeir eru haldnir enn þann dag í dag.

Nemendafélagið hefur í gegnum tíðina reynt að halda árshátíð. Ekki hefur saga hennar þó verið samfelld, enda meira mál að halda árshátíð með matarveislu, skemmtiatriðum og dansleik en slá upp venjulegu balli. Árshátíðarhaldið gengur í bylgjum, lá t.d. niðri í nokkur ár upp úr aldamótum en var endurvakið á vorönn 2007.<sup>654</sup> Aftur kom öldudalur eftir það en á vorönn 2011 var þráðurinn tekinn upp að nýju.

#### 9.1.4 Busavígslur

Á fyrstu árum skólans hétu busavígslurnar pontavígslur og voru á ábyrgð pontanefndar<sup>655</sup> en þær nafngiftir hafa ekki heyrst um langa hríð. Busavígslan er eitt af því sem mikla athygli vekur í starfi framhaldsskóla, og hafa ratað í fjölmiðla. Ástæðan er auðvitað sú að athöfnin er í eðli sínu ofbeldisfull, þó lang oftast fari allt fram innan siðsamlegra marka. Stundum keyrir þó um þverbak og seint verða allir á eitt sáttir um busavígsluna.<sup>656</sup>

Í F.Su. skapaðist sú hefð að halda uppboð. Þá var byrjað á því að taka vel á móti nýnemum með vöfflum og kakói en nokkrum dögum síðar voru þeir busaðir, boðnir upp og látnir „þræla“ fyrir eldri nemendur, þrifa bíla, glósa í kennslustundum, bera skólatöskuna og fleira í þeim dúr. Oftast var þetta græskulaust gaman og allt fór vel að lokum, nýnemar teknir í nemendahópinn sem fullgildir meðlimir, fengu frelsi og rósir og allir skemmtu sér svo saman á busaballi.<sup>657</sup>

Önnur hefð snerist um að hópur eldri nemenda lék böðla, smalaði öllum busunum saman í eina kös í aðra gryfjuna í miðrymi skólans og þrumaði þar yfir þeim, undir gargandi

---

<sup>651</sup> Örlygur Karlsson, „33. annarannáll“, haustönn, 1997.

<sup>652</sup> Sama heimild, „34. annarannáll“, vorönn 1998.

<sup>653</sup> Sama heimild, „36. annarannáll“, vorönn, 1999.

<sup>654</sup> Þórarinn Ingólfsson, „52. annarannáll“, vorönn, 2007.

<sup>655</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 49.

<sup>656</sup> Þórarinn Ingólfsson, „55. annarannáll“, haustönn 2008.

<sup>657</sup> Örlygur Karlsson, „35. annarannáll“, haustönn, 1998.

tónlist, ljósum og reyk, og lét þá síðan skriða út úr húsi. Undantekningar frá lágmarksvælsæmi við framkvæmd athafnanna urðu til þess að skólayfirvöld gripu í taumana og í samvinnu við nemendaráð var leitað annarra og uppbyggilegri leiða. Á haustönn 2007 var t.d. farið með nýnema upp í Þrastaskóg, þar sem farið var í allskyns leiki og þrautir,<sup>658</sup> og nýjasta útspilið er sérstakur nýnemadagur sem haldinn er í samráði við og með þátttöku nemendaráðs.<sup>659</sup>

### 9.1.5 Kvöldvökur

Nemendafélagið stendur reglulega fyrir kvöldvökum á sal skólans. Haldnar eru 2-3 kvöldvökur á önn, með uppákomum og skemmtiatriðum. Oft eru fengnir aðkeyptir kraftar til að halda uppi fjörinu, þekktir skemmtikraftar eins og Radíusbræður, Auddi og Sveppi og fyndnasti maður Íslands hafa komið í heimsókn í seinni tíð. En nemendur skilja líka að hollur er heimafenginn baggi og sumar kvöldvökurnar hafa eingöngu verið með heimatilbúnum atriðum.<sup>660</sup> Kennarar hafa endrum og sinnum látið draga sig upp á svið á nemendakvöldvökum, og fræg er til dæmis uppfærsla þeirra á ballettinum „Mjallhvít, Svanavatnið og dvergarnir sjö“, þar sem margir fóru á kostum og Ingi Stefán Ingason þýskukennari vann leiksigur í hlutverki Mjallhvítar. Sunnlenska fréttablaðið gaf kennurunum 10 í einkunn fyrir uppfærsluna.<sup>661</sup> Nemendur starfsbrautar hafa einnig haldið velheppnaðar kvöldvökur í skólanum, með skemmtiatriðum og léttum veitingum.<sup>662</sup>

### 9.1.6 Íþróttakeppnir

Strax fyrsta skólaárið 1981-1982 öttu nemendur skólans kappi við nemendur á Suðurnesjum og næstu ár við Laugvetninga, Garðbæinga, Vestlendinga og Akureyringa.<sup>663</sup> Vorið 1994 var bæði farið í íþróttiferð á Akranes og einnig haldin mikil íþróttahátíð í íþróttahúsinu á Selfossi, þar sem kepptu nemendur MR, MH og F.Su. Gestir sem fram komu þá voru frægir afreksmenn,

---

<sup>658</sup> Þórarinn Ingólfsson, „53. annarannáll“, haustönn, 2007.

<sup>659</sup> Þórarinn Ingólfsson, „59. annarannáll“, haustönn, 2010.

<sup>660</sup> Sama heimild, „51. annarannáll“, haustönn, 2006.

<sup>661</sup> Örlygur Karlsson, „37. annarannáll“, haustönn, 1999.

<sup>662</sup> Þórarinn Ingólfsson, „55. annarannáll“, haustönn, 2008.

<sup>663</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 49.

þeir Sigurður Sveinsson handboltakappi og Magnús Scheving, ásamt enskum galdrakarli.<sup>664</sup> Slík samskipti hafa haldið áfram síðan, t.d. var keppt við Verzlunarskóla Íslands haustið 2003.<sup>665</sup>

Eftir að körfuboltaakademían tók til starfa 2004 hefur skólinn átt sitt keppnislið á Íslandsmótinu í körfubolta. Körfuboltaakademían hafði góð áhrif á félagslífið og voru nemendur og starfsmenn duglegir að mæta og styðja við bakið á sínu liði.<sup>666</sup> Mikil stemmning skapaðist á heimaleikjum liðsins í lðu og margir eftirminnilegir leikir leiknir í úrslitakeppni 1. deildar vorin 2005-2007. Nemendur körfuboltaakademíunnar og handboltaakademíunnar, sem voru uppistaðan í handboltaliði Umf. Selfoss, mættu á leiki hvorir hjá öðrum og héldu uppi stemmningu og hvatningu á pöllunum. Hápunktur gleðinnar náðist keppnistímabilið 2008-2009 þegar skólaliðið átti ágætu gengi að fagna í úrvalsdeild karla í körfubolta, en þá um vorið luku margir leikmennirnir námi og héldu á önnur mið, meðal annars á íþróttastyrk í háskólanám í Bandaríkjunum. Liðið náði fyrir vikið ekki sama flugi tímabilið 2009-2010, féll úr úrvalsdeildinni um vorið og leikur nú í 1. deild.

Þó hinar íþróttakademíurnar keppi ekki í nafni skólans hafa þær með sama hætti góð áhrif á andann í skólanum og eru lyftistöng fyrir félagslífið. Skólalið hafa líka í gegnum tíðina tekið þátt í framhaldsskólamótum í fleiri íþróttagreinum og borið sigur úr býtum.<sup>667</sup>

„Hestaklúbburinn hott hott“ var stofnaður á 10. afmælisári skólans 1991. Hann stóð, ásamt nemendum úr Fjölbrautaskólanum við Ármúla, fyrir fyrsta framhaldsskólamótinu í hestaíþróttum þá um vorið í Reiðhöllinni í Víðidal, með þátttöku fimm skóla.<sup>668</sup> Síðan hafa nemendur F.Su. tekið þátt í mótinu með reisu og síðustu ár, eftir að formleg kennsla í hestamennsku hófst við skólann, hefur árangurinn verið glæsilegur og sigur unnist í heildarstigakeppni mótsins 2006, 2007, 2009 og 2011.<sup>669</sup>

---

<sup>664</sup> Örlygur Karlsson, „26. annarannáll“, vorönn, 1994.

<sup>665</sup> Þórarinn Ingólfsson, „45. annarannáll“, haustönn, 2003.

<sup>666</sup> Þórarinn Ingólfsson, „50. annarannáll“, vorönn, 2006.

<sup>667</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 50.

<sup>668</sup> Sama heimild, *Skólaskýrsla*, 50.

<sup>669</sup> Þórarinn Ingólfsson, „50., 52., 56. og 60. annarannáll“, 2006-2011.

### 9.1.7 Gettu betur

Eitt af því sem skipar fastan og hvað stærstan sess í félagslífi nemenda er spurningakeppnin Gettu betur. Varla þarf að rifja upp, a.m.k. fyrir Sunnlendingum, að Fjölbrautaskóli Suðurlands sigraði í fyrstu spurningakeppni framhaldsskólanna sem haldin var 1986, en í sigurliðinu voru Sigurður Eyþórsson, Lýður Pálsson og Sveinn Helgason.<sup>670</sup> Síðan hefur gengið upp og ofan, en markið gjarnan sett á það að komast í sjónvarpið, eða átta liða úrslit keppinnar. Það hefur tekist nokkrum sinnum, t.d. tvö ár í röð skólaárin 1997-1999, eftir mörg mögur ár.<sup>671</sup> Þann 26. febrúar 1999 varð seinni hápunkturinn í þátttöku skólans er ríkissjónvarpið tók keppnina upp í Odda. Starfsmenn RÚV voru á þönum allan daginn að setja upp heilmikla sviðsmynd og síðdegis hófst keppnin. Eyjólfur Þorkelsson, Herdís Sigurgrímsdóttir og Sigursveinn Sigurðsson skipuðu liðið og andstæðingarnir voru nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum. Um 700 manns voru staddir í Loftslum, þar sem keppnin fór fram, og stemmningin rafmögnuð en leikar fóru svo að F.Su. sigraði glæsilega<sup>672</sup> og tryggði sér þáttökurétt í 4 liða úrslitum.

Lið skólans komst einnig í 8 liða úrslitin 2006, 2008, og 2011 en árið 2010 náðu þeir Kári Úlfsson, Ólafur Ingvi Ólafsson og Stefán Hannesson aftur alla leið í undanúrslit, þar sem þeir lutu í lægra haldi fyrir nemendum úr Verzlunarskóla Íslands.<sup>673</sup>

Hannes Stefánsson þýskukennari hefur verið þjálfari og mentor spurningaliðsins árum saman og unnið þar ómetanlegt sjálfboðastarf í þágu félagslífs nemenda og skólans í gegnum tíðina.

### 9.1.8 Söngkeppnir

Þrátt fyrir margt annað spennandi má fullyrða að Söngkeppni framhaldsskólanna hafi verið hápunkturinn í félagslífi nemenda undanfarinn áratug að minnsta kosti. Skiptir þá ekki mestu hvernig atriði skólans gengur á lokakeppninni, heldur er það undankeppnin innan skólans sem fangar athyglina. Stór hópur nemenda tekur þátt í undirbúningnum sem stendur yfir í nokkrar vikur með skipulagningu, æfingum, uppsetningu sviðsmyndar og tæknilegum úrlausnarefnum. Kveður svo rammt að þessu að kennslustofur eru hálfatómar meðan æðið gengur yfir, og þegar

---

<sup>670</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 50.

<sup>671</sup> Örlygur Karlsson, „34. annarannáll“, vorönn, 1998.

<sup>672</sup> Sama heimild, „36. annarannáll“, vorönn, 1999.

<sup>673</sup> Þórarinn Ingólfsson, „58. annarannáll“, vorönn, 2010.

nemendur mæta eru þeir að hálfu úti á þekju af þreytu og spenningi, enda unnið myrkranna milli. Er það nemendum til sóma hve mikið þeir leggja í þetta verkefni, öll umgjörð keppinnar er glæsileg, atriðin sjálf í heildina fagmannleg og vönduð, og frumleg og skemmtileg atriði skjóta upp kollinum líka. Söngkeppni skólans var haldin í fokheldum menningarsal Hótel Selfoss í nokkur ár og naut svo mikilla vinsælda að færri komust að en vildu.<sup>674</sup> Eftir að íþróttahúsið lða reis hefur keppnin verið haldin þar,<sup>675</sup> enda nægt rými fyrir alla sem vilja mæta.

Nokkrir nemendur skólans hafa náð góðum árangri í lokakeppninni. Lárus Ingi Magnússon frá Hvolsvelli sigraði árið 1990 þegar hann söng lagið „Eltu mig uppi“, eftir hljómsveitina Sálín hans Jóns míns, þeir Sigbór Árnason og Halldór Hrannar Hafsteinsson lentu í öðru sæti árið 2003,<sup>676</sup> Helgi Valur Ásgeirsson varð þriðji árið 2000<sup>677</sup> og sömuleiðis Elísabet Ásta Magnúsdóttir árið 2005<sup>678</sup> og Daníel Haukur Arnarsson árið 2009.<sup>679</sup>

Og nemendur skólans hafa tekið þátt í fleiri söngkeppnum. Starfsbrautirnar hafa haldið sína eigin söngkeppni og nemendur F.Su. t.d. farið á Suðurnesin og til Akureyrar, þar sem þeir gerðu sér lítð fyrir og sigruðu. Haustið 2007 var söngkeppni starfsbrautanna haldin í Loftslum í Odda. Um 200 manns borðuðu þá saman kvöldverð og hluti þeirra tók síðan þátt í söngkeppninni. Framkvæmdin var í höndum starfsfólks starfsbrautar, með aðstoð frá fleirum innan skólans, og var til fyrirmyndar.<sup>680</sup>

### 9.1.9 Leiklist

Í gegnum tíðina hafa nemendur sett upp margar metnaðarfullar leiksýningar. Þetta hefur þó ekki verið árlegur viðburður, enda umfangsmikið og kostnaðarsamt og ekki auðvelt að manna mörg stórvirki samhliða. Söngleikir hafa verið vinsælir en kannski má segja að uppsetning slíkra verka lendi í samkeppni um hæfileikafólk meðal nemenda við söngkeppnina, sem nýtur mikilla vinsælda eins og fram hefur komið, og síðustu ár hefur kórin einnig verið með dagskrá í svipuðum anda, t.d. Queen tónleikana og aðra tónleika með lögum Gunnars Þórðarsonar.

---

<sup>674</sup> Örlygur Karlsson, „38. annarannáll“, vorönn, 2000.

<sup>675</sup> Þórarinn Ingólfsson, „49. annarannáll“, haustönn, 2005.

<sup>676</sup> Sama heimild, „44. annarannáll“, vorönn, 2003.

<sup>677</sup> Örlygur Karlsson, „38. annarannáll“, vorönn, 2000.

<sup>678</sup> Þórarinn Ingólfsson, „48. annarannáll“, vorönn, 2005.

<sup>679</sup> Sama heimild, „56. annarannáll“, vorönn, 2009.

<sup>680</sup> Sama heimild, „53. annarannáll“, haustönn, 2007.

Í bland við söngleiki hefur mikill metnaður ráðið ríkjum í leikritavali. Nefna má að leikritið Woyzeck eftir þýska skáldið Georg Buchner, í leikstjórn Ingu Bjarnason, var sett á svið vorið 1992,<sup>681</sup> og aftur færðust nemendur mikið í fang vorið 1996 er þeir settu á svið leikritið Stræti eftir Jim Cartwright í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar, fyrrum nemanda skólans. Þeim tókst svo vel upp að gagnrýnandi Morgunblaðsins nefndi sýninguna „eina af bestu nemendasýningum ársins“.<sup>682</sup> Vorið 2003 leikstýrði Sigrún Sól Ólafsdóttir leikhópnum í verkinu Fuglinn minn heitir Fótógen en sýningin fékk mjög góða dóma og var valin besta sýning íslensku áhugaleikfélaganna á leiklist.is.<sup>683</sup>

Fleiri metnaðarfull leikverk hafa verið sett á svið, t.d. Pókók eftir Jökul Jakobsson, Gísl eftir Brendan Behan, í leikstjórn Sigurgeirs Hilmaris Friðþjófssonar, Rómeó og Júlía Shakespears og Ólafur Jens leikstýrði Músagildrunni eftir Agöthu Christie árið 2005.

Af þekktari söngleikjum má t.d. nefna Gretti sem sýndur var vorið 1991 í leikstjórn Ágústu Kristínar Ævarsdóttur, nemanda skólans, Hárið árið 1999, Gauragang, sem Sigrún Sól leikstýrði 2001 og Rocky Horror í leikstjórn Guðmundar Karls Sigurdórssonar árið 2002. Vorið 2004 var frumsaminn söngleikur á dagskránni, Hey þú, og frumsýndur 12. mars eftir mikla vinnu. Söngleikurinn byggði á lögum sem hljómsveitin Skítamóráll hefur gert vinsæl í gegnum tíðina. Söngleikurinn þótti takast vel og var hann sýndur fimm sinnum fyrir nánast fullu húsi í öll skiptin.<sup>684</sup>

Söngleikurinn Let it be, með Bítalögum, var sýndur vorið 2006 og fékk góðar undirtektir og aðsókn<sup>685</sup> og síðustu fjögur ár hafa verið settir upp þrír söngleikir, Til sölu, Grís horror og Alla leið heim.<sup>686</sup>

### 9.1.10 Útgáfa

Eins og fram hefur komið heitir skólablaðið Nota bene og hefur það verið gefið út samfelld frá upphafi. Fréttabréfið Pressan hefur einni fylgt sögu skólans nánast allan tímann, eða frá hausti

---

<sup>681</sup> Örlygur Karlsson, „22. annarannáll“, vorönn, 1992.

<sup>682</sup> Sama heimild, „30. annarannáll“, vorönn, 1996.

<sup>683</sup> Þórarinn Ingólfsson, „44. annarannáll“, vorönn, 2003.

<sup>684</sup> Þórarinn Ingólfsson, „46. annarannáll“, vorönn, 2004.

<sup>685</sup> Sama heimild, „50. annarannáll“, vorönn, 2006.

<sup>686</sup> Sama heimild, „annarannálar“, 2007-2011.

1985.<sup>687</sup> Fleiri blöð eiga sér afmarkaða, styttri sögu. Þar má nefna Rangæingapóstinn og Ölfus-Weekly, en útgáfa þessara blaða tengist nokkuð hreppríg innan skólans, öðrum nemendum hefur þótt Selfyssingar vera fyrirferðarmiklir við ritstjórn Pressunnar.<sup>688</sup> Ýmis útgáfa hefur tengst náminu og einstökum áföngum. Til dæmis gáfu nemendur í fjölmiðlun, undir stjórn Sveins Helgasonar, kennara og fyrrum Gettu betur-sigurvegara, út óvenju vandað og vel unnið blað vorið 1992 og þá kom líka út ritið Snepillinn.<sup>689</sup>

Ekki var metnaðurinn alltaf jafn mikill við útgáfuna, frá sjónarhóli skólayfirvalda. Haustið 1996 fannst aðstoðarskólameistara því ástæða til þess að hrósa nemendum fyrir það að bæði útlit Pressunnar og gæði Nota bene hefði batnað mikið, auk þess sem blaðið hafi þá komið út á skikkanlegum tíma,<sup>690</sup> en ekki seint og síðar meir. Næstu ár var útgáfan metnaðarfull og glæsileg, og ritráði til sóma.

### 9.1.11 Kátir dagar og Flóafár

Kátir dagar eru nefndir þeir dagar þegar hinum hefðbundna, daglega skólaham er kastað og nemendur fá tækifæri til að ráða því sjálfir hvað fram fer í kennslustofunum og hvernig þeir verja deginum í skólanum, fá tækifæri til að „gera eitthvað skemmtilegt og skapandi,“ eins og stundum er sagt. Sérstök nefnd, Kátudaganefnd, á vegum nemendaráðs en með stuðningi starfsmanna skólans, sér um skipulagningu tveggja til þriggja daga um miðbik vorannar ár hvert. Hefð er fyrir því að bjóða upp á stutt námskeið um allt milli himins og jarðar, uppákomur, fyrirlestra, skemmti- og kynnisferðir.

Strax á fyrsta skólaárinu, í janúar 1982, var boðið upp á dagskrá af þessu tagi og var kölluð „lagningardagar.“ Fjórum árum seinna, á vorönn 1986, var skólastarfið brotið upp næst undir heitinu „kátir dagar,“ og frá skólaárinu 1987-1988 hafa þeir verið fastur punktur í skólalífinu. Á kátum dögum 1986 starfræktu nemendur t.d. sjónvarpsstöð sem kynnti dagskrána, flutti fréttir úr skólalífinu og af bæjarlífinu á Selfossi og tveimur árum seinna var opnuð útvarpsstöð sem meðal annars sendi út tónlist, viðtöl og tilkynningar til nemenda.<sup>691</sup>

---

<sup>687</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 49.

<sup>688</sup> Sama heimild, 56.

<sup>689</sup> Örlygur Karlsson, „22. annarannáll“, vorönn, 2002.

<sup>690</sup> Sama heimild, „31. annarannáll“, haustönn, 1996.

<sup>691</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 50.

Liðir sem notið hafa mikilla vinsælda í dagskrá kátra daga árum saman eru t.d. fyrirlestrar Jónu Ingibjargar kynfræðings,<sup>692</sup> Gunnars í Krossinum og Magnúsar Skarphéðins-sonar um fljúgandi furðuhluti og aðra yfirsíkvitlega hluti.<sup>693</sup> Þá hafa kennarar skólans boðið upp á margvísleg námskeið um sín áhugamál og sérsvið sem ekki tengjast beint kennslu- greinum þeirra. Má þar til dæmis nefna fjölmörg námskeið Arnar Óskarssonar líffræði- kennara um ljósmýndun og framköllun.

Ekki var alltaf ásættanleg mæting hjá nemendum á viðburði, að mati skipuleggjenda úr hópi nemenda sjálfra, skólayfirvalda og starfsfólks, sem töldu jafnvel að hluti nemenda liti á kátra daga sem frí í skólanum og færi bara heim eða „út í bæ“ að gera eitthvað „skemmtilegt og uppbyggilegt“ þar á eigin vegum. Reynt hefur verið að bregðast við þessu með ýmsu móti til að tryggja virka þátttöku fleiri nemenda. Dagskráin var stytta, hefðbundin kennsla stendur nú fram að hádegi á miðvikudegi í stað þess að allur miðvikudagurinn sé nemendum til frjálsrar ráðstöfunar, ásamt fimmtudegi og föstudegi. Í öðru lagi var tekin upp viðveruskráning. Umsjónarkennarar merkja þá við nemendur sína að morgni, um hádegi og í lok dags og síðast en ekki síst var skipulögð ný „dagskrá í dagskránni,“ svokallað Flóafár.

Flóafárið á rætur sínar að rekja til Fjölbrautaskóla Suðurnesja, en þar fór fram það sem kallað var „starfshlaup.“ Anna Lea Björnsdóttir, íþróttakennari við FS, kom í heimsókn í F.Su. og kynnti starfshlaupið á kennarafundi. Í kjölfarið var settur á laggirnar undirbúnings- hópur innan skólans sem lagaði hugmynd Suðurnesjamanna að aðstæðum og kallaði fyrirbærið í samræmi við það Flóafár. Kennararnir Þórarinn Ingólfsson, Björgvin E. Björgvinsson og Kristján Þór Kristjánsson ásamt nemendum Helga Valberg Jenssni, Sigurði Andrésí Þorvarðarsni og Vilborgu Magnúsdóttur skipuðu fyrstu undirbúningsnefndina<sup>694</sup> og eru höfundar þess skipulags sem í stórum dráttum hefur verið við líði óbreytt síðan.

Viðburðurinn var kynntur í skólanefnd í febrúar 1998<sup>695</sup> og fyrsta fárið varð þá á önninni. Föstudagurinn í lok kátra daga hefur síðan verið lagður undir Flóafárið. Hugmyndin gengur út á það að skipta nemendum skólans, helst öllum, upp í 10 lið sem keppast við að leysa mismunandi þrautir á sem skemmstum tíma. „Fyrirliðar“ gefa sig fram og safna sem

---

<sup>692</sup> Örlygur Karlsson, „30. annarannáll“, vorönn, 1996.

<sup>693</sup> Þórarinn Ingólfsson, „48. annarannáll“, vorönn, 2005.

<sup>694</sup> Örlygur Karlsson, „34. annarannáll“, vorönn, 1998.

<sup>695</sup> „Fundargerð 99. fundar skólanefndar“, 13. febrúar, 1998.



flestum nemendum í sitt lið. Liðin velja síðan einstaklinga innan sinna raða sem taldir eru hæfastir til að leysa hverja þraut og hvert lið tilnefnir „hlaupara“ sem hleypur með einkennisfána liðsins milli keppnisstaða. Þegar fáninn er kominn á staðinn má keppandinn byrja að leysa þrautina. Þá skiptir máli að hlauparinn sé snöggur í ferðum og að skipulagið sé úthugsað, því oftast kemst aðeins eitt lið að í einu við hverja þraut. Gefin eru refsistig ef þrautin er illa leyst og refsistigum er svo safnað saman fyrir hvert lið og þeim er bætt við tímamann sem það tók liðið að klára allar þrautirnar. Því er kappsmál að flýta sér, en jafnframt að vanda sig við lausn þrautanna. Fyrirliðinn hefur yfirsýn yfir skipulagið og sér um að allt gangi samkvæmt áætlun, allir keppendur séu á sínum stað o.s.frv.

Kennararnir útbúa um 50 þrautir og engu er að treysta í þeim efnum. Kennari sem fær það verkefni að útbúa þraut sem heitir t.d. „saga“ er trúlega alls ekki sögukennarinn og þrautin gæti sem best verið fólgin í því að saga spýtu. Lið sem hefur innan sinna raða mesta sögugrúskara skólans og velur hann til að leysa þrautina, gæti farið flatt á því. En þrautirnar tengjast ekki einungis hefðbundnum námsgreinum. Keppt er í borðlagningu, um besta skemmtiatriðið, besta liðsandann, besta herópið og frumlegasta klæðnaðinn, svo dæmi séu tekin.

Hvert lið hefur sinn einkennislit og við upphaf Flóafársins safnast þau saman í búningum sínum í samkomusalnum og hitað er upp með tónlist, leikfimiæfingum, kynningum á herópum og hvatningu, til að efla stemmninguna. Svo er ræst og klukkan sett í gang. Þeir nemendur sem ekki keppa eða eru í innsta hring við skipulagningu fara um með heróp síns liðs á vörum og hvetja keppendur. Hin síðari ár hafa kennararnir bætt við furðufatakeppni sín í milli, sem vakið hefur athygli og sett skemmtilegan svip á daginn. Leggja margir mikið í búninga og gervi og leika hlutverkin af innlifun.

Flóafárið hleypti nýju lífi í káta daga og varð vel heppnuð og góð nýjung í skólalífinu. Við útskriftarathöfn vorið 1998, eftir fyrsta Flóafárið, komst aðstoðarskólameistari svo að orði: „Helsti kostur þessa fárs er að allir eða næstum allir nemendur og kennarar skólans taka þátt í þessu saman. Sjaldan eða aldrei hefur skapast jafn góð stemming í skólanum og þennan dag“.<sup>696</sup>

---

<sup>696</sup> Örlygur Karlsson, „34. annarannáll“, vorönn, 1998.

Fyrstu árin á eftir var engum vandkvæðum bundið að finna 8-10 nemendur sem vildu gerast fyrirliðar og þeim gekk vel að safna saman í 40-50 manna lið. Smám saman hefur þó dregið úr almennum áhuga og erfiðlega gengið síðustu 2-3 ár að manna nægilega mörg lið, svo að vel fari og Flóafárið standi undir nafni.

### 9.1.12 Keppt í námsgreinum

Nemendur F.Su. hafa löngum tekið þátt í landskeppnum í stærðfræði, eðlisfræði og fleiri námsgreinum. Vorið 1993 komust fjórir þeirra í úrslit stærðfræðikeppninnar og einn fór í frönskukeppni og varð þriðji.<sup>697</sup> Vorið 1996 veitti skólanefnd Pétri Runólfssyni styrk vegna þátttöku hans í Ólympíuleikunum í stærðfræði sem haldnir voru í Bombay á Indlandi um sumarið<sup>698</sup> og haustið 1997 var hann styrktur vegna þátttöku í Eystrasaltskeppni í sömu grein sem fram fór í Danmörku.<sup>699</sup> Pétur komst enn í úrslitahóp fyrir Ólympíuliðið vorið 1998.<sup>700</sup>

Annar afreksmaður skólans, Jens Hjörleifur Bárðarson, var valinn í Ólympíulið Íslands í eðlisfræði sem tók þátt í ÓL á Ítalíu sumarið 1999<sup>701</sup> og þá um vorið náði Eyjólfur Þorkelsson góðum árangri í þýskupraut og nemendur Sigríðar Sæland tóku þátt í skyndihjálparkeppni. Reynir Hugason eðlisfræðikennari skipulagði vélmennaáfangann ROB113 og nemendur hans tóku í framhaldinu þátt í Hugvísi, hugmyndasamkeppni ungs fólks í vísindum og tækni, og hlutu nemendurnir og skólinn sérstaka viðurkenningu fyrir framlag sitt.<sup>702</sup>

Á vorönn 2003 vann Hjálmar Jónsson trésmíðakeppni framhaldsskólanna fyrir hönd F.Su.<sup>703</sup> Nemendur skólans hafa einnig sigraði í forritunarkeppni framhaldsskólanna, náð góðum árangri í efnafræðikeppnum og nemendur starfsbrautar hafa síðustu ár tekið þátt í stuttmyndakeppni starfsbrauta og unnið þar til verðlauna með eftirminnilegum hætti.<sup>704</sup>

Innan skólans leynast einnig skáld og rithöfundar. Jón Özur Snorrason, íslenskukennari, hefur verið ódeigur að hvetja nemendur til listsköpunar á því sviði og

---

<sup>697</sup> Örlygur Karlsson, 24. annarannáll, vorönn, 1993.

<sup>698</sup> „Fundargerð 91. fundar skólanefndar“, 13. maí, 1996

<sup>699</sup> Sama heimild, „97. fundur“, 12. nóvember, 1997.

<sup>700</sup> Örlygur Karlsson, „34. annarannáll“, vorönn, 1998.

<sup>701</sup> Fundargerð 103. fundar skólanefndar“, 19. maí, 1999.

<sup>702</sup> Örlygur Karlsson, „36. annarannáll“, vorönn, 1999.

<sup>703</sup> Þórarinn Ingólfsson, „44. annarannáll“, vorönn, 2003.

<sup>704</sup> Sama heimild, „56. annarannáll“, vorönn, 2009.

afraksturinn er meðal annars þátttaka nemenda áfangans Ísl. 653, Skapandi skrif, í Örleikritasamkeppni Þjóðleikhússins og Listaháskóla Íslands fyrir framhaldsskólanema. Jóhanna Sigríður Hannesdóttir sigraði í keppninni haustið 2004<sup>705</sup> og næsta skólaár á eftir komst framlag Önnu Guðbjartar Sveinsdóttur á svið leikhússins og var uppfærslan sérstaklega góð þótt hún hlyti ekki náð fyrir augum dómnefndarinnar um þrjú efstu sætin. Formanni hennar þótti hins vegar ástæða til að þakka F.Su. sérstaklega fyrir virka og fjölmenna þátttöku nemenda frá því að keppnin hófst um þremur árum fyrr. Nemendur sama áfanga tóku sama ár þátt í Fernuflugi, samkeppni Mjólkursamsölunnar og menntamálaráðuneytisins um skáldaða texta á mjólkurfernur. Tveir nemendur náðu þeim árangri að koma texta sínum á mjólkurfernur, Anna Hansen og Hildur Seljan Indriðadóttir.<sup>706</sup>

Árið 2008 bættist enn í hóp verðlaunarithöfunda skólans er Guðmunda Ólafsdóttir frá Hurðarbaki vann 1. verðlaun í örleikritakeppni framhaldsskólanna og Árni Arason hlaut 3. verðlaun. Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember hefur íslenskudeildin ár hvert staðið fyrir einhverskonar uppákomum, m.a. ljóðasamkeppni meðal nemenda skólans. Sigurvegari í slíkri keppni árið 2007 var Fjóla Dögg Sigurðardóttir, og ljóð hennar skipar nú heiðursess á glervegg bókasafnsins:<sup>707</sup>

Ég og þú

Ég og þú

svona einsog

tvö lítl púsl

úr sitthvoru púsluspílinu

sem smella samt saman

og þó glufur sjáist stundum

á skilunum

þá púslumst við

saman

skakkt og stundum klaufalega

en myndin

hún er svolítið sæt

---

<sup>705</sup> Sama heimild, „47. annarannáll“, haustönn, 2004.

<sup>706</sup> „Ársskýrsla skólans, Skýrslur skólaárið 2005-2006“, Fjölbrautaskóli Suðurlands, sótt 25. júlí 2001, <http://www.fsu.is/~fsusvid/skyrslur/v06/arsskyrslavefur06.pdf>

<sup>707</sup> Þórarinn Ingólfsson, „53. annarannáll“, haustönn, 2007.

En rithöfundar skólans yrkja ekki aðeins á íslensku. Í nokkurn tíma hefur árlega verið haldin frönsk ljóðakeppni meðal framhaldsskólanemenda á vegum Félags frönskukennara á Íslandi, Alliance française og franska sendiráðsins. Keppnin hefur breyst nokkuð en upphaflega gekk hún út á það að nemendur fóru með ljóð á frönsku, utanbókar, og hafa nemendur F.Su. stundum náð góðum árangri. Á vorönn 2002 náðu þau Gyða Sigfinnsdóttur og Sölvi Úlfsson t.d. 3. og 4. sæti<sup>708</sup> og vorið 2006 gerði Tryggvi Örn Úlfsson sér lítið fyrir, vann keppnina og fékk að launum ferð til Frakklands. Skólinn hefur ekki tekið þátt í þessari keppni undanfarin tvö ár.<sup>709</sup>

### 9.1.13 Uppákomur og „fundakassi“

Auk þessara föstu liða í félagslífinu bryddar nemendafélagið upp á ýmsu tilfallandi. Þar má nefna nánast árlega körfuboltakeppni, „streetball-mót,“ á velli sem vígður var með borðaklippingu á bílastæði sunnan Hamars 24. apríl 1996. Völlurinn var nefndur Syðri-Vellir, eftir bæ í Gaulverjabæjarhreppi, samkvæmt hefðinni.<sup>710</sup> Oft eru haldin bingó á heimavelli og stundum farið í keilu til Reykjavíkur. Öðru hverju eru kaffihúsakvöld, t.d. opnaði námshópur á leið til Frakklands franskt og vímulaust kaffihús í Tryggvaskála, og haldnar eru spurningakeppnir, stundum milli nemenda og kennara. Þegar nemendaráði finnst doði svífa yfir vötnum tekur það sig til og boðar til fundar með nemendum til að kynna sig og starfsemina.<sup>711</sup>

Um alllangt skeið var á stundaskránni svokallaður „fundakassi“ í síðustu kennslustund fyrir hádegishlé á miðvikudögum. Í fundakassanum voru haldnir kennarafundir, en nemendur nýttu tímann oft til afþreyingar með uppákomum. Oft hljómaði þá tónlist og hélt kennurunum vakandi á fundum, trúbadúrar eða hljómsveitir úr röðum nemenda létu ljós sitt skína.<sup>712</sup> Einnig settu utanaðkomandi kraftar mark sitt á fundakassann, þegar engir fundir voru á dagskrá, og mun Helgi Sæmundsson hafa riðið þar á vaðið með heimsókn í skólann 16. nóvember 1988.<sup>713</sup>

Þó eyktaskipan væri breytt og fundakassinn færður í lok dags á föstudögum létu nemendur ekki deigan síga heldur blésu til „FSu-festival,“ hátíðar sem stendur í nokkra daga á

<sup>708</sup> Örlygur Karlsson, „42. annarannáll“, vorönn, 2002.

<sup>709</sup> Vera Ósk Valgarðsdóttir, tölvupóstur til höfundar 18. ágúst, 2011.

<sup>710</sup> Örlygur Karlsson, „30. annarannáll“, vorönn, 1996.

<sup>711</sup> Sama heimild, „31. annarannáll“, haustönn, 1996.

<sup>712</sup> Sama heimild, „38. annarannáll“, vorönn, 2000.

<sup>713</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 56.

hverri önn með tónlistaruppákomum í morgunkaffi- og hádegishléum.<sup>714</sup> Nú er fundakassinn kominn aftur á sinn stað með nýrri eyktaskipan og enn nýta nemendur stundum tækifærið sem hann gefur.

Ekki hefur verið brennandi áhugi í F.Su. fyrir MORFÍS, mælsku og rökræðukeppni framhaldsskólanna, eins og sumum öðrum keppnum á þeim vettvangi. Nemendur skólans hafa þó stöku sinnum tekið þátt og „ræðumaður kvöldsins“, Bjartmar Steinn Steinarsson, kom úr þeirra röðum í viðureign við Verzló 9. janúar 2003,<sup>715</sup> þó ekki hafi skólinn unnið keppnina þá, fremur en önnur skipti sem hann hefur tekið þátt. Fleiri keppnir mætti nefna, t.d. hæfileikakeppni framhaldsskólanna sem F.Su. vann fyrstur skóla sama vorið og Bjartmar Steinn talaði aðra keppendur undir borðið í MORFÍS. Sigurvegararnir voru hljómsveitin „Hölt hóra“ og danshópurinn „Punk tjútters“.<sup>716</sup>

#### 9.1.14 Klárar og tryppi

Hefð er fyrir því að útskriftarnemendur á hverri önn séu kallaðir „klárar.“ Eitt af því sem klárarnir tóku sér fyrir hendur var að gróðursetja tré á lóð skólans og til dæmis plöntuðu þeir hvorki fleiri né færri en 600 trjám vorið 1991.<sup>717</sup> Hefð þessa má rekja til átaks að fegrun skólalóðarinnar eftir byggingu fyrri hluta Odda, en 25. maí 1988 tóku 10 starfsmenn skólans sig til og plöntuðu 2500 græðlingum í beð við Hamar undir verkstjórn kennaranna Arnar Óskarssonar og Þorvaldar Guðmundssonar. Frá því á haustönn 1990 og nokkur næstu ár tóku klárarnir eitt síðdegi í það að færa þessar plöntur, auk þeirra sem keyptar höfðu verið til viðbótar, gróðursettu þær víðsvegar um lóðina og þáðu veitingar í boði skólans að starfi loknu.<sup>718</sup>

Í svipuðum anda voru fræsöfnunarferðir skólans í samstarfi við Skógrækt ríkisins. Fyrsta ferðin var farin haustið 1987 á rútum inn í Þórsmörk og tíndu nemendur, ekki aðeins klárarnir, og kennarar þar saman birkifræ.<sup>719</sup> Haustið 1991 fóru á fimmta hundrað manns í 11 rútubílum í Þórsmörk og söfnuðu fræi fyrir Landgræðsluna. Nemendur skólans söfnuðu með þessu á fjórða

<sup>714</sup> Þórarinn Ingólfsson, „53. annarannáll“, haustönn, 2007.

<sup>715</sup> Sama heimild, „44. annarannáll“, vorönn 2003.

<sup>716</sup> Sama heimild.

<sup>717</sup> Örlygur Karlsson, „20. annarannáll“, vorönn, 1991.

<sup>718</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 54.

<sup>719</sup> Sama heimild, 56.

hundrað þúsunda króna til menntunar fátækra í Brasilíu, en þetta var liður í söfnunaráttakinu Norrænt dagsverk.<sup>720</sup> Ekki voru þetta samt árvissar ferðir og lögðust þær af um miðjan 10. áratuginn. Annað verkefni kláranna hefur verið að reka veitingasölu í fjáröflunarskyni innan veggja skólans, fyrir útskriftarferðina. Hófst það 1986<sup>721</sup> og stóð um árabíl en var að lokum aflagt og hefur enginn sjoppurekstur verið á vegum útskriftarnemenda mörg undanfarin ár.

Vitaskuld dimmittera klárarnir samkvæmt langri hefð menntaskólanna og skemmta sér saman að lokinni kennslu síðustu önn sína í skólanum. Mörg undanfarin ár hafa þeir látið Öldu Sigurðardóttur, listamann á Selfossi, sauma á sig sérstaka búninga af þessu tilefni og koma þá uppáklæddir í skólann sem Kalli kanína, mörgæsir, Adam og Eva, skjöldóttar kýr eða önnur fyrirbæri úr dýraríkinu eða hinum skáldaða menningarheimi. Þar kyrja þeir frumsamda texta um skólann og kennarana og síðan er efnt til átveislu fyrir klárana og starfsfólk skólans, lengi voru pantaðar pizzur en hin síðustu ár hefur þjóðlegri réttur verið á boðstólum, íslensk kjötsúpa. Væntanlegur útskriftarhópur næstu annar, er í samræmi við klárana gjarnan kallaður „tryppin“ og gegndi frá hausti 1987 því hlutverki við útskriftarathafnir að uppvarta í kaffiveislu sem haldin er fyrir gesti.<sup>722</sup> Nú hefur skólakórinn reyndar tekið við því hlutverki af tryppunum.

Eins og í öðrum framhaldsskólum gefa klárarnir út sitt eigið kveðjurit og minnismarki. Í F.Su. kom fyrsta blaðið af þessu tagi út haustið 1984 og kallaðist Spekingaspjall. Þar voru teikningar af stúdentsefnum og umfjöllun um þá í gamansömum tón.<sup>723</sup> Blaðið hefur komið út allar götur síðan.

### 9.1.15 Hrepparígurinn

Nemendasamsetning F.Su. er allsérstök. Skólinn er heimangönguskóli Selfyssinga, heimanakstursskóli nærsveita og heimavistaraskóli. Á vorönn 2005 var t.d. tæpur helmingur nemenda frá Selfossi, um 100 frá Hveragerði, um 50 frá hverjum stað um sig, Þorlákshöfn, Hellu og Hvolsvelli og milli 20 og 30 frá Eyrarbakka, Stokkseyri og Flúðum, en færri annars staðar að. Um 93% nemenda á þessari önn var af Suðurlandi.<sup>724</sup> Nemendur frá hverjum stað þekkjast úr

---

<sup>720</sup> Örlygur Karlsson, 21. annarannáll, haustönn, 1991.

<sup>721</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 54.

<sup>722</sup> Sama heimild, 55.

<sup>723</sup> Sama heimild, 56.

<sup>724</sup> Fjölbrautaskóli Suðurlands, „Ársskýrsla 2005-2006“.

grunnskólum og koma saman í skólabílum daglega. Það er því eðlilegt að þeir haldi saman í skólanum og í gegnum tíðina hefur skapast sterk hefð fyrir því hvar hver hópur heldur sig í skólahúsinu milli kennslustunda. Þorlákshafnarbúar safnast saman í Loftstöllum, framan við bókasafnið, Hvergerðingar á stigapalli á 2. hæð austast í húsinu, Flúða- og Hreppakrakkarnir framan við samkomusalinn o.s.frv. Þó þessir hópar tvístrist í kennslustundum, og nemendur kynnist þar Sunnlendingum annars staðar að, eru þeir furðu lífseigir og svo sterkir að skólayfirvöld hafa haft af því nokkrar áhyggjur og gert tilraunir til að brjóta þá upp að hluta, til að vinna gegn klíkumyndun og hugsanlegu einelti sem gæti sprottið upp í slíku umhverfi. Dæmi um slíkar aðgerðir eru t.d. Stjörnumerkjadagar og Flóafárið sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

#### **9.1.16 Bóksalan**

Í upphafi sá Ársæll Ársælsson kaupmaður á Selfossi um að útvega nemendum bækur en strax í janúar 1982 opnuðu nemendur eigin bóksölu og sáu sjálfir alfarið um rekstur hennar fram til 1989. Frumkvöðlar að þessari starfsemi voru þrír nemendur, þær Anna María Óladóttir, Stefanía Sæmundsdóttir og Þórlaug Bjarnadóttir. Með auknum nemendafjölda, og þar með umsvifum bóksölnnar, óx rekstur hennar samhliða námi nemendum yfir höfuð og því réði skólinn starfsmann til að taka við rekstri og ábyrgð á bóksölnni. Fyrsti forstöðumaðurinn var Guðrún Sandra Gunnarsdóttir skólaárið 1989-1990 en síðan hefur Nanna Þorláksdóttir gegnt starfinu. Bóksalan var í fyrstu til húsa í Hamri, í vistarveru þar sem nú kallast Lille-Hammer, en með tilkomu Odda 1987 var hún flutt þar inn og komið fyrir í kjallaranum.<sup>725</sup> Þaðan komst hún að lokum upp á jarðhæðina og hefur síðustu árin verið til húsa við hlið Hreiðursins, aðseturs Nemendaráðs, austast í aðalbyggingunni. Nemendur sjá að mestu um afgreiðslu og önnur störf í bóksölnni, þó umsjón hennar sé í höndum starfsmanns skólans.

#### **9.1.17 Nemendur – kennarar**

Þó útilokað sé að nefna hér öll tiltæki sem nemendur finna upp á sér til skemmtunar er enn ógetið árlegrar íþróttakeppni nemenda og kennara. Hefst hún gjarnan á því að til skiptis fer annar aðili málsins yfir á yfirráðasvæði hins: nemendur inn á Bollastaði, kaffistofu kennara, eða

---

<sup>725</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 52.

kennarar yfir í Loftsalí, samverustað nemenda, og skorar hann á hólm með nokkrum fríuorðum. Í nóvember 2003 sungu nemendur t.d. þetta á yfirráðasvæði kennara:

Heill þér Tóti Ingólfsson, seg þú mér  
hversu stórt ætlið þið að tapa?  
Eða eruð þið kannski bara hættir við?  
Ekkert svar. Ekkert svar, bara blóð.  
Þið munuð skít-, þið munuð skít-, þið munuð skíttapa!<sup>726</sup>

Mótaðilinn tekur áskoruninni og daginn eftir er kennsla felld niður hluta úr degi og allir koma saman í lðu, íþróttahúsi skólans. Þar keppa svo mismunandi saman sett lið nemenda og kennara í íþróttum og þrautum, t.d. köngulóarfótbolta með bundið fyrir augun. Síðasta atriðið og hápunktur keppinnar er einvígi skólameistara og formanns nemendaráðs, um það hvor kemst fyrr í gegnum þrautabraut. Fátt segir af úrslitum, en kennarar láta stundum eins og þeir hafi unnið.<sup>727</sup>

Nemendaráð hefur einnig látið til sín taka við góðgerðarmál og gaf meðal annars 150.000 kr. til styrktar Rauða krossi Íslands vegna hörmunganna á flóðasvæðunum í Asíu vorið 2005.<sup>728</sup>

### 9.1.18 Skólakórinn

Kór hefur starfað við Fjölbrautaskólann nánast frá upphafi. Á tæpum 30 árum hefur kórinn notið krafta fjögurra kórstjóra. Sá fyrsti, og sá af þeim sem lengst hefur starfað, var Jón Ingi Sigurmundsson, tónlistarkennari og myndlistarmaður, sem tók þátt í stofnun kórsins, mótaði hann frá upphafi og annaðist hann fram á bílprófsaldur, í 17 ár. Karl Sighvatsson stjórnaði þó kórnum í stuttan tíma, á haustönn 1989.<sup>729</sup> Jón tók þá aftur við og alveg til 2000. Á eftir Jóni Inga tók við stjórninni Robert Darling, tónlistarkennari og núverandi skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga, sem hélt uppi merkinu af miklum metnaði frá 2000 til 2004. Núverandi kórstjóri er Stefán Þorleifsson sem hefur nokkuð annan stíl en forverarnir.

---

<sup>726</sup> Þórarinn Ingólfsson, „45. annarannáll“, haustönn, 2003.

<sup>727</sup> Sama heimild, „55. annarannáll“, haustönn, 2008.

<sup>728</sup> Örlygur Karlsson, 48. annarannáll, vorönn, 2005.

<sup>729</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 90.



Frá upphafi var Ásmundur Sverrir Pálsson, íslenskukennari við skólann, með kórnum og þróaðist það svo að hann hélt strax um flesta þræði með Jóni Inga. Hann var svo með formlegum hætti beðinn um að taka að sér að halda utan um starf kórsins<sup>730</sup> og í tímans rás varð þannig til innan skólans starf deildarstjóra skólakórsins. Á síðasta ári hans með kórinn 1997 tók kórinn meðal annars þátt í aðventutónleikum í Selfosskirkju og hélt vísnaðkvöld í þrítugasta sinn, það fjölsóttasta í langan tíma og tókst mjög vel. „Sérstaklega var gaman að hlýða á Ásmund Sverri Pálsson sem hefur staðið fyrir vísnaðkvöldunum, næstum frá upphafi, syngja sænska lagið „Har du visor min vän“ en það lag söng Heimir Pálsson fyrrverandi skólameistari einmitt á fyrsta vísnaðkvöldinu.“<sup>731</sup>

Á eftir Ásmundi tók við deildarstjórn kórsins Ingi Stefán Ingason, þýskukennari, sem einnig söng með kórnum um árabíl. Ingi Stefán var deildarstjóri frá 1997-2002. Halldóra Gunnarsdóttir, fulltrúi á skrifstofu skólans, gegndi starfinu frá 2002 og fram á vor 2008, en þá tók við keflinu Vera Ósk Valgarðsdóttir, frönskukennari, og hefur haldið því á lofti síðan.<sup>732</sup>

En hvernig varð kórinn til? Gefum Ásmundi Sverri orðið:

Það var þannig að 21. febrúar 1983, þá stóð ég á tröppunum fyrir utan Brunabótarhúsið, eftir kennsludag, að Heimir kemur út í hendingskasti og segir við mig: „Ég er að fara að stofna kór, ætlaðu ekki að koma með?“ Og ég elti hann auðvitað, foringjann! Það var farið niður í Vallaskóla, sem heitir nú, og þar voru komnir saman eitthvað um 20 nemendur, við Heimir og kórstjórinn, sem kenndi við gagnfræðaskólann, Jón Ingi Sigurmundsson, frægur tónlistarkennari hér, og þar sá ég hann í fyrsta skipti. Og ég held það hafi bara verið farið að æfa þarna strax, og þarna var kórinn raunverulega stofnaður, og söng svo fyrst opinberlega um vorið. Ég hafði ekki sungið áður í kór en einhvernvegin ílentist ég þarna með kórnum og seinna spyr Þór mig hvort ég vilji ekki vera með Jóni í því að halda þessum hóp saman og sennilega samþykkti ég það. Ég var látinn heita undir það síðasta með einhverskonar deildarstjórn og var í kórnum frá '83 til '96 eða '97.<sup>733</sup>

Það er ekki ofsögum sagt að það hafi verið töluvert stúss og starf í kringum kórinn í gegnum tíðina, því einhvern veginn er það þannig að ungt fólk þarf að hafa eitthvað fyrir stafni, helst eitthvað spennandi fyrirbyggjandi í næstu viku. Utanumhaldið jókst ár frá ári því

---

<sup>730</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson, *viðtal við höfund* 24. júní, 2011.

<sup>731</sup> Örlygur Karlsson, „33. annarannáll“, haustönn, 1997.

<sup>732</sup> Sama heimild og Þórarinn Ingólfsson, „54. annarannáll“, vorönn, 2008.

<sup>733</sup> Ásmundur Sverrir, *viðtal*, 24. júní, 2011.

talsvert mikið var beðið um kórinn til að syngja við ýmsar uppákomur, bæði innan og utan héraðs. Hann söng t.d. á fyrstu árunum við stórafmæli Framsóknarflokksins í Háskólabíói og við svipað tilefni fyrir Alþýðuflokkinn á Hótel Örk. Oft var sungið á 1. maí hér og þar, fyrir utan eigin tónleika kórsins og söng við útskriftir í skólanum.<sup>734</sup>

Stór hluti starfsins felst í fjáröflun, allt kostar peninga og metnaður er til staðar að gera vel. Fyrsta utanlandsferð kórsins var t.d. farin strax eftir þriggja ára starf árið 1986, til Danmerkur og Svíþjóðar, og síðar víðar um lönd. Markmiðið var að nemendur borguðu ekkert í þessum ferðum og því var hamast við að safna. Kórinn reyndi alls kyns fjáröflunaraðferðir, meðal annars útgáfu dagatals með auglýsingum fyrirtækja, en datt svo niður á langgjöfulustu fjáröflunina, listaverkahappdrætti sem heppnaðist mjög vel. Ásmundur Sverrir lýsir því þannig:

Við fengum sunnlenska listamenn til að gefa listaverk og svo var efnt til happdrættis og það þurfti að fara sína leið gegnum dómsmálaráðuneytið og síðan sýsluskrifstofuna hér. Ég var orðinn mjög málkunnugur Vigdísi einhverri, sem ég hitti reyndar aldrei, í dómsmálaráðuneytinu. Hún var farin að segja við mig: „Jæja, á að fara af stað með enn eitt happdrættið?“ Við reyndum alltaf að hafa einhvern vel landsfrægan með til að gefa verk, Tolli gaf einu sinni og Jón Gunnar. Glóruslausasta hugmyndin kom á einum fundi uppi í skóla - að nú væri komið að Erró að fara að gefa verk til kórsins, hann væri Sunnlendingur! Ég hafði samband við Guðmundu, móðursystur Errós, sem hann hafði dvalið hjá í Reykjavík þegar hann fór þangað frá Kirkjubæjarklaustri í myndlistarnám. Hún varð strax áhugasöm um þetta. Þá var Erró staddur í Asíu, já í Tælandi, en hún sagði að eftir viku kæmi hann til Parísar og bað mig að gefa sér þann tíma til að athuga málin. En svo varð það úr að hann gaf kórnum verk.<sup>735</sup>

Fastir liðir í starfi kórsins eru vortónleikar, söngur við útskriftir haust og vor, þátttaka í aðventukvöldum í Selfosskirkju og svokölluð „Vísnaqvöld.“ Fyrsta Vísnaqvöldið var haldið strax 1981, áður en kórinn var stofnaður, og þau voru til að byrja með haldin í Tryggvaskála. Nemendafélagið, sem stofnað var strax á fyrstu starfsönn skólans, var með þau á sínum snærum í upphafi, til fjáröflunarstarfsemi fyrir félagið, en fljótlega tók kórinn við. Samkomur þessar hétu vísnaqvöld frá upphafi, þó fleira væri gert en að syngja eða fara með kveðskap. Alltaf hefur söngur þó skipað stóran sess. Til að hafa dagskrána sem fjölbreytilegasta hefur verið reynt að ná í fólk á Suðurlandi sem er eitthvað að gera, t.d. að yrkja eða leika á

---

<sup>734</sup> Sama heimild.

<sup>735</sup> Sama heimild.

hljóðfæri, án þess að hafa endilega komið opinberlega fram og fáir vita kannski um, og fá það til að skemmta á vísnavöldunum. Oft voru svona 13 - 15 atriði á hverju kvöldi. Auk Tryggvaskála voru Vísnavöld haldin í salnum í Vallaskóla, í safnaðarheimili kirkjunnar, en frá því samkomusalurinn í Odda var fullkláraður hafa þau verið haldin þar. Vísnavöldin eru haldin að jafnaði tvisvar á ári, eitt á hvorri önn, og skemmtikraftar, sem í langflestum tilvikum gefa vinnu sína, hafa komið víða að af Suðurlandi. Vísnavöldin eru því hluti af sögu skólans frá upphafi og ein af hans merkustu hefðum.<sup>736</sup>

En fleira er gert en að sinna föstum hefðum. Eins og fram kom fór kórinn í sína fyrstu utanlandsferð árið 1986. Farið var til Svíþjóðar og Danmerkur, dvalið í Málmei og Lundi, Kaupmannahöfn og Horsens. Kórinn var farinn utan fyrir útskrift þetta vor og því söng Samkór Selfoss við athöfnina. Fararstjóri í þeirri ferð var Þorlákur Helgason, aðstoðarskólameistari. Síðar var farið þrisvar til Þýskalands. Í fyrstu Þýsklandsferðinni, vorið 1992, var einnig komið við í Lúxemborg og sá Ingi Stefán Ingason, sem þá var í námsleyfi við Trierháskóla, um skipulagningu ásamt þeim Þór Vigfússyni, Ásmundi og Jóni Inga.<sup>737</sup> Aftur hélt kórinn svo í vel heppnaða ferð til Þýskalands vorið 1996 og enn sumarið 1999. Þór Vigfússon var fararstjóri í Þýsklandsferðunum.

Og víðar hefur verið farið. Á 20 ára afmæli kórsins, fyrir páskana vorið 2003, var haldið í söng og skemmtiferð til Ítalíu þar sem kórfélagar voru sér og skólanum til mikils sóma sem fyrr.<sup>738</sup> Vorið 2005 hélt kórinn til Skotlands og tveimur árum seinna kom hingað danskur kór í heimsókn. Kór F.Su. endurgalt þá heimsókn um haustið með ferð til Kaupmannahafnar og enn mun stefnt að utanlandsferð næsta haust, til Frakklands.<sup>739</sup>

Til að undirbúa og fjármagna þessar ferðir voru haldnir margir tónleikar og víða troðið upp. Jón Ásgeirsson, tónskáld og tónlistargagnrýnandi, skrifaði vorið 1992 að söngur kórsins væri „...með því fallegasta sem undirritaður hefur heyrt“. Einn skemmtilegur angi kórstarfsins kom við sögu fyrir ferðina þetta vor. Það var sönghópurinn „Hirðmenn Þórs“ sem stofnaður var út úr kórnum og kom víða fram.<sup>740</sup> Þetta er raunar ekki einsdæmi, því Jón Ingi var

---

<sup>736</sup> Sama heimild.

<sup>737</sup> Sama heimild.

<sup>738</sup> Þórarinn Ingólfsson, „44. annarannáll“, vorönn, 2003.

<sup>739</sup> Þórarinn Ingólfsson, „49.-60. annarannáll“, 2005-2011.

<sup>740</sup> Örlygur Karlsson, „22. annarannáll“, vorönn, 1992).

duglegur að brydda upp á slíku nýmæli. Mjög snemma í sögu kórsins kom fyrst fram kvartett kórfélaga, vorið 1991 spratt fram úr höfði Jóns „Gamlingjakórinn“, kór fyrrverandi kórfélaga,<sup>741</sup> og fleiri sambærileg dæmi mætti nefna.

Fyrir utan fjáröflunarstarf kórfélaga hafa fjölmargir í gegnum tíðina styrkt kórinn fjárhagslega. Árið 1992 var kórinn tekinn inn á „fjárlög“ skólans þegar skólanefnd samþykkti að kórinn fengi 8% af innritunargjöldum nemenda í sinn hlut, á móti 46% hlut hvorra tveggja, nemendafélagsins og skólasjóðs<sup>742</sup> og munaði um þær föstu tekjur.

Af öðrum stórvirkjum í starfi kórsins ber fyrst að nefna útgáfumál. Hljóðsnælda kom út með söng kórsins 1986 og geisladiskarnir „Vinaspegill“ haustið 1992 og „Cum Decore“ haustið 1999. Seinni diskurinn heitir eftir laginu sem kórinn söng lengi við inngöngu sína við útskriftarathafnir í skólanum.<sup>743</sup>

Kórinn hefur vitaskuld haldið upp á afmæli eins og aðrir. Á tíu ára afmælinu voru haldnir tónleikar og vegleg veisla. Þá sungu fjórir kórar, skipaðir bæði þáverandi og fyrrverandi nemendum, og 15 ára afmæli var einnig fagnað með veglegum tónleikum.<sup>744</sup> Á 25 ára afmæli sínu vorið 2008 fór kórinn í sérstaka skemmtiferð og afmælisárið var kórónað með því að ráðast í það þrekvirki að halda stórtónleika með flutningi laga rokkhljómsveitarinnar Queen, þar sem kórinn fékk til liðs við sig söngvarann Magna Ásgeirsson og fleiri góða gesti. Þeir tónleikarnir voru endurfluttir í Kópavogi í mars ári seinna.<sup>745</sup>

Á vorönn 2004 var mikið sungið í skólanum en þá hélt kórinn kóramót framhaldsskóla á heimavelli. Um haustið sama ár tók hann þátt í hátíðartónleikum til heiðurs Jóni Inga Sigurmundssyni, í Lista- og menningarverstöðinni á Stokkseyri.<sup>746</sup> Kórinn fer nánast undantekningarlaust af stað á haustin eins og farfuglarnir, en ekki til langdvalar, heldur í æfingabúðir innanlands yfir eina helgi. Fjölmargar aðrar ferðir hafa verið farnar innanlands, um Snæfellsnes, austur í Örfæfasveit og allt þar á milli.

---

<sup>741</sup> Sama heimild, „20. annarannáll“, vorönn, 1991

<sup>742</sup> „Fundargerð 75. fundar skólanefndar“, 17. nóvember, 1992.

<sup>743</sup> Örlygur Karlsson, „23. annarannáll“, haustönn, 1992 og „37. annarannáll“, haustönn, 1999.

<sup>744</sup> Sama heimild, „24. annarannáll“, vorönn, 1993 og „34. annarannáll“, vorönn, 1998.

<sup>745</sup> Þórarinn Ingólfsson, „54. annarannáll“, vorönn, 2008 og „56. annarannáll“, vorönn, 2009).

<sup>746</sup> Sama heimild, „46. annarannáll“, vorönn, 2004 og „47. annarannáll“, haustönn, 2004).

Haustið 2004 tók til starfa núverandi kórstjóri, Stefán Þorleifsson, gamall nemendi skólans og kórfélagi. Stefán hefur blásið nýju lífi og bylt ýmsu í starfi kórsins. Fastar hefðir halda áfram sínum sess en undir stjórn hans, með dyggri aðstoð Halldóru Gunnarsdóttur og síðar Veru Óskar Valgarðsdóttur, hefur kórinn fetað út á nýjar brautir. Fyrirnefndir Queen-tónleikar eru dæmi um það en einnig flutningur dagskrár með nokkrum verkum Gunnars Þórðarsonar við góðar undirtektir viðstaddra og annarrar dagskrár með lögum úr söngleikjum og bíómyndum í samstarfi við These days, hljómsveit skipaða nemendum skólans. Sú dagskrá var flutt þrjá daga í röð á mismunandi stöðum á Suðurlandi.<sup>747</sup>

Góður kór verður ekki til af sjálfu sér, þar ræður úrslitum hvernig til er sáð og hverjir veljast til forystu. Kórlaus er skóli fátæklegri en ella, en þar sem vel tekst til er kórinn gjarnan helsta stolt skólans. Fjölbrautaskóli Suðurlands er svo heppinn að frá upphafi hefur kórinn verið í góðum höndum, bæði metnaðarfullra og snjallra stjórnenda og ósérhlífina félagsmálafrömuða, og því er hann félagslega og menningarlega séð eitt helsta flaggskip skólans.

## 9.2 Félagslíf starfsmanna

Félagslíf starfsmanna hefur verið með miklum blóma og ýmsar uppákomur og viðburðir skapað sér sterka hefð. Þar gegnir starfsmannafélagið lykilhlutverki en einnig eiga kennarafélagið og ýmis óformlegri félagsskapur hlut að máli.

### 9.2.1 Starfsmannafélagið

EKKI voru liðnir nema 11 dagar frá fyrstu skólaþingunni þegar búið var að stofna starfsmannafélag innan skólans. Það hét reyndar í upphafi Kennarafélag Fjölbrautaskólans á Selfossi, var stofnað 24. september 1981 og fyrstu stjórnina skipuðu Örlygur Karlsson formaður, Þorvaldur Guðmundsson, Ása Nanna Mikkelsen og Gunnar F. Guðmundsson meðstjórnendur. Stjórninni var falið að móta tillögur fyrir næsta fund um tilgang félagsins og rúmlega viku seinna voru samþykkt lög þess, sem samkvæmt þeim hét Starfsmannafélag Fjölbrautaskólans á Selfossi, og síðar Starfsmannafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands<sup>748</sup>, en oft bara kallað „Kaffivinafélagið“. Í lögunum segir að markmiðin séu einkum að vinna að viðgangi skólans, gæta hagsmuna félagsmanna, stuðla að nánari kynnum þeirra og vera

<sup>747</sup> Sama heimild, „56. annarannáll“, vorönn, 2009 og „51. annarannáll“, haustönn, 2006.

<sup>748</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, Skólaskýrsla, 52-53.

tengiliður við stéttarfélög. Í fyrstu beitti félagið sér í ýmsum hagsmunamálum, s.s. launamálum, byggingu skólahúss og að starfsmenn fengju fulltrúa í skóla- og byggingarnefnd. Hvorttveggja það síðastnefnda var samþykkt 1985. Frá því um 1990 hefur starf félagsins þó einkum snúið að félagslífi starfsmanna.<sup>749</sup>

### 9.2.2 Haust- og vorferðir

Fyrsta sameininlega ferðin á vegum starfsmannafélagsins var farin vorið 1982, meðal annars að Hlíðarenda í Fljótshlíð<sup>750</sup> og síðan hafa slíkar ferðir verið ómissandi liður í félagslífinu. Farið er í gönguferðir bæði að vori eftir að kennslu lýkur og snemma hausts, oft í næsta nágrenni og þá lagt upp fótgangandi frá skólanum, gengið undir leiðsögn kunnugra úr starfsmannahópnum í 2-3 tíma og endað á veitingastað þar sem tekið er til matar og drykkjar. Stundum er einnig gengið um örlítið fjarlægari slóðir og þá setið í hópferðabíl í stuttan tíma áður en ganga hefst.

### 9.2.3 Alviðrúfundur

Annar fastur liður í félagsstarfi starfsmannafélagsins er svokallaður Alviðrúfundur. Hann á sér sögu aftur til hausts 1984<sup>751</sup> og hvert haust síðan hafa starfsmenn komið saman laugardagssíðdegi í Alviðru. Venjan er að hefja dagskrá með umræðum, fyrirlestrum eða hugleiðslu, oft um skóla- eða uppeldismál en einnig fleiri áhugaverð málefni. Að lokinni andlegri upplyftingu af því tagi er haldið út í náttúruna ef veður leyfir og síðan bakaðar vöfflur og hitað kaffi ofan í mannskapinn. Úr því verður dagskráin óformlegri, dundað við þrjónaskap, spjall og rökræður þar til veislumatur er á borð borinn og síðan setið fram eftir kvöldi við léttara spjall. Brugðið var út af venjunni og Alviðrúfundurinn haldinn í Félagslundi haustið 2010.<sup>752</sup>

---

<sup>749</sup> Sama heimild.

<sup>750</sup> Sama heimild, 53.

<sup>751</sup> Sama heimild, 55.

<sup>752</sup> Þórarinn Ingólfsson, „59. annarannáll“, haustönn, 2010.

#### 9.2.4 Leikhús og árshátíðir

Starfsmannafélagið stendur einnig fyrir leikhúsferðum 1-2 á hverju skólaári og öðru hverju var haldin vegleg árshátíð starfsmanna. Frá 2000 hefur árshátíð verið annað hvert ár, í utanlandsferðum starfsfólks. Félagið heldur utan um afmæli starfsmanna, sungið er fyrir afmælisbörn og á stórafmælum og öðrum merkum tímamótum gefur félagið starfsfólki veglegar gjafir.

#### 9.2.5 Alúðin – náms- og kynnisferðir á erlenda grund

Í kjölfar breytinga á kjarasamningum varð til það sem kallað er „vinna undir stjórn skólameistara“ og einnig svokölluð „alúð“. Skólameistarar gátu þá ráðstafað kennurum í ýmis önnur störf en kennslu og skólarnir fengu sérstaka fjárveitingu sem þeir gátu nýtt til að umbuna starfsmönnum sérstaklega, vegna frumkvæðis í starfi, þróunar kennslu og kennsluhátta eða fyrir að leggja sérstaka alúð í störf sín. Samstarfsnefnd skólayfirvalda og kennara ákvað, með samþykki starfsmanna, að skipta alúðinni með þeim hætti að nota peningana annað hvert ár til sameiginlegs verkefnis en hitt árið til að einstaklingsbundinnar umbunar.

Sameiginlega verkefnið hefur frá upphafi verið náms-, kynnis- og skemmtiferð til útlanda, þar sem skólinn greiðir stóran hluta kostnaðarins með „alúðinni“. Reyndar voru ferðalög starfsmanna með stuðningi skólans hafin fyrir daga alúðarinnar. Fyrst var farið norður í Skagafjörð 1996, meðal annars út í Drangey, og 1998 var haldið til Vestmannaeyja. Vorið 2000 var farið í fyrstu utanlandsferðina, til Englands, þar sem skoðaðir voru skólar í Oxford og London, vorið 2002 til Glasgow í Skotlandi og skoðaðir skólar í Arbroath og Perth. Vorið 2004 var haldið til Kaupmannahafnar og Gautaborgar, 2006 til Alsfeld í Þýskalandi, 2008 lá leiðin til Nova Scotia og víðar í Kanada og árið 2010 til Póllands.<sup>753</sup>

Á bilinu frá 60 til 100 manns, starfsmenn og makar þeirra, hafa tekið þátt í þessum ferðum og auk heimsóknna í framhaldsskóla hefur skapast sú hefð að halda árshátíð starfsmanna í þessum ferðum á erlendri grundu. Undirbúningur fyrir árshátíðina hefst nokkra áður en haldið er af stað að heiman. Starfsmannafélagið stendur fyrir því að skipta ferðafólkinu í nokkra hópa og þeir eru hver um sig ábyrgir fyrir uppákomu eða skemmtiatriði.

---

<sup>753</sup> Þórarinn Ingólfsson og Örlygur Karlsson, „Annarannálar aðstoðarskólameistara“, 1996-2010.

Minnisstætt er t.d. atriði á árhátíð í Gautaborg. Hannes Stefánsson, þýskukennari, hafði alveg gleymt að kalla sinn hóp saman til undirbúnings heima en kom svo öllum í opna skjöldu, ekki síst eigin hópmeðlimum, með því að flytja einn og óstuddur dúndrandi gott uppistand.

Á vorönn 2005 dreif starfsfólk skólans sig út á lóð, hreinsaði til og snyrti í anda vinnu undir stjórn skólameistara og skólinn bauð svo öllu vinnandi fólki í grill á eftir. Flestir tóku þátt í þessu með jákvæðum huga og „gáfu öllum starfslýsingum langt nef,“ með þeim árangri að aldrei hafði „verið jafn snyrtilegt við skólann,“ eins og aðstoðarskólameistari komst að orði við útskrift skömmu síðar.<sup>754</sup>

### 9.2.6 Föstudagar til fjörs

Síðustu annir hefur stjórn starfsmannafélagsins reynt að brydda upp á ýmsum nýjungum til að halda við hinum skemmtilega og lifandi anda sem ríkir innan stofnunarinnar. Sem dæmi má nefna að á vorönn 2011 stóð stjórnin fyrir uppákomum í morgunkaffinu alla föstudaga. Þá var mismunandi hópum starfsmanna falið að slá á léttu strengi, t.d. tungumálakennurum einn föstudaginn, starfsfólki á skrifstofuganginum annan, verknámskennurum, matráðum o.s.frv.<sup>755</sup> Heppnaðist þetta ljómandi vel að margra mati og hugmyndaflugið virtist óþrjótandi.

### 9.2.7 Kennarafélagið

Með sameiningu stéttarféлага kennara, KÍ og HÍK, fylgdi sú krafa að stofna kennarafélag í hverjum skóla. Kennarafélag F.Su. var formlega stofnað 22. maí 2000 og tók alfarið við upphaflegu hlutverki starfsmannafélagsins sem stéttarfélag. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu Jón Özur Snorrason, formaður, Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir, gjaldkeri og Elísabet Valtýsdóttir, ritari og sátu þau í stjórn til hausts 2004.<sup>756</sup> Samkvæmt lögum þess á félagið að vinna að hagsmunagæslu kennara F.Su. jafnt út á við, innan samtaka kennara, sem innan

---

<sup>754</sup> Örlygur Karlsson, „48. annarannáll“, vorönn, 2005.

<sup>755</sup> Þórarinn Ingólfsson, „60. annarannáll“, vorönn, 2011.

<sup>756</sup> „Dagskrá aðalfundar 8. október 2004“ (Kennarafélag F.Su.: Óprentað fundarboð, 2004).



skólans, auk þess að vinna að eflingu kennara- og skólastarfsins með fræðslu og menningarstarfsemi og samskiptum við aðra skóla og kennara.<sup>757</sup>

Frá stofnun hefur kennarafélagið staðið fyrir málstofu í kennslufræðum þar sem lögð er áhersla á að kennarar kynni starf sitt, viðfangsefni, kennsluhætti eða starfsemi einstakra deilda, í þeim tilgangi að skapa umræður um kennarastarfið og varpa ljósi á hefðir og nýjungar. Dæmi um slíkt eru málstofa opinin almenningi þar sem kennarar skólans fjölluðu um sín hugðarefni, t.d. þráðlist og þverfaglega kennslu í dönskum skólum, og opin málstofa þar sem sjúkraliðanemar gerðu grein fyrir lokaverkefnum sínum.<sup>758</sup>

Fleiri verkefni af svipuðum toga, í samvinnu kennarafélagsins, starfsmannafélagsins og skólayfirvalda má nefna. Farið var til Laugarvatns árið 2004 og tekið hús á kennurum ML til að efla bæði faglega vitund og félagslega.<sup>759</sup> Í sama tilgangi var haldið í Borgarfjörðinn árið 2009 og nýr menntaskóli í Borgarnesi heimsóttur. Haustið 2010 var upptákoman „Fagmennska og fjör“ haldin í Tryggvaskála á Selfossi. Meginmarkmið hennar var að efla faglega umræðu innan skólans. Flutt voru þrettán erindi með þátttöku sextán kennara um ýmislegt er lýtur að kennslu og kennsluháttum, þeir viðruðu nýjungar í kennslunni, héldu hugvekjur, lýstu vandamálum og tilraunum sínum til að leysa þau.<sup>760</sup>

Skömmu eftir stofnun félagsins haustið 2000 skall á verkfall framhaldsskólakennara og stóð fram í janúar 2001. Kennarafélagið opnaði verkfallsmiðstöðina „Fallið“ í Tryggvaskála á Selfossi, þar sem kennarar hittust og stöppuðu stálinu hverjir í aðra, drukku kaffi og borðuðu bakkelsi. Mikið var spjallað og jafnvel boðið upp á skemmtiatriði og upptákomur inn á milli.

Fjórum árum seinna, í október 2004, minntist formaður félagsins verkfallsins 2000-2001 í skýrslu sinni á aðalfundi og brýndi félagsmenn að halda vöku sinni í komandi samningaviðræðum, en kjarasamningur rann út 30. nóvember þá um haustið. Hann fór yfir viðræðuáætlun sem samningsaðilar höfðu skrifað undir þann 1. október og miðaði meðal annars að því að ljúka gerð kjarasamnings ekki seinna en 15. nóvember.

---

<sup>757</sup> „Kennarafélag“, Fjölbrotaskóli Suðurlands, sótt 25. júlí, 2011, [http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=63&Itemid=77](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=63&Itemid=77)

<sup>758</sup> Örlygur Karlsson, „42. annarannáll“, vorönn 2002.

<sup>759</sup> Jón Özur Snorrason, „Skýrsla formanns“ (Kennarafélag F.Su.: Óprentuð skýrsla, aðalfundur 8. október, 2004,).

<sup>760</sup> Þórarinn Ingólfsson, „59. annarannáll“, haustönn, 2010.

Einnig flutti hann á aðalfundinum skilaboð frá formanni Félags framhaldsskólakennara um mikilvægi félagsdeildanna og hlutverks þeirra sem umræðuvaka um þau mál sem hæst bæri hverju sinni í menntamálum þjóðarinnar, um fagmennsku kennara og kjaramál þeirra. Hann ræddi einnig um áherslur ráðherra menntamála, sem hefðu verið þrír frá verkfallinu fjórum árum fyrr, og dró fram fjögur meginatriði í því sambandi. Í fyrsta lagi upplýsingatækni í skólastarfi, í öðru lagi nýja námskrá, í þriðja lagi samræmd stúdentspróf í ensku, íslensku og stærðfræði og í fjórða lagi styttingu náms til stúdentsprófs í þrjú ár. Fram kom í máli formannsins um síðasta atriðið að þrír af hverjum fjórum kennurum hefðu verið andvígir þessari breytingu í síðustu viðhorfskönnun, en kennarasambandið tæki ekki beina afstöðu til málsins, heldur reyndi að hafa jákvæð og fagleg áhrif á umræðuna.<sup>761</sup>

Kennarafélagið hefur því sinnt vel skyldum sínum í kjarabaráttu og gagnvart faglegum, félagslegum og menningarlegum hagsmunamálum félagsmanna.

### 9.2.8 Ráðstefnur

Utanlandsferðirnar eru vitaskuld minnisstæðar og áberandi þáttur í félagslífi starfsmanna. En fleira hafa þeir fyrir stafni. Nokkrir kennarar hafa jafnan farið til London á mikla ráðstefnu og sýningu um upplýsingatækni, BETT - sýninguna. Þeir fara líka í aðra skóla til að kynna sitt starf, t.d. listnámsáfangana, Almenna braut og notkun upplýsingatækni í náttúruvísindaföngum. Kennarar F.Su. hafa einnig verið með erindi á UT-ráðstefnum sem haldnar hafa verið reglulega undanfarinn áratug og námsráðgjafarnir fara í flesta grunnskóla á Suðurlandi til að kynna skólann.<sup>762</sup>

### 9.2.9 Bridds

Einn er sá þáttur í félagslífinu sem hefur lifað allar götur með skólanum og er það briddsástríða nokkurra starfsmanna. Hver einasta laus stund er þá notuð til að spila nokkur spil og kveður svo rammt að þessu að sumir geta ekki á heilum sér tekið ef þeir komast ekki að við briddsborðið, sem er eitt og afskipt úti í horni Bollastaða, og þar vogar sér enginn að setjast sem ekki ætlar að spila. Er þá fremur soltið en gefa eftir sætið. Allt frá 1989 hafa

---

<sup>761</sup> Jón Özur Snorrason, „Skýrsla formanns“.

<sup>762</sup> Þórarinn Ingólfsson og Örlygur Karlsson, „annarannálar“, 1998-2011.

starfsmenn þessir att kappi við lið starfsmanna skrifstofu ÁTVR í Reykjavík, kallað Hyski Höskuldar eftir fyrrverandi forstjóra, en Hyskið hefur gefið andstæðingum sínum nafnið Tapsárir Flóamenn. Spilað er vor og haust um stóran og mikinn bikar, á haustin gjarnan í Landmannalaugum eða Hrafninnuskeri en vorkeppnin fer fram á Selfossi eða í Reykjavík.<sup>763</sup>

### 9.2.10 Séra Björn

Haustið 1997 stofnuðu kennararnir Björn Hafberg og Jón Özur Snorrason kaffihúsaklúbbinn Sr. Björn. Þótti þeim vera til menningarauka og upplýfingar andanum að kennarar og aðrir starfsmenn hittust utan vinnustaðarins og ræddu landsins gagn og nauðsynjar, menningu og listir, og hvað eina er þeim bjó í brjósti hverju sinni.<sup>764</sup> Fyrsta gleði sr. Björns var haldin 27. nóvember 2007 á Kaffi krús, í Núpi við Austurveg 7 á Selfossi, og þar hélt hann til allar götur síðan, með örfáum undantekningum. Á 4. gleði, 18. desember 1997, var farið að halda gestabók og skrifuðu þá 18 manns nöfn sín í bókina. Ávallt var hittst á fimmtudagskvöldum, eftir sjónvarpsfréttir, og hefð skapaðist fyrir því að festa á blað hugleiðingar, jafnvel vísur og kvæði, í gestabókina og kennir þar margra grasa. Bókin var geymd á kaffihúsinu og var hægt að ganga að henni þar. Þó aðeins einn safnaðarmeðlimur mætti skrifaði hann eitthvað, eins og t.d. Hafliði heitin Magnússon rithöfundur gerði 20. nóvember 2003 og vitnaði: „Kom hér hálf tíu og sat smá tíma yfir bjór, enginn mætti á þeim tíma, svo að ég yfirgaf staðinn og fór heim“.<sup>765</sup> Þessi færsla varð innblástur fyrir vísu viku seinna:

Voru uppi áform stór,  
í augunum lifði von.  
Hér sat yfir hálfum bjór,  
Hafliði Magnússon.  
G.P.<sup>766</sup>

Stundum varð þó algert messufall, eins og jafnvel gerist í formlegri söfnuðum.

Sr. Björn átti það til að bregða sér út fyrir landsteinana og messa á erlendri grundu. Fyrsta messa í Oxford var haldin á Rosie O'Grady á Park End Street þar í bæ 25. maí árið 2000 og

---

<sup>763</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 57.

<sup>764</sup> Jón Özur Snorrason, samtal við höfund, 22. ágúst, 2011.

<sup>765</sup> „Gestabók Sr. Björns“ (Sr. Björn, kaffihúsaklúbbur: Óprentuð gögn).

<sup>766</sup> Sama heimild.

hátíðarfundur, þar sem 61 safnaðarmeðlimur skrifar í bókina, var haldinn á Hvids Vinstue í Kaupmannahöfn 25. maí 2005, svo dæmi séu tekin. Fundurinn á Hvids er síðasta færslan í „gömlu gestabókina“.<sup>767</sup>

Nokkuð þétt var fundað fram eftir hausti 2005 en úr því fór að lengjast milli funda og þynnast hópurnir. Síðustu þrjár færslurnar eru á þriðja degi jóla 2006, 11. september 2009 og lokafærslan í Póllandsferð starfsfólks, á árhátíð í Krakow 28. maí 2010.<sup>768</sup>

Fljótlega eftir stofun sr. Björns fóru honum að berast póstkort og kveðjur frá safnaðarmeðlimum á ferðalögum þeirra í útlöndum. Þessi kort hafa öll verið plöstuð og eru varðveitt í tveimur möppum. Sendingarnar koma alls staðar að úr heiminum, frá ólíklegustu stöðum.<sup>769</sup>

Sr. Björn var kærkomin viðbót við hefðbundnar uppákomur í félagslífi starfsmanna Fjölbrautaskólans. Það sýna ótvírætt vikulegar, fjölmennar samkomur í tæpan áratug. Nú er Sr. Björn að vísu í ótímabundnu leyfi en það er aldrei að vita hvenær hann byrjar aftur.

### 9.2.11 Abbalabbar

Starfsfólk skólans hefur ekki látið skólaárið nægja til félagsstarfs. Sumarið 2001 fór hópur starfsfólks fyrst saman í göngu og hefur þetta orðið að fastri, árlegri hefð síðan. Upphafið má rekja til þess að tveir starfsmenn skólans, Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður bókasafnsins, og Valgerður Sævarsdóttir, fyrrverandi starfsmaður þar með Elínu, ákváðu að ganga „Laugavegin“.<sup>770</sup> Þær höfðu heyrt af því að þátttakendur í gönguhópum á vegum ferðafélaga gætu lent í því að gista kojur við hlið ókunnugra og leist þeim stöllum ekki allskostar á það. Til að fyrirbyggja að þær lentu í þessum aðstæðum hengdu þær upp lista í skólanum þar sem samstarfsfólk var hvatt sitt til að skrifa nafn sitt ef það hefði áhuga á því að slást í för með þeim. Úr varð að rúmlega 20 manna hópur gekk saman Laugavegin þetta sumar og fékk í ferðinni nafnið „Abbalabbar“.<sup>770</sup> Þátttaka hefur jafnan verið góð, nokkrir tugir verandi og fyrrverandi starfsmanna, maka þeirra og jafnvel afkomenda hafa gengið um landið þvert og endilangt hvert sumar síðan. Þetta hafa verið mislangar ferðir, allt frá helgarferðum upp í vikulangar, erfiðar fjallgöngur. Auk Laugavegarins hefur verið farið í lengri göngur um Vestfirði,

---

<sup>767</sup> Sama heimild.

<sup>768</sup> *Gestabók Sr. Björns 2. hluti.* (Sr. Björn, kaffihúsaklúbbur: Óprentuð gögn).

<sup>769</sup> *Kortabækur Séra Björns,* (Sr. Björn, kaffihúsaklúbbur: Óprentuð gögn).

<sup>770</sup> Björgvin E. Björgvinsson, tölvupóstur til höfundar, 4. september, 2011.

Hornstrandir, Hellismannaleið og Strútsstíg, á Víknaslóð, Sveinstind og Lónsöræfi. Sem dæmi um styttri ferðir, þar sem gist er á sama stað en farið í dagsgöngur út frá bælistöðvum, má nefna ferðir í Kerlingarfjöll, Skaftafell og Mývatnssveit.<sup>771</sup> Abbalabbar eru, eins og sr. Björn, dæmi um algerlega óformlegan félagsskap, utan við skipulag starfsmanna- og kennarafélaga.

### 9.2.12 Listsýningar

Til að lífga upp á gráma hversdagsins hafa verið, allt frá 1988, sýningar á Bollastöðum og víðar í skólanum. Fyrstu fimm árin voru til sýnis tréskurðarverk eftir Halldór Einarsson frá Brandshúsum, með góðfúslegu leyfi forstöðumanna Byggða- og listasafns Árnesinga, þeirra Hildar Hákonardóttur og síðar Lýðs Pálssonar. Haustið 1993 voru verkin flutt aftur til síns heima en í staðinn setti Lýður upp nýja sýningu á Bollastöðum, litfögur verk Sigurðar Einarssonar frá Helli og á skrifstofu skólans greiddi hár sitt fögur stúlka eftir Gunnlaug Blöndal.<sup>772</sup> Fjöldamargar sýningar hafa verið settar upp síðan, mest fyrir frumkvæði Elísabetar Helgu Harðardóttur myndlistarkennara, og kennt hefur margra grasa. Jafnt hefur verið til sýnis myndlist, leirlist, þráðlist og hönnun, bæði nemenda, starfsmanna og annarra, en einnig ljósmyndir, fatnaður, munir og fleira úr geymslum og skápum starfsmanna. Hefur þetta ekki aðeins verið talið hafa listrænt gildi heldur ekki síður praktískt, því býsna hávaðasamt getur orðið á Bollastöðum í kaffi- og matartímum og því er trúað að veggjaskraut deyfi bergmálið.

### 9.2.13 Í vikulokin

Á föstudögum hefur skólinn boðið upp á meðlæti með kaffinu að lokinni vinnuviku. Stundum hafa matreiðslukennararnir, fyrst Guðrún Gígja Ingvarsdóttir en síðar Margrét Stefánsdóttir og Kristín Stefánsdóttir, jafnvel komið með góðgæti frá nemendum úr kennslueldhúsinu. Kennararnir eru því taldir sértstaklega léttir í spori og skapi á föstudögum og staðfesti fréttastjóri veffrétta, Gísli Skúlason, það með þessari limru:

---

<sup>771</sup> „Heimasíða Abbalabba“, Abbalabbar, gönguklúbbur núverandi og fyrrverandi starfsmanna Fjölbrautaskóla Suðurlands, sótt 4. september, 2011. <http://www.fsu.is/~hbm/abbalabbar/>

<sup>772</sup> Örlygur Karlsson, „25. annarannáll“, haustönn, 1993.

Ég uppgötva indælan þef.  
Mig allan í kennslu þó gef.  
Er sígur í helgi  
út sarpinn ég belgi  
af kökum frá Kristínu Stef.<sup>773</sup>

### 9.3 Nafnahefðir

Eitt skemmtilegasta einkennið á skólanum er sú hefð að nefna hús og vistarverur innan þeirra eftir stöðum og bæjum á Suðurlandi. Á hlaupabrautinni í upphafi var kennt í húsum sem þegar áttu langa sögu og sín gömlu nöfn. Nægir þar að nefna Tryggvaskála og Brunabót, eftir fyrirtæki sem þar var til húsa. Nýja verknámshúsið var í upphafi aðeins kallað því nafni og það gamla einfaldlega kallað Gamli iðnskólinn til aðgreiningar. Þegar bóknámshúsið og aðalbygging skólans reis varð ofan á að kalla það Odda, bæði með vísun í útlit hússins og skólasögu héraðsins, Odda á Rangárvöllum. Einnig var ákveðið, mest fyrir tilstilli Þórs Vigfússonar skólameistara, að finna vistarverum táknræn nöfn sem ættu sér helst líka fyrirmyndir á skólasvæðinu. Þannig varð það augljóst að kaffistofa starfsfólks gæti ekki heitið neitt annað en Bollastaðir eftir bæ í Hraungerðishreppi og vinnuherbergi kennara Andrésfjós eftir bæ á Skeiðum, vegna básanna sem þar myndast af skilrúmum milli skrifborða. Skrifstofan fékk skiljanlega nafnið Vælugerði<sup>774</sup> eftir bæ í Villingaholtshreppi og herbergi inn af Andrésfjósum, sem upphaflega var ætlað til fundahalda, heitir Ráðagerði. Í þessum anda fékk verknámshúsið nafnið Hamar, lausar kennslustofur á lóðinni hétu Suðurkot, Norðurkot, Hallandi, Halakot og Oddhóll og íþróttahúsið var löngu seinna nefnt lða, bæði með skírskotun í það sem fram fer þar innan dyra og sögufrægan bæ í Biskupstungum. Innanhúss í Odda bættust við vistarverur þegar húsið stækkaði. Á 2. hæð er í vesturendanum vinnuherbergi sem heitir Útverk eftir bæ á Skeiðum, annað þar inn af sem er kallað Hurðarbak, en stundum í gamni manna í milli Brussusel, eftir kennurum sem þar hafa aðstöðu fremur en að um raunverulegt bæjarnafn sé að ræða. Þar inn af er lítið fundarherbergi sem kallað er Þingdalur, eftir bæ í Villingaholtshreppi. Fjölrítunarherbergið heitir Skúlaskeið, reyndar eftir Skúla B. Ágústssyni rafiðngreinakennara og fjölfaldara skólans<sup>775</sup>

---

<sup>773</sup> Þórarinn Ingólfsson, „58. annarannáll“, vorönn, 2010.

<sup>774</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 54.

<sup>775</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 99-100.

sem þar réði ríkjum, og fjölritarinn er í samræmi við það kallaður Sörli. Samkomusal skólans má skipta í tvennt og heitir þá annar hlutinn Vorsabær en hinn hlutinn, þar sem skólakórinn hafði aðstöðu til æfinga, Gaulverjabær. Hið opna miðrymi skólans heitir svo Loftsalir og gryfjur þar kallast Leynir, eftir bæ í Laugardal og Laut, sömuleiðis eftir sunnlenskum bæ.

#### 9.4 Menning og listir

Eins og rakið hefur verið standa nemendur og starfsfólk skólans fyrir fjölbreyttri menningar og listadagskrá innan veggja skólans. En það koma líka margir listamenn og skemmtikraftar í heimsókn í skólann. Þegar hefur verið minnst á slíkar heimsóknir í tengslum við félagslíf nemenda, kvöldvökur, leiksýningar og söngleiki, og í fundakassanum komu líka stundum utanaðkomandi listamenn og tróðu upp.

Fleiri heimsóknum listamanna og menningarviðburðum er ástæða til að halda til haga. Í upphafi 10. áratugarins heimsótti t.d. Jónas Ingimundarson skólann og heillaði nemendur upp úr skónum með góðri píanótónlist og skemmtilegum skýringum á henni. Á sama tíma komu Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Ívar Símonarson gítarleikari og léku fyrir nemendur og sömuleiðis Kór Menntaskólans við Hamrahlíð.<sup>776</sup> Nokkrum árum seinna spilaði Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Sigrúnu Eðvaldsdóttur í skólanum og einnig þeir Símon Kuran og Reynir Jónasson.<sup>777</sup> Jónas Ingimundarson kom reyndar oft í heimsókn á þessum árum og tók með sér aðra magnaða listamenn, meðal annars Kristin Sigmundsson óperusöngvara,<sup>778</sup> Blásarakvintett Reykjavíkur og Diddú.<sup>779</sup> Um tíma var samstarfið við Jónas formgert undir verkefninu „Tónlist fyrir alla“.<sup>780</sup>

Eitt vorið söng skólakórinn með Sinfóníuhljómsveitinni og heimakonan Kristjana Stefánsdóttir söng við það tækifæri einsöng.<sup>781</sup> Í janúar 2004 hélt kammersveit frá Vínborg, Austrian Double Reed Quartet, tónleika á sal skólans og fleiri viðburði mætti nefna.

Á tíu ára afmæli skólans haustið 1991 voru settar upp tvær ljósmyndasýningar í skólanum. Önnur á vegum skólans og tengdist beint afmælinu en hin frá vinabæ Selfoss,

<sup>776</sup> Örlygur Karlsson, „20. annarannáll“, vorönn, 1991.

<sup>777</sup> Sama heimild, „26. annarannáll“, vorönn, 1994.

<sup>778</sup> Sama heimild, „27. annarannáll“, haustönn, 1994.

<sup>779</sup> Sama heimild, „23. annarannáll“, haustönn, 1992.

<sup>780</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar, 28. ágúst, 2011.

<sup>781</sup> Sama heimild, „28. annarannáll“, vorönn, 1995.

Asiaat á vesturströnd Grænlands.<sup>782</sup> Aðaldagskrá vegna dags íslenskrar tungu 16. nóvember 1999<sup>783</sup> var haldin á sal skólans að viðstöddum menntamálaráðherra og skipulögðu íslenskukennarar skólans hátíðardagskrána í samstarfi við nemendur sína, sem sáu um ljóða- og tónlistarflutning. Á haustönn 2005 var skólastarfið brotið upp á „degi borgaravitundar og lýðræðis“ 12. október. Spilað var sérhannað lýðræðisspil í eina kennslustund og haldinn stjórn málafundur þar sem tóku þátt nokkrir stjórn málamenn.<sup>784</sup>

Fleiri góðir gestir hafa komið í skólann. Bæði Vigdís Finnbogadóttir og Ólafur Ragnar Grímsson, forsetar Íslands, hafa heimsótt skólann. Til dæmis kom Ólafur Ragnar einu sinni með Þjóðhöfðingja eins baltnesku landanna og á meðan skólameistari las eitthvað yfir þeim á samkomu á sal skólans voru lífverðir þess baltneska á nálum yfir fjölmörgum skólatöskum og bakpokunum sem lágu á dreif um alla ganga.<sup>785</sup> Ólafur kom aftur í tilefni af söfnuninni „Göngum til góðs“ á vegum Rauða krossins haustið 2008 en þar ræddi forsetinn góða stund við nemendur um gildin að baki söfnuninni og tóku nemendur einstaklega vel á móti honum og þeim boðskap sem hann hafði fram að færa. Þá um haustið komu einnig konur frá Stígamótum og héldu fjölsóttu kynningu á starfi samtakanna.<sup>786</sup>

Leikarar frá Þjóðleikhúsinu halda öðru hverju út á akurinn og sýna verk sín. Haustið 2006 héldu þeir t.d. tvær sýningar í skólanum á verkinu Patrekur 1,5 við mikla hrifningu og tveimur árum seinna fluttu þeir verkið Sá ljóti.

Í gegnum tíðina hafa skólanum borist góðar gjafir af ýmsu tagi. Félag rafiðnaðarmanna gaf t.d. rafiðnaðardeildinni bilanahermi haustið 2008. Ólafur Th. Ólafsson, fyrrum kennari skólans gaf honum málverk og Kvenfélag Selfoss styrkti starfsbrautina til kaupa á forriti til kennslu fatlaðra barna.<sup>787</sup> Að lokum má geta tveggja örbylgjuofna sem nýlega stofnað foreldrafélag skólans gaf skólanum í nemendamötuneytið í samstarfi við BYKO,<sup>788</sup> sturtubekkkjar sem ýmis samtök á Suðurlandi gáfu skólanum til nota fyrir mikið fatlaða nemendur og nýjasta gjöfin er merkilegt myndverk frá Hildi Jónsdóttur.

---

<sup>782</sup> Sama heimild, „21. annarannáll“, haustönn, 1991.

<sup>783</sup> „Fundargerð 104. fundar skólanefndar“, 30. september, 1999.

<sup>784</sup> Þórarinn Ingólfsson, „49. annarannáll“, haustönn, 2005.

<sup>785</sup> Sigurður Sigursveinsson, tölvupóstur til höfundar, 28. ágúst, 2011.

<sup>786</sup> Þórarinn Ingólfsson, „55. annarannáll“, haustönn, 2008.

<sup>787</sup> Þórarinn Ingólfsson, „51., 55. og 57. annarannáll“, 2006-2009.

<sup>788</sup> „Fundargerð 157. fundar skólanefndar“, 3. febrúar, 2011.



## 9.5 Hollvarðasamtök F.Su.

Hollvarðasamtök Fjölbrautaskóla Suðurlands voru stofnuð á sumardaginn fyrsta, 25. apríl árið 2002.<sup>789</sup> Frumkvæði að stofnun samtakanna kom frá stjórnendum skólans en þeir Örlygur Karlsson og Þór Vigfússon komu að máli við Hjört Þórarinsson og leituðu eftir því við hann að koma aftur að málefnum skólans og taka þátt í því að byggja upp bakland fyrir skólann.<sup>790</sup> Hjörtur setti á blað drög til umræðu í undirbúningshópi, dagsett 16. október 2001 og fundur var haldinn þann 27. október. Hann sátu Hjörtur, Anna S. Árnadóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson og Gunnar Bragi Þorsteinsson, atvinnurekandi á Selfossi og fyrrum nemandi F.Su. Þessir aðilar funduðu nokkrum sinnum fram á vor og undirbjuggu stofnfundinn, sömdu drög að lögum, kynningarbréfum til fyrirtækja og einstaklinga og gerðu annað það sem nauðsynlegt var til undirbúnings. Suma þessara funda sat einnig Sigurður Sigursveinsson skólameistari, en Ásmundur Sverrir dró sig út úr nefndinni vegna framboðs síns til bæjarstjórnar Árborgar þá um vorið.<sup>791</sup> Fyrsta stjórn samtakanna var skipuð þeim Hirti Þórarinssyni formanni, Önnu S. Árnadóttur gjaldkera, Sigurði Eyþórssyni ritara og meðstjórnendum Valgerði Sævarsdóttur fulltrúa starfsmanna og Má Ingólfi Mássyni fulltrúa nemenda.<sup>792</sup> Árið 2004 kom Nanna Þorlákssdóttir inn í stjórnina í staðinn fyrir Valgerði og þannig hefur stjórnin verið skipuð síðan, utan þess að eðli málsins samkvæmt verða reglulega skipti á fulltrúa nemanda í stjórninni.<sup>793</sup>

Markmið samtakanna er „að auka tengsl Fjölbrautaskóla Suðurlands við fyrrum nemendur sína og aðra þá sem bera hag skólans fyrir brjósti, hins vegar að styrkja og efla skólann eftir fremsta megni, fjárhagslega eða á annan hátt“.<sup>794</sup> Samkvæmt félagatali sem tekið var saman í desember 2002 voru 246 einstaklingar á skrá og 68 fyrirtæki, alls 314

---

<sup>789</sup> Örlygur Karlsson, „42. annarannáll“, vorönn 2002.

<sup>790</sup> Hjörtur Þórarinsson, *viðtal við höfund*, 22. júní, 2011.

<sup>791</sup> „Hollvarðasamtök F.Su.“ (Hollvarðasamtök Fjölbrautaskóla Suðurlands: Óprentuð minnisblöð, 2002-2011).

<sup>792</sup> „Fréttabréf nr. 1“, Hollvarðasamtök Fjölbrautaskóla Suðurlands, apríl 2003, sótt 23. júní, 2011.  
[http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com\\_content&view=article&id=8&Itemid=13](http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com_content&view=article&id=8&Itemid=13)

<sup>793</sup> „Hollvarðasamtök F.Su.“, óprentuð minnisblöð.

<sup>794</sup> „Lög Hollvarðasamtaka Fjölbrautaskóla Suðurlands“, 2. gr., Hollvarðasamtök Fjölbrautaskóla Suðurlands, sótt 23. júní, 2011.  
[http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com\\_content&view=article&id=19&Itemid=29](http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com_content&view=article&id=19&Itemid=29)

aðilar. Þar af var 91 aðili utan starfssvæðis skólans.<sup>795</sup> Í september 2010 voru 334 einstaklingar og 40 lögaðilar í samtökunum, alls 374.<sup>796</sup>

Helsta verkefni hollvarðanna hefur frá upphafi verið að veita styrki til þeirra útskriftarnemenda sem ná bestum námsárangri hverju sinni. Alls hafa samtökin styrkt með þessum hætti 32 nemendur við 19 útskriftarathafnir að upphæð samtals 1.470.000 krónur. Í þeim hópi eru meðal annars þrjú systkin, þau Sigríður Erla, Guðrún Nína og Guðjón Reykdal Óskarsbörn, og tvær systur, Dóróthea Höeg og Helga Höeg Sigurðardætur.<sup>797</sup>

Aðrir styrkir sem samtökin hafa veitt eru kr. 100.000 til bókasafns skólans og sama upphæð til skólakórsins á 20 ára afmæli hans 2003. Þá hafa verið veittir styrkir til námsbókakaupa<sup>798</sup> og samtökin beittu sér fyrir því að smíðaður var glæsilegur ræðustóll fyrir skólann í tilefni 25 ára afmælis hans. Fyrirverandi nemendur í meistaraskóla F.Su., eigendur Trésmíðaverkstæðisins Selós ehf. á Selfossi, smíðuðu og gáfu Hollvarðasamtökunum stólinn og Bogi Karlsson úrsmíður gaf á hann plötur og áletranir.<sup>799</sup> Er stóllinn glæsilegur og allur hinn vandaðasti og sómir sér vel við útskriftir, fundi og aðrar samkomur í skólanum.

Fleira mætti nefna úr starfi hollvarða en hér verður látið staðar numið. Fullyrða má að samtökin séu orðin það mikilvæga bakland sem upphaflega stóð til, og lýsandi dæmi um þá velvild sem skólinn nýtur í sunnlensku samfélagi. Þau hlaupa í skarðið þar sem þau sjá þörf á og standa tryggja „varðstöðu um skólann.“<sup>800</sup>

## 9.6 Ýmislegt fleira fróðlegt úr skólalífinu

Margt ber við í starfi svo stórrar stofnunar sem hér um ræðir, og tekur yfir jafn stórt áhrifasvæði og raun ber vitni. Ferðalög eru því allnokkur, og ekki bara nemendur sem þurfa að komast á milli staða. Í byrjun árs 1989 var samþykkt vegna þessa að greiða kennurum sem sækja vinnu um lengri veg en 15 km aksturspeninga, ef ekki væri kostur á rútufari.<sup>801</sup> Tveimur

---

<sup>795</sup> „Hollvarðasamtök F.Su.“, óprentuð minnisblöð.

<sup>796</sup> „Fundargerð aðalfundar 2011“, Hollvarðasamtök Fjölbrautaskóla Suðurlands, sótt 23. júní, 2011. [http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com\\_content&view=article&id=65&Itemid=82](http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com_content&view=article&id=65&Itemid=82)

<sup>797</sup> „Hollvarðasamtök F.Su.“, óprentuð minnisblöð.

<sup>798</sup> Sama heimild.

<sup>799</sup> Sama heimild.

<sup>800</sup> Hjörtur Þórarinnsson, *viðtal*, 2011.

<sup>801</sup> „Fundargerð 54. fundar skólanefndar, 13. janúar, 1989.

árum seinna var aksturskostnaður aftur til umræðu, nú skólanefndarmanns. Launadeild fjármálaráðuneytisins neitaði að greiða kostnaðinn „á þeim forsendum að það næði ekki nokkurri átt að hafa mann í skólanefnd sem byggi svona langt í burtu“. Um var að ræða séra Sigurjón Einarsson á Kirkjubæjarklaustri, fulltrúa Skaftfellinga í nefndinni, og Hjörtur Þórarinnsson, formaður skólanefndar og kunnur hagræðingur, orti af þessu tilefni:

Ráðuneyti reynist tjón  
ef ráðslag þetta gengur  
að láta séra Sigurjón  
sitja öllu lengur.<sup>802</sup>

### 9.6.1 Kennaraverkföll

Mörg verkföll kennara hafa sett mark sitt á skólastarfið, þar af hvorki fleiri né færri en þrjú á 9. áratug 20. aldar, auk útgöngu kennara 1985. Það fyrsta stóð frá 11. til 25. október 1984, árið 1987 stóð verkfall frá 16. til 30. mars og það þriðja hófst 6. apríl 1989 og stóð til 18. maí.<sup>803</sup> Skólanefnd gerði þá áætlun um að kenna í 4-5 daga þá um vorið og útskrifa 17. júní, ef verkfallið leystist fljótt en ljúka önninni að öðrum kosti um haustið.<sup>804</sup> Ekki rættust vonir um allsherjarútskrift á þjóðhátíðardaginn, heldur var kennt fjögur kvöld frá 28. ágúst og prófað frá 2. september. Þó höfðu 43 nemendur verið brautskráðir 17. júní, þar af einungis 8 stúdentar sem, nýlentir úr ferðalagi, „voru of þreyttir eftir flugið og vinnudeilurnar“.<sup>805</sup> Alls 227 nemendur innrituðust í vorannarpróf um haustið og 17 að auki birtust í prófunum. 193 þreyttu prófin, þar af 10 öldungar. Sumir tóku bara próf í einum áfanga en mest í sex áföngum. 51 nemandi mætti ekki til prófs. Árangur var misjafn, eins og við var að búast, og ómögulegt að gera samanburð á milli anna enda engin fordæmi fyrir slíkum haustprófum áður. Af 433 prófúrlausnum reyndust 319 fullnægjandi. Meðal þeirra sem lauk prófum á þessari önn var Þór Vigfússon, skólameistari, sem lauk sveinsprófi í trésmíði.<sup>806</sup>

---

<sup>802</sup> Sama heimild, „67. fundur“, 4. maí, 1991.

<sup>803</sup> Oddur S. Jakobsson, „Verkföll íslenskra kennara: Fjárhagsleg áhrif á þjóðfélagshópa,“ (MS ritgerð í hagfræði, Háskóli Íslands, Hagfræðideild, 2010), 23.

<sup>804</sup> „Fundargerð 56. fundar skólanefndar“, 16. maí, 1989.

<sup>805</sup> Örlygur Karlsson, „16. annarannáll“, vorönn, 1989.

<sup>806</sup> Sama heimild.

Enn fór skólstarfið úr skorðum vegna verkfalls sem stóð frá 17. febrúar til 28. mars á vorönn 1995.<sup>807</sup> Það hafði slæm áhrif, þó boðið væri upp á næstum fulla kennslu að verkfalli loknu. Margir nemendur misstu áhugann, enda verkfallið langt og biðin erfið. Óvíst var einnig talið að friður myndi ríkja í skólunum í framtíðinni, því kennarar voru ekki ánægðir með samningana. Í upphafi annarinnar voru 614 nemendur skráðir í dagskólann og 111 þeirra hættu, langflestir í verkfallinu, en venjulega hætta um 20 nemendur. Í öldungadeild og meistaraskóla voru innritaðir í upphafi 73 nemendur en voru eftir verkfall 38 og á Litla-Hrauni hafði rúmlega helmingur helst úr lestinni þegar kennsla hófst að nýju eftir verkfall. Vegna verkfallsins voru engir Kátir dagar þessa önn.<sup>808</sup>

Fimmta verkfallið skall á þann 7. nóvember 2000 og fór þá 51 starfsmaður í verkfall. Einn kennari sendi inn uppsagnarbréf og skólanefnd lýsti daginn áður en verkfallið hófst yfir „þungum áhyggjum af yfirvofandi verkfalli kennara og vonast til að aðilar máls nái sáttum áður en til verkfalls kemur.“<sup>809</sup> En verkfallið hófst og stóð í tvo mánuði, til 7. janúar 2001, og þá var allt sett á fullt, kennt í tvær vikur, prófað og einkunnir afhentar 31. janúar. Námsárangur var heldur lakari en áður og brottfall heldur meira, en önnin bjargaðist fyrir horn. Samningarnir virtust betri en menn áttu áður að venjast, jafnvel að dagvinnulaun nálguðust að verða mannsæmandi.<sup>810</sup> Kannski má hafa það til viðmiðunar að á tímabilinu 1984-2000 fóru framhaldsskólakennarar fimm sinnum í verkföll til að reyna að knýja á um bætt kjör en frá aldamótum hefur ríkt þokkalegur friður á þeim vinnumarkaði.

Verkfallið haustið 2000 hafði vitaskuld einnig áhrif á vorönnina 2001 með því að klípa framan af henni heilan mánuð, reynt var að „halda í horfinu, allir voru í tímaþröng og þreyta sótti á er leið á önnina. Flóafár var fellt niður og eins fór fyrir Kátum dögum.“<sup>811</sup> Björgvin E. Björgvinsson íslenskukennari lýsti önninni svona:

---

<sup>807</sup> Oddur S. Jakobsson, „Verkföll íslenskra kennara“, 23.

<sup>808</sup> Örlygur Karlsson, „28. annarannáll“, vorönn, 1995.

<sup>809</sup> „Fundargerð 107. fundar skólanefndar“, 6. nóvember, 2000.

<sup>810</sup> Örlygur Karlsson, „39. annarannáll“, haustönn, 2000.

<sup>811</sup> Örlygur Karlsson, „40. annarannáll“, vorönn, 2001.

Í senn var hún login og sönn.  
Og svo var hún digur og grönn.  
Hún var bútur og svarf  
sem birtist og hvarf.  
Hmm?! Þetta var undarleg önn.<sup>812</sup>

### 9.6.2 Afmælishald

Skólanefnd ákvað að halda upp á 10 ára afmæli skólans 16. nóvember 1991. Skipuð var afmælisnefnd sem undirbjó hátíðarhöldin af kostgæfni. Einn af hápunktum afmælisins var afhending málverks af Bjarna Pálssyni, fyrrum skólastjóra iðnskólans, sem samtök iðnaðarins gáfu skólanum,<sup>813</sup> en Margrét Helgadóttir, ekkja Bjarna, afhenti gjöfina ásamt Ármanni Ægi Magnússyni, fulltrúa gefenda.<sup>814</sup>

Fyrir 15 ára afmælið var ákveðið að taka saman sögu skólans og ráðnir til verksins deildarstjórar íslenskudeildarinnar, þeir Gísli Skúlason og Ásmundur Sverrir Pálsson. Þeir afhentu ráðherra fyrsta eintakið af sögu skólans fyrsta áratuginn, *Skólaskýrslu 1981-1991*, á vígsludegi bókasafnsins 24. febrúar 1996. Opið hús var þennan dag og starfsemi skólans, dagskóla, kvöldskóla og Farskóla Suðurlands, kynnt gestum og gangandi.<sup>815</sup>

Á tuttugu ára afmæli skólans var haldið „opið hús“ á laugardegi. Starfsfólk lagði mikla vinnu í að útbúa kynningarefni, kennararnir hverjir fyrir sína námsgrein í kennslustofum og í miðrýminu og í samkomusalnum var búið að setja upp sýningar, bæði á veggspjöldum og með margmiðlunartækni. Fjöldi fólks lagði leið sína í skólann og dagurinn var allur hinn hátíðlegasti. Við hæfi þótti að skólinn, sem var þá orðinn þróunarskóli í upplýsingatækni, væri jafngamall og einkatölvan, PC-tölvan.<sup>816</sup>

Fyrir 25 ára afmælið stóð til að halda áfram sögurituninni, sem þeir Ásmundur og Gísli höfðu hafið, og í desember 2003 voru Gísli og Björgvin E. Björgvinsson ráðnir ritstjórar Skólaskýrslu F.Su. 1991-2006.<sup>817</sup> Ekkert varð þó úr skýrslugerðinni en haldið upp á afmælið með pomp og prakt á opinberum afmælisdegi skólans, 13. september. Dagurinn gekk þannig

---

<sup>812</sup> Sama.

<sup>813</sup> „Fundargerð 69. fundar skólanefndar“, 8. nóvember, 1991.

<sup>814</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 18.

<sup>815</sup> Örlygur Karlsson, „30. annarannáll“, haustönn, 1996.

<sup>816</sup> Sama heimild, „40. annarannáll“, vorönn, 2001.

<sup>817</sup> „Fundargerð 121. fundar skólanefndar“, 10. desember, 2003.

fyrir sig að kennt var samkvæmt stundaskrá en kennslustundir voru stytta og heimatilbúin skemmtiatriði flutt í miðrymi þess í milli. Í lok dagsins var öllum boðið í afmælisveislu og almennt var samhljómur um að vel hefði til tekist.<sup>818</sup>

Ákveðið hefur verið að halda veglega upp á þrítugsafmælið þann 13. september 2011. Í tengslum við sjálfsmatsfundi skólaárið 2010-2011 var leitað eftir vilja og hugmyndum starfsmanna að dagskrá og í framhaldinu skipuð afmælisnefnd sem hefur lagt fram tillögur að dagskrá afmælisdagsins. Þá var samþykkt samstarf við einn kennara skólans, Gylfa Þorkelsson, sem var að hefja ritun meistaraþrófsritgerðar sinnar í opinberri stjórnslu við Háskóla Íslands, að hann nýtti tilefnið og fjallaði í ritgerð sinni um þrjátíu ára sögu skólans.<sup>819</sup> Í ritnefnd með honum eru Örlygur Karlsson skólameistari og Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands, og fyrrum skólameistari.

### 9.6.3 Fjármál

Umræða í skólanefnd og innan yfirstjórnar skólans hefur alla tíð einnennst af stöðugum áhyggjum af fjárhagsstöðunni. Sérstaklega er þetta áberandi á árunum eftir 1990. Haustið 1991 velti skólanefnd fyrir sér hvað eigi til bragðs að taka „ef leiðréttingar fást ekki gerðar á fjárlagafrumvarpi fyrir 1992 og ef skólagjöld verði sett á nemendur“<sup>820</sup> og taldi fárra annarra úrkosta auðið en að takmarka inntöku nemenda í skólann. Nemendafjöldinn óx hratt og erfitt var að gera áætlanir. Hallinn vorið 1992 var 3,5 milljónir og talið að 11 milljónir vantaði til að mæta nemendafjöldaaukningunni, því 747 höfðu innritast en ekki um 650 eins og gert hafði verið ráð fyrir.<sup>821</sup> Aðstoðarskólameistari ræddi hispurslaust um niðurskurðinn við brautskráningu þetta vor:

Eitt af því sem mest hefur einkennt þessa önn er niðurskurður á fjármagni til skólans eins og reyndar til allra ríkisstofnana. Mikill tími hefur farið í niðurskurðarheilabrot, a.m.k. hjá sumum starfsmönnum þessa skóla -og víðar í kerfinu- og reynt hefur verið að finna leiðir til sparnaðar án þess þó að skaða kennsluna og námið. Hægt er að bera saman ótal tölur en samanburður á kennslumagni í dagskóla, öldungadeild, Litla-Hrauni og meistaraskóla þessa vorönn og þá síðustu

<sup>818</sup> Þórarinn Ingólfsson, „51. annarannáll“, haustönn, 2006.

<sup>819</sup> „Fundargerð 158. fundar skólanefndar, 17. mars, 2011.

<sup>820</sup> Sama heimild, „69. fundur“, 8. nóvember, 1991.

<sup>821</sup> Sama heimild, „74. fundur“, 24. júní, 1992.

segir okkur að 2,9 kennarastöður eru nú burtu skornar. Skólameistara vorum reiknaðist að farið væri fram á 16,4 milljóna króna sparnað milli árana 1991 og 1992 ef miðað er annars vegar við raunverulega eyðslu 1991 og fjárlög 1992 eða 12,5% sparnað. Nú er ekki hægt að segja að mikið hafi verið bruðlað með fé við skóla þennan, og reynt hefur verið á undanförunum árum að draga úr kostnaði á nemanda. Heildar vikustundafjöldi á nemanda er nú 1,93 en var á fyrstu árum skólans um 2,2 stundir. Eitt er að mínu mati vert að benda á í sambandi við niðurskurðinn, það er hið neikvæða andrúmsloft sem mun skapast með tímanum, sérstaklega ef haft er í huga hvernig gengið hefur í kjarabaráttu kennara.<sup>822</sup>

Þessi lýsing er dæmigerð fyrir umræðuna og ástandið á fyrri hluta 10. áratugarins, kennaraverkfalli nýlokið og reyndist aðstoðarskólameistari sannspár um að stutt væri í það næsta.

Með nýjum ákvæðum í framhaldsskólalögum 1996 opnaðist umræða um skólagjöld og skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 var gert ráð fyrir nýrri gjaldtöku, af nemendum sem þurfa að endurtaka próf eða áfanga,<sup>823</sup> kallaður „fallskattur“ meðal skólamanna, og endurinnritunargjald var einnig sett á, 500 kr. á hverja einingu skv. reglum menntamálaráðuneytisins, en þó ekki hærra en 2500 kr. á hvern nemanda. Haustið 1997, þegar unnið var að samningsgerð við ráðuneytið, var svo mikill niðurskurður boðaður í framlögum til skólans samkvæmt þeim drögum sem lágu fyrir að skólanefnd íhugaði að skrifa ekki undir samninginn.<sup>824</sup>

Í kringum aldamótin 2000 skánaði ástandið um hríð en frá 2003 fór aftur að síga á ógæfuhliðina þar sem „rekstrarhalli var nokkur, sérstaklega á sérkennslunni en safnað hafði verið í kornhlöður til mögru árana þannig að enn er reksturinn réttu megin við strikið“.<sup>825</sup> Samkvæmt ársreikningi ársins 2006 var staða skólans góð<sup>826</sup> en aftur hallaði undan fæti og halli varð á rekstri skólans á árinu 2008. Erfiðlega gekk að fá greiðslur vegna stöðu námsráðgjafa á Litla-Hrauni og í tillögu að fjárlögum ársins 2009 var reiknað með 3% skerðingu á fjárframlagi til skólans. Skólameistari greip til þess ráðs að senda öllu starfsfólki bréf vegna óhjákvæmilegra sparnaðaraðgerða.<sup>827</sup> Vegna minnkandi fjárframlaga í kjölfar kreppunnar var

---

<sup>822</sup> Örlygur Karlsson, „22. annarannáll“, vorönn, 1992.

<sup>823</sup> „Fundargerð 93. fundar skólanefndar“, 1. nóvember, 1996.

<sup>824</sup> Sama heimild, „97. fundur“, 12. nóvember, 1997.

<sup>825</sup> Þórarinn Ingólfsson, „48. annarannáll“, vorönn, 2005.

<sup>826</sup> „Fundargerð 135. fundar skólanefndar“, 9. maí, 2007.

<sup>827</sup> Sama heimild, „143. fundur“, 15. desember, 2008.

gripið til þeirra ráða að kaupa minna af búnaði, nemendahópar voru fjölmennari í kennslustundum og reynt var að spara á öllum sviðum skólastarfsins. Með þessu móti tókst að láta skólastarfið ganga nokkuð vel, enda lögðust allir á eitt um það,<sup>828</sup> og skólanum höfðu verið búnar góðar ytri aðstæður í húsnæði fyrir kreppu.

Rekstrarárið 2009 leit ekki vel út, með rúmlega sjö milljóna kr. halla,<sup>829</sup> en staðan var góð eftir árið 2010 og sparnaðaraðgerðir höfðu skilað sér. Ljóst var þó að skólinn þyrfti að skera niður um 27,6 milljónir á árinu og ýmsir liðir, eins og t.d. rekstur nemendagarða, voru neikvæðir.<sup>830</sup>

#### 9.6.4 Yfirstjórn skólans

Í þrjátíu ára sögu skólans hafa fjórir einstaklingar gegnt formennsku í skólanefnd F.Su. Hjörtur Þórarinnsson var frá upphafi til 1994 er Steingrímur Ingvarsson tók við. Steingrímur var formaður til 2002 er hann lét af störfum vegna veikinda og Aldís Hafsteinsdóttir tók við. Aldís gegndi formennsku þar til Ari Björn Thorarensen var kosinn formaður á fundi nefndarinnar í byrjun árs 2009 og er hann sitjandi formaður.<sup>831</sup>

Fjórir einstaklingar hafa einnig verið skipaðir í stöðu skólameistara. Fyrsti skólameistari F.Su. var Heimir Pálsson og gegndi hann stöðunni 1981-1983. Þá var ráðinn Þór Vigfússon sem sat til 1994, þó með hléum. Skólaárið 1984-1985 leysti Þorlákur Helgason hann af og Örlygur Karlsson á vorönn 1989. Árið 1994 var Sigurður Sigursveinsson ráðinn skólameistari og gegndi hann stöðunni til 2008. Örlygur Karlsson leysti Sigurð af í þrígang, fyrst tvisvar í námsleyfum Sigurðar en síðast er Sigurður var kallaður tímabundið til starfa í menntamálaráðuneytinu. Þegar Sigurður sagði stöðunni lausri var Örlygur skipaður og gegnir hann nú stöðunni.<sup>832</sup>

Embætti aðstoðarskólameistara hafa gegnt sex einstaklingar. Þorlákur Helgason frá upphafi 1981 til loka árs 1985. Skólaárið 1984-85 leysti Bárður Guðmundsson Þorlák þó af. Í janúar 1986 tók Örlygur Karlsson við embættinu en hann vék í þrígang úr því tímabundið, meðan hann gegndi stöðu skólameistara. Vorið 1989 leysti Sigurður Sigursveinsson hann af, á

---

<sup>828</sup> Þórarinn Ingólfsson, 57. annarannáll, haustönn, 2009.

<sup>829</sup> „Fundargerð 151. fundar skólanefndar“, 11. febrúar, 2010.

<sup>830</sup> Sama heimild, „157. fundur“, 3. febrúar, 2011.

<sup>831</sup> „Annálar aðstoðarskólameistara“.

<sup>832</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 10-11 og „Annálar aðstoðarskólameistara“, 1994-2008.



vorönn 1997 Ásmundur Sverrir Pálsson og Þórarinn Ingólfsson skólaárin 2002-2004. Örlygur lét af embætti aðstoðarskólameistara vorið 2005 og tók Þórarinn þá við stöðunni og hefur gegnt henni síðan.

Stöðu áfangastjóra gegndi fyrstur Bárður Guðmundsson frá 1983-1984. Þá tók við Örlygur Karlsson til ársloka 1985. Sigurður Sigursveinsson gegndi stöðunni frá ársbyrjun 1986 þar til hann var skipaður skólameistari í ársbyrjun 1994, þó með hléi á vorönn 1989 þegar Ása Nanna Mikkelsen leysti hann af. Frá 1994 hefur Ása Nanna gegnt starfi áfangastjóra.<sup>833</sup>

### 9.6.5 Umgengni - sóðalisti og „skókallar“

Löngum hefur það verið haft á orði hve vel er gengið um innan dyra í Odda, og hefur vakið athygli og aðdáun. Ástæða þess er ekki síst að enginn, hvorki nemendur né starfsfólk, fer inn á útiskóm. Lengi var ekkert vandamál að halda þessu striki en smám saman fóru að koma brestir í samstöðuna svo ástæða þótti til að fylgjast betur með þessu. Guðrún Ormsdóttir, ræstingastjóri, hafði með öðrum störfum sínum það hlutverk að fylgjast með á göngunum og í samstarfi við nemendaráð varð til svokallaður „sóðalisti“ sem hengdur var upp á vegg og á hann rituð nöfn nemenda sem voru staðnir að því að ganga á útiskóm inni, eða gengu illa um að öðru leyti. Ákveðinn fjöldi refsistiga á sóðalistanum kallaði á fjárútlát viðkomandi nemenda. Þó sóðalistinn sé ekki lengur við lýði er áfram reynt að halda umgengni í horfinu. Í samstarfi við Vinnumálastofnun voru haustið 2009 ráðnir tveir eftirlitsmenn til að sinna almennu eftirliti með umgengni í skólahúsnæðinu, á lóð skólans og bílastæðum og að skólareglum væri fylgt, t.d. varðandi munn-, nef- og reyktóbaksnotkun. Af samskiptum sínum við þá festist fljótlega í munni nemenda heitið „skókallarnir“<sup>834</sup> þó aðrir vilji heldur tala um „skósveina“.

### 9.6.6 Náttúruöflin

Þó upptökusvæði skólans sé stórt og skólabílar aki allt að 50 kílómetra að skóla hvern morgun hefur ekki verið mikið um tafir á ferðum þeirra eða fjarvistir nemenda af þeim sökum. Fella varð þó niður kennslu tvo daga á vorönn 2000 vegna óveðra, en það hafði ekki gerst áður samkvæmt elstu manna minni.<sup>835</sup> Á vorönn 2008 var sama uppi á teningnum, sumir komust ekki í

---

<sup>833</sup> Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla*, 10-11 og 72-110.

<sup>834</sup> Þórarinn Ingólfsson, „57. annarannáll“, haustönn, 2009.

<sup>835</sup> Örlygur Karlsson, „38. annarannáll“, vorönn, 2000.

skólarúturnar vegna ófærðar eða óveðurs og vantaði þá stundum marga nemendur í skólann. Átti þetta einnig við um nemendur á Selfossi, sem hringdu á skrifstofuna og tilkynntu að þeir kæmst ekki í skólann vegna ófærðar á götum bæjarins.<sup>836</sup> Væntanlega hefur verið ófært gangandi vegfarendum líka! Vorið 2011 var svo ekki hægt að hefja skólastarfið af fullum krafti því fella varð niður kennslu strax á öðrum degi vegna óveðurs og síðar á önninni komust skólarútur heldur ekki leiðar sinnar af þessum sökum.<sup>837</sup>

Náttúran lét eins og kunnugt er á sér kræla bæði 2000 og 2008, þegar jörð skalf á Suðurlandi. Hvorugur skjálftinn reið yfir á skólatíma og hafði því ekki bein áhrif á skólastarfið, sá fyrri 17. júní 2000 og sá síðari í lok maí 2008, en þá voru flestir starfsmenn staddir í Nova Scotia í kynnisferð á vegum skólans. Þrátt fyrir áhyggjur sumra um örlög Odda í Suðurlandsskjálfta, og glerveggjarins stóra, þá þurfti engar áhyggjur að hafa. Húsið stóðst álagið fullkomlega og nánast ekkert haggðist þar innan dyra. Við mörgum starfsmönnum blasti hins vegar ófögur sjón þegar þeir komu heim frá Kanada og opnuðu dyrnar heima hjá sér.

### 9.6.7 Móri

Eitt af þeim fyrirbærum sem setja mark sitt á nærsveitir skólans er draugurinn Móri. Hann hefur víða komið við í Flóanum, meðal annars í Kampholti í Villingaholtshreppi og er gjarnan kenndur við þann bæ og kallaður Kampholts-Móri. Móri lætur sér fátt óviðkomandi og talið er að hann hafi komið sér fyrir í skólanum. Móri er mikill tæknidraugur og hefur gaman af því að hlaupa í ýmis tæki, t.d. bíla og vélar bænda, en einnig í seinni tíð tæki fjölbrautaskólans, ljósritunarár, síma, faxtæki og tölvur. Er þá nóg að nefna hann og fer þá allt í samt lag aftur, því Móri er besta skinn. Í upphafi prófa vorið 1995 hljóp Móri í tölvukerfi skólans, netið hrundi, eins og sagt er, eftir að hafa verið uppi í 144 daga. Skýringar var að leita í afbrýðisemi Móra, en Jón Bjarnason, stærðfræði- og eðlisfræðikennari við skólann, bjó til próf í forritun þar sem í einu prófverkefninu var nefnt forritið „Sæmundur í Odda og púkar hans“. Þegar Móri sá þessi ósköp á skjánum hljóp hann í tölvunetið, sleit það og tætti og setti það niður, ekki einu sinni, heldur þrisvar. Setti það marga kennara út af laginu við prófsamningu þetta vor.<sup>838</sup> Mörg fleiri dæmi mætti taka af

---

<sup>836</sup> Þórarinn Ingólfsson, „54. annarannáll“, vorönn, 2008.

<sup>837</sup> Sama heimild, „60. annarannáll“, vorönn, 2011.

<sup>838</sup> Örlygur Karlsson, „28. annarannáll“, vorönn, 1995.

tiltektum Móra í Fjölbrotaskólanum en fullvíst þykir að hann hafi forframast af veru sinni þar, náð sér í menntun á mörgum sviðum og prófgráður.

### 9.6.8 „Skólajól“ og fleira

Oft eru stjórnendur skólans einir eftir í húsinu þegar aðrir fara heim, sitja langt fram á kvöld og lengi um helgar. Það þótti því tíðindum sæta þegar Ása Nanna Mikkelsen áfangastjóri, sem haldið hefur jólin í gegnum árin að stórum hluta í skólanum við stundaskrárgerð, fékk jólaleyfi árið 2004 í fyrsta sinn í 10 ár. Ekki dugði minna en ráða tvo menn til að fylla hennar skarð en engum sögum fer af því hvernig til tókst hjá þeim við töflugerðina.<sup>839</sup> Einnig hafa gengið sögur af Sigurði Sigursveinssyni á skrifstofu sinni í skólanum á aðfangadagskvöld.

Eitt af því sem reynt var til að bæta þjónustu við nemendur var að heilsugæslulæknar hófu í tilraunaskyni að bjóða upp á viðtalstíma í skólanum á vorönn 1999. Var þetta talið gefast vel, þó ekki væri alltaf biðröð hjá læknum eins og á heilsugæslunni.<sup>840</sup> Um sama leyti voru reykingar alfarið bannaðar á lóð skólans<sup>841</sup> og um haustið var í fyrsta skipti gefið svo kallað haustfrí,<sup>842</sup> en þá var helgi lengd með frí á föstudegi og mánudegi. Þetta hefur verið við líði síðan, gjarnan í kringum 1. vetrardag í október.

Margt getur komið upp á í prófatörnninni. Þann 10. maí 2006 eru próf að hefjast í stærðfræði. Allt virðist vera klárt, en þá birtist í dyrunum hjá námsráðgjafa 18 ára nemandi með barn upp á arminn, þarf að taka próf í stærðfræði en hefur enga pössun fyrir tæpra tveggja mánaða gamalt barnið. Námsráðgjafinn, alvön mamma, leysti auðvitað málið og tók að sér barnagæsluna meðan nemandinn svitnaði yfir prófinu.<sup>843</sup>

### 9.6.9 Kveðjur skólaskálds

Við útskriftir flytur aðstoðarskólameistari annál annarinnar og getur það orðið heilmikil talna- og staðreyndaþula. Til að brjóta hana upp hefur Björgvin E. Björgvinsson gaukað að aðstoðar-

---

<sup>839</sup> Þórarinn Ingólfsson, „48. annarannáll“, vorönn, 2005.

<sup>840</sup> „Fundargerð 103. fundar skólanefndar“, 19. maí, 1999.

<sup>841</sup> Sama heimild, „104. fundur“, 30. september, 1999.

<sup>842</sup> Örlygur Karlsson, „36. annarannáll“, vorönn, 1999.

<sup>843</sup> Þórarinn Ingólfsson, „50. annarannáll“, vorönn, 2006.

meistara vísukornum sem hann nýtir sér þegar hann telur að gestir séu farnir að síga niður í stólana undan ræðunni. Ein vísan hljómaði svona:

Þetta er nú eins og frá upphafi vega,  
við annál er sambandið rofnað,  
því Örlygur talar svo tölfræðilega  
að tuttugu manns hafa sofnað.<sup>844</sup>

Þá hafa burtfarendur, klárarnir, gjarnan verið ávarpaðir á viðeigandi hátt í bundnu máli Björgvins, eins og meðfylgjandi limra ber með sér:

Margt hefur bifast og breyst  
og batnað – því geturðu treyst.  
Gakktu út í vorið  
með viljann og þorið  
því lífsgátan er ekki leyst.<sup>845</sup>

---

<sup>844</sup> Örlygur Karlsson, „37. annarannáll“, haustönn, 1999.

<sup>845</sup> Þórarinn Ingólfsson, „58. annarannáll“, vorönn, 2010.

## 10 Lokaorð

Fjölbrautaskóli var stofnaður á Selfossi árið 1981, um það leyti sem rísandi bylgja mikillar nýsköpunar á framhaldsskólastiginu á Íslandi var farin að hníga. Hún hófst snemma á sjöunda áratug 20. aldar þegar þáverandi menntamálaráðherra skipaði nefnd til að móta menntastefnu og semja frumvarp að nýjum lögum um menntaskóla. Afrakstur þeirrar vinnu var lög nr. 12/1970 um menntaskóla, sem boðuðu á margan hátt nýjar áherslur í menntastefnu þjóðarinnar í takt við breytta tíma, búsetuþróun og atvinnuhætti í landinu. Samfélagsbreytingar og aukin ásókn í framhaldsskólanám kölluðu á fleiri skóla, fjölbreyttara námsframboð og meiri sveigjanleika innan skólakerfisins en fullnægt hafði þörfum þjóðarinnar fram að því.

Fyrsti áfangakerfisskólinn var stofnaður 1966 en frá þeim tíma og allan næsta áratug á eftir voru stofnaðir margir nýir framhaldsskólar um allt land, fjölbrautaskólar og menntaskólar, en Sunnlendingar voru með seinni skipunum í þessari þróun.

Á 19. öld vaknaði þjóðernisvitund meðal Íslendinga, aðallega mennta- og embættismanna, eins og víðar í Evrópu og henni fylgdu hugsjónir um sjálfstæði og framfarir. Þeir sem höfðu áhuga, getu og tækifæri til að beita sér, skildu að grundvöllur allra framfara var aukin menntun. Á síðustu áratugum 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. voru menntamálin því í brennidepli og samþykkt fræðslulaga 1907 markaði tímamót í menntunarsögu þjóðarinnar. Aldamótakynslóðin kom á fót skólum um land allt, barnaskólum, héraðsskólum og hússtjórnarskólum.

Um 1880 var fyrst farið að ræða stofnun sameiginlegs ungmennaskóla fyrir Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Frumkvæði að umræðu og ákvörðunum í skólamálum landshlutans áttu sýslunefndirnar en þrátt fyrir að fjárveitingar til skólahlads væru samþykktar þar varð ekkert úr framkvæmdum vegna deilna um staðarval fyrir hinn nýja skóla. Málið tafðist í hálfu öld og ekkert gerðist fyrr en kennslumálaráðherrann, Jónas Jónsson frá Hriflu, hjó á hnútinn og héraðsskóli var stofnaður að Laugarvatni í Árnessýslu og settur 1. nóvember árið 1928. Rangæingar og Vestur-Skaftafellingar komu sér saman um skóla

í Skógum undir Eyjafjöllum og var hann settur í fyrsta skipti nákvæmlega 21 ári seinna, í nóvember 1949. Þessir skólar gegndu hlutverki sínu við menntun sunnlenskrar æsku með sóma í marga áratugi ásamt fleiri skólum sem stofnaðir voru í fjórðungnum, t.d. Menntaskólinn að Laugarvatni.

Upphaf iðnfræðslu á Suðurlandi má rekja aftur á 4. áratuginn er námskeiðahald fyrir réttindalausá húsmiði hófst á Eyrarbakka. Fullgildur iðnskóli var stofnaður þar árið 1939 og starfaði hann til 1951. Haustið 1943 var einnig stofnaður iðnskóli á Selfossi og starfaði hann óslitið þar til fjölbrautaskóli var stofnaður þar og varð iðnskólinn þá ein grunnstoða hans. Skömmu áður höfðu Rangæingar og Vestur-Skaftfellingar gerst aðilar að rekstri iðnskólans og var það eitt skref að hinum sameiginlega skóla Sunnlendinga. Lokaskrefið var tekið 1983 þegar sýslurnar þrjár gerðust eignar- og rekstraraðilar Fjölbrautaskólans á Selfossi með stofnendunum, Selfossbæ og ríkinu, og nafni skólans um leið breytt í Fjölbrautaskóli Suðurlands. Þar með var loksins til orðinn skólinn sem hugsjónamenn aldamótakynslóðarinnar höfðu stefnt að heilli öld fyrr.

Nýi skólinn bjó við húsnæðisþrengsli og ýmsa erfiðleika af þeim sökum fyrstu árin. Stjórnendur og starfslið hans gekk fyrir hugsjónaeldi, fullt orku og bjartsýni landnemans, í þeirri vissu að það væri þátttakendur í einhverju nýju og einstöku. Engum datt annað í hug en að markmiðunum yrði náð. Samstaðan og andinn sem skapaðist þessi fyrstu ár í skólanum fangaði líka samfélagið og hefur verið aðalsmerki hans allar götur síðan. Öflugur kjarni starfsmanna hefur haldið tryggð við skólann frá fyrstu árunum, jafnvel alveg frá upphafi, og allir stjórnendur hans, skólameistarar og aðstoðarskólameistarar, eru meðal frumkvöðlanna. Þeir mótuðust sem skólamenn í þessu umhverfi og hafa, að því er virðist áreynslulaust, viðhaldið hinum jákvæða og góða starfsanda, og reynst framúrskarandi stjórnendur. Þeir hafa haft vit á því að sitja ekki endalaust, heldur fela stjórnina næsta manni í hendur á meðan þeir voru enn ferskir og hugmyndaríkir. Fjölmörg dæmi eru um það að fyrrverandi nemendur komi aftur í skólann, annað hvort sem kennarar eða til annarra starfa.

Auk hefðbundinnar kjarnastarfsemi skóla fer fram fjölskrúðugt menningar- og félagsstarf innan Fjölbrautaskóla Suðurlands. Nemendur hans hafa verið ötulir við leiklistariðkun, söng, kórastarf, útgáfu, íþróttaiðkun, dansleiki, skemmtanir og aðrar uppkomur, þrátt fyrir að upptökusvæði skólans sé gríðarstórt og hluti nemenda komi daglega í skólann með

skólabílum langt að. Það sama má segja um kennara og aðra starfsmenn, auk þess sem skólinn hefur stutt myndarlega við félagsstarf og ferðalög þeirra.

Áhöld eru um það hvort markmið hugmyndasmiða eininga- og fjölbrautaskóla-kerfisins á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar hafi náðst eins og væntingar þeirra stóðu til. Meginmarkmið allra laga um framhaldsskólastigið frá 1970, sem og námskráa og námsvísa sem fylgt hafa í kjölfar laganna, hafa verið að auka námsframboð og fjölbreytni þess og sveigjanleika í skólakerfinu, til þess að hægt sé að taka á móti sívaxandi nemendafjölda með misjafna getu, breytilegar þarfir, áhuga og óskir. Á 30 árum hefur nemendum F.Su. fjölgað úr um 270 í um 1000 og hlutfall 16 ára Sunnlendinga sem voru í skóla árið 2010 var komið í 93% en 95% á landinu öllu. Hlutfallsaukningin í hverjum árgangi sem innritar sig í framhaldsskóla skýrist af þeim hópi nemenda sem áður fyrr taldi sig ekki eiga erindi í menntaskólana, eða var ekki gjaldgengur vegna lágra einkunna á grunnskólaprófi, en rennur nú viðstöðulítið inn. Sterkur vilji hefur verið til þess að auka vægi og virðingu hverskonar iðn-, verk- og starfsnáms, auk ýmissa styttri bóknámsbrauta, til að koma til móts við þennan hóp, og aðra sem ekki fundu sig í námi eða hættu í skóla, og bjóða þeim „nám við hæfi“.

Tölur í F.Su. um dreifingu nemenda á brautir og hlutfall brautskráðra benda til þess að enn leiti langflestir nemendur, samkvæmt gamalli hefð, á bóknámsbrautir og útskrifist með stúdentspróf og að það hlutfall hafi lítið breyst á þrjátíu árum, þrátt fyrir breyttan nemendahóp og vaxandi hlutfall með slakan eða ófullnægjandi undirbúning. Hluti þessara nemenda virðist ekki vilja það nám sem kerfið leggur sig allt fram um að skipuleggja og telur betur við þeirra hæfi. Hvort sem það veldur, eða eitthvað annað, er ljóst að mikið er um spól og tafir og margir nemendur eru mun lengur að ljúka námi en þeir þyrftu, með tilheyrandi kostnaði.

Tölur um brottfall og staðnar og fallnar einingar er helsti tölfræðilegi mælikvarðinn á námsárangur innan skólans. Í F.Su. hafa þessar tölur verið mjög stöðugar undanfarinn áratug, eftir að hlutfall tapaðra eininga hafði heldur hækkað áratuginn þar á undan. Um 20% eininga sem lagðar eru undir við upphaf hversrar annar tapast, helmingurinn vegna þess að nemendur hætta einhvers staðar á leiðinni, í einstökum áföngum eða skólanum, hinn helmingurinn tapast í námsmatinu. Um brottfall er það að segja að 55% nemenda hætta eða fellur í a.m.k. einum áfanga og um 6% hætta í skólanum á hverri önn.

Og hvað segir þetta um árangur af skólastarfinu eða „gæði“ skólans? Brottfall úr framhaldsskólum hefur verið eitt helsta áhyggjuefni menntamálayfirvalda og skólamanna á Íslandi undanfarna áratugi, svo það er ekkert einkamál F.Su. heldur samfélagslegur vandi sem ekki verður leystur einangrað í hverjum skóla. Vissulega hafa brottfallstölur ekki lækkað þrátt fyrir aukna þjónustu, fleiri og styttri námsbrautir, aukna fjölbreytni og sveigjanleika. En er það ekki tvímælalaust merki um nokkurn árangur að brottfallið hafi þó ekki aukist, með hækkandi hlutfalli illa undirbúinna nemenda? Þetta þarf líka að skoða í því ljósi að F.Su. tekur við öllum nemendum sem óska eftir skólavist, en handvelur ekki inn þá sem hæstar hafa einkunnirnar upp úr grunnskóla eins og sumir aðrir skólar gera. Hlutfall hinna verr undirbúnu eða „þyngri“ nemenda hækkar enn meira í F.Su. og sambærilegum skólum vegna þess að þeir dreifast ekki á alla skólana heldur bara hluta þeirra.

Aðstæður í íslenskum framhaldsskólum eru því gjörólíkar og allt tal um gæði skóla og samanburður milli þeirra á algerum villigötum þegar miðað er við brottfall eða meðaleinkunn á stúdentsprófi. Hverju hefur sá skóli áorkað sem fær nemendur með 8,0 í meðaleinkunn og skilar þeim frá sér með sömu einkunn? Kannski haldið í horfinu? Rannsókn á '75 árganginum sýndi að hlutfall innritaðra í háskóla sem voru langt komnir í námi eða búnir með það 27 ára var hæst meðal stúdenta frá F.Su., hærra en allra hinna rótgrónu menntaskóla, sem í umræðunni fá þó gjarnan þann stimpil að vera „bestu skólarnir“. Þó ekki væru margar tölur þar að baki sýndi sama rannsókn að þriðjungur þeirra sem fengið höfðu 5 eða lægra á grunnskólaprófi í íslensku og lokið höfðu stúdentsprófi voru langt komnir eða búnir með háskólanám við 27 ára aldur. Er ekki þarna að finna mesta virðisaukann í skólakerfinu? Úr hvaða framhaldsskólum koma þessir nemendur? Ekki er tekið við þeim í hinum gamalgrónu svo þeir hljóta að hafa stundað sitt nám í þeim skólum sem eru opnir öllum, í flestum tilvikum fjölbrautaskólum.

Ekki hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á því hvort eða hver virðisaukinn er á framhaldsskólastiginu, hvað þá hvar hann er mestur, og því er allur samanburður milli skóla og tal um góða og slæma skóla vægast sagt á hæpnum forsendum.

Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur verið leiðandi við þróun námsbrauta, upplýsinga-tækni, sjálfsmats, forvarna og stuðningsþjónustu við nemendur. Hann hefur notið krafta eldhuga í stóli skólameistara, samheldins og stöðugs kennaraliðs og starfsmanna, starfsandi mælist þar betri en í öðrum sambærilegum stofnunum á landinu og nemendur gefa honum



góða einkunn í könnunum um gæði náms og kennslu. Samkvæmt úttektum sem gerðar hafa verið á skólanum, bæði á vegum mennta- og fjármálaráðuneytis, er starfsemin til fyrirmyndar og skoraði samkvæmt þeim fram úr, ekki bara öðrum skólum heldur öllum ríkisstofnunum. Skólinn fékk Menntaverðlaun Suðurlands árið 2010 og skoraði hátt í könnuninni Stofnun ársins sem birt var í maí 2011. Að lokum eru vísbendingar um það að stúdentar frá skólanum sem innritast í háskóla séu líklegri en stúdentar annarra skóla til að ljúka námi sínu fljótt og vel.

Það er því hægt að fullyrða það hér að Fjölbrautaskóli Suðurlands er góður skóli þar sem flestir geta fundið nám við sitt hæfi og náð árangri. Eitt mikilvægasta verkefni skólakerfisins, ekki síst framhaldsskólanna eftir að skólaskyldu lýkur, er að halda sem flestum að námi, að mennta sem flesta sem mest. Fjölbrautaskóli Suðurlands stendur svikalaust undir nafni sem „framhaldsskóli fyrir alla“ og er sannkallaður hornsteinninn í héraði.

## Heimildaskrá

- Abbalabbar. Gönguklúbbur núverandi og fyrrverandi starfsmanna Fjölbrautaskóla Suðurlands. „Heimasíða Abbalabba“. Sótt 4. september, 2011. <http://www.fsu.is/~hbm/abbalabbar/>
- Aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1999.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2004.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*, Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011. Sótt 29. júlí, 2011. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3954>
- Agnes Ósk Snorradóttir. „Drög fyrir sögu skólans. Náms- og starfsráðgjöf í F.Su.“ Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011.
- Agnes Ósk Snorradóttir, Anna Fríða Bjarnadóttir og Álfhildur Eiríksdóttir. „Náms- og starfsráðgjöf F.Su. Ársskýrsla skólaárið 2009-2010“. Fjölbrautaskóli Suðurlands, 2010. Sótt 23. ágúst, 2011. <http://www.fsu.is/~fsusvid/skyrslur/v10/namsradgjof10.pdf>
- Agnes Ósk Snorradóttir, Álfhildur Eiríksdóttir og Eyvindur Bjarnason. „Náms- og starfsráðgjöf F.Su. Ársskýrsla skólaárið 2010-2011“. Fjölbrautaskóli Suðurlands, 2011. Sótt 23. ágúst, 2011. <http://www.fsu.is/~fsusvid/skyrslur/v11/namsradgjof11.pdf>
- Arndís Ósk Jónsdóttir og Jón Emil Sigurgeirsson. *Fjölbrautaskóli Suðurlands. Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006*. Reykjavík: ParX. Viðskiptaráðgjöf IBM, 2007.
- Ágústa Gunnarsdóttir. „Skýrsla námsráðgjafa, ágúst til nóvember 2000“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2000.
- Ágústa H. Gústafsdóttir. „Allir ríkisstarfsmenn tóku þátt í að velja Stofnun ársins“. *Stofnun ársins 2011. Sérblað*, maí (2011): 5.
- Árni Daníel Júlíusson. *Skólinn við ströndina. Saga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri 1852-2002*. Sveitarfélagið Árborg, 2003.
- Ásmundur Sverrir Pálsson, *viðtal við höfund*, 24. júní, 2011.
- Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason. *Skólaskýrsla 1981-1991*. Selfossi: Fjölbrautaskóli Suðurlands, 1996.
- Bjarni Bjarnason. *Laugarvatnsskóli þrítugur*. Héraðsskólinn á Laugarvatni, 1958.
- Bjarni Bjarnason. „Ungmennaskólamálið“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar*, 162-226. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.
- Bjarni Bjarnason. „Menntun kvenna“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lóma-gnúp til Hellisheiðar*, 245-258. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.

- Bjarni Pálsson. „Iðnfræðslan“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar*, 242-244. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.
- „Brautaskipting í dagskóla“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011.
- „Brennu-Njáls saga“. Í *Íslenskar fornsögur, áttunda bindi*. Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason bjuggu til prentunar. Skuggsjá, 1973.
- Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi. Skýrsla starfshópa og verkefnisstjórnar*. Menntamálaráðuneytið: Rit 14, ágúst, 2004.
- „Dagskólanemendur á haustönn 2010 eftir póstnúmerum (lögheimili)“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2010.
- „Dagskrá aðalfundar 8. október 2004“. Kennarafélag F.Su.: Óprentað fundarboð, 2004.
- Eiríkur G. Guðmundsson. Formáli að *Námsvísi fjölbrautaskóla*, Ritstjóri Eiríkur G. Guðmundsson. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnú, 6. útgáfa, 1996.
- Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir. „Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011.
- Elna Katrín Jónsdóttir. „Er stytting náms til stúdentsprófs forgangsmál?“ *Morgunblaðið*, 14. janúar, 2004. Sótt 7. júlí, 2011.  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=774938](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=774938)
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Almenn braut – almennt nám (AN)“. Sótt 6. júlí, 2011,  
<http://www.fsu.is/~asananna/af/Brautir/an.htm>
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Almenn braut – fornám (AF)“. Sótt 6. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1280%3Aalmennt-braut-fornam-af&catid=40%3Anamsbrautir&Itemid=80](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1280%3Aalmennt-braut-fornam-af&catid=40%3Anamsbrautir&Itemid=80)
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Almenn braut – hestamennska (AH)“. Sótt 6. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1282&Itemid=80](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1282&Itemid=80)
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Almenn braut – undirbúningsnám (AU)“. Sótt 6. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=1281%3Aalmennt-braut-undirbuningsnam-au-12-ein&catid=40%3Anamsbrautir&Itemid=80](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1281%3Aalmennt-braut-undirbuningsnam-au-12-ein&catid=40%3Anamsbrautir&Itemid=80)
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Ársskýrsla skólans“. *Skýrslur skólaárið 2005-2006*. Sótt 25. júlí, 2011. <http://www.fsu.is/~fsusvid/skyrslur/v06/arsskyrslavefur06.pdf>
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Heimasíða F.Su“. Sótt 12. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=frontpage&Itemid=74](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=frontpage&Itemid=74)
- „Fjölbrautaskóli Suðurlands hlaut Menntaverðlaun Suðurlands.“ Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, 2011. Sótt 6. júlí, 2011. <http://www.sass.is/2011/01/fjolbrautaskoli-sudurlands-hlautmenntaverdlaun-sudurlands/>
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Kennarafélag“. Sótt 25. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=63&Itemid=77](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=63&Itemid=77)
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Skólanámskrá“. Sótt 5. júlí, 2011, <http://www.fsu.is/j/index.php?>

- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Skrifstofa“. Sótt 1. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=71&Itemid=124](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=71&Itemid=124)
- Fjölbrautaskóli Suðurlands. „Önnur þjónusta“. Sótt 1. júlí, 2011.  
[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=96&Itemid=126](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=96&Itemid=126)
- Friðrik Sophusson. Formáli að *Umbætur og nýskipan í ríkisrekstri*. Fjármálaráðuneytið, 1993. Sótt 7. febrúar, 2011.  
[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/Umbaetur\\_og\\_nyskipan\\_i\\_rikisrekstri\\_1993.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Umbaetur_og_nyskipan_i_rikisrekstri_1993.pdf)
- Frumvarp til laga um menntaskóla*. „Athugasemdir við lagafrumvarp“, 1969. Sótt 21. maí, 2011. <http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0015.pdf>
- Frumvarp til laga um framhaldsskóla*. „Athugasemdir með frumvarpi til laga“, 1995. Sótt 9. febrúar, 2011. <http://www.althingi.is/altext/120/s/0096.html>
- Frumvarp til laga um framhaldsskóla*. „Athugasemdir við lagafrumvarp“, 2007. Sótt 21. maí, 2011. <http://www.althingi.is/altext/135/s/0320.html>
- Fræðslunet Suðurlands. „Skipulagsskrá Fræðslunetsins“. Sótt 21. júní, 2011.  
[http://www.fraedslunet.is/index.php?option=com\\_content&view=category&layout=blog&id=16&Itemid=124](http://www.fraedslunet.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=16&Itemid=124)
- „Fundargerðir Byggingarnefndar íþróttahúss F.Su.“ (Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentaðar fundargerðir, 2003).
- „Fundargerðir skólanefndar“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentaðar fundargerðir, 1986-2011.
- Gestabók Sr. Björns*. Séra Björn. Kaffihúsaklúbbur. Stofnaður haust, 2007.
- Gestabók Sr. Björns, 2. hluti*. Séra Björn. Kaffihúsaklúbbur. Stofnaður haust, 2007.
- Grétar Unnsteinsson. „Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar*, 227-237. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.
- Guðmundur Kristinsson. *Saga Selfoss - II. Frá 1930-1960*. Selfosskaupstaður, 1995.
- Gunnar Páll Baldvinsson. „Nemendur flýta náminu“. *mbl.is*. 31. ágúst, 2007. Sótt 7. júlí, 2011.  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1162625](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1162625)
- Hagstofa Íslands. „Skólasókn eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2000“. Sótt 26. ágúst, 2011.  
<http://hagstofan.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO00002%26ti=Sk%F3las%F3kn+eftir+kyni%2C+aldri+og+landsv%E6%F0um+1999%2D2010%26path=../Database/skolamal/yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Háskólafélag Suðurlands. „Fundargerð fyrsta fundar stjórnar“. Sótt 30. júní, 2001.  
[http://hfsu.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=4](http://hfsu.is/index.php?option=com_content&task=view&id=4)
- Háskólafélag Suðurlands. „Kynning á Háskólafélagi Suðurlands“. Sótt 30. júní, 2011.  
<http://hfsu.is/index.php?option=content&task=view&id=14&Itemid=29>

- Heimir Pálsson. „Skýrsla samkvæmt beiðni“. Í Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason, *Skólaskýrsla 1981-1991*. Selfossi: Fjölbrautaskóli Suðurlands, 1996.
- Heimir Pálsson og Örlygur Karlsson. Formáli að *Námsvísi fjölbrautaskóla*. Ritstjórar Heimir Pálsson og Örlygur Karlsson. Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólar á Austurlandi, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnskólaútgáfan, 3. útgáfa, 1983.
- Hjörtur Þórarinsson. „Markmið og verkefnaskrá 1969-1989“. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga: Óprentuð skýrsla, 1989.
- Hjörtur Þórarinsson. *Viðtal* við höfund, 22. júní, 2011.
- „Hollvarðasamtök F.Su.“ Hollvarðasamtök Fjölbrautaskóla Suðurlands: Óprentuð minnisblöð, 2002-2011.
- Hollvarðasamtök F.Su. „Fréttabréf nr. 1“, apríl 2003. Sótt 23. júní, 2011.  
[http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com\\_content&view=article&id=8&Itemid=13](http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com_content&view=article&id=8&Itemid=13)
- Hollvarðasamtök F.Su. „Fundargerð aðalfundar 2011“. Sótt 23. júní, 2011.  
[http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com\\_content&view=article&id=65&Itemid=82](http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com_content&view=article&id=65&Itemid=82)
- Hollvarðasamtök F.Su. „Lög Hollvarðasamtaka Fjölbrautaskóla Suðurlands“. Sótt 23. júní, 2011.  
[http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com\\_content&view=article&id=19&Itemid=29](http://www.fsu.is/hvfsu/index.php?option=com_content&view=article&id=19&Itemid=29)
- „Hugmyndin og upphafið“. *Íþróttakademiúr Fjölbrautaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg* Sveitarfélagið Árborg, án árs.
- Hörður Ásgeirsson. „Greinargerð um sérkennslu á Sogni“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2002.
- Hörður Ásgeirsson. „Úttekt á starfsbrautum framhaldsskóla vorið 2011“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2011.
- Ingibjörg Ýr Pálmadóttir. „Málleysingjakennsla á Íslandi“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar*, 270-282. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.
- Íþróttakademiúr Fjölbrautaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg*. Sveitarfélagið Árborg, án árs.
- Jón Böðvarsson, Kristján Bersi Ólafsson og Ólafur Ásgeirsson. Formáli að *Námsvísi fjölbrautaskóla*. Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, 1978.
- Jón Hjartarson. „Fiskeldisbrautin á Kirkjubæjarklaustri“. Í *Dynskógar. Rit Vestur-Skaftfellinga*, ritstjórar Hanna Hjartadóttir, Sigurgeir Jónsson og Sigþór Sigurðsson, 236-239. Vík: Sögufélag Vestur-Skaftfellinga, 2004.

Jón R. Hjálmarsson. „Frá Odda til Skóga“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar*, 144-153. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. *Námsframvinna í háskóla í ljósi einkunnar ásamræmdu prófi í grunnskóla*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Rannsóknarstofa um þróun menntamála, 2005.

Jón Özur Snorrason. „Skýrsla formanns“. Kennarafélag F.Su. Aðalfundur 8. október: Óprentuð skýrsla, 2004.

Jónína Michaelsdóttir. *Mér leggst eitthvað til. Sagan um Sesselju Sigmundsdóttur og Sólheima*. Styrktarsjóður Sólheima, 1990.

Júlíus Guðmundsson. „Hlíðardalsskóli“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar*, 238-241. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.

Katrín Jakobsdóttir. Formáli að *Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011. Sótt 29. júlí, 2011.  
<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3954>

*Kortabækur séra Björns*. Séra Björn. Kaffihúsaklúbbur. Stofnaður haust, 2007.

Kristinn Kristmundsson. „Bjarni Bjarnason“. Í *Andvari: Nýr flokkur L*. 133:13-67. Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 2008.

Kristín Þórarinsdóttir. „Saga bókhalds í F.Su.“ Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011.

„Leggja niður vinnu í eina kennslustund.“ *mbl.is*, 5. nóvember, 2005. Sótt 7. júlí, 2011.  
[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2005/11/05/kennarar\\_motmaela\\_styttingu\\_studentsprofs/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2005/11/05/kennarar_motmaela_styttingu_studentsprofs/)

*Lög nr. 56/1965, um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla*. Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/85/s/pdf/0536.pdf>

*Lög nr. 12/1970, um menntaskóla*. Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0015.pdf>

*Lög nr. 21/1970, um gagnfræðanáám*. Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0014.pdf>

*Lög nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla*. Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/93/s/pdf/0398.pdf>

*Lög nr. 55/1974, um skólakerfi*. Sótt 21. maí 2011.  
<http://www.althingi.is/lagas/21b/1974055.html>

*Lög nr. 21/1977, um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla*. Sótt 11. júní, 2011. <http://www.althingi.is/altext/98/s/pdf/0286.pdf>

*Lög nr. 82/1984, um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla*. Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/106/s/pdf/0880.pdf>

*Lög nr. 85/1984, um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla*. Sótt 11. júní, 2011. <http://www.althingi.is/altext/106/s/pdf/0885.pdf>

- Lög nr. 57/1988, um framhaldsskóla.* Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/lagas/120a/1988057.html>
- Lög nr. 47/1992, um almenna fullorðinsfræðslu.* Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/stjt/1992.047.html>
- Lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla.* Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/lagas/135a/1996080.html>
- Lög nr. 100/1999, um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla með síðari breytingum.* Sótt 21. maí, 2011. <http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.100.html>
- Lög nr. 33/2006, um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.* Sótt 21. maí, 2011. <http://www.althingi.is/lagas/135a/1996080.html>
- Lög nr. 92/2008, um framhaldsskóla.* Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.092.html>
- Lög nr. 89/2009, um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.* Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.089.html>
- Lög nr. 71/2010, um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.* Sótt 21. maí, 2011.  
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2010.071.html>
- Margrét Guðmundsdóttir og Þorleifur Óskarsson. *Menntaskólinn að Laugarvatni. Forsaga, stofnun og saga til aldarloka.* Reykjavík: Sögusteinn hf., 2001.
- Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar.* Menntamálaráðuneytið, framhaldsskóladeild, 1986.
- Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar.* Menntamálaráðuneytið, framhaldsskóladeild: Iðnskólaútgáfan, 2. útgáfa, 1987.
- Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar.* Menntamálaráðuneytið, skólamálastofa, 3. útgáfa, 1990.
- Námsvísir fjölbrautaskóla.* Ritstjóri Bragi Halldórsson. Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði: Prentsmiðja Hafnarfjarðar, 1978.
- Námsvísir fjölbrautaskóla.* Ritstjóri Þórir Ólafsson. Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Prentsmiðja Hafnarfjarðar, 2. útgáfa, 1980.
- Námsvísir fjölbrautaskóla.* Ritstjórar Heimir Pálsson og Örlygur Karlsson. Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólar á Austurlandi, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnskólaútgáfan, 3. útgáfa, 1983.
- Námsvísir fjölbrautaskóla.* Ritstjórn aðstoðarskólameistarar og áfangastjórar samstarfsskólanna. Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnskólaútgáfan, 4. útgáfa, 1988.

- Námsvísir fjölbrautaskóla. Fjölbrautaskóli Suðurlands.* Ritstjóri Ægir Sigurðsson. Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnskólaútgáfan, 5. útgáfa, 1992.
- Námsvísir fjölbrautaskóla. Fjölbrautaskóli Suðurlands.* Ritstjóri Eiríkur G. Guðmundsson. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnú, 6. útgáfa, 1996.
- Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands. „Kosningar í FSU.“ Sótt 13. júlí, 2011. <http://nfsu.is/frettir/frett-89>
- „Nokkrar brottfallstölur Fjölbrautaskóla Suðurlands (dagskóli)“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011.
- Oddur S. Jakobsson. „Verkföll íslenskra kennara. Fjárhagsleg áhrif á þjóðfélagshópa.“ MS ritgerð í hagfræði, Háskóli Íslands, 2010.
- Ólafur Sigurðsson. „Reiknilíkan framhaldsskólanna.“ MPA-ritgerð í opinberri stjórnáslu, Háskóli Íslands, 2008.
- Pétur Pétursson. „...því hjá honum var gott að læra...“. Í Árni Daníel Júlíusson. *Skólinn við ströndina. Saga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri 1852-2002.* Sveitarfélagið Árborg, 2003.
- Ragnheiður Hergeirsdóttir. „Akademíur FSU – árangursrík forvörn í Árborg.“ Í *Íþróttakademíur Fjölbrautaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg.* Sveitarfélagið Árborg, án árs.
- Ragnheiður Ísaksdóttir. „Starfslýsingar“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011.
- „Rök með og á móti styttingu námstíma til stúdentsprófs“. Anna María Gunnarsdóttir tók saman. Kennarasamband Íslands, 2005. Sótt 7. júlí, 2011. <http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=834>
- Sesselja Sigmundsdóttir. „Barnaheimilið Sólheimar“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Hellisheiðar*, 283-287. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.
- Sigurður Greipsson. „Haukadalur“. Í *Suðri 1. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Hellisheiðar*, 97-133. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út, 1969.
- Sigurður Sigursveinsson. Formáli að *Skólaskýrslu 1981-1991.* Selfossi: Fjölbrautaskóli Suðurlands, 1996.
- Sólrún Jensdóttir og Hörður Lárusson. Formáli að *Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar.* Menntamálaráðuneytið, framhaldsskóladeild: Iðnskólaútgáfan, 2. útgáfa, 1987.
- Skýrsla nefndar um grundvöll framhaldsskóla í Rangárbpingi.* Menntamálaráðuneytið, 2009. Sótt 1. júlí, 2011. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgafuskra/>



- Skýrsla um þróunarverkefni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi skólaárið 1989-1990.* Menntamálaráðuneytið, 1990.
- „Staðan í dag“. *Íþróttakademiur Fjölbrautaskóla Suðurlandsí Sveitarfélaginu Árborg.* Sveitarfélagið Árborg, án árs.
- Stefanía Arnórsdóttir og Haraldur Á. Hjaltason. *Fjölbrautaskóli Suðurlands. Úttekt.* H<sub>2</sub>H Ráðgjöf ehf. Janúar, 2002.
- Stefán A. Magnússon. „Starfsskýrsla frá námsráðgjafa F.Su. skólaárið '90-'91“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 1991.
- Stefán A. Magnússon. „Starfsskýrsla námsráðgjafa Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir skólaárið 1996-1997“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 1997.
- Stefán A. Magnússon. „Skýrsla námsráðgjafa. Skólaárið 1999-2000“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2000.
- „Stofnanir ársins 2011“. *Stofnun ársins 2011. Sérblað*, maí (2011): 2-3.
- Sumarliði R. Ísleifsson. Inngangur að *Stjórnarráð Íslands 1964-2004, fyrsta bindi*, 19-27. Reykjavík: Sögufélag, 2004.
- „Stytting náms til stúdentsprófs“. *Af vettvangi. Fréttabréf Samtaka atvinnulífsins* 9 (2003). Sótt 7. júlí, 2011. [http://www.sa.is/tbl9\\_2003.html](http://www.sa.is/tbl9_2003.html)
- „Stytting náms til stúdentsprófs“. *Vefrit menntamálaráðuneytisins* 10 (2003). Sótt 7. júlí, 2011. [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Vefrit/102003.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/102003.pdf)
- „Stærri stofnanir 2011“. *Stofnun ársins 2011. Sérblað*, maí (2011):12-13.
- Umbætur og nýskipan í ríkisrekstri.* Fjármálaráðuneytið, 1993. Sótt 7. febrúar, 2011. [http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/Umbaetur\\_og\\_nyskipan\\_i\\_rikisrekstri\\_1993.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Umbaetur_og_nyskipan_i_rikisrekstri_1993.pdf)
- „Val og nemendafjöldi“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011.
- „Viðhorf og námsárangur. Niðurstöður kannana á nemendum úr 10. bekk grunnskóla sem hófu fullt nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands vorannirnar 2007 til 2010“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, án árs.
- „Þjálfarinn“. *Íþróttakademiur Fjölbrautaskóla Suðurlands í Sveitarfélaginu Árborg.* Sveitarfélagið Árborg, án árs.
- Þorlákur H. Helgason. „Eineltiskönnun Olweusar- h2009. Greinargerð með niðurstöðum“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentuð skýrsla, 2010.
- Þór Vigfússon, „Háfjallaskólinn – Starfsmenntaskóli Landsvirkjunar“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentað minnisblað, 2011.
- Þórir Ólafsson. Formáli að *Námsvísi fjölbrautaskóla*. Ritstjóri Þórir Ólafsson. Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólar á Austurlandi og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Prentsmiðja Hafnarfjarðar, 2. útgáfa, 1980.
- Þórarinn Ingólfsson. „Annarannálar aðstoðarskólameistara“. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Óprentaðar skýrslur, 2002-2011.

Ægir Sigurðsson. Formáli að *Námsvísi fjölbrautaskóla*. Ritstjóri Ægir Sigurðsson.  
Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Vesturlands,  
Framhaldsskólar á Austurlandi, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum: Iðnskólaútgáfan,  
5. útgáfa, 1992.

Örlygur Karlsson. „Annarannálar aðstoðarskólameistara“. Fjölbrautaskóli Suðurlands:  
Óprentaðar skýrslur, 1991-2002.

Örlygur Karlsson. „Snjallræði“. Í *Íþróttakademíur Fjölbrautaskóla Suðurlands í  
Sveitarfélaginu Árborg*. Sveitarfélagið Árborg, án árs.